

**Eiríkur Rögnvaldsson**

# **Um orðaröð og færslur í íslensku**

## 1. Inngangur

Meginviðfangsefni þessarar ritgerðar er að fara í saumana á nokkrum helstu færslu-ummyndunum í íslensku sem gert hefur verið ráð fyrir í ritum sem byggja á generatífri málfræði. Ritgerðinni er því ekki ætlað að vera nein heildarúttekt á orðaröð málsins í þeim skilningi að hún geri grein fyrir öllum afbrigðum sem fyrir koma og skilyrðingum þeirra, enda væri slíkt óvinnandi verk. Á hinn bóginn er lýsing á grunngerðum íslenskra setninga nauðsynlegur undanfari athugunar á færslunum.

Ætlunin er að takmarka umfjöllunina að mestu við rökstuðning eftirfarandi meginatriða:

- (1) Allar íslenskar setningar hafa eina og sömu röð liða í djúpperð; frumlag – sögn (– óbeint andlag) (– andlag/sagnfylling) (– atviksliðir)
- (2) Grundvallarskipting íslenskra setninga er ekki í nafnlið og sagnlið, heldur eru sögn og andlög beinir stofnhlutar í setningu eins og frumlag
- (3) Þegar setningarliðir standa í yfirborðsgerð í annarri röð en lýst er í (1), stafar það af verkan færsluummyndana
- (4) Ýmis greinarmunur sem gerður hefur verið á færslureglum í íslensku er ekki setningafræðilegur í þröngum skilningi
- (5) Upplýsingagildi ákveðinna liða skiptir miklu máli varðandi það hvaða afbrigði frá orðaröðinni í (1) eru hugsanleg

Hér verður stiklað mjög á stóru og ótal atriðum sem varða orðaröð íslensku sleppt, ef þau eru ekki nauðsynleg í röksemdafærslunni fyrir þessum fimm meginatriðum. Þrátt fyrir það – eða e.t.v. þess vegna – er þess vænst að sáemileg heildarmynd fái af viðfangsefninu. En í staðinn geta lesendur ekki vænst þess að geta notað ritgerðina sem handbók, þar sem hægt sé að fletta upp hvaða orðaraðarafbrigði sem verður á vegi þeirra og greinargerð fyrir því.

Í þessum inngangi er fyrst gerð nánari grein fyrir viðfangsefni, afmörkun þess og efnistöku, og gefið yfirlit yfir efni ritgerðarinnar í heild. Þá er gerð stutt grein fyrir því sem áður hefur verið um málið skrifað og það borið saman við þessa ritgerð. Í síðasta hluta inngangsins er svo lýst þeim aðferðum eða fræðilegu undirstöðum sem ritgerðin hvílir á.

### 1.1 Efnistöð og efnisskipting

Það er töluvert vandamál að ákveða hvernig haga skuli röksemdafærslunni í ritgerð um orðaröð, þar sem augljóslega er ekki hægt að gína yfir öllu. Í fyrsta lagi var ákveðið að takmarka athugunina við fullyrðingarsetningar (declarative sentences), en sleppa öðrum „háttum“.<sup>1</sup> Það virtist síðan vænlegast að láta nokkrar færsluummyndanir sem gert hefur verið ráð fyrir bæði í íslensku og öðrum málum mynda ramma ritgerðarinnar. Í umfjöllun annarra um þær reglur er hægt að sækja sér margs konar fróðleik og fara með á ýmsa vegu;

---

<sup>1</sup> Með „öðrum háttum“ er átt við spurnarsetningar og boðháttarsetningar. Að vísu er ekki vani að tala um sérstakan „spurnarhátt“ í íslensku, en Lyons (1968:307-308) bendir á að spurnarsetningar séu ekki síður „modal“ en boðháttarsetningar; og Nida (1949:169) hefur spurnarhátt (interrogative) í lista sínum yfir málfræðilegar formdeildir sem geti komið fram sem beyging í málum („Grammatical Categories Expressed by Bound Forms“).

taka gagnrýnislaut upp, rökstyðja frekar, eða reyna að hrekja. Dæmi um þetta allt má finna í ritgerðinni.

Til að skapa grundvöll athugana á orðaröð íslensku er fyrst í 2. kafla fjallað um hugtakið **grundvallarorðaröð** (basic word order) og mismunandi merkingar þess. Á þeim grunni er síðan orðaröð íslensku skoðuð, drepið á helstu breytingar sem orðið hafa úr formlínu, og grundvallarorðaröð málsins ákvörðuð. Einnig er í kaflanum fjallað um grundvallarskiptingu íslenskra setninga og gefið yfirlit yfir helstu setningarliði og innri gerð þeirra, en að flestu leyti er þessi kafla ágrípskennt yfirlit.

Í 3. og 4. kafla eru teknar fyrir helstu færslur setningarliða sem gert hefur verið ráð fyrir í íslensku og ekki skilja eftir sig fornafn né eru venslabreytandi. Með venslabreytandi reglum er átt við reglur sem hafa áhrif á setningafræðileg vensl nafnliða við sögn (þ.e. hvaða nafnliðir gegna hlutverkum frumlags og andlags); það eru reglur eins og **þolmynd** (Passive, sjá t.d. Helgi Bernóðsson 1976); **andlæg frumlagslyfting** (Subject-to-Object Raising, sjá Höskuldur Þráinsson 1979, 6. kafla) og **frumlæg frumlagslyfting** (Subject-to-Subject Raising, sjá Höskuldur Þráinsson 1979:407-428). Þær reglur hafa ekki áhrif á röð frumlags og andlags, heldur á hvaða nafnliðir setninga gegna þessum hlutverkum. Reglurnar sem hér verður fjallað um verka hins vegar síðar í afleiðslunni og geta breytt röð frumlags og andlags innbyrðis, en ekki haft áhrif á hvaða nafnliðir gegna þeim hlutverkum.<sup>2</sup> Báðir þessir kaflar enda í hálfgerðri upplausn; í ljós kemur að erfiðara er að festa hendur á muninum milli reglnanna en virðist í fljótu bragði.

5. kafla er svo tilraun til að svara sumum þeirra spurninga sem ósvarað var í lok 3. og 4. kafla. Kynnt eru lauslega nokkur hugtök sem lítið hefur verið beitt í íslenskri setningafræði og tengjast hlutverki ákveðinna liða í texta (discourse function), upplýsingagildi o.þ.u.l. Síðan eru tekin dæmi um hvernig þessi hugtök – eða það sem á bak við þau liggur – eru nauðsynleg ef gera á sæmilega grein fyrir ýmsum atriðum í sambandi við orðaröð íslensku.

Að lokum eru helstu niðurstöður ritgerðarinnar dregnar saman í örstuttu máli í 6. kafla.

## 1.2 Fyrri skrif um efnið og samanburður við þessi

Yfirlitsrit eða -kaflar um orðaröð nútímaíslensku eru fá og yfirleitt fáskrúðug. „Röð orða og setninga“ heitir að vísu allvænn kafla hjá Jakobi Jóh. Smára (1920:247-274), en kaflar um orðaröð í helstu handbókum og kennslubókum eru heldur léttvægir; rúmar þrjár síður hjá Stefáni Einarssyni (1949:172-175), ein hjá Jóni Friðjónssyni (1978:139-140); og í bókum Magnúsar Péturssonar tvær (1978:138-140) og rúmlega fjórar (1981:140-145). Ýmislegt kemur auðvitað fram um orðaröð í nýlegum bókum og greinum sem byggja á generatífri setningafræði, t.d. hjá Jóni Gunnarssyni (1973), Kristjáni Árnasyni (1980), Höskuldi Þráinssyni (1979), Maling (1980), Zaenen (1980), Kossuth (1978a) o.v.; en þar er hvergi neitt heildaryfirlit að finna.

Orðaröð forníslensku eru gerð nokkur skil hjá Bernstein (1897), Nygaard (1905:343-391) og Heusler (1967:167-182). Um einstök atriði er svo víða fjallað, einkum sögn í fyrsta sæti (Nygaard 1900, Rieger 1968, Kossuth 1978a,b) og stöðu hliðstæðra lýsingarorða miðað við nafnorð (Ringdal 1918).

Yfirlitsrit eða -kaflar um orðaröð íslensku eiga það sameiginlegt að lýsa ýmsum röðum sem koma fyrir, og gefa mörg hver dæmi um þær úr textum. Þau gera hins vegar lítið af því

---

<sup>2</sup> Það er reyndar umdeilt hvað varðar sumar þessara reglna, t.d. frestun óákveðins frumlags (sjá 4.2), en ég reyni að sýna fram á að sú regla breyti engu um frumlagshlutverk viðkomandi nafnliðar.

að athuga undir hvaða kringumstæðum hvert afbrigði komi fyrir (það er reyndar dálítið gert í þeim ritum sem fjalla um einstök atriði); og alls ekkert af því að athuga hvaða raðir **gætu** komið fyrir. Þannig eru þeir sem fjalla um orðaröð nútímamáls í raun og veru að fjalla um samtímalega málfræði með aðferðum sögulegrar setningafræði, sem neyðist til að byggja eingöngu á þeim textum sem fyrir liggja (sbr. Lightfoot 1979:5-6).

Generatíf málfræði byggir á öðrum grunni; hún er í raun og veru ekki að lýsa þeim setningum sem sagðar eru eða skrifaðar, heldur þeirri **kunnáttu** sem gerir málnotendum kleift að mynda og skilja þessar setningar (sbr. Chomsky 1957:15-16). Auðvitað hlýtur hún að byggjast á raunverulegum setningum;<sup>3</sup> en aðalatriðið er, að hún á ekki einungis að gera grein fyrir þeim setningum sem koma eða hafa komið fyrir, heldur einnig spá fyrir um hvers konar setningar **gætu** komið fyrir.

Í þessu liggur meginmunur þessarar ritgerðar og annarra yfirlitsrita um íslenska orðaröð. Hér er ekki lagt kapp á að tína til öll hugsanleg afbrigði sem finnast á bókum, heldur reynt að setja fram meginreglur, eins og í (1)-(5) hér að framan. Því er aðeins í fáum tilvikum byggt á setningum sem teknar eru úr rituðu máli; flestar setningarnar hef ég (eða aðrir) búið til sem dæmasetningar, og dæmi svo sjálfur um hvort þær séu góð og gild íslenska eða ekki. Þeir dómur eru eflaust oft umdeilanlegir; þar sem ég var í vafa bar ég þá yfirléitt undir aðra. En meginatriðið er, að ég fæ ekki séð að slíkar setningar geti haft minna gildi en þær sem finnast á prenti. Ég held því m.ö.o. fram að mínir dómur um eðlileik setninga séu jafn gildir og málkennd annarra sem skrifa og tala íslensku.<sup>4</sup>

### 1.3 Aðferð

Það kom fram hér á undan að þessi ritgerð er skrifuð í anda generatífrar málfræði, þeirrar stefnu sem talin er hefjast með Chomsky (1957). Ég legg áherslu á að um er að ræða **anda** generatífrar málfræði, eins og lýst er í 1.2; en ekki endilega þann formalisma (liðgerðarreglur, ummyndanir, hrislur o.fl.) sem oftast tengist henni. T.d. er ekkert gert af því að setja upp ummyndunarreglur með X-um og Y-um o.þ.u.l. eins og tíðkast hefur (sjá t.d. Baker 1978, Perlmutter & Soames 1979). Ástæðurnar eru einkum tvær. Í fyrsta lagi sýnist mér að slíkur formalismi geti aldrei sagt nema hálfu söguna (sbr. Gross 1979:872), vegna þess að reglur um orðaröð verða ekki settar upp af skynsamlegu viti án tillits til merkingar,

---

<sup>3</sup> Með þessu er átt við að til að komast að einhverju um málkunnáttuna verði að athuga þær setningar sem þessi kunnátta gerir mönnum kleift að mynda. „Raunverulegar setningar“ tákna því ekki neina andstæðu við setningar sem búnar eru til sem dæmi heldur felur þær í sér (en sjá 4. neðanmálgrein hér á eftir).

<sup>4</sup> Það er undarlegt að mörgum þykir minna mark takandi á setningum sem búnar eru til sem dæmi en þeim sem fundist hafa á bókum eða í mæltu máli. Þannig gerir t.d. Jón Friðjónsson (1977:134) mun á „tilbúnum“ dæmum og „ósviknum“, og eyðir heilli síðu í að afsaka notkun tilbúinna dæma. Hann segist hafa borið hvert þeirra undir a.m.k. þrjá aðra „Til þess að girða fyrir þann möguleika, að nokkurt dæmanna, sem ég hef búið til, sé ótækt“ (1977:135). En hann virðist ekki telja þörf á að bera „raunverulegu“ dæmin undir dóm málnotenda; og mætti þó virðast að t.d. setningar úr „eðlilegum samræðum“ væru a.m.k. eins líklegar til að vera „ótækar“ að sumra mati og setningar sem eru búnar til á yfirvegaðan hátt sem dæmi. Síðar (1980:105) segir Jón Friðjónsson þó: „Dæmi [...] eru öll góð og gild, enda hvort tveggja, að ég hef í förum mínum dæmi eða hliðstæður um öll tilbrigðin og málhafar, er spurðir voru álits, töldu sig flestir geta notað hvort afbrigðið sem er [...]“

hlutverks, upplýsingagildis o.fl. Í öðru lagi tek ég undir með Höskuldi Þráinssyni (1979:4-5), þegar hann segir:

I tend to believe that it is possible to make reasonably explicit and clear what one wants to say without a great deal of formal mechanism. Once it has been determined what needs to be said, there will always be a formalism to express it.

Eigi að síður er ljóst, að í 3. og 4. kafla a.m.k. er gengið út frá því að ummyndanir séu „til“ (í einhverjum skilningi). Þar er að mestu leyti byggt á því mállíkani sem nefnt er „Standard Theory“ (ST), og er ættað frá Chomsky (1965). Fyrir því eru tvær ástæður. Önnur er sú að þetta líkan er vel þekkt, og m.a. notað í inngangsbókum eins og Baker (1978) og Perlmutter & Soames (1979). Hin ástæðan er sú að þetta líkan gefur góða raun í doktorsritgerð Höskuldar Þráinssonar (1979), sem verður að teljast grundvallarrit í íslenskri setningafræði.

Á síðustu árum hafa ummyndanir verið tortryggðar af ýmsum; menn telja að þær séu alltof öflug tæki og spái litlu um hvernig mannlegt mál geti verið (sbr. Newmeyer 1980:175). Chomsky gerir nú aðeins ráð fyrir einni ummyndun (Move Ó, Chomsky 1980:3, 1981:18), en í staðinn komi alls kyns yfirborðssíur (surface filters) og önnur skilyrði sem hafni vondum setningum sem hin óskilyrta ummyndun hlýtur að leiða út (sjá t.d. Chomsky & Lasnik 1977; Chomsky 1981).

Aðrir telja mögulegt að losna alveg við ummyndanir, en gera liðgerðarreglurnar þannig úr garði að þær gefi allar þær formgerðir sem á þarf að halda. Til dæmis um tvær mismunandi leiðir að þessu marki má vísa í Bresnan (1982) og Gazdar (1982).

Hér skal ekki tekin afstaða til þess hvort æskilegt sé eða unnt að losna við ummyndanir; aðeins bent á orð Zaenen (1980:282), sem segir eftir að hafa borið saman lýsingu í anda ST og aðra í anda Bresnan (1982) á sama fyrirbærinu, og komist að raun um að báðar réðu við það:

[...] our objections against the Standard Theory were not mainly based on the fact that it does not capture these generalizations but that it does so in a way that is psychologically not very realistic.

Eftir að hafa lýst kjarnafærslu sem liðgerðarmyndun segir Zaenen svo (1980:366):

The treatment captures no new insights that are specific to the framework used (above and beyond those that can be captured in the Standard Theory), but it captures them in a way that might be more constrained and psychologically more realistic than in the Standard Theory.

Ég veit hins vegar ekki til að sýnt hafi verið fram á „sálfræðilegan raunveruleik“ liðgerðarmyndunar fram yfir ummyndanir ST, og tel því enga ástæðu til annars en gera ráð fyrir ummyndunum meðan ég tel þær hafa skýringar- og forspárgildi. Í þessu sambandi má benda á ályktunarorð Höskuldar Þráinssonar (1976b:620) um ákveðna tilraun til að leggja hömlur á ummyndanir:

Note, however, that we are not only concerned with limiting the power of our grammars. We are also trying to construct grammars that are powerful enough to capture the relevant generalizations.

Eigi að síður hef ég reynt að hafa röksemdir mínar fyrir færslum þannig, að þær hafi einnig gildi fyrir þá sem ekki trúa á ummyndanir. Þær eiga m.ö.o. að sýna, að sá liður sem ég geri ráð fyrir að hafi verið færður, hagi sér að öllu leyti eins og ef hann væri á einhverjum öðrum stað í setningunni; þ.e. þeim stað sem ég held fram að hann sé færður úr. En ef menn telja sig geta fundið ráð til að sjá til þess að hann hagi sér þannig, án þess að nokkur færsla sé í spilinu, heldur sé liðurinn á sama stað í djúngerð og á yfirborði (sbr. t.d. Zaenen 1980, Gazdar 1981) – þá er mér svosem sama.<sup>5</sup>

En í 5. kafla er þó farið út fyrir mörk ST. Það líkan (eða bækur sem byggjast á því, t.d. Baker 1978, Perlmutter & Soames 1979) leyfir að vísu ummyndanir sem eru skilyrtar af atriðum sem ekki eru setningafræðileg í strangasta skilningi, s.s. ákveðni eða þyngd liða. Yfirleitt er þó gert ráð fyrir, eða gefið í skyn, að þessum atriðum samsvari ákveðin formleg einkenni. Í 3. og 4. kafla er sýnt fram á að svo er ekki alltaf, og fleira hangir á spýtni. 5. kafla sýnir að það er oft upplýsingagildi ákveðinna liða sem ákvarðar hvar þeir geta staðið, fremur en einhver formleg einkenni. Í þeim kafla er einkum leitað fanga í skrifum um ýmiss konar fúnksjónalísma í setningafræði, t.d. rit Kunos, sem segir (1980:117):

[...] nothing can be gained in analyzing syntactic structures by ignoring, or being ignorant of, their communicative function [...].

Gjörólíkt sjónarmið, en þó ekki beinlínis andstætt þegar að er gáð, kemur fram hjá Bever (1975:601-602):

I have attempted to avoid vague reference to properties such as “mental effort,” “informativeness,” “importance,” “focus,” “empathy,” and so on. I do not mean that these terms are empty in principle: however, they are empty at the moment, and consequently can have no clear explanatory force.

Það er hverju orði sannara, að merking þeirra hugtaka sem Bever nefnir er óljós og þau vandmeðfarin. Ég taldi þó útilokað að komast með öllu hjá notkun þeirra í umfjöllun um orðaröð, með það í huga sem Sgall (1967:204) segir um þátt hlutverks og upplýsingagildis í setningafræði:

---

<sup>5</sup> Þess verður þó að geta að staða sumra þeirra færslna sem fjallað er um hér á eftir í málkerfinu er umdeild, jafnvel meðal þeirra sem gera ráð fyrir ummyndunum. Þannig segir Chomsky (1965:126-127) í höfuðriti ST: „[...] it should be emphasized that grammatical transformations do not seem to be an appropriate device for expressing the full range of possibilities for stylistic inversion. [...] the rules of stylistic reordering are very different from the grammatical transformations, which are much more deeply embedded in the grammatical system.“ – Í nmgr. 35 við síðustu málsgrein hér á undan tekur Chomsky (1965:222) svo dæmi um slíka „stylistic inversion“, setningar eins og *I really like*. En ekki verður séður neinn grundvallarmunur á þeirri setningu og *this book, I really like*, sem Chomsky tekur síðar (1977:91) sem dæmi um kjarnafærslu (topicalization), sem hann þá telur ummyndun. – Þá má nefna að Guéron (1980:648) hefur eftir Chomsky að frá færsla *I* sé „stylistic rule in the sense of Chomsky and Lasnik (1977)“ (sem Guéron 1980:649-650 hafnar reyndar). Og Maling & Zaenen (1982:244) segja að ákveðin greining „requires a reordering of extraposition with respect to wh-movement such that extraposition is part of the transformational component rather than the stylistic component“. Þær taka ekki afstöðu til réttmætis þeirrar endurtúlkunar; og hvað sem þessu liður verður hér fjallað um allar þessar reglur sem ummyndanir.

Obviously, a factor with such a bearing on the grammatical sentence structure should be respected in the description of language; its inclusion in this description should not be postponed till some uncertain future, when e.g. stylistical relations are expected to be accounted for.

En getur generatíf málfræði samrýmst fúnksjónalísma? Við skulum fresta þeirri spurningu í bili, en hún verður tekin upp aftur í 5.1.2.2.

## 2. Grunngerð íslenskra setninga

Viðfangsefni þessa kafla er grundvallarorðaröð íslensku og grunngerð íslenskra setninga. Kaflinn fjallar því ekki um færslur setningarliða, heldur kyrrstöðu, ef svo má segja; og myndar þannig nauðsynlegan grundvöll umfjöllunar um færslureglur og skilyrðingar þeirra í síðari köflum.

Í fyrsta hluta kaflans er gerð grein fyrir hugtakinu **grundvallarorðaröð** og mismunandi merkingum sem í það hafa verið lagðar. Í öðrum hluta er svo orðaröð íslensku tekin fyrir, tínt til það helsta sem áður hefur verið um hana skrifað, og grundvallarorðaröð málsins ákvörðuð. Þetta eru ágripskenndir yfirlitskaflar án frumlegra niðurstaðna að marki.

Í þriðja hluta kaflans er svo skipting setninga í liði tekin fyrir, svo og innri gerð liðanna. Þar er hafnað hefðbundinni grundvallarskiptingu íslenskra setninga í nafnlið og sagnlið, en rökstudd sú hugmynd Andrews (1982a) að bæði sögn og andlög séu beinir stofnhlutar setninga. Einnig er það stutt ýmsum rökum að sagnir í fallháttum (lh. og nh.) myndi sérstaka liði með fylgiorðum sínum, og þessa liði megi e.t.v. flokka sem sagnfyllingar. Þessi hluti er hið frumlegasta í kaflanum.

Helstu niðurstöður eru svo dregnar saman í 2.4.

### 2.1 Hvað er grundvallarorðaröð?

Í þessum kafla er hugtakið **grundvallarorðaröð** tekið fyrir. Sýnt er fram á að það hefur verið notað í mismunandi merkingum (2.1.1); bæði um algengustu orðaröð í yfirborðsgerð (2.1.1.1) og um orðaröð í djúperð, sem þá er talin hin sama í öllum setningum málsins (2.1.1.2). Síðan er fjallað um samband djúperðarraðar og yfirborðsraðar (2.1.2); hvort ein djúperðarröð allra setninga geti átt rétt á sér og hvaða aðrir kostir séu fyrir hendi (2.1.2.1), og hvernig árekstrar geti orðið milli djúperðarraðar og yfirborðsraðar (2.1.2.2). Að lokum eru niðurstöður dregnar saman (2.1.3).

#### 2.1.1 Mismunandi merkingar hugtaksins

##### 2.1.1.1 Yfirborðsröð

Skipting tungumála í hópa eftir grundvallarorðaröð er komin frá Greenberg (1966).<sup>6</sup> Greenberg miðar skiptingu sína við afstöðu frumlags (S), sagnar (V) og andlags (O) hvers til annars. Eins og Comrie bendir á (1981:80) er hér strangt tekið ekki verið að tala um röð **orða**, heldur **stofnhluta** setningar. Frumlag og andlag geta að sjálfsögðu verið samsettir liðir og röð orða innan þeirra á ýmsa vegu.

Greenberg (1966:76) taldi að af sex mismunandi röðum áður nefndra liða sem hugsanlegar væru kæmu aðeins þrjár fyrir svo að heitið gæti; VSO, SVO, SOV.<sup>7</sup> Hann skipti

---

<sup>6</sup> Sbr. orð Comries (1981:80): „the current interest in language typology using data from a wide range of languages has taken its impetus from Greenberg's seminal article on word order typology [...]“ Greenberg sjálfur bendir þó á (1966:105, 4. nmgr.), að „Some of the ideas regarding the basic order typology are found in nineteenth-century linguistic literature“.

<sup>7</sup> Greenberg (1966:76) segir að hinar þrjár raðirnar „do not occur at all, or at least are excessively rare [...]“. Ross (1970:250) nefnir þó dæmi um þær allar, en Pullum (1977) viðurkennir aðeins VOS, en telur rök fyrir OVS og OSV ógild. Comrie (1981:81) segir á hinn bóginn að um allar aðrar raðir en OSV séu „solidly attested examples“.



síðan málum þeim sem hann athugaði í þrjá flokka, VSO-mál (t.d. írski), SVO-mál (t.d. enska) og SOV-mál (t.d. tyrkneska), og komst að þeirri niðurstöðu að málin innan hvers flokks ættu ýmislegt sameiginlegt í orðaröð og beygingum sem greindi þau frá öðrum flokkum. Þó reyndust VSO-mál og SVO-mál eiga margt sameiginlegt, og Lehmann (1978:6) hefur talið að grundvallarskipting mála færi aðeins eftir afstöðu andlags til sagnar, og meginflokkar mála séu því aðeins tveir: OV-mál og VO- (þ.e. VSO og SVO) mál.

En hvað er átt við með **grundvallarorðaröð**; við hvað er hún miðuð? Vaninn er að miða við ákveðna setningagerð, **fullyrðingarsetningar** (declarative sentences, sjá t.d. Greenberg 1966:76-77, Vennemann 1974:344), en alkunna er að í mörgum málum (þar á meðal íslensku) er orðaröðin önnur t.d. í spurningum og skipunum. En jafnvel í fullyrðingarsetningum kemur fleiri en ein röð til greina: „The vast majority of languages have several variant orders but a single dominant one“, segir Greenberg (1966:76). Vert er að leggja áherslu á að með „dominant order“ er ekki endilega átt við algengustu röðina, heldur þá „hlutlausustu“:

A dominant order may always occur, but its opposite, the recessive, occurs only when a harmonic construction is likewise present (Greenberg 1966:97).

Með þessu er átt við að „dominant order“ geri minnstar kröfur til liða setningarinnar og gerðar þeirra.

Við ákvörðun grundvallarorðaraðar í yfirborðsgerð er þessum tvennum rökum yfirleitt beitt; tíðni og hlutleysi. Oftast benda þau í sömu átt (sbr. Li & Thompson 1976:169). Þó eru þess dæmi að útilokað sé að ákvarða nokkra grundvallarorðaröð, því að hvaða röðun frumlags, sagnar og andlags sem er gefur tækar setningar; og ekki er hægt að sjá að ein þeirra sé tekin fram yfir aðrar (sjá Comrie 1981:82). Við komum aftur að því í 2.1.2.1 hvað gert er í slíkum tilvikum.

#### 2.1.1.2 Djúpperðarorðaröð

Í generatífri málfræði hefur **grundvallarorðaröð** allt aðra merkingu en hjá Greenberg (1966). Fyrsta liðgerðarreglan (phrase structure rule) hjá Chomsky (1957:26) sýnir þetta:

(1) Sentence  $\rightarrow$  NP+VP

Þ.e. setning er nafnliður og sagnliður. Hlutverk liðgerðarreglnanna er m.a. að „determine the ordering of elements in deep structures“ segir Chomsky (1965:123),<sup>8</sup> og með (1) er átt við að í **djúpperð allra** enskra setninga sé röðin þessi. Allar aðrar raðir komi svo til með ummyndunum sem breytt geti röð þessara grundvallarliða eða hluta þeirra:

Our goal is to limit the kernel in such a way that the terminal strings underlying the kernel sentences are derived by a simple system of phrase structure and can provide the basis from which all sentences can be derived by simple transformations [...] (Chomsky 1957:61).

---

<sup>8</sup> Chomsky (1965:124) nefnir að sumir hafi talið að þetta eigi ekki heima í djúpperð („the categorial component“), heldur eigi liðir þar að vera óraðaðir („a set rather than a string“). Hann veltir nokkuð vöngum yfir þessu, og hafnar því að lokum (1965:126): „there is no reason to consider the set-system, for the time being, as a possible theory of grammatical structure“.

Kjarnasetningar (kernel sentences) eru skilgreindar sem þær setningar sem aðeins skyldubundnar ummyndanir (s.s. fallmörkun, samræming sagna við frumlag o.fl.) hafa verkað á (Chomsky 1957:45), og Chomsky bendir á (1957:80) að þetta eru „simple, declarative, active sentences“; þ.e. sams konar setningar og Greenberg (1966:76-77) lagði til grundvallar sinni flokkun. Ástæður Chomskys fyrir vali þeirra eru hins vegar aðrar; hvorki tíðni né hlutleysi, heldur eru þetta þær setningar sem auðveldast er að leiða aðrar af með ummyndunum. Öðrum rökum er ekki beitt.

Vensl liðanna við sögnina ráðast svo af stöðu þeirra í djúpperð. Þannig er nafnliður fyrir framan sögn frumlag, nafnliður næst fyrir aftan sögn andlag (sbr. Chomsky 1957:71).<sup>9</sup> Þó verður að leggja áherslu á að ekki má alltaf miða við allra „dýpstu“ gerð, því að sumar færslureglur valda breytingum á setningafræðilegum venslum (sjá 1.1). Miða verður við síðara stig í afleiðslunni frá djúpperð til yfirborðsgerðar, þ.e. það stig þar sem mörkunarreglur (samræming sagnar við frumlag í persónu og tölu og fallmörkun andlags) verka.

Reglan (1) hefur tekið nokkrum breytingum í ritum Chomskys síðustu 25 árin, en það grundvallaratriði er óbreytt að í henni eru nafnliður og sagnliður, í þeirri röð.<sup>10</sup> Hún hefur líka verið fyrsta liðgerðarregla flestra kennslubóka í generatífri setningafræði ensku (t.d. Baker 1978:36, Perlmutter & Soames 1979:26), og röð liðanna í henni hefur lítið verið rædd. Að vísu hefur því verið haldið fram að enska væri VSO-mál í djúpperð (McCawley 1970, sjá 2.2.2.2); en þar er ekki frekar dregið í efa að **allar** enskar setningar hafi **eina** ákveðna röð í djúpperð, og **það** er grundvallaratriði generatífu setningafræðinnar, en ekki hver röðin er.<sup>11</sup>

## 2.1.2 Samband djúpperðar- og yfirborðsraðar

### 2.1.2.1 Réttmæti einnar djúpperðarorðaraðar

En á það yfirleitt einhvern rétt á sér að gera ráð fyrir einni ákveðinni djúpperðarorðaröð, sem liggja að baki öllum setningum í hverju máli? Li & Thompson (1976) hafna því, a.m.k. sem algildi. Þau benda á að í kínversku séu tvær meginorðaraðir: N(afnliður)VN, sem er algengari, og NNV. Hins vegar sé ekki hægt að tengja þær með ummyndun, því að merkingin sé ekki sú sama; „there is a clear semantic opposition associated with the different word orders“ segja þau (1976:171). Nafnorð á undan sögn er túlkað sem ákveðið, en nafnorð á eftir sögn er talið óákveðið. Ummyndun sem leiddi aðra röðina af hinna myndi því breyta merkingu, en það hefur lengi verið eitt grundvallaratriði generatífrar málfræði að það gerðu ummyndanir aldrei (sjá Katz & Postal 1964:157). Li & Thompson (1976:173) segja að ummyndun sem leiddi *a* af *the* í ensku væri alveg hliðstæð við ummyndun sem

<sup>9</sup> Þetta er reyndar ekki alveg nákvæmt. Skilgreining frumlags hjá Chomsky (1965:71) er „[NP, S]“, þ.e. nafnliður sem er beinn stofnhluti í setningu; og skilgreining andlags „[NP, VP]“, þ.e. nafnliður sem er beinn stofnhluti í sagnlið. En vegna þess að sagnlið er hafnað hér á eftir (sjá 2.3.1) er þetta orðað á annan veg hér, enda kemur það í sama stað niður þar eð liðgerðarreglurnar ákvarða röð liðanna.

<sup>10</sup> Eftir 1957 er yfirleitt einhvers konar hjálparliður á milli en nafn hans breytist; hann heitir fyrst Aux (Chomsky 1965:68), en síðast INFL (Chomsky 1981:25); þar á milli er hann innifalinn í tvímerkту V" (Chomsky 1970:210).

<sup>11</sup> Að vísu hafa verið uppi meðal generatífista bæði hugmyndir um óraðaða djúpperð (sjá t.d. Fillmore 1968) og um að liðgerðarreglurnar gefi mismunandi raðir (sjá 1.3); en óhætt virðist að fullyrða að a.m.k. fram undir þetta hafi flestir generatífistar gert ráð fyrir einni djúpperðarorðaröð.

tengdi NVN og NNV í kínversku; merkingarmunurinn sé sá sami.

En þetta er hæpin röksemdafærsla. Hér er ekki um að ræða merkingarmun í þeim skilningi að sannleiksgildi (truth value) setninganna breytist við orðaraðarbreytinguna. Munurinn felst í mismunandi túlkun, eins og orð Li & Thompson (1976:171) sýna reyndar greinilega: „interpreted as definite“, „taken as definite“, „understood as indefinite“, o.s.frv. Það hefur lengi verið viðurkennt að ummyndanir geti valdið því að ákveðin túlkun tvíræðrar setningar sé tekin fram yfir aðra, sem hefði verið valin ef ummyndun hefði ekki verið beitt (sjá Partee 1971:9). Sem dæmi má taka setningar með mismunandi stöðu neitunar:

- (2) a Vésteinn málaði Skóðann ekki
- b Vésteinn málaði ekki Skóðann

Þessar setningar merkja það sama í þeim skilningi að þær hafa sama sannleiksgildi; ef (2)a er sönn þá er (2)b það líka, en ef (2)a er ósönn þá er (2)b það líka. En á hinn bóginn myndu væntanlega flestir skilja (2)a þannig að verið væri að neita því að Vésteinn hefði nokkuð fengist við málningarstörf; en (2)b myndu menn líklega skilja svo að átt væri við að Vésteinn hefði að visu málað eitthvað, þótt það hefði ekki verið Skóðinn.

Li & Thompson (1976:176) gera ráð fyrir að í máli eins og kínversku eigi málnotendur um að velja mismunandi orðaraðarmynstur, hvert tengt ákveðinni merkingu; e.k. beygingardæmi, þar sem tengslum mynstranna mætti líkja við tengsl falla. Þau eru ekki leidd hvert af öðru, þótt þau séu skyld, og eru notuð við mismunandi aðstæður. „They are not derived from a basic form via transformations, and there is no deep word order underlying the various surface word order patterns“ segja Li & Thompson (1976:176). Þau hafna hins vegar ekki hugmyndinni um að ein djúppgerðarorðaröð sé í sumum málum, en segja að „there are sound arguments, both theoretical and empirical, against movement rules in the grammars of certain languages“ (1976:180).<sup>12</sup>

Því má hins vegar bæta við, að hugmyndin um mismunandi mynstur sem málnotendur eigi vól á virðist í raun og veru grundvöllurinn undir nýjum stefnum í generatífri málfræði, sem ekki byggja á ummyndunum (sjá t.d. Bresnan 1982; Zaenen 1980; Gazdar 1981, 1982).

#### 2.1.2.2 Árekstrar

Oftast virðist niðurstaðan vera hin sama hvort sem verið er að ákvarða yfirborðsröð og miða við tíðni og hlutleysi, eða djúppgerðarorðaröð og miða við fáar og einfaldar ummyndanir. Árekstrar geta þó orðið í málum eins og þýsku og hollensku, sem hafa SVO-röð í aðalsetningum, en SOV í aukasetningum. Í slíkum tilvikum hneigjast þeir sem miða við yfirborðsgerð til að ganga út frá röðinni í aðalsetningum; Vennemann (1974:344) segir að „the only meaningful criterion“ við ákvörðun grundvallarorðaraðar sé „the temporal order of

---

<sup>12</sup> Rök fyrir þessari staðhæfingu eru raunar fleiri en þau að túlkun manna á ákveðni nafnliða sé mismunandi eftir stöðu í setningunni. Í kínversku er nefnilega að finna „countless examples containing a constituent which occurs in a position into which it appears to have been moved, but which has no 'home position' from which it could have been moved“ (Li & Thompson 1976:178). Slík dæmi er reyndar einnig að finna „i norrønt“, segir Dyvik (1980:243), en a.m.k. annað dæmi hans er (eins og Magnús Snædal benti mér á) tekið úr Konungsskuggsjá, sem talin er norsk en ekki íslensk (sjá líka Nygaard 1005:272):

- (i) En öll þau kaup er þú kaupir, þá hafðu jafnan nokkura skilamenn íhjá

these constituents in main declarative clauses“. Generatífistar hneigjast hins vegar fremur til að leggja röðina í aukasetningum til grundvallar; „the word order of subordinate clauses is more basic than the order of main clauses“ segir Koster (1975:131).<sup>13</sup> Þetta er vegna þess að oft er gert ráð fyrir að fleiri og fjölbreyttari ummyndanir verki í aðalsetningum en í aukasetningum (root transformations, sjá Emonds 1976, sbr. „The Penthouse Principle“ hjá Ross 1973:397).<sup>14</sup> Þess vegna er líklegra að orðaröð aðalsetninga sé frábrugðin djúpperðarorðaröð en röðin í aukasetningum.

Svo virðist sem þeim sem miða grundvallarorðaröð við yfirborðsgerð finnist lítið koma til verka þeirra sem miða við djúpperð, og öfugt. Vennemann (1974:343-344) gagnrýnir t.d. generatífista fyrir að hafa ekkert lagt til málanna í sambandi við orðaröð, og ekki skilið þýðingu algilda Greenbergs (1966); en Koster (1975:135) sakar Bartsch & Vennemann (1972) um að „make essential use of surface structure-generalizations [...] in criticizing claims about *underlying* word order“.

### 2.1.3 Niðurstöður

Hér hafa verið raktar mjög lauslega tvær merkingar sem lagðar hafa verið í hugtakið grundvallarorðaröð, og ýmis vandamál varðandi tengsl þeirra. Það er án efa rétt sem Ross (1973:419) segir um algildi Greenbergs (1966), að tengsl þeirra við djúpperðarorðaröð eru „complex and difficult to assess“. Hitt er þó ljóst að ef menn vilja á annað borð ákvarða djúpperðarorðaröð máls, verður það ekki gert án hliðsjónar af yfirborðsröðinni, því að hún er það eina sem við höfum beinan aðgang að. Eftir því sem djúpperðarorðaröð sú sem gert er ráð fyrir fjarlægist yfirborðsgerðina hlýtur því að verða að færa sterkari rök fyrir henni. Þess vegna verður hér á eftir jafnan reynt að finna sem flest og best rök fyrir þeim afbrigðum frá yfirborðsorðaröð sem gert er ráð fyrir í djúpperð.

## 2.2 Orðaröð íslensku

Í þessum kafla verður grundvallarorðaröð íslensku athuguð og ákvörðuð. Fyrst (2.2.1) verður lítið á fyrri skrif um efnið í ljósi umfjöllunarinnar í 2.1, bæði skrif um yfirborðsorðaröð (2.2.1.1) og djúpperðarorðaröð eins og hún kemur fram í liðgerðarreglum generatífista (2.2.1.2). Í ljós kemur að allir hafa gert ráð fyrir SVO-röð í íslensku, en rökstuðningur fyrir henni er annaðhvort enginn eða frekar fátæglegur; helst er miðað við

---

<sup>13</sup> Að vísu gerði Ross (1970) ráð fyrir að grundvallarorðaröð þýsku væri SVO, þótt hann byggði á generatífum grunni; en síðar (1973) skipti hann um skoðun (sjá 2.2.2.2 og 16. neðanmálgrein).

<sup>14</sup> „The Penthouse Principle“ hljóðar þannig: „More goes on upstairs than downstairs“, eða með öðrum orðum: „No syntactic process can apply only in subordinate clauses“ (Ross 1973:397). Reyndar hafa komið fram gagnrök gegn þessari reglu Ross (Andersson & Dahl 1974), en Platzack (1983:21) hefur talið þau ógild. – „Root Transformations“ eru skilgreindar hjá Emonds (1976:3) sem ummyndanir sem verki aðeins í „root sentences“; en þær eru aftur skilgreindar sem „an S that is not dominated by a node other than S“ (Emonds 1976:2). – Newmeyer (1980:221 nm.) segir að „The Penthouse Principle is, of course, a reinterpretation of Emonds’s work“, og vitnar í Bever (1975:597), sem telur orsakanna fyrir fábreyttari orðaröð í aukasetningum að leita í málskynjuninni: „Since the subordinate clause must be maintained in short-term memory for a longer time, we might expect more restrictions on word order in subordinate clauses than in main clauses [...] If my interpretation is correct, the penthouse principle exists not as a property of universal grammar but as a behaviorally caused universal of grammar.“

tíðni og hlutleysi.

Þá er dregið á helstu skrif um orðaröð fornislensku og breytingar sem hafa orðið til nútímamáls (2.2.1.3). Síðan eru skrif Kossuth um það efni tekin sérstaklega fyrir (2.2.1.4), og sýnt að niðurstöður hennar eru reistar á mjög hæpnum forsendum.

Í seinni hluta kaflans (2.2.2) er grundvallarorðaröð íslensku ákvörðuð. Málið er borið að algildum Greenbergs og Vennemanns (2.2.2.1), og kemur í ljós að það hefur flest einkenni (S)VO-mála, en þó nokkur (S)OV-einkenni líka. Þá er athugað hvort einfaldari ummyndanir fáið með því að gera ráð fyrir SOV- eða VSO-röð í djúpperð (2.2.2.2), og er komist að þeirri niðurstöðu að svo sé ekki.

Í niðurstöðukaflanum (2.2.3) er því svo slegið föstu að íslenska sé SVO-mál bæði í djúpperð og yfirborðsgerð, og eðlilegast sé að gera ráð fyrir atviksliðum aftast.

## 2.2.1 Fyrri skrif

### 2.2.1.1 Yfirborðsorðaröð

Orðaröð íslensku er oft talin tiltölulega frjáls (sbr. t.d. Jakob Jóh. Smári 1920:247; Stefán Einarsson 1949:172; Maling 1980:175; Andrews 1976:1, 1982a:429, 1982b:6), þótt auðvitað gildi um hana ákveðnar reglur eins og í öðrum málum. En allir hafa þó verið sammála um að SVO sé grundvallarorðaröð málsins, og yfirleitt ekki hirt um að rökstyðja það sérstaklega. Hér verða tínd til helstu orð sem höfð hafa verið um SVO-röðina í nútíma-íslensku. Jakob Jóh. Smári segir (1920:247-248):

Einföldust er sú röð orða, að fremst sé frumlagið, en þá umsögnin (sögnin), og síðan aðrir hlutar setningar (þiggjandi, andlag, o.s.frv.), [...] Sögnin er þó alloft á undan frumlaginu [...] Þessi orðaröð, þegar frumlag eða sögn er fremst, er nefnd **bein**.

Hér er það sem sé einfaldleikinn sem er viðmið; en hvergi er útskýrt hvað í honum felist, þ.e. hvað geri þessa röð „einfaldari“ en aðrar. En athyglisvert er að VS-röð er einnig kölluð „bein“.

Svipað er uppi á teningnum hjá Stefáni Einarssyni (1949:172): „The simple and most common word order in Icelandic is quite similar to that of English, but it is much less rigid.“ Hér er þó tíðnin einnig tekin með í reikninginn. Stefán kallar röðina frumlag – sögn líka „normal word order“ (1949:172), og segir að hún sé „used in affirmative sentences (plain narrative)“.

Sömu viðmið eru notuð hjá Jóni Friðjónssyni (1978:139): „The normal or most usual word order in declarative sentences in Icelandic is **subject + verb** [...]“ Jón kallar þetta líka „basic word order“ (1978:139).

Magnús Pétursson (1978:138) segir: „Das Isländische hat im allgemeinen die Wortreihenfolge: Subjekt, Verb, indirektes Objekt, direktes Objekt“; og einnig (1981:140) að „In affirmativen Sätzen ist die normale Wortreihenfolge“ sú sem að ofan greinir.

Höskuldur Þráinsson (1979:462) segir að SVO-röð sé „neutral“, og Maling (1980:175) að „the most usual, or unmarked, word order in declarative sentences is **subject + finite verb** + [...]“. Hjá Kossuth (1978a) virðist tíðnin hins vegar vera eina viðmiðið.

Aðrir hafa gert ráð fyrir SVO-röð án nokkurs rökstuðnings; mætti þar nefna til dæmis Andrews (1976:1, 1982a:428, 1982b:6), Levin (1981:6), o.fl. Hér eru aðeins taldir þeir sem beinlínis nefna SVO-röð; allir aðrir gera greinilega ráð fyrir henni án þess að nefna það sérstaklega (t.d. Zaenen 1980).

### 2.2.1.2 Djúpperðarorðaröð

Þótt sumir þeirra höfunda sem getið var í 2.2.1.1 byggi á generatífri málfræði, virðist ljóst af orðum þeirra að alls staðar sé verið að tala um orðaröð í yfirborðsgerð; lýsingaröð eins og „most usual“, „unmarked“ og „neutral“ sýna það. Umfjöllunar um djúpperðarorðaröð er helst að leita þar sem liðgerðarreglur eru settar fram; en þar er ekki um auðugan garð að gresja.

Jón Gunnarsson (1973:27) setur fyrst fram **stofnhlutaregluna**  $S = Ny+Sy$ , sem er í raun og veru aðeins upptalning á þeim liðum sem eru í yfirborðsgerð; „segir aðeins að  $S$  innihaldi  $Sy$  og  $Ny$ “ (Jón Gunnarsson 1973:37). Síðan setur Jón fram **myndunarregluna** (liðgerðarregluna)  $S \rightarrow Ny+Sy$  og segir: „Myndunarreglan er aftur á móti *lýsing á ferli* og segir, að heildin  $S$  *breytist* í  $Ny+Sy$ “ (1973:37).<sup>15</sup>

Samsvarandi regla er  $S \rightarrow NI+SI$  hjá Kristjáni Árnasyni (1980:33). Hún er rökstudd með því að setningu megi skipta í frumlagshluta og umsagnarhluta, en sú röð sem er valin er ekki rökstudd sérstaklega. Það verður auðvitað að hafa í huga að báðar þessar bækur eru kennslukver, og því tæplega efni til að fara út í mikinn rökstuðning fyrir atriði sem virðist svo augljóst sem val grundvallarorðaraðar. En eins og áður segir er SVO-röð ekki heldur rökstudd í tveimur doktorsritgerðum um íslenska setningafræði sem byggja á generatífri málfræði; hjá Höskuldi Þráinssyni (1979) og Zaenen (1980).

### 2.2.1.3 Orðaröð forníslensku

Þótt víða komi fram að orðaröð forníslensku hafi verið talsvert frjálssari en nú er (sjá t.d. talningar Kossuth 1978a og athuganir Halldórs Ármanns Sigurðssonar 1982), virðist grundvallarorðaröðin yfirleitt talin sú sama. Þannig segir Bernstein (1897:2): „As far as the *Old Norse* is concerned, the normal order is [...]: Subject + Predicate [...]“. Og Nygaard (1905:344) segir að „Sætningens hovedled grupperer sig, naar ikke særlige hensyn gjør sig gjældende“ í SVO-röð.

Heusler (1967:168) talar einnig um breytilega röð eftir aðstæðum, og kallar SV-röð (*hann gekk inn*) „Ruhende Stellung“ (1967:169), og skilgreinir svo: „**Ruhend** nennen wir die Stellung, die bei reizfreiem Gleichgewicht, in der ruhelage des Sprachgeföhls, eintritt; sie könnte die ausdruckslose heißen“ (1967:168). Þó segir Heusler skömmu síðar (1967:173), að sögnin sé fremst „so häufig, daß man darin die aisl. Normalstellung des Verbuns sehen konnte“. Þarna stangast á tvenn rök; hlutleysi annars vegar, tíðni hins vegar. En reyndar er fullyrðing Heuslers um tíðni sagnar í fyrsta sæti (V/1) ákaflega hæpin (sbr. Kossuth 1978b:38 nm.; sjá líka talningar hjá Hallberg 1965, Kossuth 1978a og Halldóri Ármanni Sigurðssyni 1982).

Kossuth (1978a:446) kallar röðina í forníslensku SV-VS, og byggir þar á talningum úr fornum textum; en einnig hefur hún borið forníslensku að algildum Vennemanns og komist að því að hún hefur fleiri SVO-einkenni en SOV; og SVO-einkennin virðast vera mun fastari í sessi (Kossuth 1978b:50-51).<sup>16</sup> Indóevrópska er oft talin hafa verið SVO-mál (sjá t.d. Lehmann 1973:56 og gagnrýni á hann hjá Watkins 1976), þannig að ekki er óeðlilegt að SOV-einkenna gæti í íslensku. Þau SOV-einkenni sem fram koma í fornmáli, en eru minna

<sup>15</sup> Þetta er sams konar munur og er á því að greina setningu í beina stofnhluta (immediate constituents) annars vegar og setja upp liðgerðarreglur hins vegar, sbr. Chomsky (1957).

<sup>16</sup> Það sem hér er sagt um algildi Vennemanns er haft eftir Kossuth (1978b), því að grein Vennemanns hef ég ekki séð; og það virðist Kossuth reyndar ekki hafa gert heldur, því að hún vitnar í hana eftir þriðja manni (sjá Kossuth 1978b:38).

áberandi eða horfin í nútímamáli, varða einkum breytilega röð í sagnlið; meira frelsi virðist hafa ríkt um röð aðalsagnar og hjálparsagna, sérstaklega í setningum án sagnar í persónu-hætti (sbr. Kossuth 1978b:40-42; Halldór Ármann Sigurðsson 1982:13-14).

Hitt er undarlega að staða lýsingarorðseinkunna á **undan** nafnorði, sem Kossuth (1978b:39) telur SOV-einkenni, skuli hafa fest í sessi. Í formáli var altítt að þær stæðu á eftir nafnorðinu (sbr. Nygaard 1905:363, Ringdal 1918:19; sbr. þó Halldór Ármann Sigurðsson 1982:19), en það er mjög sjaldgæft í nútímamáli.

#### 2.2.1.4 Skrif Kossuth um breytingar

Meginatriðið í skrifum Kossuth (1978a) um breytingar á grundvallarorðaröð íslensku er þó þetta:

In concentrating my analysis of Icelandic on VS word order and subjectless sentences, I have shown how Icelandic has moved from discourse oriented, post SOV word order in Proto-Norse, through topic oriented verb second order in Old Icelandic, on to the brink of strict SVO word order in Modern Icelandic (Kossuth 1978a:455).

Það er án efa rétt að tilbrigði í orðaröð séu færri og ýmiss konar eyðingar sjaldgæfari í nútímamáli en að fornu. Hins vegar held ég að taka verði talningar Kossuth – eða öllu heldur þær ályktanir sem hún dregur af þeim – með talsverðri varúð. Í fyrsta lagi er ekki sama hvar borið er niður í textum þeim sem talið er í (sbr. Hallberg 1965, Halldór Ármann Sigurðsson 1982:8-9). Í öðru lagi byggjast ályktanir Kossuth á talningum úr Íslendingasögum og konungasögum annars vegar, en nútímaskáldsögum og blaðamáli hins vegar; og ég held að þetta tvennt sé ósambærilegt. Í fornsögum er mikið um frásagnir og langar beinar ræður, en í nútímaskáldsögum er miklu meira um sviðsetningar og stuttar beinar ræður, þar sem V/1 röð á miklu síður við. Eins og Kossuth bendir sjálf á (1981:97) kemur V/1 röð oftast ekki fyrr en í þriðju setningu í röð með sama frumlagi; og slíkar setningar eru einfaldlega miklu fátíðari í skáldsögum og blaðamáli en fornsögum. Þetta kemur vel í ljós þegar sviðsetningarkaflar koma fyrir í fornsögum; þannig er V/1 röð aðeins í tæplega 4% setninga í prologus Heimskringlu (sbr. Kossuth 1980:138), þótt sú röð sé í 18,5% af 7472 setningum úr fjórum fornsögum hjá Kossuth (1978a:446).<sup>17</sup>

Meginatriðið er þó að fornsögurnar eru alls ekki svo einlitur flokkur sem ætla mætti af umfangi Kossuth. Þetta hefur Hallberg (1965) sýnt rækilega fram á með talningum á margfalt fleiri setningum úr miklu fleiri og fjölbreyttari textum. Í einstökum sögum reyndist hlutfall V/1 raðar vera allt frá 59,1% niður í 3,6%. Hlutfallstölur Hallbergs miðað við textann í heild eru að vísu ekki alveg sambærilegar við tölur Kossuth (1978a:446),<sup>18</sup> en það

<sup>17</sup> Hér eru lagðar saman tölur úr flokkunum VS og CVS hjá Kossuth (1978a: 446). Halldór Ármann Sigurðsson hefur bent mér á að það sé mjög vafasamt hvort réttmætt sé að taka þessa flokka saman, vegna þess að tengingin (C) í CVS er langoftast ok, en á eftir henni er umröðun frumlags og sagnar nánast skyldubundin í formálinu (sbr. Nygaard 1905:347-348; Halldór Ármann Sigurðsson 1982:10-11). Halldór telur (1982:8) að eðlilegasti mælikvarðinn á tíðni sagnar í fyrsta sæti fáið með því að reikna hlutfall V(X)S (þar sem X táknar ótiltekinn lið eða liði) af samanlögðum fjölda V(X)S og SV. – Sjá annars nákvæma greinargerð Halldórs (1982:5-7) fyrir flokkun sinni, sbr. líka 13. neðanmálsgrein.

<sup>18</sup> Þannig sleppir Hallberg (1965) öllu sem lagt er einstökum persónum í munn, inngangsorðum beinnar ræðu, svo og setningum sem hefjast á tengingu (sbr. Hallberg

eru hlutföllin milli talna hans innbyrðis sem skipta meginmáli og sýna hve munurinn milli sagna getur verið mikill. Einnig er auðvelt að finna nútímatexta (t.d. ýmsa sagnaþætti og fræðirit)<sup>19</sup> þar sem hlutfall V/1 raðar er býsna hátt. Það verður því að hafa allan fyrirvara á fullyrðingum um breytingar frá fornmáli til nútímamáls hvað varðar stöðu sagnar.

Þá er það einnig undarlegt að Kossuth (1978a:455) skuli tala um „topic oriented verb second order“ í fornmáli, en „strict SVO word order“ í nútímamáli. Þegar lagðar eru saman tölur hennar (1978a:446, 450) úr þeim tveim flokkum sem máli skipta (TVX og CTVX), kemur nefnilega í ljós að annar liður en frumlag (og tenging) stendur fyrir framan sögnina í 25% tilvika í fornmáli, en 24% í nútímamáli! Það er því hæpið á þessum forsendum að halda því fram að forníslenska sé meira „topic oriented“ en nútímamál, þótt önnur atriði geti hugsanlega bent til að svo hafi verið (sbr. Dyvik 1980:243).

## 2.2.2 Grundvallarorðaröð íslensku ákvörðuð

### 2.2.2.1 Algildi Greenbergs og Vennemanns

Hér verður reynt að ákvarða grundvallarorðaröð íslensku, og tína til ýmis rök þar að lútandi. Í upphafi er rétt að setja fram eina staðhæfingu:

- (3) Grundvallarorðaröð íslensku – bæði í yfirborðsgerð og djúperð – er SVO; atviksliðir standa aftast

Tökum yfirborðsgerðina fyrst. Sé miðað við tíðni er þetta nokkuð ljóst; sjá 2.2.1.1 og talningar Kossuth (1978a:449-450) úr nútímamáli, þar sem frumlag stendur á undan sögn í 64% af 1211 setningum.

Ef nútímaíslenska er borin að algildum Greenbergs (1966), kemur í ljós að flest sem þar er sagt um einkenni hinna þriggja meginflokka mála samræmist því að íslenska sé SVO-mál. Hún hefur forsetningar en ekki eftirsetningar; eignarfall á eftir höfuðorði (*hús Jóns*); spurnaröð standa fremst í setningu; í samanburði stendur lýsingaröð á undan viðmiði (*stærri en Jón*); og fleira mætti telja.

Þegar litið er á algildi Vennemanns (sjá Kossuth 1978b:39) kemur í ljós að hvað varðar innbyrðis afstöðu helstu liða hefur íslenska einkenni VO-mála; frumlagið stendur yfirleitt á undan sögninni, og hjálparsagnir á undan aðalsögn. Afbrigði koma helst fram í því að lýsingaröð og töluorð standa á undan nafnorðinu sem þau eiga við, og óbeint andlag á undan beinu; þetta er hvort tveggja talið SOV-einkenni (sbr. Kossuth 1978b:43, 50).

Þótt nútímaíslenska hafi þannig einhver SOV-einkenni, sem ekki er skrytið hafi indóevrópska verið SOV-mál (sjá 2.2.1.3), er með öllu útilokað að telja SOV grundvallarorðaröð málsins þegar miðað er við yfirborðsgerð, því að frumforsendur slíkrar greiningar eru ekki fyrir hendi; SOV-setningar koma aldrei fyrir (nema í kveðskap).

Öðru máli gegnir um VSO-röð. Hún er algeng, að fornu a.m.k., þótt hún sé vissulega mun sjaldgæfari en SVO (sjá 2.2.1.4).<sup>20</sup> Algildi Greenbergs (1966) ættu jafn vel við íslensku þótt

---

1965:158); allt þetta virðist vera tekið með hjá Kossuth (1978a:446). Sjá einnig 12. neðanmálgrein.

<sup>19</sup> Það er t.d. nokkuð hátt hlutfall V/1 raðar í grein Halldórs Ármanns Sigurðssonar (1981b), og í Íslandssögu Jónasar Jónssonar frá Hriflu.

<sup>20</sup> Benda má á, að þótt Kossuth geri mikið úr tíðni V/1 raðar í forníslensku, og telji málið hafa verið SV/VS (sbr. Kossuth 1978a:446), segir hún (1978b:45): „Old Icelandic was [...] definitely not a VSO language [...]“



hún væri VSO-mál, og Lehmann (1978) flokkar VSO- og SVO-mál saman, eins og fyrr segir.

Hins vegar er VSO-röðin ekki eins hlutlaus. Hún krefst undanfarandi samtals eða texta, sem SVO gerir ekki (sbr. Kossuth 1978a;448, 1980:134, 1981:97). Það, og margfalt meiri tíðni SVO, veldur því að engin rök eru til að telja VSO grundvallarorðaröð í yfirborðsgerð. Ef talað er um einhverja eina grundvallarorðaröð þar á annað borð, er SVO sú eina sem til greina kemur.

#### 2.2.2.2 Annað en SVO í djúpgerð?

Lítum þá á djúpgerðarröðina; af hvaða röð auðveldast sé að leiða öll afbrigði með ummyndunum. Ross (1973:408) hefur sett fram þá kenningu að öll mál séu (S)OV í baklægri gerð; en rök hans fyrir því eru hæpin.<sup>21</sup> Þá hefur verið gert ráð fyrir að tvö germönsk mál væru SOV í baklægri gerð: hollenska (Koster 1975) og þýska (Bach 1962, sbr. Ross 1973). Í yfirborðsgerð þessara mála er að finna sjálfstæð rök fyrir SOV-röð, því að hún er í aukasetningum, þótt SVO-röð sé í aðalsetningum. Rök þau sem beitt er til að styðja SOV-röð þar eiga því ekki við í íslensku, og þar verða heldur engin sjálfstæð rök fundin fyrir baklægri SOV-röð, svo að ég viti. Það er að vísu ljóst að fyrst gert er ráð fyrir færslureglum á annað borð er ekki útilokað að gera ráð fyrir slíkri röð,<sup>22</sup> en henni er hafnað hér á þeim forsendum að hún skýri ekkert né einfaldi, heldur flæki ummyndanahluta málfræðinnar að mun. T.a.m. kostar hún að gera yrði ráð fyrir einni ummyndun fleira en annars í nær öllum setningum málsins (öðrum en þeim sem innihalda bara frumlag og sögn) til að flytja sögnina úr aftasta sæti.<sup>23</sup>

Rök sem bent gætu til baklægrar VSO-raðar eru mun auðfundnari, enda hefur McCawley (1970) gert ráð fyrir henni í ensku, sem einnig hefur SVO-röð á yfirborði. Meginrök hans eru þau, að með því náist fram einföldun málfræðinnar; lýsing a.m.k. fimm ummyndana í ensku verði einfaldari og almennari sé gert ráð fyrir VSO-röð. Þessi rök virðast misjafnlega sterk og eiga ekki öll jafn vel við í íslensku.<sup>24</sup> Það sem virðist þyngst á metunum er að

---

<sup>21</sup> Rökin byggjast á því, að til eru mál sem eru alls staðar OV (t.d. japanska); önnur sem eru alls staðar VO (t.d. enska); enn önnur sem eru OV í aukasetningum, en VO í aðalsetningum (t.d. þýska); en ekkert mál er VO í aukasetningum, en OV í aðalsetningum, segir Ross (1973:407). Að gefnu „The Penthouse Principle“ (sjá 9. neðanmálgrein hér á undan) má skýra það að síðastnefnda tegundin er ekki til, ef gert er ráð fyrir OV-djúpgerð í öllum málum. Til að framkalla VO-röð í aukasetningum þyrfti þá ummyndun sem aðeins verkaði í aukasetningum og það er andstætt „The Penthouse Principle“. „If any language were underlyingly VO, what could save it from adding a rule of Treetop Verb Final (TVF), thus becoming the impossible UDG?“ (þ.e. Upside Down German; Ross 1973:408).

<sup>22</sup> Þannig segir Pullum (1977:253): „A language could conceivably have a linearization rule that assigned ABC order, and also a postcyclic movement rule ABC → BCA which was either obligatory, or favored enough to be involved in the derivation of the vast majority of main, simplex, active, declarative sentences used by speakers.“

<sup>23</sup> Andrews (1976:1) fullyrðir líka: „There is no evidence for underlying SOV order [...]“ í íslensku.

<sup>24</sup> Meðal þessara fimm ummyndana eru þolmynd og frestun óákveðins frumlags (there-insertion); McCawley (1970:296) telur að VSO-greining sín hafi þann kost að hvor þessara ummyndana felist aðeins í einni „aðgerð“ í stað tveggja í SVO-greiningu. En nú er yfirleitt álitíð að frestun óákveðins frumlags sé sérstök regla, óháð það-innskoti (sjá

VSO-röð kostar ekki fleiri ummyndanir; við þurfum hvort eð er að hafa reglu til að breyta SVO í VSO í spurningum og boðhætti, svo að eins er hægt að sleppa þeirri reglu og hafa í staðinn aðra sem breytir baklægu VSO í SVO þar sem við á, segir McCawley (1970:297).

Ef slík rök gilda í ensku mætti virðast að þau ættu enn betur við í íslensku, vegna þess að frumlagið stendur þar mun oftast fyrir aftan sögnina; þ.e. alltaf þegar eitthvað annað er fært fremst. Þar við bætist að við slyppum við að gera ráð fyrir tveimur færsluumyndunum í setningu á við (4)b; einni sem færir andlagið fram fyrir sögnina og annarri sem færir frumlagið aftur fyrir. Við gætum bara sagt að djúpperðarorðaröðin sé eins og í (4)a; og frumlagið fari því aðeins fram fyrir sögnina eins og í (4)c að enginn annar liður hafi verið færður þangað.

- (4) a Kyssti María Guðmund
- b Guðmund kyssti María
- c María kyssti Guðmund

Þar við bætist að setningar á borð við (4)a, með sögnina fremst, koma vissulega fyrir í yfirborðsgerð; bæði sem spurningar og skipanir, eins og fyrr segir, en einnig stundum sem fullyrðingarsetningar: „Einatt í fjörugri, dvalarlausri frásögn“, segir Jakob Jóh. Smári (1920:253), og „Stundum ella, einkum þegar sérstök áherzla er lögð á sögnina“ (1920:254).<sup>25</sup> Væri gert ráð fyrir VSO-röð í djúpperð, þyrfti því einni ummyndun færra til að

---

Höskuldur Þráinsson 1979:479 og tilvísanir þar í svipaðar hugmyndir um samsvarandi reglur í ensku og þýsku, sjá einnig 4.2.1 hér á eftir). Enn fremur er stundum talið að í djúpperð þolmyndarsetninga sé tómur frumlagsliður, og þolmynd sé ekki annað en færsla andlagsins í hann (sbr. Emonds 1976:99-104). Sé þetta rétt er hvort eð er aðeins um eina „aðgerð“ að ræða í hvorri reglu.

<sup>25</sup> Kossuth (1978a:448) fjallar nokkuð um V/1 röð í nútímamáli, og þykir rétt að taka það upp hér: „Why the Modern Icelandic VS orders I found were chosen, when they did occur, is mostly not clear; the Old Icelandic explanation that they are discourse markers simply doesn't hold for Modern Icelandic. They are too infrequent, and the contexts where they do appear do not seem to be in greater need of “ongoing” marking than areas where they are lacking. Occasionally however a pattern does present itself: In *Sjálfstætt Fólki* [svo] Halldor [svo] Laxness uses the VS order a great deal in his first chapter, [...] one might conclude that VS order is for Laxness acceptable Icelandic, but a stylistic device with particular impact. Indeed, the first chapter deals with events in the mythically distant past, and it is apparent that Laxness is using the archaic word order intentionally to create a consciously archaic style. That he does not intend the “ongoing narrative” effect of this word order is shown by the fact that he even begins a paragraph with VS order, something which at least the editors of Old Icelandic saga manuscripts have declared unacceptable for Old Icelandic.

In newspaper style, verb first word order is much more frequent. It is commonly used in formulas such as “said he” [...] Beyond that I could discern no pattern in its use, and assume that it is truly a free variant.“ – Hér er ýmislegt að athuga. Í fyrsta lagi held ég að það stafi ekki af því að verið er að lýsa löngu liðnum atburðum sem Laxness hefur sögnina svo oft fremst í fyrsta kafla *Sjálfstæðs fólks*, heldur af því að þar er frásögn, þar sem V/1 röð á vel við, en í 2. kafla sviðsetning, þar sem sú röð hentar miklu síður (sjá 2.2.1.4). Í öðru lagi virðist tilvitnunin í útgefendur *Íslendingasagna* byggð á misskilningi. Þeir hafa væntanlega átt við að ekki sé hægt að hefja frásögn eða texta yfirleitt á V/1; en Kossuth virðist skilja það svo að átt sé við að ekki sé byrjað á V/1 við venjuleg greinaskil. Það getur

leiða út yfirborðsgerðirnar (4)a og b hvora um sig; en einni fleira til að leiða út (4)c. Beitingum ummyndunar sem skipti á röð frumlags og sagnar myndi þó fjölga eitthvað, þar eð setningar á við (4)c eru algengari en (4)a og b til samans.

Hitt er þó þyngra á metunum, að (4)c er hlutlausasta setningin, en (4)a og b krefjast ákveðins undanfarandi texta (sjá 2.2.2.1). Ef við föllumst á að færslur hafi eitthvert ákveðið hlutverk, eins og gert er ráð fyrir í 5. kafla (sbr. Hankamer 1974:221), er eðlilegt að hugsa sér að í „hlutlausu“ umhverfi séu færstar færslur á ferðum (sbr. Pullum 1977:266). Samkvæmt því mætti búast við að (4)c stæði næst djúpperðinni.

Við þetta bætist að ekki yrði nærri alltaf um að ræða fækkun færslna í setningum á við (4)a og b þótt gert væri ráð fyrir baklægri VSO-röð. Það er vegna þess að frumlagið fer oft lengra til hægri en næst aftur fyrir sögnina:

(5) Kom þá til mín í slægjuna áðan bóndinn á næsta bæ

(6) Guðmund kyssti úti á götu áðan stelpa í búðinni

Það má deila um hvaða regla sé þarna að verki;<sup>26</sup> en það sem hér skiptir máli er að í slíkum setningum er ekki lengur um neinn sparnað á ummyndunum að ræða. Um leið og frumlagið stendur aftar en næst fyrir aftan sögnina þarf færsluregla að koma til; og skiptir þá ekki máli hvort gert er ráð fyrir að frumlagið sé á undan eða næst á eftir sögninni í djúpperð.

Berman (1974) hefur tekið röksemdir McCawleys (1970) fyrir og hafnað þeim; og síðan fært ýmis rök fyrir því að VSO-djúpperð í ensku einfaldi ummyndanir ekkert, heldur geri þær þvert á móti flóknari oft á tíðum. Ekki eiga öll þau rök við í íslensku,<sup>27</sup> en þó nægilega mörg til að VSO-djúpperð virðist ófýsilegur kostur. Þegar þar við bætist að VSO-setningar eru bæði færri og vandfýsnari á umhverfi en SVO, virðist óhætt að hafna VSO sem baklægri röð í íslensku.<sup>28</sup>

---

þó augljóslega ekki verið réttur skilningur, enda flest slíkt sett inn af útgefendum (sbr. Hallberg 1965:158-159). V/1 röðin er því alls ekki „free variant“ eins og Kossuth telur; hún lýtur sömu hömlum og í fornu máli að því leyti að ekki er hægt að byrja texta á henni.

<sup>26</sup> Samkvæmt hefðbundnum hugmyndum um hægri færslur (sjá 4.4.1) getur hér ekki verið um að ræða umröðun, því að þá ætti frumlagið að lenda næst á eftir sögninni; ekki heldur frestun óákveðins frumlags, því að í báðum tilvikum er um að ræða nafnorð með greini; og ekki heldur frestun þungs nafnliðar, því að sú regla á aðeins að verka á andlög. En í 4.4 er sýnt að mörk þessara reglna eru óljós; og í 5.3 kemur fram að hægt er að fresta ákveðnum liðum ef þeir fela í sér nýjar upplýsingar.

<sup>27</sup> Þar má nefna þau rök sem byggjast á agnarfærslu (Particle Movement), sem hér er haldið fram að sé ekki til (sjá 4.3.4), svo og þau sem byggjast á frestun þungs nafnliðar (Heavy NP Shift); þau eru ógild, eins og Berman viðurkennir raunar (1974:14 nm.) ef gert er ráð fyrir að sú regla geti einnig fært frumlög (sjá 4.3.2).

<sup>28</sup> Zaenen (1980:115-116, 16. nmgr.) og Maling & Zaenen (1981:269) velja lítillaga fyrir sér þeim möguleika að gera ráð fyrir VSO-röð í djúpperð íslensku, og síðan KJF ýmist á frumlagi eða einhverjum öðrum lið. Þær hafna þó þessum möguleika af þeim ástæðum að „[...] first, it makes the implausible claim that the underlying order is that of questions rather than declaratives, and secondly, the Topicalisation of subject NPs will not create an island, whereas the Topicalisation of any nonsubject NP does“ (Maling & Zaenen 1981:269). – Í 5.2.2.2 kemur að vísu fram að KJF annarra liða en frumlags veldur því ekki alltaf að ekki sé hægt að færa neitt út úr viðkomandi setningu; en í stórum dráttum er það


### 2.2.3 Niðurstöður

Niðurstaða þessa yfirlits verður því sú að (3) standist; engin ástæða sé til annars en kalla íslensku SVO-mál, bæði í djúpgærd og yfirborðsgærd.

Staða atviksliða er meira vandamál. Þeim virðist oft eðlilegt að standa fremst í setningu (sjá 3.1.3.1), og því er stundum haldið fram að þar séu þeir upprunnir (Kuno 1980:131). Því er þó haldið fram hér að allir atviksliðir, þar með þeir sem vani er að kalla **agnir** (particles) séu upprunnir aftast, þ.e. aftan við andlög; um rök fyrir því sjá 3.1.3, 4.3.4.

Annað vandamál er röð beins og óbeins andlags. Á yfirborði virðist eðlilegasta röðin yfirleitt sú að það óbeina fari á undan (sbr. Höskuldur Þráinsson 1979:22), og oft virðist allt benda til að svo sé einnig í djúpgærd (sjá þó 24. neðanmálgrein í 4. kafla).<sup>29</sup>

Ég tel því að grundvallarorðaröð íslensku megi lýsa svo:



Þessi röð samræmist yfirborðsröðinni, eins og henni er lýst hjá Jakobi Jóh. Smára (1920:247-248), Stefáni Einarssyni (1949:172-173) og Magnúsi Péturssyni (1978:138, 1981:140). Hér á eftir verður svo litið lauslega á innbyrðis vensl þessara liða og innri gerð þeirra.

## 2.3 Helstu setningarliðir í íslensku og gerð þeirra

Í þessum kafla eru athuguð setningafræðileg vensl milli helstu liða, svo og innri gerð liðanna.

Meginhluti kaflans (2.3.1) fjallar um hvort ástæða sé til að telja sagnir og andlög mynda sérstakan lið, þannig að grundvallarskipting setninga sé í nafnlið og sagnlið. Fyrst er litið á nokkrar almennar röksemdir við ákvörðun setningarliða (2.3.1.1), og síðan litið á almenn rök með og móti sagnlið (2.3.1.2), og sýnt fram á að hann getur tæpast verið algildi. Þá eru tekin fyrir helstu rök sem færð hafa verið eða færa mætti fyrir sagnlið í íslensku (2.3.1.3), og sýnt að þau standast ekki. Síðan eru færð rök að því (2.3.1.4) að almennar röksemdir mæli gegn sagnlið í setningum með einni sögn. Að lokum (2.3.1.5) er sýnt fram á að annað gildi um hjálparsagnasambönd, og að margt bendi til að sagnir í fallháttum myndi lið með fylgiorðum sínum.

Seinni hluti kaflans (2.3.2) er mjög lauslegt yfirlit yfir innri gerð helstu setningarliða; nafnliðar (2.3.2.1), (hjálparsagn)liðar (2.3.2.2), sagnfyllingar (2.3.2.3) og atviksliðar og

---

þó svo. Og hvað sem því líður stenst fyrri röksemdin.

<sup>29</sup> Skilgreining á því hvað sé „beint“ andlag og hvað „óbeint“ liggur ekki á lausu, og notkun þessara hugtaka er mjög á reiki. Þannig telur Comrie (1977: 51-52) þýsku sögnina helfen ekki taka beint andlag, heldur óbeint, og virðist þar miða við að sögnin stjórnar þágufalli. Keenan (1975:345) telur helfen hins vegar aðeins taka beint andlag, þó með afbrigðilegri fallmörkun. Wasow (1977: 338) telur líka help og thank í ensku aðeins taka óbein andlög, þótt þar komi engin fallmörkun til. – Sami ruglingur kemur fram í skrifum um íslensku; Andrews (1973:28) segir: „I refer to genitive or dative objects as indirect objects“, en Levin & Simpson (1981) telja andlög hjálpa og sakna bein.

forsetningarliðar (2.3.2.4). Að lokum er dregið á nokkra aðra liði (2.3.2.5), en annars er þessi hluti mjög ágripskenndur og fátt um nýjar hugmyndir, nema þá helst varðandi sagnfyllingu, sem gert er ráð fyrir að geti verið **XI**, þ.e. hvaða liður sem er.

Að lokum eru svo helstu niðurstöður um grundvallargerð íslenskra setninga dregnar saman í 2.3.3.

### 2.3.1 Grundvallarskipting setninga

#### 2.3.1.1 Röksemdir við ákvörðun liða

Þrenns konar rökum er oft beitt til að ákvarða hvort ákveðin orðaruna myndi eina heild, **setningarlið** (sbr. Schwartz 1972a:37):<sup>30</sup>

- (8) a Ef hægt er að flytja rununa til í einu lagi innan setningar myndar hún setningarlið
- b Ef hægt er að breyta innbyrðis röð orða í rununni er hæpið að hún myndi setningarlið
- c Ef hægt er að stinga utanaðkomandi orðum eða liðum inn í rununa myndar hún ekki setningarlið

Þessar röksemdir eru mismunandi að eðli og misjafnlega sterkar. Þannig segir (8)a ekki að útilokað sé að ákveðin runa myndi setningarlið þótt ekki sé hægt að færa hana til í einu lagi. Sagnliðurinn virðist að vísu skera sig úr með það að ekki er hægt að flytja hann fremst í setninguna í heilu lagi (sjá t.d. Höskuldur Þráinsson 1979:323, 10. nmgr.), þótt slíkt virðist hægt við flestar eða allar aðrar tegundir setningarliða í íslensku (sbr. Maling 1980:175, Zaenen 1980:23).

- (9) a Sveinn hjálpaði Guðmundi
- b \*Hjálpaði Guðmundi Sveinn

En hugsanlegt er að halda því fram að (9)b sé vond af öðrum ástæðum, þ.e. vegna þess að þar sé brotin reglan um sögn í öðru sæti (V/2, sjá t.d. Maling 1980).<sup>31</sup> Því verður (8)a ekki

---

<sup>30</sup> Hér má einnig benda á, að til að tengja megi tvær setningar með en þarf yfirleitt að vera munur á þeim á tveimur stöðum, sem mega ekki vera innan sama liðar. E.t.v. væri hugsanlegt að nota þetta sem rök í sambandi við greiningu liða, en það verður þó ekki gert hér, vegna þess að ýmislegt er þarna óljóst (sjá Eiríkur Rögnvaldsson 1981:14).

<sup>31</sup> Þessi regla er reyndar alls ekki eins einhlít og stundum er haldið fram, t.d. hjá Maling & Zaenen (1978:491): „Icelandic has a strict Verb-Second Constraint (V/2) that applies to all tensed clauses, embedded as well as main.“ En fjölmargar undantekningar eru til, eins og Maling (1980:176) og Zaenen (1980:89-108) viðurkenna síðar. V/1 röð er nokkuð algeng, jafnvel í fullyrðingarsetningum (sbr. 2.2.2); og ég skal reyndar ekki fullyrða að (9)b sé algerlega óhugsandi í umhverfi þar sem V/1 röð getur átt við á annað borð. – Í þessu sambandi má benda á að skilgreiningar V/2 reglunnar hjá t.d. Haiman (1974:15) og Maling & Zaenen (1981:255) byggjast á því að ekki sé gert ráð fyrir sagnlið, því að þar er talað um sögnina sem beinan stofnhluta í setningunni. En sé skilgreining Zaenen (1980:39) notuð kemur út á eitt hvort gert er ráð fyrir sagnlið eða ekki: „the tensed verb follows the first constituent immediately dominated by S“. – Það má líka benda á að ýmis atriði í rökstuðningi fyrir því að til sé einhver V/2 „regla“ eru hæpin. Því er haldið fram að V/2 „reglan“ sé „ástæðan“ fyrir því að frumlagið fer aftur fyrir sögn ef annar liður er fluttur fram fyrir (Maling 1980:175). En vegna tíðni V/1 raðar í forníslensku heldur Haiman (1974:92) því

beitt hér.

(8)b er ekki heldur örugg, enda er stundum hægt að breyta röð innan liða í íslensku, t.d. í nafnlið (*hús mitt – mitt hús*) og forsetningarlið (*vegna þín – þín vegna*). Schwartz (1972a:37) bindur bann á færslu innan liða við „höfuð“ liðarins, þ.e. sögnina þegar um sagnlið er að ræða; og þótt oft sé hægt að breyta t.d. innbyrðis röð andlaga er sögnin alltaf kyrr í öðru sæti setningarinnar. Óvíst er því hvort (8)b hefur nokkurt gildi hér; a.m.k. verður henni ekki beitt.

Aftur á móti virðist (8)c vera nokkuð sterk röksemd, og ekkert sem dragi úr gildi hennar í íslensku. Henni verður því beitt hér á eftir.<sup>32</sup>

### 2.3.1.2 Af hverju sagnliður?

Frá upphafi generatífrar málfræði (Chomsky 1957) hefur verið gert ráð fyrir því að meginskipting setninga væri í **nafnlið** (frumlag) og **sagnlið** (sögn með andlögum og e.t.v. einhverjum atviksliðum).<sup>33</sup> Sú skipting hefur verið tekin upp í íslenskar kennslubækur sem byggja á generatífri setningafræði, eins og fram kom í 2.2.1.2; Jón Gunnarsson (1973) og Kristján Árnason (1980), án mikils rökstuðnings.<sup>34</sup>

Höskuldur Þráinsson (1979) gerir ráð fyrir sagnlið, en rökstyður það ekki sérstaklega; hann bendir þó á (1979:323, 10. nmgr.) að rök fyrir tilvist slíks liðar séu mun veikari en t.d. rök fyrir tilvist nafnliðar. En nýlega hefur Andrews (1982a) haldið því fram að engin sérstök rök séu fyrir sagnlið í íslensku; og raunar verði lýsing á umröðun frumlags og sagnar (þegar annar liður en frumlagið stendur fremst) flóknari, sé gert ráð fyrir sérstökum sagnlið.

Það er ljóst að sagnliður getur tæpast verið algildur í málum heimsins, þar eð til eru mál sem hafa frumlagið á milli sagnar og andlags (VSO-mál). Það veikir hugmyndina um sérstakan sagnlið að ekki skuli vera hægt að gera ráð fyrir honum sem algildi (sbr. Schwartz 1972b:222).

Tvískipting setninga í nafnlið og sagnlið í ensku er yfirleitt ekki rökstudd frekar en í íslensku. Baker (1978:259-279) ber saman tvenns konar stofnhlutagreiningu enskra

---

fram að V/2 „reglan“ hafi ekki gilt þar, þótt hann geri ráð fyrir henni í nútímamáli. Og vandast þá málið; því að tveir liðir standa ekki frekar á undan sögninni í forn máli en í nútímamáli. Hafi V/2 „reglan“ ekki gilt í forn máli er því ekki hægt að nota hana til að skýra að frumlagið fór þar líka aftur fyrir sögnina ef annar liður var færður fremst. En þá er heldur engin ástæða til að grípa til V/2 „reglu“ sem skýringar á sama fyrirbæri í nútímamáli; og þar með er farin ein helsta röksemdin fyrir tilvist V/2 sem „reglu“ sem hafi eitthvert skýringargildi. – Sjá enn fremur 52. neðanmálgrein.

<sup>32</sup> Í þessu sambandi má taka fram að Chomsky (1964:135) segir að það sé „a characteristic effect of permutations [...] that they tend to reduce the amount of structure associated with the terminal string to which they apply“. Schwartz (1972a:46) bendir á þetta og segir að (8)c „is intended to express the apparently universal effect of movement transformations in reducing depth of structure [...]“. Sbr. líka 34. neðanmálgrein.

<sup>33</sup> Þessi skipting er vissulega ekki uppfinning generatífráttar; hana má rekja alla leið til Platós (sbr. Kristján Árnason 1980:16). Reyndar hafa ekki allir generatífráttar talið rétt að gera ráð fyrir sérstökum sagnlið (sbr. Höskuldur Þráinsson 1979:323, 10. nmgr., og tilvísanir þar; og Haider 1982, sem telur að enginn slíkur liður sé í þýsku).

<sup>34</sup> Skiptingin er ekki heldur ný í íslensku; þannig segir Jakob Jóh. Smári (1920:5) eftir að hafa gert grein fyrir frumlagi og umsögn: „Í raun réttir má telja hverja setningu samsetta af þessum tveim hlutum einum [...]“.

setninga; önnur gerir ráð fyrir sérstökum sagnlið, en hin að bæði sögn og andlög séu beinir stofnhlutar í setningunni. Þótt próf hans gefi tæpast ótvíræða niðurstöðu<sup>35</sup> hallast Baker fremur að því að gera ráð fyrir sagnlið, en segir (1978:260):

The preference for the VP structure as opposed to the non-VP structure can arguably be explained by the fact that the former is much more in keeping with the traditional division of the English sentence into a subject and a predicate.

Sálmálfræðileg próf hafa heldur ekki gefið ótvírætt til kynna að enskumælandi menn dragi meginskil innan setningar milli frumlags og sagnar fremur en milli sagnar og andlags (sbr. Foss & Hakes 1978:116). En jafnvel þótt einhver rök yrðu fundin fyrir tilvist sérstaks sagnliðar í ensku, þarf það ekki að sýna að samsvarandi liður sé til í íslensku; bæði getur sagnliðurinn tæpast verið algildur eins og fyrr segir, og eins er talsverður munur á íslensku og ensku einmitt hvað varðar ýmsa hegðun sagna og sagnasambanda. Nægir þar að nefna að í neitunar- og spurnarsetningum í ensku kemur hjálparsögnin *do* til sögu.<sup>36</sup>

### 2.3.1.3 Rök fyrir sagnlið í íslensku

Rök Jóns Gunnarssonar (1973:22-23) fyrir því að sögn og andlag myndi sérstakan lið eru þau, að í stað þeirra sé hægt að setja eina sögn án þess að gerð setningarinnar breytist. Í setningunni *Skyttan kálaði refnum* er þannig hægt að setja *söng* í stað *kálaði refnum*. Jón setur síðan fram þá reglu, að sé hægt að setja eitt orð í stað orðarunu án þess að gerð setningarinnar breytist, þá sé orðarunan einn setningarhluti, annars ekki (1973:22). Hann bendir á að í stað *Skyttan kálaði* sé ekki hægt að setja eitt orð, nema þá t.d. *leiddist*; en þar með sé líka búið að breyta gerð setningarinnar, og hún orðin spurnarsetning.

En það er auðvelt að finna setningar þar sem hægt er að setja eina sögn í stað sagnar og **frumlags**, án þess að setningagerðin breytist; í setningu eins og *Lest þú mikið?* getum við sleppt *Lest þú* og sett *Rignir* í staðinn, og erum enn með spurnarsetningu. Þessi rök virðast því ógild.

Hugsanlegt er að halda því fram að þar eð sagnir stjórna falli andlaga hljóti tengslin þar á milli að vera sérstaklega náin; og því sé eðlilegt að gera ráð fyrir að sögn og andlag myndi sérstakan lið. En með svipuðum rökum mætti þá segja að sögn og **frumlag** hlytu að mynda sérstakan lið, þar eð frumlagið stjórnar persónu og tölu sagnar. Einnig má benda á að svonefndar ópersónulegar sagnir stjórna líka falli á nafnliðum sem vanalega standa fyrir framan þær (t.d. *mig vantar*, *mér líkar*), en nýlega hafa verið færð rök að því að rétt sé að greina slíka nafnliði sem frumlög (sjá einkum Höskuldur Þráinsson 1979, 7. kafli).<sup>37</sup>

<sup>35</sup> Um þau þessara raka sem varða hliðskipaðar setningar fjallar Eiríkur Rögnvaldsson (1980:22-23), og sýnir að sumt er hæpið í umfjöllun Bakers um þau.

<sup>36</sup> Sbr. Andrews 1982a:430): „Perhaps the fact that English has evidence for VP is related to the fact that its major inversion rule, Subject-Auxiliary-Inversion, does not move main verbs.“

<sup>37</sup> Sá möguleiki er að vísu fyrir hendi að þessir aukafallsliðir séu andlög í djúpperð, en síðan færðir í tóman frumlagsliðinn með venslabreytandi reglu; sjá vangaveltur um það hjá Helga Bernódussyni (1982). – Það má spyrja í þessu sambandi hvernig fari með flokkunarramma sagna (subcategorization frames), þ.e. þær kröfur sem sagnir gera um ákveðna fylgiliði, ef hinum hefðbundna sagnlið er hafnað. Það er nefnilega vanalega talið að slíkar kröfur geti aðeins miðast við það sem er innan sagnliðarins (sbr. Chomsky 1965:96; Höskuldur Þráinsson 1979:37). Það er því gert ráð fyrir að það sé setningafræði-

Höskuldur Þráinsson (1979:370-376) hefur notað ummyndun sem nefnd er „Right Node Raising“ til að rökstyðja ákveðna stofnhlutagreiningu. Þessi regla er talin eyða því sameiginlega úr annarri hliðskipaðra setninga á við (10)a, þannig að (10)b komi út:

- (10) a Jón er sennilega mesti óþokki og Sveinn er örugglega mesti óþokki
- b Jón er sennilega – og Sveinn er örugglega – mesti óþokki

Höskuldur segir (1979:371) að skiptar skoðanir séu um eðli þessarar reglu (sjá einnig Gazdar 1981:179), en þó séu flestir sammála um að hið sameiginlega efni, þ.e. það sem eytt er úr annarri setningunni, verði að vera einn stofnhluti. Ef hægt er að finna dæmi um eyðingu sagnar og andlags, eða hjálparsagnar og fylgiliða hennar (annarra hjálparsagna, aðalsagnar, andlaga) ætti það því að styðja tilvist sérstaks sagnliðar samkvæmt þessu. Slík dæmi eru til (sbr. Höskuldur Þráinsson 1982):

- (11) Jón segir að Gunnar – en þú fullyrðir að Geir – muni hafa verið að halda ræðu
- (12) Ég tel að Jón – en María telur að Sveinn – drekki mest allra í bænum

Þýðir þetta þá að við verðum að fallast á tilvist sérstaks sagnliðar í íslensku? Ég held ekki. Í fyrsta lagi verða margar slíkar setningar ærið undarlegar og dómar manna um þær mismunandi.<sup>38</sup> Í öðru lagi hefur Abbott (1976:639-642) bent á, að hæpið sé að nota þessa reglu sem próf á stofnhluta (sbr. einnig Gazdar 1981:180). Mér finnst t.d. (13) engu síðri en (11)-(12):

- (13) Ég gaf – en María lánaði – gömlu körlunum á spítalanum fjölda bóka

---

legt atriði hvort sagnir taka andlag eða ekki; hins vegar hafi allar sagnir frumlagslið í djúpperð (líka t.d. veðurfarssagnir eins og rigna, snjóa; og svo sé það merkingarlegt atriði að hjá slíkum sögnum sé frumlagsliðurinn tómur í djúpperð; sbr. Höskuldur Þráinsson 1979:37, 53, 22. nmgr.). Gert er ráð fyrir að setningafræðilegar kröfur sagna til fylgiliða taki aðeins til þeirra liða sem eru beinir stofnhlutar í sama lið og sögnin sjálf, þ.e. í hinum hefðbundna sagnlið, ef gert er ráð fyrir honum; „the strict locality principle of strict subcategorization claims that verbs do not differ as to whether they can take a subject or not [...]“ (Höskuldur Þráinsson 1979:37). En ef ekki er gert ráð fyrir Sl, þá er frumlagið líka beinn stofnhluti í sama lið og sögnin, þ.e. S, og því ættu hinar setningafræðilegu kröfur sagnarinnar líka að ná til þess. Zaenen (1980:2) telur líka að svo þurfi að vera til að lýsa því að veðurfarssagnir hafa ekki djúpperðarfrumlag, og einnig til að geta gert grein fyrir aukafallsfrumlögum. Ég skal ekki taka afstöðu til þess hvaða kröfur sagna til fylgiliða séu setningafræðilegar og hverjar merkingarlegar; en mér sýnist a.m.k. að það sé alveg jafn mikið merkingarlegt atriði að so. eins og koma tekur ekki andlag, eins og það að rigna hefur ekkert frumlag. Hvort ástæða er til að gera ráð fyrir tómunum frumlagslið með rigna (sbr. Höskuldur Þráinsson 1979:53, 22. nmgr.) veit ég ekki; en ef svo er, þá er alveg eins hægt að gera ráð fyrir tómunum andlagslið með koma. Þótt hægt sé að setja inn það á undan rigna, en ekki á eftir koma, segir það ekkert um hvort tómur liður er fyrir hendi eða ekki, eins og bent er á í 4.4.3.2.

<sup>38</sup> Mér finnst t.d. (i), sem Höskuldur Þráinsson (1979:375) stjörnumerkir, alveg sæmileg:

- (i) ?Ég leyfði – og Jón beinlínis skipaði – Maríu að fara heim

Sjá einnig Halldór Ármann Sigurðsson (1981a:16).




Sé gert ráð fyrir sagnlið er þó hið sameiginlega efni sem eytt er ekki einn stofnhluti (í sagnliðnum) heldur tveir; óbeint + beint andlag.

Þetta skal látið nægja um hugsanleg rök fyrir tilvist sagnliðar í íslensku; fleira mætti tína til, en ég held að það standist engu betur.

### 2.3.1.4 Rök gegn sagnlið í íslensku

Við skulum nú snúa okkur að rökum **gegn** sérstökum sagnlið í íslensku, sem benda til að formgerð setninga án hjálparsagna í íslensku sé eðlilegra að lýsa með (14)b en (14)a:



Því er oft haldið fram að ummyndanir „lækki“ aldrei liði í hríslu (sbr. Schwartz 1972a:37, 1972b:215). Þetta felst t.d. í „The Command Condition“ hjá Chomsky (1980:10), svo og í (8)c hér að framan.<sup>39</sup> Ef gert er ráð fyrir sagnlið þýðir þetta að hvorki mætti færa inn í hann frumlag né atvikslið í (15)a; hins vegar má færa frumlag og atvikslið milli sagnar og andlags í (15)b, því að þar er engin lækkun:





Nú er greinlegt að frumlagið getur lent milli sagnar og andlags; það gerist yfirleitt ef annar liður er fluttur fremst, sbr. (16)b:

- (16) a Ég sá Guðmund í gær  
 b Í gær sá ég Guðmund  
 c Ég sá í gær Guðmund<sup>40</sup>

Eins og (16)c sýnir getur atviksliður líka staðið milli sagnar og andlags; en það er ótraust röksemd gegn sagnlið, þar eð því er oft haldið fram að a.m.k. sumir atviksliðir séu upprunnir í sagnlið (sjá t.d. Baker 1978:52); þetta er sýnt í (17)a. Einnig mætti halda því fram að í (16)c hafi andlagið verið fært til hægri út úr sagnliðnum, en ekki atviksliðurinn til vinstri inn í hann; sá möguleiki er sýndur í (17)b:

<sup>39</sup> Chomsky segir um þetta (1980:10, sbr. einnig 6, 8): „In the basic cases, the Command Condition asserts that an antecedent must *c-command* its anaphor, where  $\beta$  is said to *c-command*  $\alpha$  if  $\beta$  does not contain  $\alpha$  (and therefore  $\beta \neq \alpha$ ) and  $\alpha$  is dominated by the first branching category dominating  $\beta$ ; then  $\alpha$  is in the domain of  $\beta$ .“

<sup>40</sup> Þessi setning þarfnast sérstakrar áherslu á Guðmund, en gengur vel í ákveðnu umhverfi.



Í (16)b væri þá einnig hugsanlegt að segja að sögnin hafi færst út úr sagnliðnum og fram fyrir frumlagið, en ekki frumlagið inn í sagnliðinn. En málið vandast þegar frumlagið lendir ekki næst á eftir sögninni, en þó greinilega innan sagnliðarins (ef hann er til). Það getur gerst þegar beitt er **frestun óákveðins frumlags** (um rök fyrir frestun og að hér sé um frumlag að ræða sjá 4.2):

- (18) a [NI Margir] [SI sögðu mér söguna]<sup>41</sup>  
 b Það [SI sögðu mér [NI margir] söguna]

- (19) a [NI Einhver strákur] [SI gaf henni þessa bók]  
 b Það [SI gaf henni [NI einhver strákur] þessa bók]

Hér dugar ekki að segja að sögnin sé færð til vinstri, því að óbeina andlagið er líka vinstra megin við frumlagið. Ef einhver sagnliður er til hljóta bæði andlögin að vera innan hans; og fyrst frumlagið lendir á milli þeirra hlýtur það að vera fært inn í sagnliðinn. Að þessu leyti yrði þá sagnliðurinn einstakur, því að svona er ekki hægt að fara með aðra liði:

- (20) a [NI Margir] sögðu mér söguna [AI í gær]  
 b \*Það sögðu mér söguna [AI í [NI margir] gær]

- (21) a [NI Ýmsir] töluðu [FI við mig]<sup>42</sup>  
 b \*Það töluðu [FI við [NI ýmsir] mig]

- (22) a [NI Margir ættingjar] heimsóttu [NI gömlu konuna]  
 b \*Það heimsóttu [NI gömlu [NI margir ættingjar] konuna]

Í öllum þessum setningum getur frumlagið staðið bæði fyrir framan og aftan liðinn sem það er fært inn í. Hins vegar má það ekki standa inni í honum, og samræmist það (8)c. Ef við viljum enn halda í sagnliðinn neyðumst við því til að segja að (8)c hafi ekkert gildi við ákvörðun setningarliða.


### 2.3.1.5 Formgerð hjálparsagnasambanda

Hvernig á að gera grein fyrir setningum með hjálparsagnasamböndum, sé sérstökum sagnlið hafnað? Einn möguleiki er að gera ráð fyrir að allar sagnir, hjálparsagnir og aðalsögn, séu

<sup>41</sup> Með því að setja SI í (18) og (19) er ég aðeins að sýna hinn hefðbundna sagnlið, en ekki að fallast á að rétt sé að gera ráð fyrir honum í íslensku.

<sup>42</sup> Athugið að í liðgerðarreglunum (sjá (52) hér á eftir) geri ég ráð fyrir að FI sé ekki beinn stofnhluti í setningunni, heldur í atvikslið, sem aftur er beinn stofnhluti í setningu; í (21)b væri því einnig um að ræða færslu inn í AI.

beinir stofnhlutar í setningu ((23)a). Annar er að gera ráð fyrir sérstökum hjálparlið (Aux), líkt og yfirleitt er gert í ensku og raunar er stundum haldið fram sem algildi (sbr. Akmajian, Steele & Wasow 1979; (23)b). Sá þriðji er að gera ráð fyrir að fyrsta sögnin (sú sem beygist í persónum, tölum, tíðum og háttum) sé beinn stofnhluti í setningunni, en aðrar sagnir og fylgiliðir þeirra séu stofnhlutar í einum og sama lið (sbr. (23)c). Síðasti möguleikinn sem hér verður skoðaður er sá að fyrsta sögnin sé beinn stofnhluti í setningunni, en sérhver síðari sögn myndi sérstakan lið með fylgiliðum sínum ((23)d):



Athugum nú hvað gerist ef við frestum óákveðnu frumlagi eins og í (18) og (19); hvar getur það lent?

- (24) a Maður mun hafa verið barinn hér  
 b Það mun maður hafa verið barinn hér  
 c \*Það mun hafa maður verið barinn hér  
 d ?\*Það mun hafa verið maður barinn hér  
 e Það mun hafa verið barinn maður hér

- (25) a Margir menn hafa sagt mér þessa sögu  
 b Það hafa margir menn sagt mér þessa sögu  
 c \*Það hafa sagt margir menn mér þessa sögu  
 d ?\*Það hafa sagt mér margir menn þessa sögu  
 e Það hafa sagt mér þessa sögu margir menn

Ef við höldum okkur við það að ekki sé hægt að færa neitt inn í liði er ljóst að (23)b getur ekki átt við. Aftur á móti leyfa (23)a og c-d færslu frumlagsins aftur fyrir fyrstu sögn. Munurinn er hins vegar sá, að (23)c-d spá því að ekki sé hægt að stinga frumlaginu milli annarra sagna, eða milli sagnar og andlags, eða milli óbeins og beins andlags; og það stenst allt saman, eins og (24)-(25) sýna. Samkvæmt (23)a mætti hins vegar búast við að allar setningarnar í (24) og (25) væru góðar. Til að útiloka c- og d-setningarnar þarf (23)a því sérstaka skýringu, en (23)c-d útiloka þær sjálfkrafa, að (8)c gefnu.

Athugum nú hvað gerist ef reynt er að stinga atviksorðum inn í setningar á við (24)-(25):

- (26) a Guðmundur mun oft hafa verið barinn  
b \*Guðmundur mun hafa oft verið barinn  
c ?\*Guðmundur mun hafa verið oft barinn  
d Guðmundur mun hafa verið barinn oft
- (27) a Jón hefur oft sagt Sveini sögu  
b \*Jón hefur sagt oft Sveini sögu  
c ?\*Jón hefur sagt Sveini oft sögu  
d Jón hefur sagt Sveini sögu oft

Hér kemur það sama út. Athugið að ekki skiptir máli hvort við teljum atviksorðið upprunið á eftir fyrstu sögn eða aftast í setningunni; (23)c-d útiloka b- og c-setningarnar, en (23)a þarf sérstaka skýringu á að þær eru vondar.

Athugum nú hverju möguleikarnir í (23) spá um hugsanlegar færslur. Samkvæmt (23)a-c ætti aldrei að vera hægt að færa aðalsögn með andlagi sínu, því að þau mynda ekki sérstakan lið;<sup>43</sup> samkvæmt (23)d ætti það hins vegar að vera hægt. Og svo er reyndar (sbr. Zaenen 1980:24).<sup>44</sup>

- (28) a Jón hefur lesið bókina  
b Lesið bókina hefur Jón

Þetta útilokar alla aðra möguleika en (23)d. Þó verður að viðurkenna að ýmislegt er hér nokkuð óljóst. Samkvæmt (23)d mætti t.d. búast við að bæði (29)b og c gengju, en (29)c er afar hæpin:

- (29) a Hann mun hafa lesið bókina  
b Lesið bókina mun hann hafa  
c ?\*Hafa lesið bókina mun hann

(30) ætti að vera hliðstæði (29)c, en mér finnst (30) þó skárri:

- (30) ??Geta lesið bókina skal hann svo sannarlega

E.t.v. stafar þetta af því, að *geta* og *skulu* hafi meiri sjálfstæða merkingu en *hafa* og *munu*, og fari því betur í áherslustöðunum fremst og aftast í setningunni. Annars er erfitt að dæma um þetta; en meginatriðið er það, að (23)d virðist eini möguleikinn sem kemur til greina af þeim sem nefndir eru, þótt hann kunnir að þarfnast einhverra lagfæringa.

---

<sup>43</sup> Þau mynda að vísu sérstakan lið samkvæmt (23)c ef aðeins er ein hjálparsögn í setningunni; hún er þá beinn stofnhluti í setningunni, en aðalsögnin og andlagið ein í sínum lið. (23)c myndi því leyfa (28)b; en um leið og fleiri hjálparsagnir koma til sögu, bætast þær í liðinn með aðalsögn og andlagi. (23)c myndi því ekki leyfa (29)b, því að hafa lesið bókina myndar þá einn lið, en lesið bókina ekki.

<sup>44</sup> Á slíkum setningum m.a. byggir Zaenen (1980:42) þá staðhæfingu að KJF geti flutt XP, þ.e. hvaða lið sem er; hún telur setningar á við (28)b dæmi um „VP-preposing“ (1980:23-24, 182).

Í 2.3.2.2 hér á eftir er svo fjallað um hvers eðlis sá liður sé sem táknaður er með ? í (23).

### 2.3.2 Innri gerð liða

#### 2.3.2.1 Nafnliður

Hér er gert ráð fyrir eftirfarandi liðgerðarreglu fyrir nafnliði í íslensku. Þar er án efa um mjög einfaldaða mynd að ræða, en hér eru ekki efni né ástæður til að fara út í vangaveltur um innri gerð nafnliða, þótt það sé verðugt viðfangsefni; vísast um það t.d. til Chomskys (1970) og Jackendoffs (1977).<sup>45</sup>

$$(31) \quad \text{NI} \rightarrow \left\{ \begin{array}{l} \text{NI (st NI)*} \\ (\acute{o}\text{fn})(\acute{a}\text{fn})(\text{to})((\text{ao})*\text{lo})\text{no}(\text{st no})*(\acute{A}\text{kv}) \\ \text{pfn} \\ (\text{NI}) \text{S}' \\ \text{NI AI} \end{array} \right\}$$

Efsti hlutinn gefur t.d. *gamli maðurinn og unga konan og litla barnið* (stjarnan táknar að endurtaka má það sem er innan svigans svo oft sem verða vill). Næstefsta línan getur gefið runu eins og *allir þessir fimmtán mjög drykkfelldu synir og sonarsynir Sveins*, þar sem flestir möguleikar eru teknir með. Síðan eru svo óteljandi möguleikar á að sleppa einhverjum þeirra, tvítaka stjörnumerktu liði o.s.frv., og fá t.d. *þrír litlir andarungar, fjórir asnar, Jón bóndi, gamli karlinn í bílskúrnum* o.s.frv.

Miðlínan gefur svo t.d. *ég, þú, hann, hún*; sú næstneðsta gefur setningar, ýmist með hliðstæðum NI: (*ég sá*) *manninn sem kyssti Maríu*; eða án þeirra: (*ég veit*) *að Jón er feitur*; (*hann spurði*) *hvenær María kæmi*. Neðsta línan gefur NI+AI (FI) eins og *ritdómurinn um bókina, lesturinn hjá Halldóri* o.s.frv.

#### 2.3.2.2 Sagnliður

Liður sá sem ég hef gert ráð fyrir að sagnir í fallháttum myndi með fylgiorðum sínum er aðeins táknaður með ? í (23)c-d. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu að kalla hann **sagnlið**, enda verður liðgerðarregla hans mjög svipuð þeirri sem venja er að setja upp fyrir hinn hefðbundna sagnlið, sem ég hafnaði í 2.3.1.<sup>46</sup>

$$(32) \quad \text{SI} \rightarrow \text{so} \left\{ \begin{array}{l} (\text{NI})(\text{NI}) \\ (\text{Sf}) \end{array} \right\}$$


Munur þessa liðar og hins hefðbundna sagnliðar felst þá einkum í því, að sögnin í (32) stendur aldrei í persónuhætti; við getum því sett fram eftirfarandi reglu:

(33) Aðeins sögn sem er beinn stofnhluti í setningu getur staðið í persónuhætti

<sup>45</sup> Þessi regla er að mestu leyti komin frá Höskuldi Þráinssyni, úr kennslu vorið 1981. Skammstafanir tákna: NI = nafnliður, st = samtenging, ófn = óákveðið fornafn, áfn = ábendingarfornafn, to = töluorð, ao = atviksorð, lo = lýsingarorð, no = nafnorð, Ákv = ákvæðisliður (sjá 47. neðanmálsgrein hér á eftir), AI = atviksliður, pfn = persónufornafn, S' = aukasetning.

<sup>46</sup> Í meginatriðum segir þessi regla það sama og sagnliðarregla Kristjáns Árnasonar (1980:53), þótt uppsetningin sé nokkuð önnur.

En nú virðist eitthvað vanta í (32) til að hún gefi setningar með mörgum hjálparsögnum. Til að geta haft fleiri sagnir þarf fleiri sagnliði, eins og sést í (34)a, en sá möguleiki er ekki fyrir hendi í (32). Ég held að best sé að leysa það mál á þann hátt að gera ráð fyrir að SI sé ekki beinn stofnhluti í S eins og gert er ráð fyrir í (34)a, heldur geti hann verið hluti sagnfyllingar, eins og (34)b sýnir:



Þar með gefur (32) möguleika á röð margra sagna. Að vísu virðist þetta í fljótu bragði þýða flóknari sagnfyllingarreglu; en eins og fram kemur í 2.3.2.3 er svo ekki í raun og veru.

### 2.3.2.3 Sagnfylling

Hér á undan var gert ráð fyrir sérstökum sagnfyllingarlið. Sagnfylling er ekki höfð sem sérstakur liður hjá Kristjáni Árnasyni (1980:53), heldur eru nafnliðir, atviksliðir og lýsingarorð sem gegna hlutverki sagnfyllingar talin beinir stofnhlutar í sagnlið. Þar sem hinum hefðbundna sagnlið hefur verið hafnað hér er það auðvitað ekki hægt; en hegðun nafnliða og atviksliða í þessari stöðu er samt nokkuð sérstök og þeir eiga ýmislegt sameiginlegt. Til nafnliðanna er hægt að vísa með *það*, óháð kyni þeirra nafnorða sem um er að ræða (sbr. Höskuldur Þráinsson 1979:324, 13. nmgr., og 51, 9. nmgr.):

(35) Jón er smiður og Sveinn er það/\*hann líka

Til atviksliða í þessari stöðu er líka hægt að vísa með *það*, en ekki til annarra atviksliða:

(36) Jón var á Akureyri og Sveinn var það/þar líka

(37) Jón kom á Akureyri og Sveinn kom \*það/þar líka

Í (36) er *á Akureyri* sagnfylling, en ekki í (37); *vera* krefst einhverrar „fyllingar“, en *koma* ekki, sbr. (38)-(39):

(38) \*Jón var

(39) Jón kom

Hér er einnig gert ráð fyrir að sagnfylling geti staðið með andlagi (sbr. Björn Guðfinnsson 1943:15) í setningum eins og *Vésteinn málaði Skóðann rauðan; Íslendingar kusu Vigðisi forseta*. Til slíkra lýsingarorða og nafnorða er einnig hægt að vísa með *það*, sbr. (40), (41); en það er athyglisvert að til lýsingarorða í þessari stöðu er oft hægt að vísa með atviksorði,

eins og (41) sýnir:

(40) Jón kaus Vigdísí forseta og Pétur kaus hana það líka

(41) Vésteinn málaði bílinn sinn rauðan og Bjarni málaði hann það/ þannig líka

(41) virðist því styðja flokkun lýsingarorða og atviksorða í þessari stöðu saman í einn sagnfyllingarlið.

Í 2.3.2.2 var minnst á að hugsanlegt væri að telja sagnlið hinn nýja beinan stofnhluta í sagnfyllingu. Að vísu myndi þá bætast við einn liður í sagnfyllingarregluna; en þótt það kunni að virðast mótsagnakennt einfaldar það hana. Það er vegna þess að flestir liðir geta gegnt hlutverki sagnfyllingar; nafnliður í (42)a, lýsingarorð í (42)b, forsetningarliður í (42)c, atviksorð í (42)d; og ef sagnliður getur það líka, eins og í (42)e, má setja regluna upp eins og (43), þar sem **XI** merkir hvaða lið sem vera skal:

- (42) a Bókin var skáldsaga  
b Bókin var dýr  
c Bókin var hjá mér  
d Bókin var þarna  
e Bókin var gefin Jóni

(43) Sf → XI

Tvenn rök skulu hér notuð fyrir því að telja SI geta verið beinan stofnhluta í Sf. Í fyrsta lagi að vísað er til SI með *það* eins og til sagnfyllingar (sbr. Höskuldur Þráinsson 1979:324, 13. nmgr.):

- (44) A Hefurðu lesið bókina?<sup>47</sup>  
B Já, ég hef það

Að vísu er ekki hægt að vísa til fylgiliða *munu* og *skulu* með *það* (sbr. Höskuldur Þráinsson 1979:279, 1982):

- (45) A Jón mun áreiðanlega fara  
B ?\*Já, hann mun það

Dómar manna um slíkar setningar eru mjög mismunandi; en spurningin er svo hvort þurfi að gera nokkurn **setningafræðilegan** mun á *hafa* annars vegar og *munu* og *skulu* hins vegar af þessum ástæðum. Mér virðist líklegra að þetta stafi af lítilli sjálfstæðri merkingu *munu* og *skulu*. Benda má á, að ef *það* er fært fram fyrir og lögð á það áhersla, skána setningar á við (45)B að mun:

- (46) A Heldurðu að þú munir koma annað kvöld?  
B Já, ÞAÐ mun ég svo sannarlega!

---

<sup>47</sup> Framvegis mun ég nota stóra stafi á eftir númerum setninga (t.d. (44)A) til að tákna að líta beri á setningarnar sem orðaskipti tveggja manna.

Annars skiptir þetta ekki meginmáli hér, og vísast til Höskuldar Þráinssonar (1979:277-280, 1982).

Önnur rök fyrir tilvist Sf sem sérstaks liðar og Sl sem hluta hans varða stöðu neitunaratviksorðsins *ekki*. Það getur ýmist staðið á undan eða eftir andlagi:

- (47) a Jón sá ekki Guðmund
- b Jón sá Guðmund ekki

Með tveggja andlaga sögn getur *ekki* jafnvel staðið fyrir aftan bæði andlögin.<sup>48</sup>

- (48) a Jón sagði mér ekki söguna
- b Jón sagði mér söguna ekki

Aftur á móti getur *ekki* aðeins staðið á undan liðum sem eru Sf, en ekki á eftir þeim:

- (49) a Jón er ekki bóndi/gamall/í bænum
- b \*Jón er bóndi/gamall/í bænum ekki

Af hverju sem þetta stafar er greinilegt að það er ekki fjarlægðin frá sögninni sem skiptir máli um mun (47)b og (49)b, eins og (48)b sýnir líka. Og þótt *ekki* geti staðið fyrir aftan bæði andlögin í (48)b getur það ekki staðið fyrir aftan Sf með andlagi, eins og sést í (50)b:

- (50) a Vésteinn málaði ekki Skódann rauðan
- b Vésteinn málaði Skódann ekki rauðan
- c \*Vésteinn málaði Skódann rauðan ekki

Athugum nú að sama mynstur kemur í ljós í hjálparsagnasamböndum. Þar verður *ekki* að standa næst á eftir sögn í persónuhætti.<sup>49</sup>

- (51) a Jón hefur ekki lesið bókina
- b \*Jón hefur lesið bókina ekki

*Ekki* hagar sér því eins hér og í sambandi við aðra þá liði sem ég hef greint sem Sf. Það má því finna ýmis rök sem mæli með reglunni (43) hér á undan.

---

<sup>48</sup> Eins og bent er á í 2.1.2.1 hér á undan getur staða neitunarinnar haft áhrif á hvað er eðlilegasta túlkun setninganna; en sannleiksgildi þeirra breytist ekki þótt neitunin standi á mismunandi stöðum. – Athugið líka að neitun getur tæpast staðið á undan óbeinu andlagi tveggja andlaga sagnar, a.m.k. ef það er fornafn.

<sup>49</sup> Ekki getur að vísu staðið á eftir „deiktískum“ smáorðum (atviksorðum og fornöfnum; sjá Kossuth 1974:26, 5.2.1.2 og 6. neðanmálgrein í 5. kafla).

- (i) Jón er á Akureyri en Sveinn er það/þar ekki
- (ii) Jón hefur kysst Maríu en Sveinn hefur það ekki

Eins og þessar setningar sýna hagar ekki sér eins í sambandi við slík smáorð hvort sem þau vísa til Al eins og í (i), eða Sl, eins og í (ii); og styður það enn flokkun Sl undir Sf.



### 2.3.2.4 Atviksliður og forsetningarliður

Eftirfarandi regla verður notuð fyrir atviksliði í íslensku.<sup>50</sup>

$$(52) \quad \text{Al} \rightarrow \left\{ \begin{array}{l} \text{Fl} \\ (\text{ao})\text{ao} \\ (\text{Al}) \text{S}' \\ (\text{Al})(\text{st Al})^* \end{array} \right\}$$

Efsti hlutinn gefur (að viðbætti reglu um forsetningarliði,  $Fl \rightarrow fs (Nl)(Fl)$ ) t.d. *í morgun, á Akureyri, hjá gömlu konunni, frá morgni til kvölds, í gegnum rúðuna*. Næstefsta línan gefur sambönd þar sem eitt atviksorð ákvarðar annað, eins og *mjög oft, frekar seint* o.s.frv. Sú næstneðsta gefur atvikssetningar, ýmist með hliðstæðum atvikslið: (*hann flýr*) *alltaf þegar ég kem*; eða án hans: *ef þú ferð, svo að hann komi* o.s.frv. Neðsta línan gefur svo samsetta atviksliði eins og *seint og snemma, í gær og á morgun* o.s.frv.

Annars er margt óljóst um innri gerð atviksliða og forsetningarliða (sjá t.d. Jackendoff 1973); en það skiptir ekki meginmáli hér, frekar en innri gerð nafnliða.

### 2.3.2.5 Aðrir liðir

Hér hafa aðeins verið teknir fyrir þeir liðir sem ég geri ráð fyrir að geti verið beinir stofnhlutar í setningum. Sleppt er að fjalla um aðra liði, s.s. **lýsingarorðslið**,<sup>51</sup> **ákvæðislið** (sbr. (31)),<sup>52</sup> svo og sérstakan **magnlið** (samanburðarlið) sem gert hefur verið ráð fyrir í ensku (sjá Bresnan 1973 og rök Halldórs Ármanns Sigurðssonar 1981a:36-39; 54-55, 11. nmbr.; og 57-58, 18.-19. nmgr., fyrir því að óþarft sé að gera ráð fyrir þeim lið í íslensku).<sup>53</sup>

Að lokum er rétt að taka fram, að gert er ráð fyrir að aukasetningar myndi sérstakan lið með tengingu sinni (sbr. Halldór Ármann Sigurðsson 1981b:64-65), og hafi sérstaka

---

<sup>50</sup> Höskuldur Þráinsson notaði þessa reglu í kennslu vorið 1981.

<sup>51</sup> Um lýsingarorðslið í íslensku sjá t.d. Halldór Ármann Sigurðsson (1981a:36, 57-58, 19. nmgr.). – Höskuldur Þráinsson notaði eftirfarandi reglu fyrir liðinn í kennslu vorið 1981:

$$\text{Fl} \\ \text{(i) Fl Ll} \rightarrow \{ (\text{ao})\text{lo}(\{Nl\}) \text{S} \} \\ \text{S}'$$

<sup>52</sup> Með ákvæðislið er átt við no. í ef. (hús Jóns), efn. (hús mitt), eftirsett lo. í veikri beygingu (Jón gamli), svo og eftirsett no. sem sambeygjast aðalorðinu (Jón bóndi); og e.t.v. fleira. – Annars veit ég ekki hvort rétt er að flokka þetta allt saman í einn lið.

<sup>53</sup> Í staðinn gerir Halldór Ármann Sigurðsson (1981a:36) ráð fyrir að samanburðarsetningar (sem og aðrar aukasetningar) séu myndaðar með liðgerðarreglunum í (i):

$$\text{(i) a } Nl \rightarrow (Nl) \text{S}' \\ \text{(i) b } Al \rightarrow (Al) \text{S}' \\ \text{(i) c } Ll \rightarrow Ll \text{S}'$$

Halldór bendir þó á (1981a:57-58, 19. nmgr.) að þessar reglur ráði ekki við allar samanburðarsetningar, en e.t.v. megí leysa það mál með smáviðbót (sbr. 46. neðanmálgrein):

$$\text{(ii) Ll} \rightarrow Ll (Al)$$

liðgerðarreglu (Halldór Ármann Sigurðsson 1981a:15):<sup>54</sup>

(53) S' → teng S

Þessi framsetning á að sýna að aukatengingar myndi að vísu sérstakan lið með setningunni sem þær tengja; en jafnframt séu þær þó á einhvern hátt fyrir utan hana.

### 2.3.3 Niðurstöður

Meginniðurstaða þessa hluta er sú að ekki sé ástæða til að gera ráð fyrir neinum sagnlið í setningum með einni sögn; engin rök mæli með því, en ýmis á móti. Liðgerðarregla setninga verður því eitthvað á þessa leið:

(54) 
$$S \rightarrow NI \text{ so } \left\{ \begin{array}{l} (NI) \\ (NI)\{AI\}^* \\ (Sf) \end{array} \right\}$$

Þessi regla leysir af hólmi hina venjulegu reglu í (55) sem gerir ráð fyrir að grundvallarliðir setningar séu NI og SI (sbr. t.d. Kristján Árnason 1980:52):

(55) S → NI SI (AI)

Önnur helsta niðurstaða kaflans er sú, að sagnliðurinn eigi þó rétt á sér í hjálparsagnasamböndum; og hann megi þá greina sem beinan stofnhluta í Sf.<sup>55</sup>

## 2.4 Yfirlit

Í þessum kafla hefur verið stiklað á stóru, en hlutverk hans var að mynda undirstöðu umfjöllunar um færslureglur hér á eftir. Meginniðurstöður kaflans eru þessar:

Hugtakið **grundvallarorðaröð** er notað í tveim mismunandi merkingum, ýmist um yfirborðsorðaröð eða djúpperðarröð; og mismunandi rökum beitt við ákvörðun hvorrar um sig. Íslenska er greinilegt SVO-mál, hvort sem miðað er við yfirborðsgerð eða djúpperð og hvaða rökum sem beitt er: tíðni, hlutleysi eða fáum og einföldum ummyndunum.

---

<sup>54</sup> Það er reyndar yfirleitt talið að aðalsetningar séu líka af gerðinni S', þ.e. hafi sérstakan „tengingarbás“ (COMP; sjá tilvísanir hjá Halldóri Ármanni Sigurðssyni 1981a:54, 9. nmgr., sbr. Zaenen 1980:92). Fyrir því eru reyndar engin augljós rök, eins og Halldór Ármann Sigurðsson (1981a:11) bendir á.

<sup>55</sup> Hér er þó rétt að slá einn varnagla varðandi sagnfyllinguna. Með því að telja hana setningarlið eins og NI, AI o.s.frv. má segja að verið sé að rugla saman formdeild (grammatical category), s.s. NI og AI; og hlutverki (grammatical function), s.s. frumlagi og andlagi; á þetta bendir Chomsky (1965:68-74). Nafnliður er nafnliður, hvaða stöðu sem hann hefur í setningunni; en hann getur hins vegar gegnt ýmsum hlutverkum, þ.á m. verið sagnfylling, frumlag, andlag o.s.frv. En skömmu síðar (1965:106-108) skiptir Chomsky setningunni í „NP“ og „Predicate-Phrase“ (en í síðarnefnda liðnum felast hjálparliður og sagnliður), og fæ ég ekki séð hvernig þetta samrýmist því að „Functional notions like “Subject,” “Predicate” are to be sharply distinguished from categorial notions such as “Noun Phrase,” “Verb,” [...]“ (Chomsky 1965:68).

Röð helstu setningarliða er því: frumlag – sögn (– óbeint andlag) (– andlag/sagnfylling) (– atviksliðir). Allir þessir liðir eru beinir stofnhlutar í setningu. Einkenni þeirra eru að orðaröð innan hvers liðar er yfirleitt föst; ekki er hægt að stinga neinu utanaðkomandi inn í hann; og hægt er að færa hann til í heild. Þetta er yfirleitt greinilegt með nafnliði og atviksliði, en dálítið óskýrara með sum þau hjálparsagnasambönd sem ég hef greint sem sagnfyllingar. Þó kemur fram greinilegur munur á setningum með einni sögn og setningum með sagnasamböndum hvað varðar ofangreind atriði.

Ef við sláum því nú föstu að ekki sé hægt að breyta röð innan liðar né færa neitt inn í lið, hlýtur liður sem færður er að verða að beinum stofnhluta í setningu.<sup>56</sup> Færður liður ætti því að geta lent á  $X_1$ - $X_6$  í (56):

$$(56) \quad X_1-NI-X_2-so-X_3-NI-X_4-NI/Sf-X_5-AI-X_6$$

Athugið þó að ef liður er færður á staðina  $X_1$  og  $X_2$  verður frumlagsnafnliðurinn að fara aftur fyrir sögnina vegna reglunnar um sögn í öðru sæti (sjá Maling 1980).<sup>57</sup>

Þá á að vera kominn nægilega sterkur grunnur undir athugun á færslureglum í 3. og 4. kafla.

---

<sup>56</sup> Frá þessu eru að vísu til undantekningar, því að í vissum tilvikum er hægt að breyta röð innan liðar, s.s.: hús mitt – mitt hús, sterkur maður – maður sterkur, mjög seint – seint mjög, mjög hraustur – hraustur mjög, vegna þín – þín vegna. Þessi víxl eru þó mjög takmörkuð og oft bundin við ákveðin orð. Þau falla sennilega undir svokallaðar staðbundnar færslur (Local Transformations, sjá Emonds 1976:4, Baltin 1982:30-33); þær snúa við röð tveggja samliggjandi orða eða liða. – Varðandi tengsl liða sem KJF flytur fremst í setningu við setninguna í heild eru fleiri en einn möguleiki fyrir hendi; sjá Zaenen (1980:36-42); sjá einnig Baltin (1982) um lendingarstaði færðra liða yfirleitt.

<sup>57</sup> Þetta er þó ekki alveg einhlítt; þannig geta einstöku ao. eins og kannski staðið á undan frumlagi án þess að það fari aftur fyrir sögn (sbr. Kossuth 1978a:450); og í aukasetningum geta ao. stundum komið milli frumlags og sagnar (sbr. Jakob Jóh. Smári 1920:258; Maling 1980:176-177 nm.). En það er ljóst að dæmi um sögn í 3. sæti og aftar eru margfalt færri og fábreyttari en dæmi um sögn í 1. sæti og bendir það til að ekki sé rétt að láta sömu regluna, þ.e. V/2, koma í veg fyrir hvort tveggja.

### 3. Vinstri færslur

Um færslur setningarliða til vinstri í íslensku hefur talsvert verið skrifað á síðustu árum. Doktorsritgerð Zaenen (1980) fjallar t.d. að miklu leyti um fjórar þeirra: **Vinstri sveiflu** (Left Dislocation), **andstæðusveiflu** (Contrastive Dislocation), **kjarnafærslu** (KJF, Topicalization) og **spurnarfærslu** (Question Movement, *wh*-Movement).<sup>58</sup> Höskuldur Þráinsson (1979:59-76 o.v.) fjallar einnig nokkuð um hinar þrjár fyrstnefndu; og Maling (1980) um hina fimmtu, **stílhverfingu** (STH, Stylistic Inversion, Stylistic Fronting), auk kjarnafærslu.

Vinstri færslur hafa lengi verið vinsælt rannsóknarefni þeirra sem fjalla um generatífa setningafræði; „have been studied extensively in the framework of transformational grammar – perhaps more than any other aspect of grammar“, segja Perlmutter & Soames (1979:272). Þær hafa verið skoðaðar mikið í sambandi við „eyjahömlur“ (Island Constraints) Ross (1967; sjá 5.2.2.1); reynt hefur verið að steypa þeim saman meira og minna (Chomsky 1977); og hlutverk þeirra hefur einnig verið rannsakað (sjá t.d. Gundel 1977).

Hér verður fjallað um tvær þeirra reglna sem nefndar eru hér að ofan; kjarnafærslu og stílhverfingu. Kjarnafærslan verður tekin fyrir sérstaklega og helstu setningafræðileg einkenni skoðuð. Í 3.2 er hún borin saman við stílhverfingu og komist að þeirri niðurstöðu að munur þeirra sé ekki setningafræðilegur, heldur byggist á öðrum atriðum; sum þeirra verða tekin fyrir í 5.2.

Um hinar reglurnar þrjár er það að segja, að spurnarfærslu er sleppt vegna þess að viðfangsefni ritgerðarinnar er fullyrðingarsetningar (sbr. 1.1). Vinstri sveiflu og andstæðusveiflu er sleppt vegna eðlismunar sem er á þeim og kjarnafærslu og stílhverfingu; liðurinn sem þær síðarnefndu færa skilur eftir sig „gat“, en hjá þeim fyrnefndu kemur fornafn í staðinn.<sup>59</sup>

#### 3.1 Kjarnafærsla

Í þessum kafla er lýst færslu ýmissa setningarliða annarra en frumlags fram fyrir sögn. Fyrsti hlutinn (3.1.1) lýsir grundvallaratriðum í sambandi við regluna. Athugað er hvaða liði hún færir (3.1.1.1) og hvort rétt sé að gera ráð fyrir einni reglu eða fleiri; litið er á rök Ross (1967) fyrir tvískiptingu reglunnar (3.1.1.2), og síðan á innskot smáorðsins *þá*, sem stundum getur komið á eftir færðum lið (3.1.1.3). Komist er að þeirri niðurstöðu að hegðun *þá* knýi okkur ekki til að skipta reglunni í tvennt (3.1.1.4).

Í öðrum hluta (3.1.2) er það rökstutt að þegar aðrir N1 en frumlag standa fremst séu þeir komnir þangað með færsluummyndun. Drepið er á fyrri skrif um KJF (3.1.2.1) og síðan

---

<sup>58</sup> Hin íslensku nöfn þessara reglna munu vera komin frá Höskuldi Þráinssyni.

<sup>59</sup> Taka má (i) sem dæmi um vinstri sveiflu, en (ii) sem dæmi um andstæðusveiflu:

(i) Guðmundur, ég sá hann í gær

(ii) Guðmund, hann sá ég í gær

Munurinn felst í því, að í vinstri sveiflu kemur aukanafnliðurinn fremst í setningunni í nf., og fornafn sem vísar til hans á sama stað og í venjulegri (djúpperðar)orðaröð. Í andstæðusveiflu er aukanafnliðurinn hins vegar í sama falli og fornafnið sem vísar til hans; og það stendur alltaf fremst, þ.e. næst á undan sögninni. – Annars bendir margt til að vinstri sveifla sé ekki færsla heldur liðgerðarmyndun (sjá Zaenen 1980:3, 17).

athuguð rök fyrir slíkri reglu; fallmörkun hins færða liðar og gat eftir hann (3.1.2.2) og hegðun hans í sambandi við afturbeygð og gagnverkandi fornöfn (3.1.2.3).

Í þriðja hluta (3.1.3) er rökstuðningur fyrir því að AI sem standa fremst í setningum séu þar ekki í djúprerð heldur hafi verið færðir þangað. Bent er á að oft er erfitt að finna rök fyrir þessu og sumt bendir jafnvel til hins gagnstæða (3.1.3.1), en oft má þó finna hliðstæð rök og fyrir færslu NI, þ.e. rök sem varða göt eftir AI (3.1.3.2) og afturbeygingu í AI fremst í setningu (3.1.3.3). Síðast í þriðja hluta eru svo færð rök að því að atvikssetningar sem standa framan aðalsetningar séu færðar þangað (3.1.3.4).

Niðurstöður eru svo dregnar saman í fjórða hluta (3.1.4).

### 3.1.1 Lýsing reglunnar

#### 3.1.1.1 Liðir í framstöðu

Í 2.2.2 var því slegið föstu að allar íslenskar setningar hefðu SVO-röð í djúprerð. En því er ekki að heilsa á yfirborði:

Það kemur alloft fyrir, að aðrir hlutar setningar standa fremst, en frumlag eða sögn, t.d. einkunn, andlag, þiggjandi, umsagnarorð, atviksorð (forsetningarliðir). Er það oftast gert til áherzlu eða tilbreytingar, og nefnist sú orðaröð **öfug**. Sögnin er þá altaf á undan frumlaginu. Öfug orðaröð er miklu algengari í aðalsetningum, en í aukasetningum (Jakob Jóh. Smári 1920:249).<sup>60</sup>

Og Maling (1980:175) segir að „almost any sentence constituent can be found in sentence-initial position“. Lítum nú á nokkur dæmi um færslu ýmiss konar liða fremst í setningu:

- (1) *Hraustur* er Jónn \_\_\_<sup>61</sup>
- (2) *Guðmund* kyssti María \_\_\_
- (3) *Péttri* sagði ég \_\_\_ þessa sögu
- (4) *Rauðan* málaði Vésteinn Skóðann \_\_\_
- (5) *Hingað* hef ég aldrei komið \_\_\_
- (6) *Um Svein* vil ég ekki tala \_\_\_

Sé gert ráð fyrir baklægri SVO-röð í öllum setningum verður að segja að í (1)-(6) hafi farið fram **færsla**; liðir verið fluttir aftan úr setningunni fram fyrir sögnina (og frumlagið um leið flutt aftur fyrir hana). Höskuldur Þráinsson (1979:60) kallar þá reglu sem þarna er að verki

---

<sup>60</sup> Það sem Jakob Jóh. Smári nefnir þiggjanda er hér kallað óbeint andlag; og það sem hann kallar umsagnarorð er hér nefnt (andlæg) sagnfylling.

<sup>61</sup> Hér og framvegis, þar sem ástæða þykir til, tákna skáletrun liða í dæmasetningum að ég geri ráð fyrir að þeir standi ekki á þeim stað í djúprerð setninganna, heldur hafi þeir verið færðir þangað. \_\_\_ tákna hins vegar að ég geri ráð fyrir að á þeim stað í setningunni hafi verið einhver liður í djúprerð sem síðan hafi verið færður á brott eða eytt.

**Topicalization** eða kjarnafærslu;<sup>62</sup> sama gerir Maling (1980:175) og Zaenen (1980:20), sem segir:

I will treat under the heading of topicalization all the fronting processes of Icelandic that do not involve a pronominal copy and that apply over a variable except Q-movement and Relative Formation.

Á ensku er oft gerður munur á reglum sem flytja liði fremst í setningar eftir því um hvaða liði er að ræða (sjá t.d. Ross 1967:115, 168; Zaenen 1980:20). Slíkur munur hefur einnig verið gerður í íslensku, t.d. hjá Kristjáni Árnasyni (1980:64), þar sem færsla á við (2) er kölluð **andlagsstökk**, en færslur eins og (5) og (6) **atviksliðarstökk**. Jón Gunnarsson (1973:63-65) gerir samsvarandi mun á **andlagsstökki** og **atviksyrðingarstökki**; en að auki er þar talað um **sagnyrðingarstökk**. Með því er bæði átt við færslu Sf, eins og í (1), og einnig færslu þá sem verður í setningum þar sem sögnin stendur fremst, eins og (7)b:

- (7) a Þeir ganga burt
- b Ganga þeir burt

Mér þykir þó eðlilegra að gera ráð fyrir að í slíkum setningum sé það frumlagið sem er fært til hægri, en ekki sögnin til vinstri, sbr. 2.2.2.2 hér á undan.<sup>63</sup>

### 3.1.1.2 Rök Ross fyrir tvískiptingu

Eftir að hafa dregið á þann greinarmun sem oft er gerður á færslum á við (1)-(6) í ensku segir Zaenen (1980:20): „Insofar as the subdivision rests on syntactic differences these syntactic differences do not exist in Icelandic.“ Við skulum nú fyrst athuga rök Ross (1967) fyrir tvískiptingu reglunnar í ensku og gagnrök gegn þeim, og síðan hvort þessi eða önnur rök réttlæti aðgreiningu í íslensku.

Ross gerði ráð fyrir tveim færslum: **Topicalization**, sem flytti NI (1967: 115, 168) og **Adverb Preposing**, sem flytti AI (1967:168). Meginmunur þeirra, fyrir utan það að flytja mismunandi liði, var að sú síðarnefnda var „upward bounded“; þ.e. gat ekki flutt AI til vinstri upp í yfirskipaða setningu. Þessi munur er sýndur í (8):

---

<sup>62</sup> Höskuldur talar að vísu ekki um færslu þar (1979:60), heldur segir að reglan tengi (relates) setningar á við (1)-(6) við samsvarandi setningar með SV(O)-röð; en síðar (1979:124, 1. nmgr.) talar hann um „the site where the topicalized element originated“, þannig að ljóst er að hann gerir ráð fyrir að um færslu sé að ræða.

<sup>63</sup> Zaenen (1980:42) segir að vísu: „I know of no facts that would help us decided [svo] whether the verb is preposed or the subject postposed“; og Andrews (1982a) gerir ráð fyrir að það sé sögnin sem er færð en ég sé engin rök fyrir því. Og eins og bent er á í 2.2.2.2 verður hvort eð er oft að gera ráð fyrir hægri færslu frumlags. – Þess má geta að Höskuldur Þráinsson (1979: 471) kallar færslu á við (7)b „stylistic inversion“.

(8) S<sub>1</sub>

S<sub>2</sub>

Nl Al

Nl í S<sub>2</sub> sem er fluttur til vinstri getur lent annaðhvort fremst í S<sub>2</sub> eða S<sub>1</sub>; Al í S<sub>2</sub> getur aðeins lent fremst í S<sub>2</sub>, en ekki farið upp í S<sub>1</sub>, segir Ross (1967:168). Reyndar virðist Ross (1967:169) telja að kjarnafærsla geti líka verkað á Al og flutt þá fremst í S<sub>1</sub>, en þá þurfi aukna áherslu á Al.

Hér er óþarft að fara nánar út í rök Ross fyrir tveim reglum; Gundel (1977:143-146) tekur þau fyrir og kemst að þeirri niðurstöðu að þau séu ekki gild. Það er greinilega hægt að flytja Al úr undirskipaðri setningu í yfirskipaða í íslensku, og ég er ekki viss um að sú færsla krefjist meiri áherslu á hinn færða lið en færsla innan setningar. Lítum á (9):

- (9) a Í gær segir Jón [<sub>S</sub> að María hafi komið \_\_\_]  
b Í dag segir Jón [<sub>S</sub> að María hafi komið í gær] \_\_\_

Í (9)a sýnir tíð sagnarinnar í aðalsetningunni að Al *í gær* á við aukasetninguna; í (9)b hlýtur Al *í dag* hins vegar að eiga við aðalsetninguna, því að annar tíðaratviksliður er fyrir í aukasetningunni. Erfitt er að meta hvar og hvenær áherslu er þörf, en mér finnst hún ekki þurfa að vera meiri í (9)a en b. Ég tel því sýnt að rök Ross (1967) fyrir aðgreiningu reglnanna eigi ekki við í íslensku.<sup>64</sup>

### 3.1.1.3 Innskot þá

En það er ekki þar með sagt að útilokað sé að finna mun á færslu Al og Nl fremst í setningu í íslensku. Nygaard (1905:383) bendir á, að í forn máli komi stöku sinnum fyrir að Al sem tilheyri aukasetningu (skýringar-, skilyrðis- eða spurnarsetningu) sé hafður fyrir framan tenginguna (*at, ef, hvar*); dæmi er í (10):

- (10) Þat er sagt, um sumarit at einnhvern dag fór Sigmundr til eyjarinnar Dimun á skipi hinnar litlu

Setningar á við (10) koma þó tæpast fyrir í nútímamáli; en dæmi um færslu Nl næst fram fyrir tenginguna þekki ég ekki, hvorki að fornu né nýju.<sup>65</sup>

Þó má leiða rök að því að Al sem er færður fremst sé ekki í eins nánnum tengslum við setninguna í heild og Nl sem færður er. Á eftir slíkum Al er oft hægt að skjóta inn

<sup>64</sup> Aissen & Hankamer (1972:503) segja að „Adverb" Preposing must be distinguished from Topicalization because it does not occasion comma intonation following the preposed constituent [...].“ En það gerir KJF ekki heldur í íslensku, þannig að þessi rök gilda ekki þar.

<sup>65</sup> Nema þá spurnarfærslu (sbr. Maling 1977:180-181 og Heusler 1967:150-151, dæmi þaðan):

- (i) Ólafur spurðe Qnund huern styrk at hann mynde fá honom

smáorðinu *þá* (eða jafnvel *að þá*):

(11) Í morgun *þá* var hálfgerður rigningarsuddi

Í fljótu bragði gæti þetta minnt á andstæðusveiflu (sbr. 2. neðanmálgrein); eitt dæma Höskuldur Þráinssonar (1979:67) um hana er mjög áþekkt:

(12) Á vorin, *þá* kemur Jón aldrei í tíma

Þegar betur er að gáð kemur þó munur í ljós. Í andstæðusveiflu kemur yfirleitt „hlé“ („intonation break“) milli hins færða liðar og þess sem vísar til hans (*þá* í (12)); og áhersla á hinn síðarnefnda.<sup>66</sup> Hvorugu er til að dreifa í (11). Að auki er hæpið að *þá* í (11) feli í sér nokkra sérstaka tímatilvísun. Það virðist vera hægt að nota það með staðaratviksliðum líka,<sup>67</sup> svo og flestum tegundum aukasetninga sem fluttar eru fram fyrir aðalsetninguna, en ekki bara með tíðarsetningum (sbr. Stefán Einarsson 1949:174):

(13) Á Kjarvalsstöðum *þá* er verið að setja upp óvenjulega sýningu

(14) Þegar þú komst *þá* varð ég glaður

(15) Ef þú sérð hann *þá* láttu mig vita

(16) Af því að ég fór strax *þá* vissi ég þetta ekki

En hvað er þetta *þá*? Ef gert er ráð fyrir að það sé upprunnið aftast í setningunni eins og hvert annað atviksorð (sbr. 2.2.3) verður að viðurkenna tvær vinstri færslur í sömu setningunni, sem annars er yfirleitt ekki gert. Að auki yrði færsla *þá* að vera skyldubundin, því að það getur ekki staðið aftast:

(17) \*Í morgun var hálfgerður rigningarsuddi *þá* \_\_

Og færsla atviksliðarins eða setningarinnar yrði líka að vera skyldubundin; séu þau kyrr aftast á *þá* hvergi heima í setningunni:

(18) a \*Þá var hálfgerður rigningarsuddi í morgun

b \*Hálfgerður rigningarsuddi var *þá* í morgun

---

<sup>66</sup> Höskuldur Þráinsson (1979) nefnir þessi atriði að vísu ekki beinlínis. Hann skilur þó aukaliðinn fremst frá meginhluta setningarinnar með kommu, eins og aukaliðinn í hægri sveiflu; og í sambandi við hægri sveifluna nefnir Höskuldur „intonation break“ (1979:125-126, 11. nmgr.) og „comma intonation“ (1979:253-254, 36. nmgr.).

<sup>67</sup> E.t.v. þó aðallega með staðaratviksliðum sem hugsanlegt er að tengja ákveðnum tíma. Berið t.d. saman:

(i) ??Á Akureyri *þá* eru fjöldamörg söfn

(ii) Á Akureyri *þá* skemmti ég mér vel

(ii) virðist mun betri, e.t.v. vegna þess að hana er hægt að túlka sem „Þegar ég var á Akureyri *þá* ...“ – Helgi Bernóðsson benti mér á þetta.



Setningar með *þá* eins og (13)-(16) brjóta líka regluna um að aðeins einn liður megi koma á undan sögninni (sjá 2.3.1.1 og 27. neðanmálgrein við 2. kafla).

Sennilega er rétt að gera ráð fyrir að *þá* sé hér bara merkingarlaust smáorð sem sé stungið inn í yfirborðsgerðina til að gera skilin milli hins færða liðar (einkum ef það er setning) og aðalhluta setningarinnar skýrari. En hvað sem því liður eru takmörk á hvar hægt er að setja það inn; það er ekki hægt á eftir NI né lo. sem eru Sf.:

(19) \*Guðmund þá hefur María kysst \_\_

(20) \*Guðmundur þá veit ég að \_\_ kyssti Maríu

(21) \*Rauðan þá málaði Vésteinn Skóðann \_\_

Ef skýringarsetningar og spurnarsetningar eru NI, eins og Höskuldur Þráinsson (1979) heldur fram, ætti að koma fram munur á þeim og öðrum aukasetningum hvað þetta varðar; og það gerist reyndar:

(22) \*[Að Pétur hefur kysst Maríu] þá vita allir \_\_

(23) \*[Hvort Pétur hefur kysst Maríu] þá veit ég ekki \_\_<sup>68</sup>

#### 3.1.1.4 Ein regla eða tvær?

Af því sem fram kom hér á undan mætti e.t.v. draga þá ályktun að AI sem eru færðir fremst séu í lausari tengslum við aðalhluta setningarinnar en NI sem eru færðir; því mætti hugsa sér að AI lentu á öðrum stað, sem aftur kynnu að vera rök fyrir tveim reglum. En málið er ekki svo einfalt, því að ekki gildir hið sama um alla AI. Ef neitunarao. eru færð fremst er innsetning *þá* útilokuð; sömuleiðis ef ao. sem er ákvæðisorð með lo. er fært fremst.<sup>69</sup>

---

<sup>68</sup> (22) og (23) eru í lagi ef þá er túlkað sem tíðaratviksliður í aukasetningunni; en þá verður það að bera áherslu, og á eftir því kemur „comma intonation“.

<sup>69</sup> Zaenen (1980:183) fullyrðir að slík færsla sé útilokuð, og (i) sé „ungrammatical“:

(i) Óvenjulega held ég að hún sé gáfuð

Mér finnst þessi setning nokkurn veginn í lagi, sem og (25) án þá. En ekki eru allar slíkar setningar jafn góðar, og virðist merking atviksorðanna (þ.e. hve sterk hún er) og e.t.v. einnig lengd þeirra skipta máli, sbr. (ii):

(ii) ?\*Mjög held ég að hún sé gáfuð

Því má svo bæta við, að einnig kemur fyrir færsla slíkra ao. sem eru hliðstæð með lo. út úr NI, eins og (iii) sýnir:

(iii)a Ég sá óskaplega stóran mann í bænum í gær

(iii)b Óskaplega sá ég stóran mann í bænum í gær

Samkvæmt liðgerðarreglunum ((31) í 2.3.2.1) er hér raunar um að ræða færslu ao en ekki AI og væri e.t.v. réttara að gera ráð fyrir AI í liðgerðarreglunum. Það er líka athyglisvert að ekki er hægt að færa slík ao. fremst nema þau séu lengst til vinstri í nafnliðnum:

(24) \*Aldrei þá sé ég Guðmund

(25) \*Feiknarlega þá er hún glæsileg

Mér virðist eðlilegast að líta svo á að það sem skiptir hér máli sé ekki hvers konar liður er færður, heldur í hversu sterkum merkingarlegum (og e.t.v. setningafræðilegum) tengslum hann er við aðra liði í setningunni. Neitunarao. eru oft talin standa í nánu sambandi við sögnina (sbr. Vennemann 1974:367); og ekki virðist heldur fjarstætt að gera ráð fyrir sterkum tengslum lo. og ao. sem ákvarðar „stig“ þess, enda virðist kjarnafærsla slíkra ao. gera meiri kröfur til umhverfis en færsla ýmissa staðar- og tíðaratviksliða sem skapa svið fyrir setninguna.<sup>70</sup>

Ég held sem sagt að þetta atriði knýi okkur ekki til að skipta kjarnafærslu upp í tvær reglur, eina sem færir Nl og aðra sem færir Al, heldur fellst á staðhæfingu Zaenen (1980:20) sem áður er vitnað til, að setningafræðileg rök fyrir þeim aðskilnaði séu ekki fyrir hendi.<sup>71</sup>

### 3.1.2 Rök fyrir KJF nafnliða

#### 3.1.2.1 Fyrri skrif um KJF

Talsvert hefur verið skrifað um kjarnafærslu í íslensku. Höskuldur Þráinsson fjallar nokkuð um hana (1979:60-66 o.v.), og stór hluti doktorsritgerðar Zaenen (1980) snýst um lýsingu reglunnar út frá mismunandi forsendum. Á hvorugum staðnum liggur þó megináherslan á lýsingu reglunnar sjálfar og hlutverks hennar. Höskuldur notar regluna aðallega til að leiða rök að því að fallsetningar séu nafnliðir, svo og til að rökstyðja ýmis önnur atriði í greiningu sinni á fylliliðum sagna. Zaenen er hins vegar að bera saman hvernig hinar ýmsu stefnur í generatífri setningafræði á síðustu árum ráði við lýsingu reglunnar. Að auki fjalla bæði nær eingöngu um færslur nafnliða, en svo virðist sem þær séu tiltölulega fágætar samanborið við færslur ýmissa atviksliða. En af ofangreindum ástæðum þykir rétt að líta hér nokkuð á helstu rök sem beitt hefur verið til að rökstyðja að KJF sé ummyndun; þ.e. liðirnir sem eru fremst í

---

(iv)a Ég sá tvo óskaplega stóra menn í bænum í gær

(iv)b \*Óskaplega sá ég tvo stóra menn í bænum í gær

Þetta gæti e.t.v. bent til þess að fyrst væri allur Nl færður fremst, en síðan væri meginhluta hans frestað yfir sögnina aftur; þá væri því aðeins hægt að skilja ao. eftir að það væri lengst til vinstri. Ég get ekki farið lengra út í þetta hér en þetta þyrfti að athuga nánar.

<sup>70</sup> Um þetta er fjallað í 5.2.1.2; tíðar- og staðaratviksliðir fremst í setningu gera oft ekki kröfur til undanfarandi samtals eða texta, en setningar á við (25) (án þá) gera það líklega.

<sup>71</sup> Það verður þó að viðurkenna að sitthvað er mér enn óljóst í sambandi við hlutverk þá. Það þarf t.d. ekki að koma fremst í setningu í boðhætti, en getur það þó:

(i) Ef þú kemur seint, farðu þá/þá farðu inn í eldhús og ...

Mér er ekki ljóst hvort þá hefur frekar einhverja tímatilvísun þegar það stendur á eftir sögninni, en held það þó.

setningum á við (1)-(6) hér á undan séu þar ekki í djúpperð setninganna, heldur hafi verið færðir af einhverjum öðrum stað í setningunni með þessari ummyndun. Flestar þessar röksemdir eru upprunalega sniðnar fyrir ensku (sjá yfirlit hjá Perlmutter & Soames 1979:229-239 og Zaenen 1980:24-36). En vegna þess að íslenska hefur meiri fallaaðgreiningu og öðruvísi afturbeygingarreglur er þar stundum hægt að finna sterkari rök fyrir færslu en í ensku (sbr. Zaenen 1980:26).

### 3.1.2.2 Fallmörkun og göt

Tökum einföldustu og augljósustu rökin fyrst. Sögnin *kyssta* krefst andlags, eins og (26) sýnir:

- (26) a María kyssti Svein
- b \*María kyssti

Ef aukanafnliður (í þessu tilfalli *Svein*) kemur nú fremst í setningunni, verður hún góð á ný:

- (27) Svein kyssti María

Ljóst er að *María* er hér ekki andlag, þótt hún standi næst fyrir aftan sögnina; hún stendur í nf., en *kyssta* stjórnar þf., eins og (26)a sýnir. Við höfum séð áður að frumlagið fer aftur fyrir sögnina ef annar liður kemur fremst (sbr. Jakob Jóh. Smári 1920:249). Aftur á móti kemur *Sveinn* í þf. í (27), og getur því ekki verið frumlag, þótt hann standi næst fyrir framan sögnina. Sem sé: (26)b bendir til að *kyssta* krefjist andlags; í (27) kemur á undan sögninni nafnliður sem hefur sama fall og andlag hennar ætti að hafa (sbr. líka Zaenen 1980:22), og setningin er góð. Ef við gerum ráð fyrir sérstakri færsluumyndun sem hafi verkað í (26)b er þetta auðskilið; en sé gert ráð fyrir að liðgerðarreglurnar gefi (27) og röðin þar endurspegli djúpperðarorðaröðina verður að finna önnur ráð til að skýra að sögnin þarf ekki andlag ef aukanafnliður er fremst í setningunni.

Athugið líka að hafi *Sveinn* annað fall en þf. verður setningin vond; þ.e. það nægir ekki að hafa aukanafnlið fremst ef hann er ekki í sama falli og andlagið ætti að hafa:

- (28) \*Sveinn/\*Sveini/\*Sveins kyssti María
- Sumar forsetningar krefjast líka fallorðs, eins og sjá má í (29):

- (29) a María hugsar aldrei um Guðmund
- b \*María hugsar aldrei um

Hér gildir sama og áðan; (29)b er hægt að bjarga ef aukanafnliður kemur fremst í setninguna (með tilheyrandi frestun frumlagsins aftur fyrir sögnina). Eins og áður skiptir fall þessa aukanafnliðar máli, það verður að vera það sama og forsetningin stýrir:

- (30) Guðmund/\*Guðmundur/\*Guðmundi/\*Guðmundar hugsar María aldrei um

Sams konar rök er hægt að nota við færslu no. og lo. sem eru Sf. Sögn eins og *vera* krefst sagnfyllingar í nf.:

- (31) a Jón er góður smiður/hraustur  
 b \*Jón er  
 c Góður smiður/\*Góðan smið/\*Góðum smið/\*Góðs smiðs er Jón  
 d Hraustur/\*hraustan/\*hraustum/\*hrausts er Jón

Að lokum skal bent á að hægt er að flytja NI úr undirskipaðri setningu í yfirskipaða, jafnvel yfir margar undirskipaðar; og þannig getur aukasetning sem vantar frumlag, eins og (32)b, orðið góð ef aukanafnið er í nf. kemur fremst í aðalsetninguna; og aukasetning sem vantar andlag, eins og (33)b, verður góð ef aukanafnið er í þgf. kemur fremst í aðalsetninguna:

- (32) a Ég held [<sub>S</sub> að Guðmundur hafi kysst Maríu]  
 b \*Ég held [<sub>S</sub> að hafi kysst Maríu]  
 c Guðmundur held ég [<sub>S</sub> að hafi kysst Maríu]<sup>72</sup>
- (33) a Ég veit [<sub>S</sub> að Pétur telur [<sub>S</sub> að þú hafir hjálpað Sveini] ]  
 b \*Ég veit [<sub>S</sub> að Pétur telur [<sub>S</sub> að þú hafir hjálpað] ]  
 c Sveini veit ég [<sub>S</sub> að Pétur telur [<sub>S</sub> að þú hafir hjálpað] ]

Fyrir slíkum tengslum fjarlægra liða (long-distance dependencies) er erfitt að gera grein ef færslur eru ekki viðurkenndar (sjá þó Zaenen 1980, 3. kafla).

### 3.1.2.3 Afturbeygð og gagnverkandi fornöfn

Afturbeyging í íslensku er skyldubundin ef vísað er til frumlags innan sömu setningar (þ.e. ef næsta S yfir orðinu sem vísað er til og fornafninu sem vísar til þess er það sama; sbr. Jakob Jóh. Smári 1920:131; Höskuldur Þráinsson 1976a:225, 1976b:579 o.v., 1979:289, 292).<sup>73</sup> Þetta kemur fram í (34) (þar sem <sub>i</sub> táknar samvísun):

- (34) Jón<sub>i</sub> talaði um \*hann<sub>i</sub>/(sjálfan) sig<sub>i</sub>

Ef vísað er til andlags er afturbeyging yfirleitt valfrjáls (sbr. Höskuldur Þráinsson 1976b:603, 1979:291-292; sjá þó Maling 1982b).<sup>74</sup>

<sup>72</sup> Maling & Zaenen (1978, 1981) fjalla nokkuð um setningar af þessu tagi, þar sem frumlag aukasetningar er flutt upp í aðalsetningu; þær eru merkilegar að því leyti að slík færsla er bönnuð í ensku og ýmsum öðrum málum.

<sup>73</sup> Afturbeyging er þó ekki skylda nema vísað sé til alls frumlagsins; ef aðeins er vísað til t.d. annars af tveim hliðskipuðum NI í frumlagsnafnliðnum er afturbeyging útilokuð:

- (i) [<sub>NI</sub> [<sub>NI</sub> María]<sub>i</sub> og [<sub>NI</sub> Jón] ] fóru að heimsækja kærasta \*sinn<sub>i</sub>/hennar<sub>i</sub>

Þó ætti tilvísun afturbeygðs fornafns að vera þarna ótvíræð af merkingarlegum ástæðum.

<sup>74</sup> Afturbeyging virðist vera skylda í andlægrri sagnfyllingu ef vísað er til andlags, sbr. Maling (1982b).

- (i) Sálfæðingurinn gerði Harald<sub>i</sub> stoltan af \*honom<sub>i</sub>/sjálfum sér<sub>i</sub>

(35) Jón sendi Haraldi; fõt á hann;<sub>i</sub>/sig;<sub>i</sub>

Athugum nú hvað gerist ef við fáum aukanafnið fremst í setninguna. Ef þar er um að ræða lið sem vísar til frumlagsins ætti afturbeyging að vera skylda; svo er:

(36) Sjálfan sig;<sub>i</sub>/\*Hann;<sub>i</sub> minnist Jón;<sub>i</sub> aldrei á \_\_\_

(37) Sjálfa sig;<sub>i</sub>/\*Hana;<sub>i</sub> elskar María;<sub>i</sub> \_\_\_ mest

Hið sama kemur út þegar notað er afturvísandi eignarfor nafnið *sinn*. Það er skylda ef það vísar til frumlags, en valfrjálst ef það vísar til andlags, eins og *sig*:

(38) a María;<sub>i</sub> talaði um börnin sín;<sub>i</sub>/\*hennar;<sub>i</sub>  
b Börnin sín;<sub>i</sub>/\*hennar;<sub>i</sub> talaði María;<sub>i</sub> um \_\_\_

(39) a Ég sendi Haraldi; fötin sín;<sub>i</sub>/hans;<sub>i</sub>  
b Fötin sín;<sub>i</sub>/hans;<sub>i</sub> sendi ég Haraldi; \_\_\_

Í (39)b er að vísu ekki verulega gott að hafa pfn.; en líklega stafar það af því að það er yfirleitt ekki mjög eðlilegt í íslensku að pfn. komi á undan NI í sömu setningu sem þau vísa til (sbr. Höskuldur Þráinsson 1979:115). Það sem hér skiptir máli er þó það, að afturbeygingin hagar sér eins í b-setningunum og í a-setningunum sem ég geri ráð fyrir að þær séu leiddar af með kjarnafærslu.

Athugið líka að í SVO-orðaröð mega afturbeygð fornöfn ekki koma á undan NI sem þau vísa til, eins og sést á (40)-(41):

(40) \*Börnin sín;<sub>i</sub> elska Maríu;<sub>i</sub>

(41) \*Sjálfri sér;<sub>i</sub> þykir vænt um Maríu;<sub>i</sub><sup>75</sup>

Afturbeygt fornafn getur sem sé því aðeins vísað til NI sem kemur síðar í setningunni að um sé að ræða afbrigði frá grundvallarorðaröðinni (sjá 2.2.3); þetta er eðlilegast að skýra þannig að í djúperð geti afturbeyging aðeins vísað til nafnliðar sem er kominn á undan, en síðan geti kjarnafærsla fært afturbeygða fornafnið (eða liðinn sem það er í), þannig að í yfirborðsgerð standi það á undan liðnum sem það vísar til.<sup>76</sup> Þetta skýrir að afturbeyging er

---

<sup>75</sup> Hér er gert ráð fyrir að frumlög geti verið í aukafalli, sbr. Höskuldur Þráinsson (1979, 7. kafli; sbr. líka 2.3.1.3). – Persónufornöfn sem vísuðu til Maríu ganga að vísu ekki heldur í (40) og (41); en eins og áður var nefnt, og fram kemur í 3.1.3.4, er yfirleitt ekki mjög gott að pfn. standi á undan orðinu sem þau vísa til, jafnvel þótt hægt sé að gera ráð fyrir að þau hafi staðið á eftir því í djúperð. Aftur á móti geta afn. auðveldlega staðið á undan orðunum sem þau vísa til ef hægt er að gera ráð fyrir færslu, eins og (36)-(39) sýna.

<sup>76</sup> Það er að vísu tæplega hægt að beita KJF á afn. með sögnum sem hafa skyldubundna afturbeygingu, sbr. Jón Friðjónsson (1980:100), eins og munur (i) og (ii) sýnir:

(i)a Hann klæddi sig ekki

(i)b Sig klæddi hann ekki

útilokuð í (40)-(41); þar er SVO-röð á yfirborði, og engin ástæða til að gera ráð fyrir að afturbeygðu fornöfnin hafi nokkurn tíma staðið á eftir liðunum sem þeim er ætlað að vísa til (um tilraunir til að lýsa samspili kjarnafærslu og afturbeygingar án þess að gera ráð fyrir færslu, sjá Zaenen 1980:270-308).

Lítum svo aðeins á gagnverkandi fornöfn eins og *hvor annar* og *hver annar*. Notkun þeirra er ýmsum takmörkunum háð (sbr. Höskuldur Þráinsson 1979:295); þau verða að vísa til NI innan sömu setningar, og geta ekki staðið sem frumlag sem vísar til andlags:

- (42) a Þeir hata hvor annan  
b \*Hvor annar hatar þá

Hins vegar er hægt að færa þessi fornöfn fremst í setningu ef þau eru andlag (sbr. Höskuldur Þráinsson 1979:129-130, 24. nmgr.), og þá halda þau falli sínu:

- (43) Hvor annan hata þeir

Einnig hér virðist eðlilegasta lýsingin á því hvenær þessi fornöfn geta komið fyrir fremst í setningu fást með því að gera ráð fyrir færslu í (43).

### 3.1.3 Rök fyrir KJF atviksliða

#### 3.1.3.1 Eru AI í framstöðu í djúpgerð?

Erfiðara er að finna rök fyrir KJF þegar um er að ræða atviksliði en hvað varðar fallorðin. Rök sem varða fallmörkun duga augljóslega ekki á AI, því að þeir standa ekki í neinu falli;<sup>77</sup> og vegna þess að oftast er ekki skylda að hafa þá með í setningunni (sem kemur fram í því að þeir eru hafðir í sviga í liðgerðarreglunum í 2.3) er ekki augljóst að þeir skilji eftir sig nokkurt „gat“. Hvernig getum við t.d. fullyrt að (44)b sé „leidd af“ (44)a með kjarnafærslu?

- (44) a Siggi fór til Akureyrar í gær  
b Í gær fór Siggi til Akureyrar  
c Siggi fór til Akureyrar

(44)c sýnir að tíðaratviksliðnum má sleppa; það er ekki að sjá neitt „gat“ í þeirri setningu, né heldur aftast í (44)b. Erfitt er líka að halda því fram að önnur hvor setninganna a eða b sé á einhvern hátt „eðlilegri“. Hugsanlegt væri að halda því fram að færsla frumlagsins aftur fyrir sögnina í (44)b sýndi að AI hefði verið fluttur að, því að slík færsla frumlagsins væri

- 
- (ii)a Hann jafnaði sig fljótt  
(ii)b \*Sig jafnaði hann fljótt

Jón Friðjónsson segir (1980:100 nm.): „Þar sem afturbeygt fornafn með skyldubundið afturbeygðri sögn er nánast hluti sagnarinnar, er ekki við því að búast að kjarnafærsla gangi með slíkum sögnum.“

<sup>77</sup> Nema aukafallsliðir eins og (Hann fór) alla leiðina; (Hann sefur) öllum stundum; en vegna þess að sögnin stjórnar ekki falli þeirra hvort eð er, duga þeir ekki í þessu tilliti.

fylgifiskur kjarnafærslu (sbr. 3.1.1.1). Þessu mætti þó svara með því að vísa til þess að íslenska leyfði yfirleitt bara einn lið fyrir framan sögnina í yfirborðsgerð (sbr. 2.3.1.1); við yrðum því hvort eð er að hafa færslureglu sem flytti frumlagið aftur fyrir sögnina, og það skipti ekki máli hvort við gerðum ráð fyrir að Al væri fremst í setningunni í djúpgerð eða fluttur að með kjarnafærslu. Það virðist hvort eð er stundum nauðsynlegt að gera ráð fyrir röðum sem ekki ganga í yfirborðsgerð sem millistigi í afleiðslu (sbr. Höskuldur Þráinsson 1979:100-101).

Við þetta bætist svo að sum ao. er tæplega hægt að hafa aftast í setningu, en eru á hinn bóginn alveg eðlileg fremst, eins og (45)-(46) sýna:

- (45) a \*Ég settist niður svo  
b Svo settist ég niður

- (46) a \*Ég ók burt þvínæst  
b Þvínæst ók ég burt

Ef gert er ráð fyrir því að atviksorðin *svo* og *þvínæst* í þessum setningum séu upprunnin aftast verður að segja að kjarnafærsla sé þarna skyldubundin, sem hún er annars yfirleitt ekki. Því mætti hugsa sér að bregðast við þessu með því að breyta liðgerðarreglu setninga ((54) í 2. kafla) þannig að hún leyfi Al í framstöðu.<sup>78</sup>

---

<sup>78</sup> Það mætti hugsa sér að hreyfa þeirri mótbáru gegn (47), að hún leyfði setningar eins og (i):

- (i) \*Í gær kom ég hingað í dag

En þetta eru engin rök; hin upphaflega liðgerðarregla setninga ((54) í 2.3.3) gerir nefnilega ráð fyrir fleiri en einum Al aftast, og gæti því gefið t.d. (ii):

- (ii) \*Ég kom hingað í gær í dag

Þessi er auðvitað engu skárri en (i); og eðlilegast virðist að báðar séu útilokaðar af merkingarlegum ástæðum.

- (47) S --> (Al) NI so (NI){ } (Al)\*  
 (NI)  
 (Sf)

Þetta hefur þó þann ókost að ekki er lengur hægt að gera ráð fyrir að allir Al hafi sömu stöðu í setningu í djúpperð; enda yrði eftir sem áður að gera ráð fyrir kjarnafærslu Al líka, eins og fram kemur í 3.1.3.2.

Það má líka benda á að þeir Al sem tæplega geta staðið aftast eru helst orð eins og *svo*, *þvíncæst*, *þá*, *síðan*, sem hafa það hlutverk að tengja setninguna við undanfarandi texta (sjá 5.2.1.2). Það má því færa rök að því að af **merkingarlegum** ástæðum sé þessum orðum mjög óeðlilegt að standa annars staðar en fremst. Sama máli gegnir um ýmsa tíðar- og staðaratviksliði. Ef hlutverk þeirra er oft að skapa svið fyrir setninguna (í tíma eða rúmi) er eðlilegt að sú sviðsetning sé fremst.

### 3.1.3.2 Göt eftir Al

Það er reyndar oft hægt að leiða setningafræðileg rök að því að Al sem standa fremst í setningu séu þar ekki í djúpperð. Auðveldast er þetta með þá Al sem eru Sf. So. *verða* krefst sagnfyllingar:

- (48) a Sveinn verður þarna  
 b \*Sveinn verður  
 c Þarna verður Sveinn \_\_

Hér kemur fram að þótt *verða* krefjist Sf, dugar henni að Al komi fremst í setninguna; og það má ekki vera hvaða Al sem er, heldur verður hann að geta staðið sem Sf með *verða*, eins og (49) sýnir:

- (49) a \*Jón verður á morgun  
 b \*Á morgun verður Jón

Merkingarlegar kröfur til atviksliðarins fremst í (49)b eru þær sömu og til sagnfyllingarinnar í (49)a. Hið sama kemur í ljós með sagnir sem krefjast bæði andlags og staðaratviksliðar, eins og *setja* og *leggja*; þar er líka í lagi að Al komi fremst, ef hann hlítir þeim merkingarskilyrðum sem sögnin setur:

- (50) a Jón lagði blýantinn á borðið  
 b \*Jón lagði blýantinn  
 c Á borðið lagði Jón blýantinn \_\_  
 d \*Í gær lagði Jón blýantinn

Nú má segja sem svo að þetta sýni að vísu að allt sem gildir um Al á eftir sögn gildi líka um Al fremst í setningu; en það sanni í sjálfu sér ekki að um neina færslu sé að ræða, heldur aðeins að slíkur Al verði að vera fyrir hendi í setningunni, og ekki skipti máli hvort hann sé á eftir sögninni eða fremst.

Því er til að svara, að ef ekki er gert ráð fyrir færslu, heldur Al fremst í setningu með liðgerðarreglum, er erfitt að skýra hvers vegna það dugar að Al komi fremst í



aðalsetningunni í (51)c, þegar það er augljóslega sögnin í aukasetningunni sem krefst AI, en ekki so. *vita*, eins og (51)d sýnir:

- (51) a Ég veit [<sub>S'</sub> að Jón hefur lagt bókina á borðið]
- b \*Ég veit [<sub>S'</sub> að Jón hefur lagt bókina]
- c Á borðið veit ég [<sub>S'</sub> að Jón hefur lagt bókina]
- d \*Ég veit á borðið [<sub>S'</sub> að Jón hefur lagt bókina]

Hér gildir hið sama og um tengsl NI fremst í aðalsetningu við undirskipaða setningu (sjá (32)-(33)), að færsla virðist eðlilegasta leiðin til að lýsa tengslunum.<sup>79</sup>

### 3.1.3.3 Afturbeyging í AI

Eins og fram kom í 3.1.2.3 er afturbeyging skyldubundin innan setningar ef vísað er til frumlags, en oftast valfrjáls sé vísað til andlags. Athugið nú að AI geta innihaldið afn. sem vísa til frumlags eða andlags. Við spáum því, að standi AI sem inniheldur fn. sem vísar til frumlags fremst í setningu, þá sé afturbeyging skyldubundin þar líka. Það reynist rétt:

(52) Heima hjá sér<sub>i</sub>/\*honum<sub>i</sub> er Sveinn<sub>i</sub> mesti fauti

(53) Í lífi sínu<sub>i</sub>/\*hans<sub>i</sub> var Jón<sub>i</sub> vammlaus heiðursmaður

Í venjulegri SVO-röð er annars ekki hægt að hafa afn. á undan orðinu sem það vísar til, sbr. 3.1.2.3. Þannig eru (52)-(53) enn dæmi um það að AI fremst í setningu haga sér að öllu leyti eins og búast mætti við ef þeir stæðu fyrir aftan sögnina.

### 3.1.3.4 KJF atvikssetninga

Að lokum er rétt að fara nokkrum orðum um atvikssetningar. Í liðgerðarreglu (52) í 2.3.2.4 var gert ráð fyrir að AI geti verið innan S'; þ.e. að til séu setningar sem hafi sömu stöðu og AI innan móðursetningarinnar. Rökum varðandi göt eftir atvikssetningar er erfitt að koma við, vegna þess að AI eru yfirleitt ekki skyldubundnir liðir í setningum; og þótt t.d. tíðarsetningar geti stundum verið Sf eins og tíðaratviksorð er þá yfirleitt ekki hægt að færa þær fremst:

- (54) a Þetta var þá
- b Þetta var þegar María kyssti Svein
- c ?\*Þegar María kyssti Svein var þetta \_\_\_

Rök sem varða afturbeygingu duga ekki heldur, því að afn. í atvikssetningu getur yfirleitt

<sup>79</sup> Það má líka sýna fram á að ekki er nóg að AI komi hvar sem er, því að færslan lýtur „The Complex Noun Phrase Constraint“, sjá 5.2.2.1:

- (i)a Ég sá [<sub>NI</sub> [<sub>NI</sub> bókina] [<sub>S'</sub> sem Jón lagði á borðið] ]
- (i)b \*Á borðið sá ég bókina sem Jón lagði \_\_\_

ekki vísað upp í móðursetninguna, heldur verður að nota persónufornafn.<sup>80</sup>

(55) Jón<sub>i</sub> fór þegar ég skammaði \*sig<sub>i</sub>/hann<sub>i</sub>

Skástu rökin fyrir því að atvikssetning sem stendur framan aðalsetningar sé þar ekki í djúpgæð, heldur hafi verið færð þangað, er að finna þegar atvikssetningin inniheldur persónufornafn sem vísar til NI í aðalsetningunni:

(56) a Pétur<sub>i</sub> flýtti sér burt þegar ég sá hann<sub>i</sub>  
b ?Þegar ég sá hann<sub>i</sub> flýtti Pétur<sub>i</sub> sér burt

(57) a Jón<sub>i</sub> getur komið ef hann<sub>i</sub> langar til  
b ?Ef hann<sub>i</sub> langar til getur Jón<sub>i</sub> komið

b-setningarnar eru að vísu ekki fullkomnar, enda kemur þar pfn. á undan lið sem það vísar til; og það er yfirleitt ekki mjög gott í íslensku, eins og Höskuldur Þráinsson (1979:115) bendir á (sbr. 3.1.2.3). Höskuldur setur fram „a first approximation to constraints on anaphoric relations in Icelandic“, á þá leið að „An anaphor cannot be interpreted as being in anaphoric relation to a segment that it precedes in surface structure“ (1979:115). Höskuldur bendir þó á að þarna sé of mikil einföldun á ferð, enda höfum við séð hér að framan að oft er í lagi að afn. komi á undan NI sem þau vísa til, ef hægt er að gera ráð fyrir færslu. Pfn. eru oft verri í slíkri stöðu (sbr. 3.1.2.3), en ganga þó oft; og þótt dómur manna um (56)b og (57)b séu mismunandi, held ég að flestir telji þær ótvírætt mun skárri en (58)-(59):

(58) \*Hann<sub>i</sub> flýtti sér burt þegar ég sá Pétur<sub>i</sub>

---

<sup>80</sup> Að vísu er hugsanlegt að afn. í atvikssetningu vísi upp í móðursetningu ef atvikssetningin sjálf er liður í skýringarsetningu, eins og Höskuldur Þráinsson (1976a:230-231) bendir á:

(i) Jóni sagði að hann<sub>i</sub> yrði glaður ef María kyssti sig<sub>i</sub>  
(ii) Jóni segir að hann<sub>i</sub> komi ekki nema María kyssi sig<sub>i</sub>

En hér bregður svo við að afturbeygingin er ákaflega hæpin ef atvikssetningin er færð fremst:

(iii) ?\*Ef María kyssti sig<sub>i</sub> sagði Jón<sub>i</sub> að hann<sub>i</sub> yrði glaður  
(iv) ?\*Nema María kyssi sig<sub>i</sub> segir Jón<sub>i</sub> að hann komi ekki

Þetta gætu virst rök gegn því að atvikssetningar væru upprunnar aftast og færðar fram með KJF. Ég er þó ekki viss um að svo þurfi að vera; afturbeyging í íslensku er mjög flókin og ýmsar hömlur á henni (sbr. Jakob Jóh. Smári 1920:131-135; Zaenen 1980:31-32; Maling 1982a,b). Sérstaklega flóknar eru hömlur á afturbeygingu í atvikssetningum eins og (i) og (ii) (sbr. Höskuldur Þráinsson 1976a), svo að ég leyfi mér að slá því föstu að (iii) og (iv) þurfi ekki að telja rök gegn færslu atvikssetninga.

(59) \*Hann<sub>i</sub> getur komið ef Jón<sub>i</sub> langar til

Sé gert ráð fyrir að atvikssetningar séu upprunnar aftast er munur (56)b og (57)b annars vegar og (58)-(59) hins vegar auðskilinn; í þeim fyrrnefndu er pfn. á eftir orðinu sem það vísar til í **djúpperð**, þótt svo sé ekki á yfirborði; í þeim síðarnefndu hefur pfn. hins vegar alltaf verið á undan orðinu sem það vísar til. Ef gert væri ráð fyrir að atvikssetningar gætu verið upprunnar bæði fremst og aftast mætti búast við að enginn munur kæmi fram, þ.e. að pfn. gæti annaðhvort vísað til NI sem kemur á eftir því í öllum setningum eða engri þeirra; því að í öllum gæti orðaröðin verið eins og í djúpperð, og í öllum gæti líka verið um færslu að ræða.

Sá munur sem fram kemur á skilyrðissetningunum (57)b og (59) er sérstaklega athyglisverður. Greenberg (1966:84) segir nefnilega að „In conditional statements, the conditional clause precedes the conclusion as the normal order in all languages“; þ.e.a.s. öllum málum er eðlilegt að nefna hinn skilyrðandi atburð á undan því skilyrta. Þetta á auðvitað við um röðina í yfirborðsgerð; en vegna algildis þessarar raðar er merkilegt að einnig þar skuli vera hægt að finna rök fyrir því að í djúpperð sé staður skilyrðissetningarinnar annar, þ.e. síðast í aðalsetningunni eins og annarra AI.

### 3.1.4 Niðurstöður

Hér hefur verið rökstutt að kjarnafærsla sé færsluregla í íslensku, svo og að hún færi margs konar liði. Rétt er að leggja áherslu á að allt sem hér hefur verið sagt um KJF sýnir fyrst og fremst að þegar liður annar en frumlagið stendur fremst í setningu, gildir um hann allt hið sama og ef hann hefði verið á þeim stað þar sem búast mætti við honum samkvæmt liðgerðarreglunum í 2.3.2. Ef við gerum ráð fyrir færslu, segir þetta sig sjálf; ef ekki, þarf að gera grein fyrir því sérstaklega á einhvern hátt.

Fjölmörgu hefur verið sleppt sem varðar KJF, s.s. umfjöllun um hvort KJF úr undirskipaðri setningu upp í aðalsetningu verki í einu stökki („one fell swoop“) eða þrepum (sé „successive cyclic“, sjá Zaenen 1980: 126, 33. nmgr., 167-170); hvort hægt sé að steypa KJF og spurnarfærslu saman eins og Chomsky (1977) taldi (sjá Zaenen 1980:176-196 um rök gegn því);<sup>81</sup> svo og ýmsu fleiru sem ekki skiptir máli fyrir það sem ætlunin var að

---

<sup>81</sup> Þau rök eru einkum tvenns konar. Annars vegar er það, að KJF í aukasetningu veldur umröðun frumlags og sagnar, en spurnarfærsla ekki, eins og (i) og (ii) sýna:

(i) Ég veit [<sub>S</sub> að þennan mann hefur Pétur barið]

(ii) Ég spurði [<sub>S</sub> hvenær Pétur hefði barið hann]

Hins vegar er það að reglurnar flytja ekki alltaf sams konar liði, segir Zaenen (1980:182-183). Hún tekur (1980:182) dæmi sem hún segir sýna hvar KJF getur verkað en spurnarfærsla ekki:

(iii) Kaupa bíl mun hún

(iv) \*Hvað mun hún

rökstyðja, þ.e. að hér sé um færsluumyndun að ræða.

### 3.2 Samanburður vinstri færslna

Í þessum kafla verður kjarnafærsla borin saman við **stílhverfingu**, sem Maling (1980) hefur fjallað um. Stílhverfingu er lýst (3.2.1), og rök Maling (1980) fyrir aðgreiningu hennar og KJF eru rakin (3.2.2), og síðan tekin fyrir og gagnrýnd (3.2.3). Þar er fyrst bent á að flest varða þau stigsmun en ekki eðlis (3.2.3.1). Síðan er sýnt að STH er ekki klausubundin (clause-bounded) (3.2.3.2), og að tilvist frumlagseyðu (subject gap) er oft jafn mikið skilyrði fyrir KJF og STH (3.2.3.3), öfugt við það sem Maling (1980) hélt fram. Þá er litið á það í hvaða röð STH færi liði (3.2.4), og sýnt að hún þarf ekki að leiða til aðskilnaðar frá KJF. Niðurstöður koma svo fram í 3.2.5, og þar er því slegið föstu að engin ástæða sé til að gera setningafræðilegan mun á reglunum.

#### 3.2.1 Stílhverfing

Maling (1980) fjallar einkum um færslu lh.pt., lo. og ýmissa ao. til vinstri með sérstakri reglu. Hún segir að „Especially typical of the third category are negative adverbs such as *ekki* 'not' and verbal particles such as *fram* 'forward'“ (1980:179). Hér eru nokkur dæma hennar:

- (60) a Það fór að rigna þegar var búið að borða  
b Það fór að rigna þegar búið var að borða
- (61) a Þeir voru að tala um hvað hefði verið hægt  
b Þeir voru að tala um hvað hægt hefði verið

---

En (iv) er vond af því að setningin sem hún er leidd af er vond (sbr. (45)B í 2.3.2.3):

- (v) \*Hún mun hvað/það

Hliðstæða við (iii) væri setning þar sem munu hefur með sér aðalsögn, eins og (vi), sem er góð:

- (vi) Kaupa hvað mun hún?

Zaenen (1980:183) nefnir einnig dæmi um að spurnarfærsla geti verkað, en KJF ekki:

- (vii) \*Óvenjulega held ég að hún sé gáfuð
- (viii) Hvað heldurðu að hún sé gáfuð?

En (vii) er í lagi, eins og fram kom í 12. neðanmálgrein.

- (62) a Þetta er glæpamaðurinn sem hefur ekki verið dæmdur  
b Þetta er glæpamaðurinn sem ekki hefur verið dæmdur

- (63) a Fundurinn sem hafði farið fram í Ósló var skemmtilegur  
b Fundurinn sem farið hafði fram í Ósló var skemmtilegur  
c Fundurinn sem fram hafði farið í Ósló var skemmtilegur

Reglu þessa kallar Maling stílhverfingu (Stylistic Inversion, 1980:175, eða Stylistic Fronting, 1981a:93, 104, 7. nmgr.), og Zaenen (1980:20-21) segir að hún sé „The only frontal rule that has to be distinguished from topicalization on syntactic grounds [...]“.

### 3.2.2 Munur KJF og STH

En hvaða setningafræðileg atriði eru það sem greina stílhverfingu frá kjarnafærslu? Maling (1980:180) rekur nokkur meginatriði sem hún telur greina milli reglnanna:

- (64) a KJF verkar á NI og FI, en STH á lh.þt., lo., ýmis ao., agnir o.fl.  
b Við KJF fær hinn færði liður áherslu eða lendir í brennidepli (focus, sjá 5.1.1.3), en það er ekki nauðsynlegt við STH  
c KJF er sjaldgæf í aukasetningum, en STH algeng  
d Dómar manna um KJF í tilvísunarsetningum, spurnaraukasetningum o.fl. eru mismunandi, en allir viðurkenna STH í slíkum setningum  
e STH er klausubundin; þ.e. getur ekki flutt lið úr undirskipaðri setningu í yfirskipaða. KJF er hins vegar óbundin; þ.e. getur flutt lið úr undirskipaðri setningu í yfirskipaða, jafnvel um langan veg  
f STH krefst frumlagseyðu, þ.e. að frumlag sé ekki fyrir hendi í djúpperð, það hafi verið flutt á brott eða því eytt;<sup>82</sup> KJF gerir ekki slíka kröfu

Við skulum nú líta betur á þessi atriði og athuga hvort þau geri aðgreiningu reglnanna eðlilega eða nauðsynlega.

### 3.2.3 Munurinn endurskoðaður

#### 3.2.3.1 Bitamunur en ekki fjár

Um fyrsta atriðið ((64)a) er það að segja, að auðvitað er hægt að setja það upp sem skilgreiningaratriði á reglu að hún verki bara á ákveðna tegund liða. En um leið og farið er að gera ráð fyrir að sama reglan verki á fleiri en eina tegund liða er það bitamunur en ekki fjár hvort hún er látin verka á 3, 4 eða 5 tegundir. Bæði KJF og STH færa fleiri en eina tegund liða í uppsetningu Maling (1980), og meira að segja suma sömu liði, enda viðurkennir Maling (1980:180) að skilin séu oft óglögg hvað varðar færslu ao.

Þá má benda á að í 3.1 var gert ráð fyrir að KJF flytti m.a. Sf; en eins og liðgerðarregla Sf var sett upp ((43) í 2. kafla) getur hvaða liður sem er verið Sf, þ. á m. lh.þt. (sjá 3.2.4); svo

---

<sup>82</sup> Gert er ráð fyrir að frumlag sé ekki fyrir hendi í djúpperð t.d. með veðurfarssögnum (sjá 32. neðanmálsgrein í 2. kafla); það megi flytja á brott með reglu eins og FÓF (sjá 4.2); og því megi eyða t.d. með tilvísunareyðingu.

að ljóst er að eins og KJF hefur verið lýst hér getur hún einnig tekið að sér hlutverk STH að þessu leyti.

(64)b-d eiga það sameiginlegt að ekki er um að ræða einhver föst óbrigðul einkenni sem önnur reglan hafi en hin ekki, heldur er um að ræða stigsmun; önnur reglan hefur meira af ákveðnum einkennum en hin. Þetta bendir til að ekki sé um að ræða setningafræðilegan mun í þrengsta skilningi, heldur mun sem tengist fremur merkingu eða undanfarandi texta; sjá 5.2.

Varðandi áhersluna er því við að bæta, að oft virðist hægt að beita KJF án þess að sérstök áhersla komi á færða liðinn (sbr. Höskuldur Þráinsson 1979:65 og 5.2.1 hér á eftir), og fellur þá b-liðurinn um sjálfan sig, jafnvel þótt menn vildu telja það atriði setningafræðilegt.

Þótt KJF sé sjaldgæf í aukasetningum kemur hún vissulega fyrir, sbr. t.d. Zaenen (1980:21-22), sem segir: „This embedded topicalization is subject to pragmatic constraints, but it is more common than the equivalent in English or Swedish.“ Margar slíkar setningar eru þess eðlis að allir hljóta að viðurkenna þær, eins og t.d. (65):

(65) Ég veit að þennan náunga hefur hún aldrei kysst

Þarna getur því munurinn tæpast verið setningafræðilegur, heldur hlýtur að byggjast á einhverju öðru; og athyglisvert er að Zaenen, sem taldi **setningafræðilegar** ástæður réttlæta aðgreiningu KJF og STH (sjá 3.2.1) skuli hér tala um „pragmatic constraints“.

### 3.2.3.2 Er STH klausubundin?

Hvort STH er klausubundin eða ekki gæti hins vegar verið setningafræðilegt. Þó þyrfti svo ekki að vera; hugsanlegt væri einnig að þar kæmu merkingarleg atriði til sögunnar. Þeir liðir sem STH færir eru oftast nátengdir sögninni, merkingarlega séð;<sup>83</sup> og hugsanlegt að **þess vegna** megi ekki flytja þá langt frá henni. Eins og áður segir (3.2.1) nefnir Maling (1980:179) *ekki* og agnir sem sérstaklega einkennandi fyrir þá liði sem STH færir. Áður hefur verið minnst á nán tengsl neitunarao. við sögn (3.1.1.4), svo og á sérstakar hömlur á stöðu *ekki* (2.3.2.3); og agnir mega heldur ekki vera langt frá sögninni **til hægri** (sbr. Höskuldur Þráinsson 1979:29 og 4.3.4 hér á eftir):

(66) \*Jón gerði gamla bílinn sem hann keypti í fyrra af braskaranum á Hverfisgötunni upp

Af liðum sem Maling (1980) telur STH færa eru þá eftir lh.þt. og lo.; og þá er ekki alltaf útilokað að færa úr undirskipaðri setningu í yfirskipaða:

(67) a Menn töldu [<sub>S</sub> að Skódinn væri orðinn bleikur]  
b Bleikur töldu menn [<sub>S</sub> að Skódinn væri orðinn \_\_\_]

(68) a (Það) er talið [<sub>S</sub> að Jón hafi verið drukinn þegar hann barði Maríu]  
b Drukinn er talið [<sub>S</sub> að Jón hafi verið \_\_\_ þegar hann barði Maríu]

---

<sup>83</sup> Þetta er einkum augljóst með agnir (sbr. hér á eftir) og svo lh.þt., sbr. Björn Guðfinnsson (1943:5): „Í samsettum tíðum og þolmynd teljast fallhættirnar einnig til umsagnarinnar.“

Það eru að vísu mjög miklar hömlur á því hvenær hægt er að færa lh.þt. upp í yfirskipaða setningu;<sup>84</sup> en undir vissum kringumstæðum er það greinilega hægt, sem sýnir að STH er ekki skilyrðislaust klausubundin.

Gegn þessu mætti hugsa sér að færa þau rök að fyrst þessir liðir væru færðir upp í yfirskipaða setningu, þá væri þar um KJF að ræða, en ekki STH; og STH gæti verið klausubundin eftir sem áður. En þar með er bæði búið að afnema skilin milli reglnanna varðandi hvaða liði þær færa; og einnig að gera (64)e marklaust. Það er auðvitað hægt að hugsa sér að ganga út frá því að til séu tvær vinstri færslur, önnur klausubundin en hin ekki; en ef fyrir því eru engin sjálfstæð rök, og auk þess er ekki hægt að afmarka á ótvíræðan hátt þær tegundir liða sem hvor regla færir, virðist slík skipting harla hæpin.

### 3.2.3.3 Frumlagseyða

Síðasta atriðið, (64)f, skiptir miklu máli í röksemdafærslu Maling (1980); hún notar það m.a. til að færa frekari rök fyrir því að aukafallsliðir með ópersónulegum sögnum séu í raun og veru frumlög (1980:187).<sup>85</sup> En það er hæpið að þetta atriði geti greint á milli STH og KJF. Lítum á nokkur af þeim dæmum sem Maling (1980:182-183) telur sýna fram á að STH krefjist frumlagseyðu:

- (69) a Honum mætti standa á sama, hvað \_\_ væri sagt um hann  
b Honum mætti standa á sama, hvað *sagt* væri \_\_ um hann  
c \*Honum mætti standa á sama, hvað *sagt* hefði Hjördís \_\_ um hann
- (70) a Það var hætt að rigna, þegar \_\_ var komið þangað  
b Það var hætt að rigna, þegar *komið* var \_\_ þangað  
c \*Það var hætt að rigna, þegar *komin* var rútan \_\_ þangað
- (71) a Verðbólgan varð verri en \_\_ hafði verið búist við  
b Verðbólgan varð verri en *búist* hafði verið \_\_ við  
c \*Verðbólgan varð verri en *búist* hafði ríkisstjórnin \_\_ við

Í b-setningunum er frumlagseyða, og því gengur STH þar; en í c-setningunum er frumlagið til staðar, og því verða þær vondar ef STH er beitt, segir Maling (1980:182).

---

<sup>84</sup> Sennilega er aldrei hægt að færa þá lh.þt. sem mynda „samsettar tíðir“ og þolmynd (sbr. 26. neðanmálgrein) upp í yfirskipaða setningu, heldur aðeins þá sem eru notaðir sem lo. eins og í (68) (sbr. Wasow 1977:338-353 um tvær tegundir þolmyndar).

<sup>85</sup> Það gerir Maling m.a. með dæmum eins og (i):

- (i)a Hún benti á myndina sem hana hafði langað að selja  
(i)b \*Hún benti á myndina sem langað hafði hana að selja

Maling segir (1980:187) að ef hana sé talið frumlag í (i) skýri það sig sjálft að (i)b er vond; því að þar er engin frumlagseyða. Sé hana ekki frumlag verði að finna aðrar skýringar á því að (i)b gengur ekki.

Ég get fallist á að c-setningarnar séu frekar slæmar; en þær sýna **aðeins** að STH krefjist frumlagseyðu, en **ekki** að munur sé á henni og KJF að því leyti. Til að sýna fram á það yrði að benda á setningar þar sem KJF gengur, en STH ekki. KJF er nefnilega ekki góð heldur í setningum áþekktum c-setningunum í (69)-(71).<sup>86</sup>

(72) \*Honum mætti standa á sama, hvað *í gær* hefði Hjördís sagt um hann \_\_\_

(73) \*Það var hætt að rigna, þegar *til Akureyrar* var rútan komin \_\_\_

(74) \*Verðbólgan varð verri en *í fyrra* hafði ríkisstjórnin búist við \_\_\_

Hér mætti reyna að benda á (64)d og segja að dómar manna um KJF í ákveðnum tegundum aukasetninga séu hvort eð er upp og niður, svo að það sé ekkert skrýtið að (72)-(74) séu hæpnar. Það er rétt; en það sýnir ekki að þarna sé munur á KJF og STH, heldur þvert á móti. KJF er nefnilega oft betri ef frumlagseyða er fyrir hendi, rétt eins og STH:

(75) Honum mætti standa á sama, hvað *um hann* hefði verið sagt \_\_\_

(76) ?Það var hætt að rigna, þegar *til Akureyrar* var komið \_\_\_

(77) Verðbólgan varð verri en *nokkurn tíma* hafði verið búist við \_\_\_

Það er rétt að KJF er ekki alltaf verulega góð þótt frumlagseyða sé; en STH án frumlagseyðu er ekki heldur alltaf jafn bölvuð:

(78) Ég vissi, að *ekki myndi Helgi* \_\_\_ hafa gert þetta<sup>87</sup>

---

<sup>86</sup> Zaenen (1980:125-126, 32. nmgr.) drepur á vinstri færslur í tilvísunarsetningum og segir (1980:126): „Whereas topicalization of an NP is pretty bad for nearly everyone, most people allow some adverbs or participles to precede the verb in this construction.“ – Þótt Zaenen nefni það ekki beint, gerir hún væntanlega ráð fyrir því að færsla síðarnefndu orðanna eða liðanna falli ekki undir KJF, enda nefnir hún áður (1980:20-21) að gera verði ráð fyrir STH sem sérstakri reglu, aðgreindri frá KJF. En það er alls ekki rétt að KJF í tilvísunarsetningum sé alltaf útilokuð, eins og (i) sýnir:

(i) Ég þekki mann, sem þessa sögu segir alltaf hverjum sem heyra vill \_\_\_

<sup>87</sup> Ég set eyðuna eftir ekki hér á eftir sögninni (í persónuhætti), en undan sagnliðnum, af því að það er eini staðurinn (fyrir utan framstöðu) þar sem ekki getur staðið í yfirborðsgerð. Eigi að síður geri ég ráð fyrir að það sé upprunnið aftast í setningunni eins og önnur ao. (sbr. (54) í 2.3.3, sjá einnig 2.3.2.3). Það væri auðvitað hugsanlegt að gera ráð fyrir að neitunarao. hefðu einhverja sérstaka stöðu í setningunni í djúpgerð; en sitthvað mælir þó gegn því. Þar má nefna að staða þeirra er mun frjálarsari í setningum án hjálparsagna (sbr. 2.3.2.3), og svo það að neitunarorðin virðast ekki greina sig skýrt frá öðrum ao. á sama merkingarsviði, heldur fara hömlur á stöðu þeirra eftir „styrkleika“ neitunarinnar:

(i)a Hann hefur barið Guðmund oft

(i)b Hann hefur oft barið Guðmund

(ii)a ??Hann hefur barið Guðmund sjaldan



Það sem skiptir máli hér virðist vera það, að vinstri færsla í aukasetningum er mun auðveldari ef frumlagseyða er fyrir hendi; hins vegar er ekki hægt að draga nein skýr mörk milli þeirra liða sem KJF færir og þeirra sem STH er talin færa að þessu leyti. Í 5.2 er fjallað nánar um hvað það er sem þarna virðist skipta máli.

Að lokum má spyrja af hverju sagt sé að STH þarfnist frumlagseyðu en KJF ekki. Aldrei er þó frumlagið á sínum stað fyrir framan sögnina ef KJF hefur verið beitt. Þetta stafar væntanlega af því að menn hugsu sér umröðun ekki sem sjálfstæða færslureglu, heldur sem afleiðingu KJF. Í 4.4.2.4 eru þó færð rök að því að hæpið sé að gera setningafræðilegan mun á henni og öðrum hægri færslum að þessu leyti.

### 3.2.4 Röð liða sem færast

Hér verður litið aðeins á það sem Maling (1980) segir um hvað gerist ef innan setningar sé fleiri en einn liður af þeim tegundum sem hún telur STH verka á. Þá getur yfirleitt ekki hver þeirra sem er færst, oftast aðeins einn; og forgangsroðin er þessi (sbr. Maling 1980:185):

- lh.þt.
- (79) ekki > lo. sem er Sf > {  
sagnarögn

Eftirfarandi dæmi eiga að sýna fram á réttmæti þessarar raðar (dæmi frá Maling 1980:185-186):

- (80) \*Þeir voru að tala um hvað verið hefði hægt
- (81) a \*Þetta er glæpamaðurinn sem dæmdur hefur ekki verið  
b \*Þetta er glæpamaðurinn sem verið hefur ekki dæmdur
- (82) \*Verðbólgan varð verri en verið hafði búist við

Í (80)-(81) er alls staðar fyrir hendi liður sem er ofar á skalanum í (79) en sá sem færast, og út koma vondar setningar. En (82) „shows that if there is more than one past participle, only the last one can invert“, segir Maling (1980:186).

Um skalann í (79) er það að segja, að *ekki* hefur mikla sérstöðu, eins og margsinnis hefur komið fram (sjá einkum 2.3.2.3 og 3.2.3.2); sú sérstaða er sennilega fyrst og fremst merkingarleg, en ekki setningafræðileg.<sup>88</sup> Hins vegar er mér ekki ljóst hvers vegna lo. sem

- 
- (ii)b Hann hefur sjaldan barið Guðmund  
(iii)a \*Hann hefur barið Guðmund ekki  
(iii)b Hann hefur ekki barið Guðmund

Ef um væri að ræða tvær stöður ao. í djúpperð, mætti búast við að sjaldan flokkaðist annaðhvort með oft eða ekki; en það virðist standa þar á milli. Eðlilegast virðist að leita merkingarlegra skýringa á því; sbr. líka 31. neðanmálsgrein.

<sup>88</sup> Það má benda á fleiri dæmi um að ekki hafi tilhneigingu til að standa framan við sögn. Skýrast er þetta í boðhætti. Sögn í boðhætti verður að standa fremst:

er Sf er sett á undan sagnarögn (verbal particle). Eftir því sem ég best veit kemur þetta tvennt aldrei fyrir með sömu sögn, svo að útilokað er að setja upp nokkra slíka röð.

Það sem virðist nokkuð ljóst er að lo. sem er Sf færast á undan lh.þt., en þar sem lh.þt. og ögn eru saman í setningu getur hvort þeirra sem er færst. KJF setur yfirleitt ekki skilyrði um í hvaða röð liðir færast;<sup>89</sup> og þýðir þetta þá að þarna sé setningafræðilegur munur á reglum? Til að átta okkur á því skulum við líta á formgerð setninga af þessu tagi:

<p>(83)            S</p> <p style="padding-left: 40px;">Nl so            Sf    Al<sup>90</sup></p> <p style="padding-left: 80px;">hafði Sl    við</p> <p style="padding-left: 120px;">so        Sf</p> <p style="padding-left: 120px;">verið Sl</p>	<p>(84)            S</p> <p style="padding-left: 40px;">Nl    so            Sf    Al</p> <p style="padding-left: 80px;">hafði Sl    fram</p> <p style="padding-left: 120px;">so</p> <p style="padding-left: 120px;">farið</p>
---	---

---

- (i)a Gerðu þetta ekki!
- (i)b \*Ekki gerðu þetta!

En nú virðist boðhátturinn orðinn tiltölulega sjaldgæfur með neitun í töluðu máli; í stað hans er notaður nafnháttur, og þá verður neitunin að koma fremst:

- (ii)a \*Gera þetta ekki!
- (ii)b Ekki gera þetta!

Stefán Einarsson (1949:159) segir að „After negation it is possible to use the infinitive instead of the imperative“; þetta er villandi að því leyti, að það er ekki einasta mögulegt, heldur skylda, að nota nh. á eftir neitun. Öll dæmi Stefáns eru reyndar um nh. með nafnháttarmerki, en það er líklega sjaldgæft nú. Það sem máli skiptir hér er staða neitunarinnar; ekki verður séð önnur líklegri skýring á notkun nh. í stað bh. með neitun en sú að neitunin hafi ríka tilhneigingu til að koma á undan sögninni, sem hún getur ekki í bh. Athugið líka að sé neitunin ekki með í setningunni er nh. útilokaður:

- (iii)a Gerðu þetta!
- (iii)b \*Gera þetta!

Sjá enn fremur 30. neðanmálgrein.

<sup>89</sup> En að vísu gerir KJF sumra liða meiri kröfur til undanfarandi texta en KJF annarra; sjá 5.2.1.

<sup>90</sup> Það er spurning hvar eigi að hengja ögnina hér; hún gæti eins verið beinn stofnhluti í efri sagnliðnum. En í (84) má hún ekki vera stofnhluti í Sl, ef skýring mín á því hvenær er hægt að færa lh.þt. á að ganga upp; því að þá er ekki lengur hægt að gera ráð fyrir að Sl í heild færast.

so

búist

Síðan getum við sagt: Það er ekki til nein regla sem færir so., og því er ekki hægt að færa *verið* í (83), en bæði *búist* (Sl) og *við* (Al), sem og *farið* (Sl) og *fram* (Al) í (84). Ástæðan fyrir því að hægt er að færa *búist* og *farið* er sú, að þær sagnir eru einu stofnhlutarnir í sagnliðum sínum, og því er hægt að færa Sl í heild. Aftur á móti er *verið* í (83) ekki eini stofnhlutinn í Sl sínum.

Ef við segjum að KJF geti fært Xl, þ.e. hvaða lið sem er (sbr. Zaenen 1980:42) liggur ljóst fyrir að hún getur einnig tekið að sér hlutverk STH. Við höfum ekki séð neina þörf fyrir reglu sem flytji sagnir; og með því að gera því skóna að sagnir séu ekki **liðir**, og falli því ekki undir Xl, svo og með því að gera ráð fyrir formgerðunum (83) og (84) (sem samræmast (32) og (43) í 2. kafla) fæst skýring á röðinni í (79).

### 3.2.5 Niðurstöður

Mér virðist því að ekki sé hægt að greina milli KJF og STH með setningafræðilegum rökum. Þar með er ekki sagt að ekki séu til dæmi þar sem önnur reglan gengur, en ekki hin; heldur að þarna sé ekki hægt að draga skýr mörk á milli, eins og búast mætti við ef munurinn væri setningafræðilegur.

Með því að gera ráð fyrir aðeins einni vinstri færslu losum við okkur við ýmis undarleg markatilvik úr setningafræðinni. Við þurfum þá ekki að byggja inn í setningafræðina hvaða ao. hvor regla getur flutt o.s.frv. Við höfum bara eina reglu sem getur flutt hvaða lið sem er til vinstri; en svo fer það eftir ýmsu öðru hvort sú færsla er viðurkennd. Ef við viljum greina reglurnar að verðum við að athuga að þau atriði sem þar koma til eru ekki setningafræðileg; um sum þeirra er fjallað í 5.2.

## 4. Hægri færslur

Færslur setningarliða til hægri í íslensku hafa hlotið talsvert minni athygli en vinstri færslurnar. Aðeins ein þeirra, **fráfærsla** (FF, Extraposition) hefur verið tekin til rækilegrar meðferðar (sjá Höskuldur Þráinsson 1979, 4. kafli). Nokkrar aðrar hafa verið nefndar á víð og dreif í ritum um íslenska setningafræði, en ekki athugaðar neitt að ráði; það eru **frestun óákveðins frumlags** (FÓF, Indefinite Subject/NP Postposing, sjá Maling 1980:184-185, Maling & Zaenen 1978:483-484, Zaenen 1980:95, 97 o.v., Höskuldur Þráinsson 1979:473-474 o.v.); **frestun þungs nafnliðar** (FÞNL, Heavy/Complex NP Shift/Movement, sjá Höskuldur Þráinsson 1979:243, 246, 455, 83. nmgr.); **umröðun frumlags og sagnar** (UFS, Subject-Verb Inversion, sjá Höskuldur Þráinsson 1979:60 o.v., Maling 1980:175, Zaenen 1980:98, 101 o.v.); og **agnarfærsla** (AF, Particle Movement, sjá Höskuldur Þráinsson 1979:28-30, 455, 83. nmgr.)

Það er reyndar ekki sérstakt fyrir íslensku að umfjöllun um hægri færslur sé minni en um vinstri færslur.<sup>91</sup> Sennilega stafar það af því að erfiðara er að koma lögum yfir þær:

As is well known, rightward displacement of constituents is subject to a constraint having to do with „heaviness“; roughly speaking, the heavier the displaced constituent, the better the sentence sounds. This fact is hard to capture in the formalism of a generative grammar (whether phrase structure or transformational) and it seems reasonable, and probably not controversial, to suppose that it may be a fact that ought to be captured not in that formalism, but rather in one's model of language perception and/or production (Gazdar 1981:176).

Þetta kann að vera rétt; en hér á eftir verður heldur ekki reynt að setja þessar reglur fram á formlegan hátt, aðeins reynt að rökstyðja að hér sé um færslur að ræða, úr einni ákveðinni djúperðarorðaröð. Þrjár fyrstnefndu reglurnar, FF, FÓF og FÞNL, eru teknar fyrir í sérstökum köflum; AF er tekin með FÞNL vegna samspils þeirra. UFS er svo tekin með í samanburði reglnanna í 4.4, þar sem komist er að þeirri niðurstöðu að munur þeirra sé ekki setningafræðilegur frekar en vinstri færslunnar hér á undan. En hvað er hann þá? Umfjöllun um það bíður 5.3.

**Hægri sveiflu** (Right Dislocation, sjá Höskuldur Þráinsson 1979:71-76) er hér sleppt af sömu ástæðum og vinstri sveiflu og andstæðusveiflu í 3. kafla; liðurinn sem færður er skilur eftir sig fornafn, en ekki „gat“.<sup>92</sup>

<sup>91</sup> Sumir (sem annars gera ráð fyrir færslum) hafa m.a.s. talið að þær séu ekki til; „the four most commonly discussed rightward movement rules can be eliminated“, segir Lightfoot (1979:306). Þar á meðal eru bæði FF (sjá 4.1) og FÓF (sjá 4.2), en um þær segir Lightfoot (1979:306): „These two transformations effect a relationship between two positions, each of which is clearly marked in surface structure. Presumably these rules can be reformulated as interpretive processes associating the two positions.“

<sup>92</sup> Dæmi um hægri sveiflu eru (i) og (ii):

- (i) Hann er ruddi strákurinn
- (ii) Ég mætti henni, Þórunni

## 4.1 Fráfærsla

Í þessum kafla er fjallað um færslu liða (einkum S') til hægri út úr NI. Lýst er helstu einkennum reglunnar og sambandi hennar við *það*-innskot (4.1.1), og síðan rakin helstu rök Höskuldur Þráinssonar (1979) sem regluna varða (4.1.2); tegundir þeirra (4.1.2.1), rök fyrir færslu (4.1.2.2) og rök fyrir því að færslan sé til hægri fremur en vinstri (4.1.2.3). Síðan er fjallað um færslur út úr samsettum NI (4.1.3), bæði úr frumlagi (4.1.3.1) og andlagi (4.1.3.2).

Í fjórða hluta kaflans er litið á fráfærslu FI út úr samsettum NI (4.1.4), reglunni lýst (4.1.4.1) og helstu rök fyrir henni rakin (4.1.4.2). Þá er dregið á færslu atvikssetninga út úr samsettum NI (4.1.5); og að lokum sýnt að liðir sem standa á hægri grein samsetts liðar virðast yfirleitt geta færst til hægri (4.1.6). Niðurstöður eru svo dregnar saman (4.1.7).

### 4.1.1 Lýsing reglunnar

Í liðgerðarreglu nafnliða ((31) í 2.3.2.1) er gert ráð fyrir að setningar geti verið nafnliðir. Þar er átt við þær setningar sem vani er að kalla fallsetningar (sjá t.d. Björn Guðfinnsson 1943:32), þ.e. skýringarsetningar og spurnarsetningar. En ef þær geta verið NI, ættu þær líka að geta staðið sem frumlög setninga eins og aðrir NI. Og það geta þær vissulega:

- (1) [S' Að María elski Jón] er ólíklegt
- (2) [S' Hvort María elskar Jón] er óvíst

Höskuldur Þráinsson (1979, 4. kafli) færir rök að því að setningarnar í (1) og (2) séu í raun og veru nafnliðir og frumlög aðalsetninganna svo og því að (3) og (4) séu leiddar af þeim með ummyndun sem nefnd er **Extrapolation** eða fráfærsla; þessa ummyndun kallar Jón Gunnarsson (1973:85) **frumlagsstökk**:

- (3) Það er ólíklegt [S' að María elski Jón]
- (4) Það er óvíst [S' hvort María elskar Jón]

Höskuldur gerir ráð fyrir (1979:180-181) að setningin sé fyrst færð til hægri út úr frumlagsliðnum með FF, en síðan sé „gervifrumlaginu“ (dummy) *það* skotið inn í frumlagsliðinn (sbr. líka Jón Gunnarsson 1973:85);<sup>93</sup> afleiðslan er sýnd í (5):

- (5) a [NI [S' Að María elski Jón] ] er ólíklegt  
b [NI \_\_\_] er ólíklegt [S' að María elski Jón]

---

Einkenni setninga með hægri sveiflu eru þau, að aftast í þeim er aukaliður með sömu tilvísun og fornafn inni í setningunni, og í sama falli. Á milli þessa liðar og setningarinnar eru svo skil, „intonation break“ (sbr. Höskuldur Þráinsson 1979:125-126, 11. nmgr.).

<sup>93</sup> Höskuldur Þráinsson (1979:177) bendir á, að bækur um íslenska setningafræði í „hefðbundnum“ stíl greina aukasetninguna sem frumlag aðalsetningarinnar í slíkum tilvikum og kalla það „aukafrumlag“ (sjá t.d. Björn Guðfinnsson 1943:8); þá er sagt að fallsetningin sé viðurlag við það (Jakob Jóh. Smári 1920:16, Björn Guðfinnsson 1943:23).

c [<sub>NI</sub> Það] er ólíklegt [<sub>S'</sub> að María elski Jón]

Ástæðan fyrir því að gert er ráð fyrir tveim reglum, einni sem flytji S' til hægri og annarri sem stingi inn *það* er sú, að þarna á milli eru ekki órofa tengsl; *það* er stungið inn í fleiri tóma frumlagsliði en þá sem FF hefur tæmt (sjá Höskuldur Þráinsson 1979:180, 477-482 og 4.2.1 hér á eftir).<sup>94</sup> Í stað þess að stinga inn *það* eftir fráfærslu má líka flytja annan lið fremst:

(6) Ólíklegt er að María elski Jón

#### 4.1.2 Rök Höskuldar fyrir FF

##### 4.1.2.1 Tegundir raka

Rökum Höskuldar Þráinssonar (1979) sem varða FF má skipta í fernt: Í fyrsta lagi þau sem styðja að aukasetningar eins og í (1) og (2) séu í raun og veru frumlög aðalsetninganna. Í öðru lagi rök gegn því að liðgerðarreglurnar geti gefið bæði (1)-(2) og (3)-(4); þ.e. þeim möguleika að fallsetningar geti verið á mismunandi stöðum í djúperð, eins og Koster (1978) hafði haldið fram. Í þriðja lagi eru svo rök fyrir því að (3) og (4) séu leiddar af (1) og (2) með FF, frekar en hinar síðarnefndu séu leiddar af þeim fyrnefndu með **aðfærslu** (Intraposition), eins og Emonds (1970) og Jackendoff (1977) töldu. Í fjórða og síðasta lagi eru rök fyrir því að *það* sem oft stendur í frumlagssæti setninga þar sem fráfærslu hefur verið beitt (sbr. (3) og (4)) sé stundum fyrir hendi í djúperð (á vinstri grein samsetts NI eins og (7)a); en stundum stungið með ummyndun inn í tóman NI (sbr. (7)b):

(7) a	NI	b	NI
	það		það
	S'		

Formgerðin (7)a styðst við *það*, að einnig verður að gera ráð fyrir FF S' út úr samsettum NI, þar sem vinstri grein NI er skilin eftir í frumlagssæti; sjá 4.1.3.1 á eftir.

Hér skal strax vísað til Höskuldar Þráinssonar (1979, 4. kafli) um þessi rök. Þó þykir rétt að gefa hér stutt yfirlit yfir þau helstu af rökunum í öðrum og þriðja lið.

##### 4.1.2.2 Rök fyrir færslu

Varðandi rök fyrir færslureglu nefnir Höskuldur Þráinsson (1979) þrennt. Í fyrsta lagi *það*, að allar sagnir sem leyfa S' í frumlagsstöðu leyfa líka S' síðast, sbr. (1)-(2) annars vegar og (3)-(4) hins vegar. Sagnir sem ekki leyfa S' í frumlagsstöðu leyfa ekki S' aftast heldur. Þarna eru því skýr tengsl á milli, sem engin sérstök ástæða er til að búast við ef setningarnar eru

---

<sup>94</sup> Það eru reyndar skiptar skoðanir um hvort rétt sé að gera ráð fyrir innsetningu *það* í frumlagsliðinn; Zaenen (1980:101) gerir ráð fyrir „that *það* is inserted in topic position instead of in subject position“. Hvor kosturinn er tekinn skiptir ekki máli í þessu sambandi; sjá enn fremur 4.4.3.2 og 32. neðanmálgrein í 2. kafla.

ekki tengdar með ummyndun.

Í öðru lagi eru það sams konar setningar sem geta komið fyrir í frumlagsstöðu aðalsetningar annars vegar og aftast í henni hins vegar:

- (8) a \*[<sub>S</sub> Hvort María elskar Jón] er ólíklegt
- b \*Það er ólíklegt [<sub>S</sub> hvort María elskar Jón]

Ef (8)b er leidd af (8)a með ummyndun, eða öfugt, leiðir það af sjálfu sér að báðar eru jafn góðar eða slæmar; séu þær ekki tengdar með ummyndun, heldur báðar myndaðar beint með liðgerðarreglunum, er engin sérstök ástæða til að hið sama gildi um þær. Við höfum ýmis dæmi um að sagnir geri aðrar merkingarkröfur til frumlags en annarra liða s.s. andlags eða sagnfyllingar.

Höskuldur nefnir fleiri rök fyrir því að telja reglu tengja setningar á við (8)a og b; en þar eð þau byggja á samspili við þolmynd, sem umdeilt er hvers eðlis sé (sjá t.d. Bresnan 1982) fer ég ekki út í þau hér.

#### 4.1.2.3 Fráfærsla eða aðfærsla?

Rökin fyrir fráfærslu gagnstætt aðfærslu snúast um flokkunarramma sagna (subcategorization frames, sjá Chomsky 1965:90-106, Höskuldur Þráinsson 1979:34-45). Margar sagnir sem taka eitt eða tvö andlög geta auk þeirra haft með sér skýringarsetningu aftast í aðalsetningunni (sbr. Höskuldur Þráinsson 1979:167-170):

- (9) Það særði Guðmund [<sub>S</sub> að Jón skyldi tæla Maríu]
- (10) Það kenndi Jóni ekkert [<sub>S</sub> að Stína sveik Svein]

Þeir sem aðhyllast aðfærslu verða því að gera ráð fyrir að flokkunarrammi *særa* sé: [<sub>NI</sub> NI S']; og *kenna* hafi þá flokkunarrammann [<sub>NI</sub> NI S'].<sup>95</sup> En þessir rammar ganga ekki ef eitthvað annað en *það* er í frumlagssæti:

- (11) a \*Framhjáaldið særði Guðmund [<sub>S</sub> að Jón skyldi tæla Maríu]
- b Framhjáaldið særði Guðmund

---

<sup>95</sup> Það er að segja ef þeir gera ekki ráð fyrir að S' geti verið NI. Ef þeir gerðu það, gæti flokkunarrammi *særa* verið [<sub>NI</sub> NI], og *kenna* [<sub>NI</sub> NI NI], en það bætir ekkert úr skák varðandi (11) og (12). – Auk þess má benda á, að þeir sem aðhyllast aðfærslu og neita að S' geti verið NI verða að gera ráð fyrir eftirfarandi liðgerðarreglu sagnliða (sbr. Höskuldur Þráinsson 1979:166):

- (i) SI ® so (NI)(NI)(S')(S')

Það er vegna þess að til eru sagnir (t.d. prove í ensku, sanna í íslensku) sem geta haft á eftir sér tvær fallsetningar ef það (it) er í frumlagssæti. En reglan í (i) spáir því að til séu sagnir sem geti bæði haft með sér tvö andlög og tvær setningar í sömu setningu, og það er ekki rétt; þess vegna er þessi regla ófýsilegur kostur (sbr. Höskuldur Þráinsson 1979:166).

c \*Það særði Guðmund<sup>96</sup>

- (12) a \*Ósigurinn kenndi Jóni ekkert [<sub>S</sub> að Stína sveik Svein]  
b Ósigurinn kenndi Jóni ekkert  
c \*Það kenndi Jóni ekkert

Þetta er auðskilið ef gert er ráð fyrir að *það* sé ekki raunverulegt frumlag, heldur stungið með ummyndun inn í frumlagslið sem er tómur eftir FF. c-setningarnar sýna að *það* gengur ekki sem frumlag (nema *það* hafi einhverja tilvísun, sjá 6. neðanmálgrein). *Framhjáhaldið* og *ósigurinn* eru aftur á móti fullkomin frumlög sem gera verður ráð fyrir að séu til staðar í djúpperð; þess vegna er skýringarsetningunum ofaukið í a-setningunum. Þær geta ekki verið komnar úr frumlagsseti, og eiga sér engan stað í djúpperð setninganna (sbr. liðgerðarreglu setninga, (54) í 2.3.3). b-setningarnar sýna líka að ef skýringarsetningunum er sleppt verður allt í lagi.

Ef við gerum hins vegar ráð fyrir að setningarnar séu aftast í djúpperð (og yrðum þá að breyta (54) í 2.3.3), höfum við enga skýringu á mun (9) og (11)a, né á mun (10) og (12)a. Ekki ætti að skipta máli hvert frumlagið er, svo framarlega sem *það* getur verið frumlag setningarinnar af merkingarlegum ástæðum; og b-setningarnar í (11) og (12) sýna að *það* skilyrði er uppfyllt. Höskuldur Þráinsson (1979:169-170) nefnir skýringar sem fylgismenn aðfærslu hafa fært fram á þessum mun; en þær eiga *það* sameiginlegt, fyrir utan að vera ekki mjög trúverðugar, að þær eru allar eingildar (*ad hoc*).

#### 4.1.3 Fráfærsla úr samsettum NI

##### 4.1.3.1 Fráfærsla úr frumlagi

Hér hefur einungis verið fjallað um þá tegund FF þegar frumlagsliðurinn er tæmdur og *það* sett í hann í staðinn (eða eitthvað annað flutt fremst; sjá (6)). En einnig er yfirleitt gert ráð fyrir **fráfærslu frá NI** (sbr. Halldór Ármann Sigurðsson 1981b:68-69; Höskuldur Þráinsson 1979, 4. kafli); þ.e. færslu S' út úr samsettum NI eins og (7)a hér á undan. Á vinstri greininni sem eftir verður er þá annaðhvort *það*, eins og í (7)a, eða „venjulegur“ NI.<sup>97</sup>

- (13) a [<sub>NI</sub> [<sub>NI</sub> Það] [<sub>S</sub> að jörðin skuli vera hnöttótt] ] er merkilegt  
b [<sub>NI</sub> [<sub>NI</sub> Það] \_\_\_] er merkilegt [<sub>S</sub> að jörðin skuli vera hnöttótt]
- (14) a [<sub>NI</sub> [<sub>NI</sub> Sú staðreynd] [<sub>S</sub> að stjórnin er fallin] ] er augljós  
b [<sub>NI</sub> [<sub>NI</sub> Sú staðreynd] \_\_\_] er augljós [<sub>S</sub> að stjórnin er fallin]
- (15) a [<sub>NI</sub> [<sub>NI</sub> Bókin] [<sub>S</sub> sem allir hafa beðið eftir] ] kom út í gær  
b [<sub>NI</sub> [<sub>NI</sub> Bókin] \_\_\_] kom út í gær [<sub>S</sub> sem allir hafa beðið eftir]

<sup>96</sup> Þessi setning, svo og (12)c, er í lagi ef hægt er að túlka *það* svo að *það* vísi til einhvers í undanfarandi texta.

<sup>97</sup> Höskuldur Þráinsson (1979:251, 25. nmgr.) segir að „it is conceivable that the *það* in cases of this sort should be analyzed as a Det(erminer) rather than as an N“. Ég sé ekki að *það* skipti máli hér hvort gert er.



Það eru skiptar skoðanir um hvort þetta sé sama reglan og sú sem fjallað var um í 4.1.2 og tekur allt innihald frumlagsliðarins;<sup>98</sup> en fyrir því að hér sé um að ræða færslu til hægri má færa sams konar rök og í 4.1.2.2 og 4.1.2.3. Þar við bætist að ef gert væri ráð fyrir að djúpgærðin væri með S' aftast, eins og í b-setningunum, yrði að gera ráð fyrir að í a-setningunum hefði S' annaðhvort verið færð inn í frumlagsliðinn, eða þá tveir liðir væru fyrir framan sögnina. Hvorugur kosturinn er fýsilegur, því að þar með væru brotnar almennar reglur sem banna hvort tveggja (sjá 2.3.1.1).

#### 4.1.3.2 Fráfærsla úr andlagi

Öll dæmi sem hér hafa verið tekin sýna FF úr frumlagssæti (Subject Extraposition). En einnig er til FF úr andlagssæti (Object Extraposition), sbr. Höskuldur Þráinsson (1979:211-242, dæmi þaðan):

- (16) a Ég harma [<sub>NI</sub> [<sub>NI</sub> það] [<sub>S'</sub> að Jón skuli hafa barið Maríu] ]  
meira en orð fá lýst  
b Ég harma [<sub>NI</sub> [<sub>NI</sub> það] \_\_\_] meira en orð fá lýst  
[<sub>S'</sub> að Jón skuli hafa barið Maríu]

Höskuldur segir (1979:211, sjá einnig 218) að „at least most of“ FF úr andlagi sé úr [<sub>NI</sub> það S]; þ.e. úr formgerð á við (7)a frekar en (7)b hér að framan. Nú er ljóst að setningar á við (16)b (þar sem andlag færist aftur fyrir A1) ganga alveg án það:

- (17) Ég harma meira en orð fá lýst að Jón skuli hafa barið Maríu

Höskuldur telur hér ekki vera um FF að ræða, en segir (1979:243): „It is, in fact, very likely that at least some instances of such movement are to be accounted for by a different rule, namely Heavy (Complex) NP Movement [...]“. Hann segir enn fremur: „It is also possible that in some languages at least the Extraposition from [<sub>NP</sub>S] together with its dummy insertion is spreading to non-subject position“ (1979:246). Við skoðum betur í 4.4 hvort ástæða sé til að greina milli fleiri en einnar tegundar af FF, eða milli fráfærslu og frestunar þungs NI.

#### 4.1.4 Fráfærsla Fl

##### 4.1.4.1 Lýsing reglunnar

Höskuldur Þráinsson (1979) fjallar aðeins um fráfærslu setninga. En færsla Fl eins og í (18) hefur einnig verið kölluð fráfærsla (PP Extraposition, sjá Ross 1967:163-166; Guéron 1980):

---

<sup>98</sup> Ross (1967) talar um þetta sem tvær mismunandi reglur, sbr. einnig Berman (1974:15 nm.). Eins og fram kemur í 4.4.3.2 er dálítið óljóst hvort Höskuldur Þráinsson (1979) gerir ráð fyrir að ein regla sé á ferðum eða tvær; hann virðist þó a.m.k. gera ráð fyrir nánúm tengslum þeirra.

- (18) a [NI [NI Ritdómur] [FI um bókina] ] birtist í gær  
b [NI [NI Ritdómur] \_\_\_] birtist í gær [FI um bókina]

Um eðli þessarar reglu í íslensku hefur hvergi verið fjallað, en Guéron (1980:663) heldur því fram, að í ensku sé hún bundin við fáar sagnir, „verbs of appearance“; þ.e. sagnir eins og *sýnast, birtast, vera*. Svipuðu máli virðist gegna í íslensku.

Guéron segir einnig (1980:640) að liðir færðir úr frumlagi verði beinir stofnhlutar í S', en liðir færðir úr andlagi lendi aftast í Sl. Þar sem hinum hefðbundna sagnlið var hafnað í 2.3.1 ætti ekki að koma fram neinn munur í íslensku; Fl sem er færður út úr Nl ætti ýmist að geta lent fyrir framan eða aftan t.d. tíðaratvikslið, hvort sem Fl væri færður úr frumlagi eða andlagi:

- (19) Ritdómur birtist um bókina í gær

- (20) Ég sá ritdóm í gær um bókina

Sé gert ráð fyrir hinum hefðbundna sagnlið eru tveir möguleikar til varðandi stöðu Al: Annaðhvort er hann innan Sl eða beinn stofnhluti í setningunni. Ef hann er innan Sl ætti (19) að vera vond, því að þá lendar Fl innan Sl og getur þar af leiðandi ekki orðið beinn stofnhluti í S' eins og Guéron (1980:640) spáir. Ef Al er hins vegar beinn stofnhluti í S' ætti (20) að vera vond, því að þar er Fl færður úr andlagi, en lendar greinilega ekki aftast í Sl.<sup>99</sup>

---

<sup>99</sup> Auðvitað er hugsanlegt að halda því fram að í (20) sé það Al sem er fluttur fram fyrir Fl, en ekki Fl til hægri. Þá yrði þó að gera ráð fyrir færslu Al inn í lið, sem yfirleitt er bannað (sjá (8)c í 2.3.1.1). Og þar eð við verðum hvort eð er að gera ráð fyrir færslu Fl út úr Nl í (18)b og (19), virðist einboðið að gera einnig ráð fyrir hægri færslu í (20) frekar en broti á banninu við færslu inn í liði. Auk þess er hægt að sýna dæmi sem benda til að í svipuðu samspili Fl og Al sé ekki um að ræða færslu Al til vinstri. Það eru nefnilega dæmi þess að Al rjúfi Fl, eins og (i) sýnir:

- (i) Ég horfði [FI á [AI áðan] frábæra mynd]

Þó virðist á frábæra mynd vera Fl; a.m.k. er hægt að færa það til í einu lagi:

- (ii) Á frábæra mynd horfði ég \_\_\_ áðan

Ekki er heldur hægt að halda því fram að áðan sé upphaflegur hluti Fl, og því sé aðeins verið að breyta röð innan liðar; þá ætti að vera hægt að færa áðan með Fl:

- (iii) \*Á frábæra mynd áðan horfði ég \_\_\_

Hins vegar er hægt að leysa málið, og sleppa bæði við að gera ráð fyrir færslu inn í lið og sérstakri vinstri færslu Al, með því að gera ráð fyrir að í (i) sé Nl færður út úr Fl, yfir Al. Við þurfum á hægri færslum Nl að halda hvort eð er; og þetta styðst við það, að þar sem útilokað er að gera ráð fyrir slíkri skýringu má ekki rjúfa Fl:

#### 4.1.4.2 Rök fyrir FF Fl

En hvaða rök eru til að gera ráð fyrir einhverri FF Fl; er ekki alveg eins hægt að hugsa sér setningar eins og (18)b, (19) og (20) myndaðar beint með liðgerðarreglunum?

Sem svar við þessu má t.d. benda á hegðun fráfarðra Fl með sögnum eins og *vera*. Lítum á (21)a-c:

- (21) a \*Ritdómurinn var
- b Ritdómurinn var um bókina
- c Ritdómurinn var í blaðinu

(21)a sýnir okkur það sem við vissum reyndar fyrir; að *vera* krefst sagnfyllingar. (21)b-c eru hins vegar góðar, sem sýnir að báðir Fl *um bókina* og *í blaðinu* geta gegnt hlutverki Sf. En athugum nú (22)a-b:

- (22) a \*Ritdómurinn var um bókina í blaðinu
- b Ritdómur var um bókina í blaðinu

Af hverju stafar þessi munur? (22)a virðist benda til að *vera* geti ekki tekið tvær Sf, eða Sf+Fl; en svo koma nákvæmlega sömu liðir í (22)b, og það er í lagi!

Við getum skýrt þetta með því að segja: Í (22)b er um að ræða fráfarðra Fl; við getum því túlkað Fl *um bókina* svo að hann sé ekki Sf heldur hluti frumlagsins. En sú leið er ekki opin í (22)a, því að fráfarðra Fl frá NI m.gr. gengur ekki, eins og (23) sýnir:<sup>100</sup>

- (23) \*Ritdómurinn birtist í gær um bókina

Vegna þessa getum við ekki túlkað Fl *um bókina* sem upprunalegan hluta frumlagsins, og því er honum ofaukið í setningunni.

Ekki er heldur hægt að segja að í (18) sé um að ræða aðfarðra, en ekki fráfarðra; þ.e. að (18)b samsvari djúperðinni hvað röð liða varðar. Gegn því má færa sömu rök og gegn færslu S' til hægri í 4.1.3.1; annaðhvort yrði þá að gera ráð fyrir færslu inn í lið eða broti á reglunni um að ekki nema einn liður megi koma á undan sögninni.

#### 4.1.5 Fráfarðra atvikssetninga

Ein tegund setninga sem Höskuldur Þráinsson (1979:171-172) fjallar um í kaflanum um fráfarðra er setningar á við (24) og (25) (Höskuldur Þráinsson 1979:171):

- (24) Það truflar mig þegar þú kitlar mig

---

(iv) \*Það horfði [Fl á [NI einhver maður] fráfarðra mynd] áðan

Hér er um að ræða FÓF (sjá 4.2); NI sem rýfur Fl er því vinstra megin við hann í djúperð, og þess vegna engin lausn að gera ráð fyrir færslu NI út úr Fl til hægri.

<sup>100</sup> Eins og bent er á í 5.2.2.3 telja Maling & Zaenen (1982:234-235) líklegt að í svipuðum dæmum sé Fl ekki hluti samsetts NI, einkum vegna þess að þær þekkja ekki dæmi um slíka samsetta NI (þ.e. NI+Fl) í frumlagsseti. En (18)a er einmitt slíkt dæmi; sjá nánar í 5.2.2.3.

(25) Það væri skrítið ef það rigndi núna

Höskuldur (1979:172) er ósammála Jackendoff (1977:97) um að atvikssetningarnar gegni hlutverki frumlags í þessum setningum. Hann bendir t.d. á að ef atvikssetningarnar eru færðar fram fyrir, hverfur það ekki eins og vaninn er með það sem stungið er inn við FF, heldur fer aftur fyrir sögnina:

(26) Þegar þú kitlar mig truflar það/\*Ø mig

(27) Ef það rigndi núna væri það/\*Ø skrítið

Höskuldur segir að „on the basis of the evidence presented so far it seems that the *þegar*-`when' and *ef*-`if' clauses [...] do not in fact function as subjects in the same sense as the extraposed C[omplement] C[lauses] do“ (1979:172). Hins vegar verður ekki betur séð en þessar setningar hagi sér eins og þær sem eru færðar út úr liðum af gerðinni (7)a, þ.e. [NI það S'], sbr. Höskuldur Þráinsson (1979:181-182). Höskuldur nefnir að vísu ekki hvernig hann gerir ráð fyrir að djúperð setninga á við (24) og (25) sé; en Halldór Ármann Sigurðsson (1981a:18) gerir ráð fyrir slíkri fráfærslu, og notar eftirfarandi dæmi m.a.:

(28) a Það ef Hreinn sæi þetta væri hræðilegt  
b Það væri hræðilegt ef Hreinn sæi þetta

(29) a Það þótt Chomsky tali um pólitík er meinlaust  
b Það er meinlaust þótt Chomsky tali um pólitík

Rökin fyrir því að hér sé um færslu að ræða eru svipuð þeim sem beitt hefur verið fyrir öðrum tegundum FF hér á undan; það eru aðeins atvikssetningar sem geta staðið með það, sem geta komið aftast í setningar á við (28)-(29):

(30) a \*Þetta ef Hreinn sæi þetta væri hræðilegt  
b \*Þetta væri hræðilegt ef Hreinn sæi þetta

(31) a \*Þetta þótt Chomsky tali um pólitík er meinlaust  
b \*Þetta er meinlaust þótt Chomsky tali um pólitík

Ef þarna er færsluregla á ferðum leiðir það af sjálfu sér að a- og b-setningarnar í (28)-(31) eru jafn góðar eða slæmar; sé þetta engin færsluregla, heldur geri liðgerðarreglurnar ráð fyrir atvikssetningum í djúperð á öllum þeim stöðum þar sem þær koma fyrir á yfirborðinu, er engin sérstök ástæða til að ætla að hið sama gildi um a- og b-setningarnar. Niðurstaðan er því enn hin sama; ég slæ því föstu að hér sé færsluummyndun á ferð.

#### 4.1.6 Fráfærsla liða af hægri grein

Hér hefur verið gerð grein fyrir færslum S' og A1 (þ. e. F1 og atvikssetninga, sbr. (52) í 2.3.2.4) sem standa á hægri grein samsetts NI til hægri. Þessar færslur voru teknar fyrir sérstaklega af því að gert hefur verið ráð fyrir þeim í íslensku eða ensku. En:

- (32) a Fleiri færslur liða á hægri grein en þær sem hér hefur verið lýst koma fyrir í íslensku  
 b Fleiri færslur liða á hægri grein koma fyrir í íslensku en þær sem hér hefur verið lýst

Hér er um að ræða færslu samanburðarsetningar út úr samsettum NI. Halldór Ármann Sigurðsson (1981a:17, 36) hefur talið að FF færi samanburðarsetningar (og raunar fleiri tegundir aukasetninga) ekki aðeins út úr samsettum NI, heldur einnig af hægri grein samsettra AI og LI; dæmi hans eru (1981a:17).<sup>101</sup>

- (33) a Þangað til að Geir gafst upp beið Gunnar þolinmóður  
 b Þangað til beið Gunnar þolinmóður að Geir gafst upp
- (34) a Jafn sléttmáll og pabbi hans var er Vilmundur ekki  
 b Jafn sléttmáll er Vilmundur ekki og pabbi hans var

Það lítur því út fyrir að yfirleitt sé hægt að færa lið sem stendur á hægri grein samsetts liðar til hægri; þ.e. YI úr formgerðinni (35).<sup>102</sup>

- (35) XI  
 XI YI

#### 4.1.7 Niðurstöður

Helstu niðurstöður þessa kafla eru að þær færslur sem flokkaðar hafa verið undir FF eru fjölskrúðugar, en meginafbrigðin eru: Annars vegar færsla liða sem eru eini stofnhluti frumlagsliða til hægri, en sú færsla skilur frumlagsliðinn eftir tóman; hins vegar færsla ýmissa liða (e.t.v. hvaða liðar sem er) sem standa á hægri grein margs konar liða (e.t.v. líka hvaða liðar sem er) til hægri. Þótt þessar færslur hafi allar verið kallaðar fráfærsla (Extrapolation) virðast skiptar skoðanir um hvort þetta sé ein regla eða fleiri.

#### 4.2 Frestun óákveðins frumlags

---

<sup>101</sup> „Í a-setningunum hefur verið beitt kjarnafærslu en ekki verður séð að það skipti hér máli“, segir Halldór Ármann Sigurðsson (1981a:17), og er ég því sammála. Halldór bendir þó á (1981a:54, 10. nmgr.) að ef KJF er beitt á slíkar setningar á annað borð, er stundum nauðsynlegt að beita FF líka; dæmi hans er:

- (i)a \*Því að Jón kom ekki fór ég  
 (i)b Því fór ég að Jón kom ekki

<sup>102</sup> YI er í raun og veru (samkvæmt liðgerðarreglunum í 2.3.2) bara AI (FI) og S'. – Það er þó ljóst að slík færsla lýtur ýmsum hömlum (sbr. t.d. 4.1.4.2), en því er slegið hér föstu (án frekari rökstuðnings) að þær séu ekki setningafræðilegs eðlis.

Í þessum kafla er tekin fyrir færsla óákveðinna NI til hægri. Helstu einkennum reglunnar er lýst (4.2.1), og síðan tínd til ýmis rök fyrir færslu (4.2.2); merkingarleg rök (4.2.2.1), rök varðandi flokkunarramma og liðgerðarreglur (4.2.2.2), rök varðandi eyðingu í hliðskipuðum setningum (4.2.2.3), og rök varðandi afturbeygingu og aukafallsfrumlög (4.2.2.4).

Bresnan (1982) hefur nýlega reynt að rökstyðja að hér sé ekki færsla á ferðum, í ensku a.m.k., og eru rök hennar tekin fyrir (4.2.3) og sýnt að þau standast ekki í íslensku; bæði vegna eðlis samræmingar í málinu (4.2.3.1) og eins vegna hegðunar *það* með ópersónulegum sögnum (4.2.3.2). Í síðasta hluta kaflans (4.2.4) er sýnt fram á að reglan er ekki einskorðuð við frumlög heldur er óákveðnum andlögum oft frestað líka; og niðurstöður svo dregnar saman (4.2.5).

#### 4.2.1 Lýsing reglunnar

Það er algengt í íslensku að óákveðið frumlag<sup>103</sup> standi fyrir aftan sögnina, en ekki fyrir framan eins og búast mætti við ef íslenska er SVO-mál eins og talið var í 2.2.2. Þegar svo er kemur smáorðið *það* oft í frumlagssætið í staðinn, eins og eftir frá færslu (sjá 4.1.1); vanalega er gert ráð fyrir að því sé stungið inn með sérstakri reglu (sbr. Höskuldur Þráinsson 1979:479). Dæmi:

- (36) a Maður er í dyrunum  
b Það er maður í dyrunum
  
- (37) a Margir komu í afmæli Jóns  
b Það komu margir í afmæli Jóns
  
- (38) a Einhverjir pörupiltar hafa skotið köttinn  
b Það hafa einhverjir pörupiltar skotið köttinn

Það er oft gert ráð fyrir því að b-setningarnar séu leiddar af a-setningunum með ummyndun, sem nefnd er „Indefinite-NP Postposing“ (Maling 1980:181), eða „Indefinite Subject-Postposing“ (Zaenen 1980:95). Þessi ummyndun er að mörgu leyti svipuð svonefndri „*There*-Insertion“ í ensku (sjá t.d. Perlmutter & Soames 1979:42-52); „is the Icelandic equivalent of *There*-insertion in English“, segir Maling (1980:181 nm., sbr. Zaenen 1980:95, Höskuldur Þráinsson 1979:473). Þarna er þó talsverður munur á, eins og komið verður að í 4.2.4.

Yfirleitt verður frumlagið að vera óákveðið til að hægt sé að færa það aftur fyrir sögnina og setja *það* í staðinn, eins og (39)-(41) sýna (sbr. Höskuldur Þráinsson 1979:474, Zaenen 1980:95):

- (39) a Hann er í dyrunum  
b \*Það er hann í dyrunum

---

<sup>103</sup> Eins og bent er á í 5.3.1.2 er lítið um skilgreiningar á „ákveðni“; en yfirleitt virðist átt við no.m.gr., pfn. og sérnöfn. Halldór Ármann Sigurðsson hefur bent mér á, að eignarfallseinkunnir (hús mannsins), áfn. og a.n.l. eignarfornöfn hafi sömu áhrif m.t.t. FÓF. Það er eðlilegt, þar eð þá verða viðkomandi NI „gamli“ og má því ekki fresta þeim (sjá nánar 5.3.1).

- (40) a Stefán kom í afmæli Jóns  
b \*Það kom Stefán í afmæli Jóns
- (41) a Þörupiltarnir hafa skotið köttinn  
b \*Það hafa þörupiltarnir skotið köttinn

Í 4.4 kemur í ljós að erfitt er að skilgreina setningafræðilega þá „óákveðni“ sem til þarf; en það skiptir ekki máli í bili.

Nýlega hefur því verið haldið fram (Bresnan 1982) að *There*-insertion sé ekki ummyndun í ensku, og *There* sé hið raunverulega frumlag setninga sem eru hliðstæðar b-setningunum í (36)-(38). Það er því rétt að skoða dálítið rökin fyrir því að þessi regla sem hér verður nefnd **frestun óákveðins frumlags** (FÓF) sé ummyndun í íslensku, og frumlag b-setninganna í (36)-(38) sé hið sama og a-setninganna.

#### 4.2.2 Rök fyrir FÓF

##### 4.2.2.1 Merkingarleg rök

Í fyrsta lagi má nefna að af merkingarlegum ástæðum virðist það ekki efnilegt frumlag í slíkum setningum; það virðist vera næsta merkingarsnautt, og kemur auk þess ekki fram nema fremst, þ.e. ekki í spurningum eða ef KJF er beitt:

- (42) a Er (\*það) maður í dyrunum?  
b Í dyrunum er (\*það) maður

Þetta er hliðstætt því sem gerist með það sem stungið er inn við fráfærslu (sbr. Höskuldur Þráinsson 1979:181).

Hið merkingarlega frumlag b-setninganna í (36)-(38) virðist hins vegar vera sá NI sem stendur fyrir aftan sögnina. Það má sjá af því að NI í þeirri stöðu verða að geta verið frumlag sagnarinnar. Þetta er hliðstætt rökum sem beitt var hér á undan (í 4.1.2.2) í sambandi við FF (sjá Höskuldur Þráinsson 1979:157). Ef við gerum ráð fyrir færslu leiðir þetta af sjálfu sér; en ef við köllum þennan NI t.d. andlag (sbr. Bresnan 1982) verður að taka það sérstaklega fram, því að sagnir gera oft aðrar merkingarlegar kröfur til frumlaga sinna en andlaga, eins og áður segir (4.1.2.2):

- (43) a Einhver borðaði matinn  
b Það borðaði einhver matinn
- (44) a \*Matur borðaði grautinn  
b \*Það borðaði matur grautinn

(43) sýnir að *matur* getur verið andlag með so. *borða*; því ætti það líka að geta verið andlag í (44)b (sbr. Bresnan 1982); sú setning er samt vond. Ef við gerum hins vegar ráð fyrir að *matur* sé ekki andlag í (44)b, heldur frumlag, er augljóst að sú setning hlýtur að vera vond, því að (44)a sýnir að *matur* getur ekki verið frumlag so. *borða*.

#### 4.2.2.2 Flokkunarrámmar og liðgerðarreglur

Ef ekki er gert ráð fyrir FÓF aftur fyrir sögn, heldur talið að b-setningarnar í (36)-(38) samsvari djúpperðinni að röð liða til, verður hver sögn að hafa tvo flokkunarrámma; bæði þann venjulega, t.d. *borða*: [\_\_(NI)], *gefa*: [\_\_(NI) NI], og annan sem gildir aðeins ef *það* er frumlag: *borða* myndi þá hafa [\_\_(NI) (NI)], en *gefa* [\_\_(NI) (NI) NI]. Seinni rammann þarf til að hægt sé að fá setningar á við (45)-(46):

(45) Það borða engir hrossakjöt

(46) Það gaf einhver kona Pétri tíkall

Ef í frumlagssætinu er eitthvað annað en *það*, má ekki nota seinni flokkunarrámmann:

(47) \*Strákarnir borða engir hrossakjöt

(48) \*María gaf einhver kona Pétri tíkall

Þessi röksemd er hliðstæð þeirri sem beitt var gegn því að mynda fráfarðar setningar aftast í aðalsetningum með liðgerðarreglum í 4.1.2.3.

Einnig má benda á, að ef óákveðnir NI eru settir inn í djúpperðina með liðgerðarreglum á þá staði þar sem þeir eru í yfirborðsgerð, þarf að breyta liðgerðarreglunum talsvert, því að óákveðin frumlög geta lent víðar en næst á eftir sögninni, eins og sjá má í (49) (sbr. 2.3.1.4); það er reyndar ástæðan fyrir því að þessi regla hefur verið greind frá umröðun (sjá Zaenen 1980:96).

- (49) a Margir furðufuglar hafa komið hingað í dag  
b Það hafa margir furðufuglar komið hingað í dag  
c Það hafa komið margir furðufuglar hingað í dag  
d Það hafa komið hingað margir furðufuglar í dag  
e Það hafa komið hingað í dag margir furðufuglar

Ef ekki er gert ráð fyrir FÓF, verður að gera ráð fyrir mörgum nýjum plássum fyrir nafnliði í liðgerðarreglu setninga. Takið líka eftir að (49)b-e verða allar vondar ef t.d. *strákarnir* er sett í staðinn fyrir annaðhvort *það* (sbr. (47)-(48)), eða *margir furðufuglar* (sbr. (39)-(41)). Þetta er einmitt það sem við búumst við ef um færslu er að ræða; annars þarf að taka það sérstaklega fram fyrir hverja setningu.

#### 4.2.2.3 FÓF og tengieyðing

Í hliðskipun er hægt að sleppa frumlagi seinni setningarinnar ef það samsvarar frumlagi þeirrar fyrir, jafnvel þótt það síðarnefnda hafi verið flutt aftur í setninguna:

(50) Það kom gamall maður til mín í gær og \_\_ það mig um hjálp



Vanalega er þó talið að ekki sé hægt að eyða frumlagi með tengieyðingu<sup>104</sup> (Conjunction Reduction) nema það vísi til frumlags setningarinnar á undan (Kossuth 1978a:451). Nú virðist ljóst að merkingarlegt frumlag seinni setningarinnar sé *gamall maður*; það hlýtur því að vera frumlag þeirrar fyrri líka, nema slakað sé á kröfunni um sams konar liði. Að vísu væri hugsanlegt að halda því fram að í seinni setningunni hafi *gamall maður* líka staðið fyrir aftan sögn og verið eytt þar; því sé hér í raun og veru um sams konar liði að ræða (hvort sem það séu frumlög, andlög eða hvað). Það er þó hæpið; í fyrsta lagi fáum við aldrei slíka setningu þar sem eyðing hefur ekki farið fram:

(51) \*Það kom gamall maður til mín í gær og það gamall maður mig um hjálp

Að vísu er (51) hugsanleg ef *það* er haft í seinni setningunni, en þá er nauðsynlega átt við tvo (mismunandi) gamla menn; svo getur ekki verið í (50). Að auki mætti búast við því, ef *það* væri í raun og veru frumlag beggja setninganna í (51), að því mætti eyða úr þeirri seinni með tengieyðingu; en svo er ekki.

Í öðru lagi má benda á að yfirleitt er ekki hægt að eyða andlagi í hinni seinni af tveim hliðskipuðum setningum:

(52) a Stína kyssti Pétur í gær og María faðmaði Pétur í dag  
b \*Stína kyssti Pétur í gær og María faðmaði \_\_ í dag

Tengieyðing virðist vera bundin við liði fremst í setningu,<sup>105</sup> og því er sú lausn ótrúverðug að gera ráð fyrir eyðingu á eftir sögninni í (50).

#### 4.2.2.4 Afturbeyging og aukafallsfrumlög

Eins og margoft er komið fram er afturbeyging skylda innan setningar ef vísað er til frumlags (sjá 3.1.2.3). Ef frestað frumlag er í raun og veru frumlag, en ekki orðið að einhverjum öðrum lið, ætti afturbeyging því að vera skylda í vísun til þess, og svo reynist vera:

(53) Það þekkir enginn<sub>i</sub> sjálfan sig<sub>i</sub>/\*hann<sub>i</sub>

---

<sup>104</sup> Þetta orð er komið frá Halldóri Ármanni Sigurðssyni (sjá t.d. 1982:6).

<sup>105</sup> Stundum er að vísu hægt að eyða andlagi síðari setningarinnar ef ekkert kemur á eftir því; þó tæplega nema frumlaginu sé líka eytt:

(i) Jón barði Maríu og beit  
(ii) ??Jón barði Maríu og Pétur beit

Sjá nánar um ýmsa slíka eyðingarmöguleika hjá Eiríki Rögnvaldssyni (1980:22-30), sem m.a. gagnrýnir uppsetningu Bakers (1978:269) á tengieyðingarreglunni. E.t.v. væri líka hægt að tengja eyðingarmöguleika eitthvað reglu Kunos (1980:132) um „PECKING ORDER OF DELETION: Delete order [svo, væntanlega = older] (less important) information first and newer (more important) information last“.

Þetta sannar auðvitað ekki að um frumlag sé að ræða; við gætum gert ráð fyrir einhverjum nýjum lið sem hagaði sér eins og frumlag að þessu leyti. En þetta sýnir a.m.k. að þessi liður hagar sér ekki eins og andlag, því að afturbeyging er ekki skyldubundin þegar vísað er til þess (sjá þó 16. neðanmálgrein í 3. kafla).

Það er reyndar fleira sem sýnir að útilokað er að kalla þennan NI andlag í íslensku, þótt Bresnan (1982) geri það í ensku; fyrir utan að það krefðist tveggja flokkunarramma fyrir hverja sögn eins og bent var á í 4.2.2.2 sýnir fallið á liðnum greinilega að það stenst ekki. So. *þekkja* í (53) stjórnar t.d. þf., en NI næst fyrir aftan hana er í nf. Ef slíkur aukanafnliður kemur á eftir sögn sem vanalega hefur frumlag í aukafalli<sup>106</sup> hefur hann sama fall og aukafallsfrumlagið vanalega:

- (54) a Mörgum var kalt í tjaldinu  
b Það var mörgum kalt í tjaldinu

(54)b sýnir líka að *það* er ekki raunverulegt frumlag; þá mætti búast við að það stæði í þgf. eins og *mörgum* í (54)a. En það er útilokað, eins og (55) sýnir:

- (55) \*Því var mörgum kalt í tjaldinu

#### 4.2.3 Rök Bresnan gegn ummyndun

##### 4.2.3.1 Samræming

Bresnan (1982) notar rök í sambandi við samræmingu sagna við frumlag til stuðnings þeirri kenningu sinni að *There*-insertion sé ekki ummyndun í ensku og NI fyrir aftan sögnina ekki frumlag. Til er ensk mállýska þar sem tala so. *be* fer eftir tölu fyrsta NI á eftir, ef um hliðskipun er að ræða, eins og (56) sýnir:

- (56) There was/\*were a man and three women here

Ef hliðskipaðir liðir fara á undan sögninni stendur hún hins vegar alltaf í fleirtölu; þ.e., tala hennar fer eftir báðum hliðskipuðu liðunum en ekki bara þeim fyrri eins og í (56):

- (57) a A man and three women \*was/were here  
b Three women and a man \*was/were here

Og ef fyrsti (eða eini) liður á eftir sögninni er í ft. verður sögnin það líka:

- (58) There \*was/were three women here

„This dialect provides excellent evidence in favor of the base generation of there constructions [...]“, segir Bresnan (1982:76), því að alltaf hlýtur að koma upp mótsögn í regluröð. Ef samræming verður á undan FÓF er hægt að leiða út (58), en ekki (56); en ef FÓF verður á undan samræmingu er hægt að leiða út (56), en ekki (58), segir Bresnan enn

---

<sup>106</sup> Ef gert er ráð fyrir aukafallsfrumlögum á annað borð; sbr. 2.3.1.3. og 18. neðanmálgrein í 3. kafla.

fremur. Þar af leiðir að FÓF er ekki til sem ummyndun, heldur eru (56) og (58) myndaðar beint með liðgerðarreglunum.

Aðstæður eru svipaðar í íslensku; að vísu er sennilega ekki skylda að hafa eintölu á sögninni í setningum á við (56), en sennilega er hún þó tekin fram yfir ft.:

(59) Það kom/??komu karlmaður og þrjár konur hingað

Hins vegar er samræming skyldubundin ef frestun er ekki beitt, rétt eins og í ensku:

(60) Þrjár konur og karlmaður \*kom/komu hingað

Þýðir þetta að FÓF sé ekki heldur ummyndun í íslensku? Nei, því að rök Bresnan gilda hér ekki; hún virðist eingöngu gera ráð fyrir að samræming geti orðið við NI sem standi á **undan** sögninni, þ.e. *there* í (56) og (58). En Höskuldur Þráinsson (1979:466) hefur sýnt fram á að samræming sagna í tölu sé ekki eingöngu bundin við frumlag; sögn getur líka samræmst NI sem er Sf:<sup>107</sup>

(61) Þetta \*er/eru hestar

Höskuldur telur (1979:466), að samræming sé e.t.v. fremur bundin við NI í nf. en ákveðna stöðu í setningu eða vensl við sögnina. Þess vegna er ekkert því til fyrirstöðu að samræming geti orðið ýmist á undan eða eftir FÓF; og ef hún verður á eftir, sé valfrjálst hvort samræmingarreglan miðar við fyrri (fyrsta) NI af tveim (eða fleiri) hliðskipuðum, eða við þá báða (alla).

#### 4.2.3.2 FÓF með ópersónulegum sögnum

Í íslensku (sem og öðrum indóevrópskum málum, sbr. Kiparsky & Kiparsky 1970:171) samræmast sagnir aldrei NI í aukafalli í tölu (sjá Höskuldur Þráinsson 1979:466, Eiríkur Rögnvaldsson 1982:558), og skiptir þá ekki máli hvort sá NI stendur á undan eða eftir sögninni:

(62) a Mörgum er/\*eru illa við Pétur  
b Það er/\*eru mörgum illa við Pétur

Eins og áður segir gerir Bresnan (1982) aðeins ráð fyrir samræmingu við næsta NI á undan sögninni; í setningum á við (58) þarf hún því sérstaka reglu til að færa þáttinn [+ft] af NI á eftir sögninni og yfir á *there*, og síðan veldur *there* (sem þá er komið í ft.) fleirtölu sagnarinnar. Í íslensku fyndist manni að það ætti þá að verða *þau* til að geta valdið samræmingu í setningum á við (45) t.d. En í setningum eins og (62) þarf meira til; ef þátturinn [+ft] er fluttur yfir á það ætti sögnin að koma í ft.; en eins og (62)b sýnir gerist það ekki. Til að koma í veg fyrir það þyrfti þá líka að flytja þáttinn [+aukafall] yfir á það, af því

<sup>107</sup> Aftur á móti er samræming í persónu bundin við frumlag, að því er virðist (sbr. Eiríkur Rögnvaldsson 1980:16):

(i) Honum \*finnast/\*finnist/finnst þið gamlir

að aukafallsfrumlag á ekki að valda samræmingu. En af hverju verður það þá ekki því eða þeim?

#### 4.2.4 Frestun óákveðinna andlaga

Í 4.2.1 var þess getið að menn jafna FÓF í íslensku oft við *there*-insertion í ensku. Margt er þó ólíkt með þessum reglum; t.d. gengur frumlagsfrestun og *there*-innskot aðeins með fáum sögnum í ensku (sjá t.d. Perlmutter & Soames 1979:47, Zaenen 1980:95). Í íslensku ganga FÓF og það-innskot með alls konar sögnum (Maling & Zaenen 1978:483, Höskuldur Þráinsson 1979:473).

En meginatriðið er e.t.v. að frestun óákveðinna liða í íslensku er alls ekki bundin við frumlög; andlagsfrestun er líka algeng:

- (63) a Ég sá einhvern mann þarna í gær
- b Ég sá þarna í gær einhvern mann

Slík frestun úr andlagsstað virðist lúta sömu lögmálum og frestun úr frumlagsstað; ákveðnum liðum er ekki hægt að fresta.<sup>108</sup>

- (64) \*Ég sá þarna í gær hann/strákinn/Guðmund

Hér þarf að vísu ekki að setja neitt í staðinn fyrir liðinn sem færður er; en að öðru leyti verður ekki betur séð en telja megi þetta sömu reglu og FÓF. Það er ákaflega erfitt að halda því fram að liðgerðarreglurnar gefi slíkar setningar. Sögnin *sjá* hefur flokkunarrammann [\_\_NI], þ.e. krefst andlags; (65) er vond:

- (65) \*Ég sá þarna í gær

Ef við leyfum liðgerðarreglunum að setja NI aftast í þessa setningu, verðum við einhvern veginn að tryggja það að enginn NI sem sé andlag sagnarinnar sé kominn áður, því að (66) er líka vond:

- (66) \*Ég sá Guðmund þarna í gær einhvern mann

Ég skal ekki fullyrða að útilokað sé að lýsa þessu án þess að gera ráð fyrir frestun; en það er a.m.k. mun flóknara en að segja að slíkir NI séu upprunnir næst á eftir sögninni og síðan færðir til hægri með ummyndun.

---

<sup>108</sup> Til bráðabirgða getum við gert ráð fyrir að formleg einkenni segi okkur hvort liðir séu ákveðnir eða ekki; en í 5.3.1 kemur fram að það sem máli skiptir er ekki hin formlegu atriði, heldur hvort liðirnir fela í sér nýjar upplýsingar. Hæpið er að hann og strákinn geri það, en Guðmund gæti hugsanlega gert það, og því má fresta honum undir vissum kringumstæðum (sbr. (16)a í 2.3.1.4 og 35. neðanmálsgrein í 2. kafla).

#### 4.2.5 Niðurstöður

Helstu niðurstöður þessa kafla eru: Óákveðin frumlög eru oft flutt til hægri í setningum, og geta þá lent á ýmsum stöðum. Engin rök benda til annars en að um færslu sé að ræða; a.m.k. hagar viðkomandi liður sér á allan hátt eins og hann væri frumlag. Rök Bresnan (1982) fyrir því að ekki sé um ummyndun að ræða í ensku gilda ekki í íslensku. Reglan er ekki bundin við frumlög, því að óákveðin andlög færast til hægri líka.

### 4.3 Frestun þungs nafnliðar

Í þessum kafla er gerð grein fyrir færslu svonefndra „þungra“ NI til hægri, og samspili hennar við agnarfærslu. Megineinkennum reglunnar er lýst (4.3.1), og síðan athugað hvort hún færi aðeins andlög eins og oft er haldið fram í ensku (4.3.2); og því hafnað. Síðan eru rakin helstu rök fyrir færslu (4.3.3); tegundir þeirra (4.3.3.1) og rök sem varða afturbeygingu í beinu og óbeinu andlagi (4.3.3.2); raunar er þar bæði verið að færa rök fyrir færslu og ákveðinni djúperðarorðaröð.

Í seinasta hluta kaflans (4.3.4) er svo agnarfærsla tekin fyrir. Reglunni er lýst (4.3.4.1), og helstu rök fyrir henni rakin (4.3.4.2). Kemur í ljós að rökin fyrir sérstökum flokki agna eru fremur merkingarleg en setningafræðileg (4.3.4.3), og finna má ýmis rök gegn AF sem varða samsvarandi stöðu agna og ao. (4.3.4.4), samspil AF og FF úr NI (4.3.4.5), og samband agnar og sagnar (4.3.4.6), þannig að AF er hafnað sem hægri færslu. Niðurstöður eru svo dregnar saman að lokum (4.3.5).

#### 4.3.1 Lýsing reglunnar

Ein er sú hægri færsla<sup>109</sup> sem nefnd hefur verið **frestun þungs nafnliðar** (FÞNL, á ensku ýmist „Heavy“ eða „Complex“ NP „Shift“ eða „Movement“).<sup>110</sup> Um eðli þessarar reglu í íslensku hefur ekkert verið skrifað nema fáeinar athugasemdir í framhjálaupi hjá Höskuldi Þráinssyni (1979:27-30, 243, 246, 455, 83. nmgr.). Þessi regla er talin ábyrg fyrir frestun andlaganna í b-setningunum í (67)-(69):

- (67) a Jón lánaði gömlu konunni frá Akureyri bókina  
b Jón lánaði bókina gömlu konunni frá Akureyri  
c \*Jón lánaði bókina henni/Siggu/mér
- (68) a ?Vésteinn málaði gamla upplitaða Skódann sinn með öllum ryðgötunum rauðan  
b Vésteinn málaði rauðan gamla upplitaða Skódann sinn með öllum ryðgötunum  
c \*Vésteinn málaði rauðan Skódann/bilinn/hann
- (69) a ?Jón setti alla gömlu doðrantana sem hann erfði eftir langafa sinn í kistuna

---

<sup>109</sup> Það má reyndar benda á að Fiengo (1977:49) hefur haldið því fram að FÞNL geti eins verið vinstri færsla. Það er útilokað að halda því fram um frestun frumлага (sjá 4.3.2); og rök gegn vinstri færslu andlaga er að finna bæði í þessum kafla og víðar í ritgerðinni.

<sup>110</sup> Ross (1967:166) taldi reyndar að FÞNL og FF Fl væri sama reglan, eins og bent er á í 4.4.2.1.

- b Jón setti í kistuna alla gömlu doðrantana sem hann erfði eftir langafa sinn
- c \*Jón setti í kistuna doðrantana/þá

Eins og c-setningarnar sýna má andlagið sem frestað er ekki vera bara eitt orð; það verður að vera „þungt“ eða „flókið“ eins og nafn reglunnar segir til um. Ross (1967:28) bendir þó á að ekki er vel ljóst hvað þessi orð þýða hér. Hann segir að þau þýði a.m.k. ekki sama og „langt“, heldur frekar „samsett“, og setur fram „the following definition as a partial explication of the notion of "complex" NP [...] A noun phrase is complex if it dominates the node S“ (Ross 1967:28). Í sumum slíkum tilvikum koma m.a.s. út ótækar setningar ef andlagið er á sínum stað næst sögninni; það er þegar setning er eini stofnhluti andlagsnafnliðar: „Grammatical sentences containing an internal NP which exhaustively dominates S are unacceptable“ (Ross 1967:33).<sup>111</sup>

Þó er ljóst að það er ekki skilyrði að andlagið sem frestað er innihaldi S'; oft er um að ræða Fl í staðinn, eins og í (67) og (68). Sennilega er auðveldara að fresta slíkum samsettum liðum en margyrtum Nl með „flatrí“ formgerð, eins og (70):

- (70) a Jón lánaði Sigga og Pétri og Sveini og Ara bækurnar
- b ?Jón lánaði bækurnar Sigga og Pétri og Sveini og Ara

Ég er þó ekki viss um að (70)b sé að ráði verri en (67)b; Ross segir líka (1967:28):

The whole problem area of what NP are felt to be "heavy" or "complex" borders on questions of style, and there seems to be a baffling array of dialectal, or possibly even idiolectal, variations here.

Hið sama virðist gilda í íslensku; við komum aftur að þessu í 5.3.

#### 4.3.2 Færir FPNL aðeins andlög?

Því er oft haldið fram að í ensku geti þessi regla aðeins fært andlög,<sup>112</sup> en ekki frumlög (sjá t.d. Postal 1974:83). Bresnan (1976:486-487) hefur reyndar mótmælt þessu, og talið regluna einnig geta fært frumlög. En Postal (1977:141-152) svaraði aftur og taldi dæmi Bresnan ógild, því að í þeim hefði frumlagið verið fært aftur fyrir sögnina við *There*-insertion, og þar með hætt að vera frumlag, því að *there* væri þá orðið frumlag í staðinn (sbr. Postal 1977:146). Í 4.2 var sýnt fram á að óákveðið frumlag sem er frestað heldur áfram að haga sér sem frumlag, þannig að þessi rök gilda varla í íslensku hvort eð er. En þótt þau gerðu það er spurning hvort rök Postals (1974:83-84) gegn því að reglan verki á frumlög standist. Hann rökstuddi það með setningum á við (71):

<sup>111</sup> Þetta er hin kunna Nl/S hamla (NP/S Constraint), sem Höskuldur Þráinsson (1979:106 o.v.) fjallar m.a. um, og á að skýra að setningar á við (i) eru hæpnar eða ótækar:

(i) ?\* María kallar [<sub>S</sub> að Jón vann] kraftaverk

<sup>112</sup> Sjá þó 20. neðanmálgrein; sbr. einnig Berman (1974:13). Berman (1974:14 nm.) nefnir líka að stungið hafi verið upp á því við hann að FPNL geti einnig fært frumlög (sjá líka 22. neðanmálgrein í 2. kafla).

- (71) a [<sub>NI</sub> All of the men who recovered from mononucleosis] are happy  
 b \* \_\_ Are happy [<sub>NI</sub> all of the men who recovered from mononucleosis]

Setningar hliðstæðar (71)b eru vissulega yfirleitt vondar í íslensku líka; en eðlilegast er að álíta að það sé ekki vegna frestunar frumlagsins út af fyrir sig, heldur vegna þess að sögnin má yfirleitt ekki koma fremst í setningu (nema að vissum skilyrðum uppfylltum; sjá 2.2.2.2). En setningu með FPNL úr frumlagssæti eins og (72)b er hægt að bjarga á ýmsa vegu; t.d. með því að stinga inn *það* eins og eftir FF og FÓF ((72)c), eða með því að skjóta inn smáorðinu *þá* eins og í (72)d; það sýnir að gera verður ráð fyrir einhverjum undanfarandi texta sem er skilyrði þess að hægt sé að nota V/1 röð (sjá 2.2.2):

- (72) a [<sub>NI</sub> Strákurinn sem barnaði Maríu í fyrra] er flúinn  
 b \* \_\_ Er flúinn [<sub>NI</sub> strákurinn sem barnaði Maríu í fyrra]  
 c Það er flúinn [<sub>NI</sub> strákurinn sem barnaði Maríu í fyrra]  
 d Er þá flúinn [<sub>NI</sub> strákurinn sem barnaði Maríu í fyrra]

Athugið að sama mynstur kemur út við FÓF, eins og (73) sýnir; ekki má hafa sögnina fremst nema við vissar aðstæður:

- (73) a [<sub>NI</sub> Einhver maður] kom til mín  
 b \* \_\_ Kom [<sub>NI</sub> einhver maður] til mín  
 c Það kom [<sub>NI</sub> einhver maður] til mín  
 d Kom þá [<sub>NI</sub> einhver maður] til mín

Í (72) er frumlagið þungur NI, í (73) óákveðinn; mynstrið er það sama. Það virðist því engu minni ástæða til að telja FPNL verka á frumlög en FÓF.<sup>113</sup>

Niðurstaðan er því sú, að engin ástæða sé til annars en gera ráð fyrir að FPNL færi frumlög jafnt sem andlög í íslensku (og ensku).

### 4.3.3 Rök fyrir FPNL

#### 4.3.3.1 Tegundir raka

---

<sup>113</sup> Þetta er ekki eins skýrt í ensku vegna þess að þar virðast menn tengja FÓF og there-innsetningu órjúfandi böndum. Til marks um það má nefna, að Postal (1977:146-149) telur að þar sem óákveðnu frumlagi er frestað, en there stendur ekki fremst í staðinn, heldur einhver AI, hafi there fyrst verið sett inn en því síðan eytt. En í 4.1.1 og 4.2.2.1 kom fram að það-innskot er sjálfstæð regla í íslensku, en ekki hluti FF eða FÓF. – Postal nefnir að vísu (1974: 84 nm.) að hugsanlegt sé að halda því fram að setningar á við (71)b séu vondar vegna „a surface constraint about tensed clauses having subjects, or the like“. Hann trúir þó ekki á slíka kröfu vegna þess að ýmsar góðar setningar sem hann nefnir hafi ekki heldur frumlag. En þegar að er gáð kemur í ljós að þar er annaðhvort um að ræða eyðingu (tengieyðingu eða samanburðareyðingu) eða vinstri færslu (spurnarfærslu). En í íslensku a.m.k. er nauðsynlegt að gera mun á „götum“ sem hægri færslur annars vegar og vinstri færslur og eyðingar hins vegar skilja eftir sig; þau fyrrnefndu þarf oftast að fylla, en þau síðarnefndu má aldrei fylla (a.m.k. ekki með það; sjá Zaenen 1980:104-108; Maling 1980:189).

En hvaða rök eru fyrir FPNL sem færslureglu? Varðandi færslu frumlags má beita flestum sömu rökum og fyrir FF og FÓF; rökum varðandi merkingu, flokkunarramma og liðgerðarreglur, afturbeygingu o.fl., sem ekki verða endurtekin hér. Með færslu andlags er þetta öllu erfiðara viðfangs. Þegar þungt andlag lendir fyrir aftan AI er að vísu eðlilegt að gera ráð fyrir færslu, því að ella skapast ýmis vandamál í sambandi við flokkunarramma (sbr. 4.2.4). En öðru máli gegnir um færslu óbeins andlags aftur fyrir það beina, eins og t.d. í (67)b. Liðgerðarreglurnar ((32) og (54) í 2. kafla) gefa möguleika á tveim andlögum, en segja ekkert um röð þeirra. Ekki dugar að segja að þágufallsandlag komi alltaf á undan þolfallsandlagi, þótt það virðist langalgengast (sbr. Kristján Árnason 1980:40); einnig eru til sagnir þar sem röðin er öfug, og þgf. + þf. gengur ekki:

- (74) a Forstjórinn svipti Guðmund yfirvinnunni  
b \*Forstjórinn svipti yfirvinnunni Guðmund

Ekki gengur heldur vel að segja að óbeint andlag komi á undan beinu, því að skilgreiningar þessara hugtaka eru á reiki (sbr. 24. neðanmálgrein í 2. kafla). En það andlag sem táknar „þiggjanda“ eða „þolanda“ virðist yfirleitt koma á undan (óháð falli) að öðru óbreyttu; þ.e. ef bæði eru álíka löng og „flókin“. Þar sem hér á eftir er talað um óbeint andlag er átt við slíka liði.

#### 4.3.3.2 Röð andlaga í djúpperð

Í 2.2.3 var gert ráð fyrir að óbeint andlag stæði á undan beinu í djúpperð án nokkurs rökstuðnings. Nú skal reynt að færa smávægileg rök fyrir þeirri röð, og þá jafnframt því að þar sem röðin er öfug, eins og í (67)b, sé um hægri færslu óbeina andlagsins að ræða.

Það kom fram í 3.1.2.3 að afturbeyging í beinu andlagi getur vísað til óbeins andlags, eins og (75) sýnir:

- (75) Ég sendi Haraldi<sub>i</sub> föt á sig<sub>i</sub>

Einnig kom fram að afn. getur staðið á undan liðnum sem það vísar til, ef hægt er að gera ráð fyrir að það hafi staðið á eftir honum í djúpperð en síðan verið flutt til vinstri með KJF.

Nú má athuga hvað gerist ef óbeina andlagið í setningum á við (75) er þungt og flutt aftur fyrir það beina; hvort afn. í sæti beins andlags getur þá vísað til óbeina andlagsins þótt það komi síðar í setningunni. Ég held að svo sé:

- (76) ?Ég sendi föt á sig<sub>i</sub> [<sub>NI</sub> gamla manningum sem ég sá skjálíandi á beinunum í kuldunum og hríðinni]<sub>i</sub>

Að vísu er þessi setning ekki fullkomin, en þó ótvírætt mun betri en (77), þar sem samvísun milli beins og óbeins andlags er útilokuð:

- (77) \*Ég sendi sér<sub>i</sub> föt á Harald<sub>i</sub>

Ef (76) endurspeglar djúpperðarröðina mætti búast við að samvísun milli andlaganna með afn. á undan liðnum sem það vísar til gengi ekki; en ef báðar raðirnar væru hugsanlegar í djúpperð mætti búast við að (76) og (77) væru báðar góðar (eða hugsanlega báðar vondar,



en a.m.k. að sama gildi um þær). Enn skýrari greinarmunur kemur fram með so. eins og *svipta*:

- (78) Forstjórinn svipti vinnu sinni; [<sub>NI</sub> gömlu konuna sem hafði skúrað skrifstofuna hans í fjörutíu ár]<sub>i</sub>
- (79) a Sjórinna svipti hana; manni sínum;  
b \*Sjórinna svipti konu sína; manningum;

Ef gert er ráð fyrir að óbeint andlag sé á undan í djúpperð skýrist hvers vegna (79)b er vond; afn. hefur þá alltaf staðið á **undan** liðnum sem það vísar til. Í (79)a stendur það á eftir honum bæði í djúpperð og á yfirborði; en í (78) er hægt að gera ráð fyrir að það hafi staðið á eftir í djúpperð, þótt röðin sé öfug á yfirborði. Athugið líka að ekki er hægt að bjarga (79)b með því að þýngja óbeina andlagið og færa það aftur fyrir hitt, þó svo að afn. komi þá á yfirborði á eftir liðnum sem það vísar til:

- (80) \*Sjórinna svipti manningum; [<sub>NI</sub> gömlu konuna sína; sem allir vorkenna svo mikið]

Við getum skýrt þetta með því að afturbeygingarreglan verki á undan FPNL. Þegar hún verkar á (80) er því fornafnið enn á undan NI sem það vísar til; og engu máli skiptir þótt það lendi á eftir honum síðar í afleiðslunni, setningin verður ekki góð fyrir því. Á sama hátt getum við sagt að þegar afturbeygingarreglan verkar á (78) sé fornafnið á eftir þeim NI sem það vísar til; þess vegna er setningin góð og verður það, enda þótt afn. lendi á undan síðar í afleiðslunni.<sup>114</sup>

---

<sup>114</sup> Hér er þó ekki allt morgunljóst. Mér finnst t.d. afturbeyging ganga bæði í (i) og (ii):

- (i) Ég gaf piltinum; unnustu sína;  
(ii) Ég gaf stúlkuna; unnusta sínum;

Þó vísar afturbeygingin til óbeins andlags í (i), en beins í (ii). Að auki finnst mér óbeina andlagið ekki þurfa að vera þungt til að standa aftast, sbr. (ii). Ef fyrri andlögin (piltinum í (i), stúlkuna í (ii)) eru nú þýngd og færð aftur fyrir hin kemur aftur fram munur:

- (iii) ?Ég gaf unnustu sína; [<sub>NI</sub> piltinum sem hafði beðið óþreyjufullur  
(iii) í mörg ár];  
(iv) \*Ég gaf unnusta sínum; [<sub>NI</sub> stúlkuna sem allir strákarnir voru á  
(iv) höttunum eftir];

Þessi munur bendir til að afturbeyging í óbeinu andlagi sem vísar til beins andlags sé meiri takmörkunum háð en afturbeyging í beinu andlagi sem vísar til óbeins; þannig að röðin í (i) virðist vera meiri grundvallarröð á einhvern hátt. Hugsanlegt er að sá tvískunningur sem virðist koma fram í sambandi við afturbeyginguna í (i) og (ii) standi í einhverju sambandi við að gefa krefst aðeins beins andlags; það óbeina er ekki skylda. *svipta* krefst aftur á móti beggja. Ef við hugsum okkur að í setningum eigi hver liður sér ákveðinn bás í djúpperð, mætti e.t.v. ímynda sér að þegar ekkert óbeint andlag er, fari beina andlagið í bás þess.

#### 4.3.4 Agnarfærsla

##### 4.3.4.1 Lýsing reglunnar

**Agnarfærsla** (Particle Movement) nefnist ein þeirra reglna sem Ross (1967) fjallar um í tengslum við FPNL. Um hana gildir líka að ekkert er til um hana í íslensku nema nokkrar athugasemdir hjá Höskuldi Þráinssyni (1979:28-30, 289, 455, 83. nmgr.).

En hvað eru **agnir** (particles)? Þær eru ekki skýrt afmarkaður flokkur, heldur ýmis smáorð (oftast eins í útliti og einhver fs. eða ao.), sem eru talin mynda einhvers konar merkingarheild með sögnum; t.d. *til í færa til, gera til, taka til; upp í taka upp, kasta upp, gera upp*; og svo mætti lengi telja. En yfirleitt er gert ráð fyrir að samband sagnar og agnar sé ekki eingöngu merkingarlegt, heldur einnig setningafræðilegt; þannig gerir t.d. Ross (1967:27-28) ráð fyrir því að í djúppgerð sé ögnin næst sögninni (á undan andlagi, ef það er fyrir hendi). Síðan geti ögnin færst til hægri, yfir andlagið, með sérstakri reglu, **Particle Movement** (sjá Ross 1967:28). Þessi regla er skyldubundin ef andlagið er fornaft; sé andlagið þungur NI er hún bönnuð; en að öðrum kosti valfrjáls, segir Ross (1967:28). Hið sama virðist gilda í íslensku (sbr. Höskuldur Þráinsson 1979:28-29, dæmi hans):

- (81) a \*Þeir færðu til hann  
b Þeir færðu hann til
- (82) a Þeir færðu til alla stóru skápana sem Jón hafði flutt með sér heim frá Ameríku  
b \*Þeir færðu alla stóru skápana sem Jón hafði flutt með sér heim frá Ameríku til
- (83) a Þeir færðu til alla bílana  
b Þeir færðu alla bílana til

Eins og sjá má getur ögnin ekki staðið næst sögninni í (81), verður að gera það í (82), en í (83) er staða hennar frjáls miðað við andlagið. Lýsing Ross (1967:28) virðist því eiga hér vel við.

##### 4.3.4.2 Röð fyrir AF

Höskuldur Þráinsson (1979:28) nefnir nokkur helstu rökin fyrir því að agnir séu annars eðlis en forsetningar (sjá einnig Legum 1968:51-52). Í fyrsta lagi stjórna þær ekki falli; fs. *til* stjórnar ef., en eins og sjá má hér á undan fer þf. með ögninni *til* (þ.e. sama fall og sögnin stjórnar án agnar). Í öðru lagi fara agnir ýmist á undan eða eftir andlaginu, en fs. alltaf á undan NI sem þær taka með sér.<sup>115</sup> Í þriðja lagi mynda fs. stofnhluta (FI) með NI, en ögn + andlag ekki, eins og munur (84) og (85) sýnir; í (84) er fs., en í (85) ögn:

- (84) Til allra manna fóru þeir

---

Þetta valdi því svo, að röð andlaganna með slíkum sögnum (eins og gefa) sem taka valfrjálst þgf. + skyldubundið þf. verði frjálsari. En hér er ég kominn út á of hálan ís.

<sup>115</sup> Svo má heita. Að vísu getur vegna staðið á eftir NI sem hún stjórnar falli á; sjá 51. neðanmálgrein í 2. kafla.

(85) \*Til bílana færðu þeir

Þessi munur er skýr og verður ekki véfengdur. Hitt er síður ljóst hvaða munur er á ögnum og atviksorðum. Hann felst a.m.k. ekki í mismunandi útliti, því að ýmis orð geta bæði verið agnir og ao. (*upp*, *niður*; eða agnir og fs., eins og *til*). Grundvallarmunurinn felst því í mismunandi stöðu agna og ao. í djúpgerð setninga; agnir eru taldar standa næst sögninni, en venjuleg ao. hins vegar aftast í setningu (sbr. (54) í 2.3.3).

Nú er það engan veginn augljóst að þessi munur sé réttlætanlegur frá setningafræðilegu sjónarmiði. Það eru eiginlega tvær alhæfingar sem þarna tapast: Í fyrsta lagi sú að andlag standi alltaf næst sögn í djúpgerð,<sup>116</sup> og í öðru lagi sú að ýmsir fylgiliðir s.s. ao., Fl og annað svipað standi alltaf aftast í setningu í djúpgerð. Við skulum því skoða betur setningafræðilegan grundvöll þess að gera mun á stöðu agna og ao. í djúpgerð, enda skiptir það máli varðandi það hvenær gera þarf ráð fyrir FPNL, sbr. (82).

#### 4.3.4.3 Setningafræðileg tengsl?

Þótt sögn + ögn myndi á einhvern hátt merkingarlega heild er ekki þar með sagt að þær þurfi að mynda saman stofnlið í formgerð setninga. Til dæmis um hið gagnstæða má benda á sambandið *gera við*; ég fæ ekki betur séð en það myndi a.m.k. jafn mikla merkingarlega heild og *gera upp*. Í fyrra tilvikinu er þó um að ræða so. + fs. en í því seinna so. + ögn eins og (86)-(87) sýna:

- (86) a Jón gerði við bílinn  
b \*Jón gerði bílinn við  
c Við bílinn gerði Jón

- (87) a Jón gerði upp bílinn  
b Jón gerði bílinn upp  
c \*Upp bílinn gerði Jón

Smáorðin *við* og *upp* virðast breyta merkingu so. *gera* álíka mikið. Er þá nokkur ástæða til

---

<sup>116</sup> Það mætti auðvitað snúa sig út úr því með því að gera ráð fyrir djúpgerð eins og (i):

(i) Sl

so Nl

so ögn no

færði til bílinn

(Sbr. Legum 1968:50; þar er gert ráð fyrir hefðbundnum sagnlið, en í stað hans mætti auðvitað setja bara S í (i)). Sé gert ráð fyrir þessari formgerð er hægt að segja að andlagið sé víst næst sögninni; það verði bara að miða við rétta sögn, þ.e. efri liðinn.

að segja að *upp* myndi „merkingarlega heild“ með henni, en *við* ekki? Ég tel raunar að í báðum tilvikum megi gjarna tala um merkingarlega heild; en hana megi bara ekki leggja að jöfnu við formgerðarlega heild.<sup>117</sup> En ef við höfnum því að þar á milli þurfi að vera bein samsvörun, þá er ekki lengur hægt að beita merkingarlegum rökum til að sýna fram á að agnir séu í djúpperð næst sögninni; þær gætu þá eins verið aftan við andlagið eins og venjuleg ao. Nú skulum við snúa okkur að því að athuga hvort finna megi rök fyrir því að svo sé.<sup>118</sup>

#### 4.3.4.4. Agnir og atviksorð

Fyrsta röksemdin fyrir stöðu agna aftast er sú, að þá komumst við af með einni reglu færra. Í 4.3.4.1 kom fram að AF væri bönnuð ef andlagið er þungt, sbr. (82)b. Nú þurfum við FÞNL hvort eð er, og því gætum við sagt að ástæðan fyrir því að (82)b er vond sé ekki sú að AF hafi verkað án leyfis, heldur sú að FÞNL hafi ekki verkað (og þá yrði að gera ráð fyrir að FÞNL væri skyldubundin undir vissum kringumstæðum). Höskuldur Þráinsson (1979:455, 83. nmgr.) minnst reyndar á samspil AF og FÞNL, en fer ekkert út í hvernig hann telur að því sé háttáð.

En hvernig á þá að skýra (81), þar sem AF var talin skyldubundin þar eð andlagið er fornafn? Af hverju má ekki færa ögnina fram fyrir það, ef hún er upprunnin aftast?

Í fyrsta lagi verður að benda á að þetta er jafn mikið vandamál hvort sem gert er ráð fyrir að ögnin sé aftast eða næst sögninni í djúpperð; í síðarnefnda tilvikinu verður að skýra hvers vegna færslan er skylda.<sup>119</sup>

Í öðru lagi er oft talið að „very light (and uninformative?) constituents are awkward in final position in certain constructions“, segir Höskuldur Þráinsson (1979:417), en bendir á að setningar á við (81)a með fornafnsandlagi seinast skána að mun ef áhersla er lögð á fornafnið.

Í þriðja lagi er það að sé gert ráð fyrir að agnir séu bara venjuleg ao. upprunnin aftast í setningu, þá mætti búast við að önnur ao. höguðu sér líkt í sambandi við fornafnsandlög, þ.e. gætu ekki staðið fyrir framan þau; og svo reynist vera:

- (88) a Ég sá hann hér
- b \*Ég sá hér hann
- c Ég sá hér bílinn

---

<sup>117</sup> Að sömu niðurstöðu kemst Kroch (1979:223), þegar hann fjallar um próf Frasers (1976) til að skera úr um hvort um er að ræða ögn eða ao.: „The great diversity of behavior which these combinations exhibit is more likely to be caused by semantics (perhaps also by residual historical factors) than by structural differences for which the motivation is weak. In these terms, F[raser]’s tests may perhaps be interpreted as indices of the degree of semantic bonding between verb and particle.“

<sup>118</sup> Það er óleyst vandamál hvernig gera eigi formlega grein fyrir því að sumar sagnir gera kröfu til þess hvaða forsetningar fara með þeim. Ég tel (án þess að hafa miklar forsendur fyrir því) að slíku verði merkingarfræðin að gera grein fyrir. Sjá annars Höskuldur Þráinsson (1979:52-53, 18. nmgr.) og Legum (1968).

<sup>119</sup> Legum (1968:53 nm.) segir: „It is not obvious a priori whether a blocking condition or an obligating condition should be a more expensive device.“

- (89) a Ég sá hann oft  
 b \*Ég sá oft hann  
 c Ég sá oft bílinn
- (90) a Ég gerði hann upp  
 b \*Ég gerði upp hann  
 c Ég gerði upp bílinn

Ef hér eru tvær reglur á ferðum, þ.e. agnarfærsla sem færir ögn til hægri í (90), en annaðhvort regla sem færir ao. til vinstri eða NI til hægri í (88) og (89), er engin sérstök ástæða til að búast við sama munstri í öllum setningunum; sé ögnin hins vegar upprunnin aftast er hægt að gera ráð fyrir sömu reglunni alls staðar, og þá er eðlilegt að sama munstur komi út.<sup>120</sup>

#### 4.3.4.5 Samspil AF og FF úr NI

Samspil AF og FF úr NI er líka þess eðlis að AF til hægri verður ófýsilegur möguleiki, þegar lítið er á setningar eins og (91):

- (91) Jón tók þær bækur til sem Pétur hafði beðið hann að lána sér

Ef ögnin væri upprunnin næst sögninni og myndaði lið með henni ætti djúpperð (91) að vera eitthvað í líkingu við (92):

- (92) Jón [<sub>so</sub> tók til] [<sub>NI</sub> [<sub>NI</sub> þær bækur] [<sub>S'</sub> sem Pétur hafði beðið hann að lána sér] ]

Í (91) er ögnin *til* milli tveggja liða sem upprunalega eru stofnhlutar í andlagsnafnliðnum, eins og (92) sýnir. Við höfum áður slegið því föstu að bannað sé að færa inn í liði (sjá (8)c í 2.3.1.1), og sé haldið fast við það er eina ráðið til að leiða (91) af djúpperðinni (92) það að flytja ögnina fyrst lengst til hægri yfir allt andlagið, eins og (93) sýnir, og færa tilvísunarsetninguna svo til hægri yfir ögnina, þannig að (91) komi út.

- (93) \*Jón tók þær bækur sem Pétur hafði beðið hann að lána sér til

Það er tvennt sem gerir þessa afleiðslu tortryggilega. Í fyrsta lagi er færsla agnar yfir þungt andlag bönnuð hjá Ross (1967:28); það yrði þá að slaka á því banni og segja að slíkar færslur væru að vísu leyfilegar, ef útkoman úr þeim væri ekki yfirborðsgerð heldur aðeins millistig í afleiðslu.

<sup>120</sup> Ross (1967:36) setur upp skala með 11 stigum: „Output Condition on Post-Verbal Constituents“. Þar er raðað ýmsum liðum sem geta komið á eftir sögnum, s.s. fornafnaandlögum, nafnorðaandlögum, ögnum, andlægum sagnfyllingum, óbeinum andlögum, þungum NI o.s.frv. Ross segir (1967:36) að „The lower the number before a constituent [...] the closer it must be to the verb“. Það mætti halda því fram að þótt sama mynstur komi út í (88)-(90) sanni það ekkert um að sama regla sé á ferð alls staðar heldur sýni aðeins að hér, oft og upp verði á sama stað á skalanum. Þetta kann að vera rétt; en það sýnir eftir sem áður að hegðun agna og ýmissa ao. er að mörgu leyti mjög svipuð.

Í öðru lagi þarf að gera ráð fyrir tveim færslum í (91) ef ögnin er talin upprunnin næst sögninni; og sú fyrri, þ.e. sjálf agnarfærslan, væri mjög undarleg, þar eð hún breytti góðri orðaröð (92) í vonða (93). Ef ögnin væri aftur á móti upprunnin hægra megin andlagsins þyrfti aðeins að gera ráð fyrir einni færslu, þ.e. FF tilvísunarsetningarinna; og sú færsla væri mjög eðlileg, þar eð hún breytti vondri orðaröð (93) í góða (91).

#### 4.3.4.6 Samband sagnar og agnar

Tvennt að lokum sem bendir til að setningafræðileg tengsl sagnar og agnar séu ekki eins náin og oft virðist gert ráð fyrir. Í fyrsta lagi er það, að ef agnir mynda stofnhluta með sögninni mætti búast við að þegar aðrir liðir eru færðir lentu þeir ekki milli sagnar og agnar; en það gerir frumlagið nú samt við umröðun, og getur ekki lent á eftir ögninni:

- (94) a Ég tók til peningana í morgun
- b Í morgun tók ég til peningana
- c \*Í morgun tók til ég peningana

Í öðru lagi má benda á að ögnin getur ekki alltaf staðið næst sögninni jafnvel þótt andlagið sé ekki fornafn.<sup>121</sup>

- (95) a Helgi lagði Eiríki til bestu rökin
- b \*Helgi lagði til Eiríki bestu rökin
  
- (96) a Kaupmaðurinn gaf manninum sem bjargaði lífi hans upp skuldina
- b \*Kaupmaðurinn gaf upp manninum sem bjargaði lífi hans skuldina

Eins og (96)b sýnir getur ögnin ekki einu sinni staðið næst sögninni þótt óbeina andlagið sé þungt. Ef ögnin er næst sögninni í djúpperð er þetta undarlegt; þá ætti staður hennar í (96)b einmitt að vera sá eini hugsanlegi, því að agnarfærsla er talin bönnuð yfir þungt andlag (sbr. 4.3.4.1).

Niðurstaða þessarar umfjöllunar um AF er því sú, að engin ástæða sé til að gera ráð fyrir sérstakri stöðu agna í djúpperð; og þá ekki heldur sérstakri agnarfærslu til hægri.

#### 4.3.5 Niðurstöður

Helstu niðurstöður þessa kafla eru í fyrsta lagi, að FÞNL flytji frumlög rétt eins og andlög, öfugt við það sem oftast er talið. Í öðru lagi má finna rök varðandi afturbeygingu sem benda til að óbeint andlag standi á undan beinu í djúpperð, og öfug röð á yfirborði sé tilkomin með færslu. Í þriðja lagi var því svo hafnað að til væri nokkur sérstök regla sem gegndi nafninu agnarfærsla, og rökstutt að agnir standi aftast í setningu í djúpperð eins og venjuleg ao. Vegna sterkra merkingarlegra (en ekki setningafræðilegra) tengsla við sögnina hafa þær þó tilhneigingu til að standa næst henni; en sýnt var að það getur eins orðið með hægri færslu andlags.

---

<sup>121</sup> Helgi Bernóðsson benti mér á þetta. E.t.v. sýnir þetta að samband óbeins andlags við sögnina sé nánara en samband beins andlags við hana; en út í það er óþarft að fara hér.

#### 4.4 Samanburður hægri færslna

Í þessum kafla verða hægri færslurnar þrjár, FF, FÓF og FÞNL bornar saman, og **umröðun frumlags og sagnar** einnig tekin með. Tínd eru til helstu atriði sem talin hafa verið ólík um reglurnar (4.4.1), og þau svo tekin fyrir og gagnrýnd (4.4.2). Sýnt er að hæpið sé að greina reglurnar sundur eftir tegundum liða sem þær færa (4.4.2.1); lendingarstaður færðra liða getur verið sá sami (4.4.2.2) og hið sama getur komið í stað færðra liða hjá öllum reglunum (4.4.2.3). Hæpið er líka að greina milli færslanna eftir því hvort aðrar færslur valda þeim (4.4.2.4). Í seinni hluta kaflans (4.4.3) eru svo raktir nokkrir kostir þess að gera aðeins ráð fyrir einni færslu. Þeir varða t.d. lendingarstað (4.4.3.1) og hvort það kemur í staðinn (4.4.3.2). Niðurstöður eru svo dregnar saman í 4.4.4, og talið að greining í margar hægri færslur eigi sér ekki setningafræðilegar forsendur.

##### 4.4.1 Munur reglnanna

Hér hefur verið fjallað um hægri færslurnar sem þrjár aðskildar reglur, sem hagi sér ólíkt og lúti mismunandi skilyrðum. En er það svo í raun og veru? Hér skulu dregin saman helstu atriði, sem vanalega virðast talin greina milli reglnanna.<sup>122</sup> **Umröðun frumlags og sagnar** (UFS), sem skiptir á röð frumlags og sagnar ef einhver annar liður en frumlagið er færður fremst, er einnig tekin með þótt skiptar skoðanir séu um hvort hún felist í færslu frumlags til hægri eða sagnar til vinstri (sjá 6. neðanmálgrein í 3. kafla).

- (97) a FF færir ýmsa liði, þó einkum Fl og S'; FÓF færir aðeins óákveðna frumlagsnafnliði; FÞNL færir þunga andlagsnafnliði; en UFS færir alla frumlagsnafnliði, létta og þunga, ákveðna og óákveðna
- b Við UFS kemur frumlagið næst á eftir sögninni,<sup>123</sup> liðir færðir með FF og FÞNL koma venjulega aftast; en FÓF getur skilið frumlagið eftir á ýmsum stöðum
- c Við FF (ef frumlagsliðurinn er tæmdur) og FÓF kemur það í staðinn fyrir framan sögnina; við UFS kemur NI eða AI fremst
- d Gert er ráð fyrir að FF og FÓF séu **orsök** þess að stungið er inn það, eða beitt STH (Maling 1980:181, Maling & Zaenen 1978:490-491, Höskuldur Þráinsson

---

<sup>122</sup> Ég hirði ekki um að tilgreina hér nákvæmlega hvar hvert atriði er sett fram. Það er líka dálítið erfitt, því að yfirleitt eru þau ekki sett fram berum orðum, heldur má lesa þau út úr umfangullun um reglurnar. Því er best að líta á (97) sem tilgátur frekar en staðhæfingar um muninn.

<sup>123</sup> Aissen & Hankamer (1972; sjá einnig Berman 1974:30) fjalla um það sem þau kalla „Subject Shift“, sem er færsla NI (einkum þungra) lengra til hægri en næst aftur fyrir sögn. Þau segja að „The conclusion seems inescapable that Subject Shift is nothing other than S[ubject]V[erb]I[nversion]“ (1972:503); en viðurkenna þó að „it looks something like Heavy NP Shift, but we know that in general Heavy NP Shift applies only to nonsubjects“ (1972:501). Í 4.3.2 var sýnt fram á að FÞNL verkar líka á frumlög, svo að þessi mótbára er ógild. Aissen & Hankamer (1972:502) bæta við að „the shifted subject does not seem to have to be particularly heavy“; en þar er um að ræða óákveðna NI, og því eðlilegt að gera ráð fyrir FÓF.

1979:186); hins vegar er UFS talin **afleiðing** þess að NI eða AI er fluttur fremst með KJF (Höskuldur Þráinsson 1979:60)

Í umfjöllun um einstakar reglur hér á undan hafa sum þessara atriða verið dregin í efa eða hafnað; við skulum nú líta betur á þetta og bæta einhverju við.

#### 4.4.2 Munurinn endurskoðaður

##### 4.4.2.1 Mismunandi tegundir liða

Varðandi fyrsta atriðið gildir það sama og í hliðstæðum samanburði vinstri færslna í 3.2.3.1; hvort við viðurkennum að sama reglan verki á fleiri en eina tegund liða er það sem sker úr. Ekki verða séðar ríkari ástæður til að láta það atriði greina sundur hægri færslur en vinstri færslur enda var FF talin færa ýmsa liði í 4.1, og Ross (1967:166) telur FF FI og FPNL sömu regluna.

Auðvitað er hægt að setja það upp sem skilgreiningaratriði á FÓF að hún verki bara á frumlög, og FPNL að hún verki bara á andlög. En eins og sýnt er fram á í 4.2.4 færast óákveðin andlög til hægri engu síður en frumlög; og í 4.3.2 kom í ljós að þung frumlög færast til hægri jafnt og andlög. Ef haldið væri fast við (97) a yrði því að hafa tvær reglur fyrir færslu óákveðinna NI til hægri, aðra fyrir frumlög og hina fyrir andlög; og sama gildi um þunga NI. Eðlilegra virðist að binda þessar reglur ekki við ákveðin hlutverk viðkomandi liða þar eð frestun frumlags og andlags haga sér eins (nema að því leyti að fylla þarf frumlagsliðinn, en það er óháð reglunum sjálfum).

Hvort liðir eru ákveðnir eða óákveðnir, léttir eða þungir er tæplega setningafræðilegt atriði í strangasta skilningi. T.d. segja Chomsky & Lasnik (1977:477 nm.) að setningafræðilegar reglur geti aðeins vísað í tegund liðar (NI, AI o.s.frv.), en ekki innri gerð (þ.e. hvort liðurinn er flókinn eða samsettur, hefur ákveðinn greini o.s.frv.). Eins og bent er á í 4.3.1 er ákaflega erfitt að skilgreina nákvæmlega hversu mikil „þyngsli“ liða þurfi að vera til að hægt sé að fresta þeim. Sama gildir um FÓF, að þar er erfitt að draga mörkin, og stundum er hægt að fresta liðum sem eru formlega ákveðnir (sbr. Breckenridge 1975:87 um samsvarandi atriði í þýsku).

##### 4.4.2.2 Lendingarstaður

Um mismunandi lendingarstað færðra liða er það að segja, að rétt er að S' sem eru færðar með FF lenda yfirleitt aftast í aðalsetningunni;<sup>124</sup> en það er líka alþekkt að sérstök hamla „NP-over-S“ (NP/S) bannar að setningar fleygi aðrar undir vissum kringumstæðum (sbr. Höskuldur Þráinsson 1979:106 og 21. neðanmálsgrein hér á undan). Þetta varðar því ekki fráfærsluregluna í sjálfu sér.

En reyndar er það ekki algilt að FF fari með liði aftast í setningu. FF FI þarf a.m.k. ekki að

---

<sup>124</sup> Höskuldur Þráinsson (1979:185-186) gefur þrjá möguleika á formlegri framsetningu FF. Samkvæmt þeim fyrsta, (36) hjá Höskuldi, lendir setningin aftast í aðalsetningu; samkvæmt hinum tveim lendir hún næst fyrir aftan sagnlið (37) eða aftast í honum (38) (sem kemur auðvitað í sama stað niður hvað röð liða áhrærir, enda segist Höskuldur (1979:186) ekki „know of any clear arguments for selecting (38) over (37), or vice versa“).



gera það (sjá 4.1.4.1), og S' sem eru færðar til hægri þurfa ekki að fara aftur fyrir atvikssetningar t.d.:

- (98) a [N<sub>I</sub> [S' Að María hefur verið barin] ] yrði augljóst [A<sub>I</sub> [S' ef hún kæmi fram í dagsljósið] ]  
b Það yrði augljóst að María hefur verið barin ef hún kæmi fram í dagsljósið

Þótt yfirleitt sé gert ráð fyrir að frumlagið lendi næst á eftir sögninni við umröðun þarf svo ekki að vera (sbr. t.d. Jakob Jóh. Smári 1920:255). Lítum á (99):

- (99) a Pétur Jónsson er nýlega látinn í hárrí elli  
b Nýlega er látinn í hárrí elli Pétur Jónsson

(99)b væri fullkomlega eðlileg þar sem á eftir kæmi starfsheiti Péturs, eða upptalning á mannkostum hans og hinum fjölmörgu trúnaðarstörfum sem hann gegndi fyrir sveit sína. En að öðru leyti en hvað varðar stöðu í setningunni virðist hér um UFS að ræða. Þessi frestun virðist ekki heldur geta flokkast undir neina af hinum reglunum, því að hér er ekki verið að færa S' né lið af hægri grein samsetts liðar, og ekki heldur óákveðinn eða þungan lið.<sup>125</sup> Því verður annaðhvort að gera hér ráð fyrir sérstakri reglu eða slaka á kröfunni um ákveðinn lendingarstað.

Stundum hafa menn velt því fyrir sér hvort sögnin sé færð fram fyrir frumlagið eða frumlagið aftur fyrir sögnina við UFS (sjá t.d. Zaenen 1980:42, og 6. neðanmálgrein í 3. kafla).<sup>9</sup> Því að við þurfum hvort eð er einhverja reglu sem færi ákveðin, „létt“ frumlög lengra til hægri en næst aftur fyrir sögnina í setningum eins og (99) (hvort sem við köllum þá reglu UFS eða eitthvað annað), virðist eðlilegast að gera ráð fyrir að það sé alltaf frumlagið sem færast (sbr. 2.2.2.2). Ekkert mælir með því að gera ráð fyrir vinstri færslu sagnar þar sem frumlagið lendir næst á eftir henni, fyrst gera verður ráð fyrir hægri færslu frumlagsins hvort eð er í setningum á við (99)b. Það mælir líka á móti slíkri sagnarfærslu að við höfum engin dæmi séð um færslureglu sem verki á so.

#### 4.4.2.3 Hvað kemur í staðinn?

Þótt það-innskot sé oftast tengt FF og FÓF eru þau bönd alls ekki órjúfanleg, því að oft er einhver annar liður færður fremst í slíkum setningum í stað þess að stinga inn það; og eins og áður hefur verið sagt telur Höskuldur Þráinsson (1979:180, 479) að það sé í báðum tilvikum sett inn með sérstakri reglu, sem sé óháð FF og FÓF. Og hvort er það FÓF eða UFS sem er að verki í setningum á við (100)b, þar sem A<sub>I</sub> kemur í stað frumlags sem lendir næst fyrir aftan sögnina?

- (100) a Margir komu að hitta mig í dag  
b Í dag komu margir að hitta mig

Einnig er stöku sinnum hægt að beita það-innskoti með frestun frumlags, sem er að

---

<sup>125</sup> Eins og fram kemur í 5.3.1 er það upplýsingagildi fremur en formleg óákveðni eða þyngsli sem skilyrðir hægri færslur. Hér er aðeins verið að vísa til þeirra atriða sem venjulega hafa verið talin skilyrða færslurnar, sbr. (97).

forminu til ákveðið, næst aftur fyrir sögn:

(101) Það býr Sveinn í þessu húsi

(101) gengur ef hægt er að skilja hana sem „maður að nafni Sveinn“. Það mætti hugsa sér að sú regla gildi að *það* mætti setja í frumlagssæti ef frumlagið hefði einhverja „sjálfstæða“ ástæðu til að færast til hægri en annars ekki; þ.e. ef hægt væri að flokka færslu þess undir FF, FÓF eða FÞNL. En þetta er ekki algilt; t.d. gengur ekki að setja *það* í frumlagsstað í (102), þótt frumlagið sé þungt og FÞNL geti verkað á það, sbr. (72) í 4.3.2. Sé frumlagið fært aftast í setninguna má þó setja *það* inn (sbr. (72)c).

(102) \*Það er strákurinn sem barnaði Maríu í fyrra flúinn

Nú mætti hugsa sér að (102) væri vond vegna þess að frumlagið fer ekki aftast, en ekki vegna *það*-innskotsins; en svo er ekki, eins og (103) sýnir:

(103) Nú er strákurinn sem barnaði Maríu í fyrra flúinn

Ef Al kemur í staðinn má frumlagið því koma strax á eftir sögninni. Niðurstaðan úr þessu verður sú, að ekki sé hægt að finna nein örugg tengsl milli ákveðinna færslureglna og þess sem setja má í stað færðra liða (sjá þó 5.3.2.2).

#### 4.4.2.4 Orsakir og afleiðingar

Allar vangaveltur um „orsök“ eða „afleiðingu“ í þessu sambandi sýnast mér mjög í lausu lofti. Menn þykjast sjá einhvern „tilgang“ með færslu ýmissa Al og Nl fremst, og færslu óákveðinna og þungra liða til hægri; aftur á móti sjá menn engan sérstakan tilgang með umröðun og álykta því sem svo að hún hljóti að vera „afleiðing“, til þess eins gerð að sögnin fari ekki aftar en í annað sæti (sbr. Maling 1980:175, sjá líka Höskuldur Þráinsson 1979:60). En nú er það oft sem báðum skilyrðum er fullnægt; þ.e. bæði er hægt að finna „ástæðu“ fyrir færslu einhvers liðar fremst og færslu frumlagsins til hægri. Lítum t.d. á (104):

(104) A Hefur nokkur hérna séð Guðmund eða Pétur?

B Guðmund sá einhver núna rétt áðan, en Pétur er alveg horfinn

Hér getum við sagt að *Guðmund* sé fært fremst til að skapa andstæðu (sjá 5.2.1.1), og *einhver* fært til hægri vegna þess að það er óákveðið; en hvað er hér orsök og hvað er afleiðing?

Ef við segjum að FÓF verði „fyrst“, þá má halda því fram að hún sé orsök KJF vegna þess að FÓF skilji eftir eyðu sem þurfi að fylla. Sé hins vegar talið að KJF verði „fyrst“, þá veldur hún FÓF, því að ekki mega tveir liðir vera fyrir framan sögnina.<sup>126</sup> Einnig má minna

---

<sup>126</sup> Í þessu sambandi má benda á að það-innskot er mun algengara í talmáli en í ritmáli (sbr. t.d. Maling 1980:184 nm.); þó gilda í stórum dráttum (sjá þó 21. neðanmálsgrein í 2. kafla) sömu reglur um hvenær eitthvað þarf að koma í stað færðs frumlags í talmáli og ritmáli. En menn virðast hafa tilhneigingu til að beita KJF/STH í ritmálinu í stað það-innskotsins; og bendir það til að stundum a.m.k. sé KJF afleiðing fremur en orsök. Ef hún væri

á það sem sagt var í 4.4.2.1, að hreinar setningafræðilegar reglur skipti sér ekki af innihaldi þeirra liða sem þær færa. Þær vita því ekkert um hvort einhver „ástæða“ er til að færa einhvern lið til hægri eða vinstri. Ég efast ekkert um að slíkar ástæður megi finna (sjá 5. kafla); en þær eru ekki setningafræðilegar. Þess vegna dugar þetta atriði ekki heldur til að greina milli hægri færslanna.

#### 4.4.3 Ein setningafræðileg regla

##### 4.4.3.1 Annars konar munur

Ég þykist nú hafa sýnt fram á að setningafræðileg rök dugi ekki til að greina hægri færslurnar í sundur. Það þýðir aftur, að setningafræðilega séð er þetta allt ein og sama reglan, sem e.t.v. má þá kalla „Færið Ó“ (Move Ó) að dæmi Chomskys (1980:3, 1981:18).

Ef fallist er á að þetta sé allt ein og sama reglan, þarf vissulega að finna aðrar skýringar en setningafræðilegar á því að sumar færslur ganga en aðrar ekki. En þar með þurfum við ekki heldur að vera í vandræðum með ýmis markatilvik, eða setningar þar sem fleiri en ein færsla koma til greina. Sem dæmi má taka NI með kvönturum (quantifiers) eins og *allir*; þeir geta auðveldlega flust til hægri, og Postal (1974:83 nm.) tekur það sem dæmi um að FPNL geti verkað á þá. En ef færslureglan er aðeins ein, verður hvort eð er að leita annarra skýringa en setningafræðilegra á því hvaða liði má færa og engin ástæða er til að flokka þessa færslu undir FPNL frekar en annað.

Setningar þar sem frumlagið fer lengra en næst aftur fyrir sögnina án þess að vera þungt eða óákveðið þurfa þá ekki heldur að valda okkur heilabrotum. Ef hægri færslan er aðeins ein, fellur þetta undir hana. Við getum þá haldið áfram að kalla aðeins það umröðun þegar frumlagið lendir næst á eftir sögninni; en við verðum bara að gera okkur grein fyrir að **setningafræðileg** rök skilja ekki UFS frá öðrum hægri færslum.

##### 4.4.3.2 FF eða FPNL?

Ef við gerum aðeins ráð fyrir einni setningafræðilegri reglu losnum við einnig við undarlegar mótsagnir varðandi tengsl FF og FPNL. Eins og sagt var í 4.4.2.1 gerir Ross (1967:166) ráð fyrir því að FF FI úr samsettum NI sé sama regla og FPNL. Ross (1967:99) setur hins vegar FF setninga eins og lýst er í 4.1 upp sem sérstaka reglu.

En Höskuldur Þráinsson (1979:237) gerir ráð fyrir að FF úr samsettum NI sé sama reglan hvort sem um er að ræða færslu úr frumlagi eða andlagi. Höskuldur setur hins vegar (1979:185) upp aðra reglu um FF setninga sem eru eini stofnhluti frumlagnafnliðar (þ.e. úr formgerðinni [<sub>NI</sub> S]) en þó virðist hann telja það á einhvern hátt „sömu“ regluna. Öðru máli gegnir um hliðstæða færslu S' úr andlagi:

It is sometimes assumed that rules moving clauses to the right without leaving pronouns are also instances of Extraposition [...] It is, in fact, very likely that at least some instances of such movement are to be accounted for by a different rule, namely Heavy (Complex)

---

alltaf „orsök“, þ.e. yrði af „sjálfstæðum“ ástæðum mætti búast við henni álíka oft í talmáli og ritmáli. En þetta sýnir enn betur hve skipting eftir „orsök“ og „afleiðingu“ er hæpin; sjá líka 5.2.1.

NP Movement [...] The difference between Heavy NP Movement and S[ubject] Ex[trapolation], for instance, is that the former moves NPs, the latter only Ss (leaving the subject NP node empty [...]) (Höskuldur Þráinsson 1979:243, sbr. 126, 12. nmgr.).

En hvernig á að prófa hvort nafnliðurinn sjálfur hefur flust (með FPNL) eða aðeins innihald hans (með FF)? Höskuldur virðist hugsa sér að þetta sé hægt að prófa með *það*-innskoti (1979:246), því að hann gerir ráð fyrir að *það* sé stungið inn í tóman frumlagslið (1979:186, 478). *það* er aldrei hægt að stinga inn næst á eftir sögn þótt setning sem er andlag hafi verið færð til hægri.

En það dugur ekki til að sýna fram á að þar sé enginn tómur NI. *það* er nefnilega því aðeins hægt að stinga inn í frumlagslið að hann – og hann einn – sé fyrir framan sögnina; þetta kemur raunar fram í uppsetningu Höskuldur (1979:186, 478) á *það*-innskotsreglunni. Maling & Zaenen (1978:491) segja að *það*-innskot „serves simply to satisfy the Verb-Second Constraint“. Þess vegna getur *það*-innskot ekkert sýnt um það hvort tóma NI er að finna annars staðar en í frumlagssæti; og þessi aðferð dugir því ekki til að greina milli FF og FPNL.

Og reyndar eru rök fyrir því að FPNL skilji einnig eftir tóma NI. Þegar FPNL verkar á frumlög, eins og sýnt var í 4.3.2 að hún getur, má *það* nefnilega koma í staðinn (sbr. (72)c). Það þýðir annaðhvort að bæði FF og FPNL skilja eftir tóman lið; eða að *það* er ekki skotið inn í tóman NI (eins og Zaenen 1980:98, 101 heldur reyndar fram), og segir þar af leiðandi ekkert um hvort slíkur liður er fyrir hendi eða ekki.

Hér er því komið enn eitt dæmi þess að erfitt sé eða útilokað að draga skýr mörk milli hægri færslna. En ef við gerum ráð fyrir því að þetta sé í raun allt sama reglan, þá er þetta einmitt það sem við er að búast; munur sá sem gerður hefur verið er ekki setningafræðilegur.

#### 4.4.4 Niðurstöður

Niðurstaðan er því sú, að ef við greinum hægri færslurnar sundur sitjum við uppi með fjölmargar reglur. Fjöldi þeirra er ekki fast afmarkaður; hann fer eftir því við hvað er miðað, og þar er allt á reiki og ósamkvæmni ríkjandi. Við gætum t.d. skipt FF í nokkrar reglur eftir því hvaða liður er færður og úr hvaða formgerð er fært; FÓF eftir því hvort fært er frumlag eða andlag, eða eftir því hvort liðurinn lendir í 3., 4., 5. eða 6. sæti; og svo mætti lengi telja. Mörkin milli þessara reglna verða meira og minna óljós, og skilyrðingar þeirra að ýmsu leyti svipaðar.

Ég slæ því þess vegna föstu að greining í margar hægri færslur eigi sér ekki setningafræðilegar forsendur. Þar með er ekki sagt að hún eigi sér enga stoð; en um þau atriði sem þar koma til sögu er fjallað smávegis í 5.3.

## 5. Hlutverk færslna og hömlur á þeim

Í upphafi þessarar ritgerðar segir að meginviðfangsefni hennar sé að fara í saumana á helstu færsluumyndunum sem gert hafi verið ráð fyrir í íslensku. Nú hefur þetta verið gert; og hver er niðurstaðan?

Ég tel að þessar ummyndanir – eða réttara sagt hefðbundin lýsing þeirra – hafi fallið á prófinu; ýmis einkenni þeirra og skilyrði, svo og munur sem gerður hefur verið á þeim, eru ekki setningafræðileg, þótt svo líti út í fljótu bragði. Þetta hefur einkum komið fram í 3.2 og 4.4, þar sem færslurnar voru bornar saman. En eigi að síður hafa menn séð ástæðu til að greina færslurnar niður; og vissulega hefur maður á tilfinningunni að sú niðurskipting eigi a.m.k. oft einhvern rétt á sér. En ef hún byggist ekki á setningafræðilegum atriðum – á hverju þá?

Hér verður því slegið föstu að munur sá sem gerður hefur verið á færslunum byggist oftast á atriðum sem varða upplýsingagildi liða við ákveðnar aðstæður og tengsl þeirra við undanfarandi samtal eða texta. Því verða hér á eftir fyrst kynnt lauslega nokkur hugtök sem notuð hafa verið í umfjöllun um svipuð atriði í erlendum málum; og síðan litið á hvernig þau hugtök gagnast okkur við athugun á hlutverki og skilyrðingum færslna í íslensku.

Lítið hefur verið fjallað um hlutverk mismunandi orðaraðar eða ástæður færslna í íslensku,<sup>127</sup> og hugtökum þeim sem kynnt eru í 5.1 hefur fæstum verið beitt að ráði í skrifum um íslensku. Höskuldur Þráinsson (1979:64-66) fjallar þó nokkuð um **theme** og **topic**, og Zaenen (1980:224-225, 2. nmgr.) drepur einnig á **theme**. En skipuleg lýsing á breytileik íslenskrar orðaraðar sem taki mið af þessum hugtökum og öðrum skyldum, hefur ekki verið gerð; og verður ekki gerð hér. Markmið þessa kafla er aðeins að sýna að þau geta verið gagnleg – og nauðsynleg – til að skýra hvers vegna ákveðin færsla gengur, en önnur sem er sambærileg gengur ekki; hvers vegna ein orðaröð er oft tekin fram yfir aðrar sem þó ganga; hvers vegna lendingarstaður liða sem færðir eru til hægri er mismunandi; o.s.frv. Um þessi atriði verða nefnd dæmi, en alls engin heildstæð lýsing gefin.

Þessi kafli á sem sé að sýna að í umfjöllun um orðaröð og færslur verði að taka tillit til fleiri atriða en þeirra sem eru setningafræðileg í þrengsta skilningi. Ég er þó þeirrar skoðunar (andstætt t.d. Kuno 1980:125-126) að við eigum fyrst og fremst að leita setningafræðilegra skýringa á setningafræðilegum atriðum, og ekki grípa til annarra, s.s. þeirra sem fjallað verður um hér á eftir, fyrr en þær setningafræðilegu bregðast. Í skjóli þeirrar afstöðu leyfi ég mér að taka umfjöllunarefnið lausari tókum en ella í þessum kafla; láta nægja að taka einstök atriði fyrir sem dæmi, þótt það þýði að kaflinn verður nokkuð sundurlaus og brotackenndur. Það ber því að líta á hann sem nokkurs konar viðbæti við meginefni ritgerðarinnar; velt er upp ýmsum atriðum sem væru verð frekari athugunar, en þeim ekki gerð skil að marki.

### 5.1 Nokkur grundvallaratriði og hugtök

---

<sup>127</sup> Þó má nefna t.d. skrif um ástæður þess að sögnin stendur oft fremst í fornu máli (Nygaard 1900, Rieger 1968), og ástæður fyrir mismunandi stöðu lo. með no. (Ringdal 1918). Þá er nokkuð fjallað um hlutverk KJF, vinstri sveiflu og andstæðusveiflu hjá Höskuldi Þráinssyni (1979) og Zaenen (1980), og STH hjá Maling (1980). Einnig ræðir Höskuldur Þráinsson (1979) lítillega um hlutverk hægri sveiflu og FF.

Þessi kafli skiptist í tvo hluta. Í þeim fyrri (5.1.1) er fjallað um röðun liða í setningum eftir upplýsingagildi. Drepið er á þá tilhneigingu liða sem bera nýjar upplýsingar að koma aftarlega í setningu (5.1.1.1), og tekin fyrir hugtök sem þarna koma við sögu; **gamalt – nýtt** (5.1.1.2), **tema – rema** og **brennidepill** (5.1.1.3).

Í seinni hluta kaflans (5.1.2) er rætt um hvernig ummyndanir falli að hugmyndum um dreifingu upplýsingagildis. Drepið er á hugmyndir Pragarmanna um hin þrjú svið málsins (5.1.2.1), og síðan reynt að svara þeirri spurningu hvort ummyndanir geti samræmst fúnksjónalísma (5.1.2.2). Niðurstöður eru svo dregnar saman (5.1.3).

### 5.1.1 Dreifing upplýsingagildis

#### 5.1.1.1 Frestun nýrra upplýsinga

Í mörgum málum (en þó alls ekki öllum, segir Chafe 1974:112, sbr. líka Vennemann 1974:340) kemur fram rík tilhneiging til þess að liðir setningarinnar raðist eftir upplýsingagildi; setning hefjist yfirleitt á liðum sem ekki flytja áheyrendum nýjar upplýsingar, en eftir því sem upplýsingagildi ákveðins liðar er meira komi hann (eða geti komið) aftar í setningunni. Þetta eru ekki ný sannindi. Farið var að skrifa um áhrif upplýsingagildis liða á röð þeirra upp úr miðri 19. öld (sbr. Mathesius 1975:467), og oft er í þessu sambandi vitnað til Behaghels (1932:4):

Ein zweites machtvolles Gesetz verlangt, daß das Wichtigere später steht als das Unwichtige, dasjenige, was zuletzt noch im Ohr klingen soll [...] Es stehen die das Vorgehende aufnehmenden Satzglieder vor den nichtaufnehmenden, d.h. es stehen die alten Begriffe vor den neuen. Es ist also ganz verfehlt, wenn immer wieder behauptet wird, voran stehe das Glied, das zuerst ins Bewußtsein trete; voran steht vielmehr das Glied, das bereits im Bewußtsein vorhanden ist.

Tékkneskir málfræðingar Pragarskólans og eftirmenn þeirra hafa mikið fengist við athuganir á áhrifum upplýsingagildis og undanfarandi texta á orðaröð (sjá t.d. Vachek 1966:88-95; Danen 1964; Firbas 1964; Sgall, Hajižová & Benenová 1973). Í Bretlandi hefur einkum Halliday athugað svipaða hluti (sjá t.d. Halliday 1967-8, Halliday & Hasan 1976), en Kuno (1972, 1974, 1976, 1980) og Chafe (1974, 1976) í Bandaríkjunum.

#### 5.1.1.2 Gamalt – nýtt

Notkun fræðiorða á því sviði sem hér er til umræðu er mjög á reiki og erfitt að festa hendur á henni. Hér eru hvorki efni né ástæður til að fara út í vangaveltur um skilgreiningar hugtaka og fræðiorða; en eitthvað verður þó að hafa til að geta vísað til.

Andstæðan milli gamalla og nýrra upplýsinga skiptir miklu máli fyrir röð liða, eins og áður segir. En hvað er **gamalt** og hvað **nýtt**? Ég tek hér upp skilgreiningu Chafe (1976:30):

Given (or old) information is that knowledge which the speaker assumes to be in the consciousness of the addressee at the time of the utterance. So-called new information is what the speaker assumes he is introducing into the addressee's consciousness by what he says.

Chafe bendir á (1976:30) að með þessu sé átt við að það sem kallað er nýjar upplýsingar þurfi ekki að vera óþekkt eða óákveðið fyrir viðtakandann (hlustanda eða lesanda); hins vegar hafi mælandinn ástæðu til að ætla að viðtakandinn sé hvorki með það í huga né eigi von á því.

En það er ekki bara andstæðan gamalt – nýtt sem skiptir máli fyrir upplýsingagildi liða; þar kemur líka til **mikilvægi** þeirra upplýsinga sem hver liður flytur, eins og fram kemur í umræðu Kunos (1980:126-133) um gamalt – nýtt. Hér má einnig nefna það sem Pragarmenn kalla **communicative dynamism** (CD):

By the degree of CD carried by a sentence element we understand the extent to which the sentence element contributes to the development of the communication, to which it 'pushes the communication forward', as it were. It is obvious that elements conveying new, unknown information show higher degrees of CD than elements conveying known information. But even within a sentence section made up entirely of elements conveying new information, the degrees of CD are not the same [...] (Firbas 1964:270).

Til að átta okkur aðeins á þessu skulum við bera saman (1) og (2), þar sem óákveðnu frumlagi hefur verið frestað:

- (1) a Það var maður drepinn í nótt
- b Það var drepinn maður í nótt
  
- (2) a Það var einhver drepinn í nótt
- b ?\*Það var drepinn einhver í nótt

Í (1) geta báðar raðirnar gengið, en áherslumunur er á. Í (1)a er aðalatriðið að maðurinn var **drepinn** (en ekki barinn eða stunginn); en í (1)b er lögð áhersla á að það var **maður** (en ekki hestur eða hundur) sem var drepinn.

En af hverju gengur (2)b ekki? Líklegasta skýringin er sú að svo óákveðið orð sem *einhver* hafi ekki nægilegt upplýsingagildi til að geta staðið svo aftarlega miðað við aðra liði setningarinnar; m.ö.o., hvernig sem litið er á hlýtur *drepinn* að hafa meira upplýsingagildi en *einhver*. Báðir liðirnir geta verið nýir, en mikilvægi upplýsinganna sem þeir flytja er ekki jafnt.

### 5.1.1.3 Tema – rema, brennidepill

Önnur hugtök sem gripið verður til hér á eftir eru **tema** og **brennidepill** (focus). Ég tek hér upp skilgreiningu Kunos (1980:126) á þeim:

Theme is what the rest of the sentence is about [...] That element in a sentence which represents the newest information is the focus of the sentence.

Höskuldur Þráinsson (1979:64) notar skilgreiningu Kunos á tema; en fleiri skilgreiningar eru til. Halliday (1967-8, 1970) bindur temað ákveðnum stað í setningunni; telur að það þurfi alltaf að vera fremst og sé „the peg on which the message is hung“ (1970:161). Því er

oft sagt, að með því að flytja ákveðinn lið fremst sé hann gerður að tema setningarinnar.<sup>128</sup> En verður tema að standa fremst?

Whether the correlation between thematic status and initial position is ever so high, even in English, that an expression can be said to be thematic if and only if it occurs initially is debatable. But it is certainly true that the processes that different languages make available for the thematization of one expression rather than another frequently involve putting the expression earlier rather than later in the utterance. This, as we have said, is not surprising, if the theme is the expression whose function it is to serve as the point of departure in the communication process [...] (Lyons 1977:507).

Andstæðan við tema, sá hluti sem ber nýjar upplýsingar, er oft nefndur **rema**. Stundum er litið svo á að tema og rema séu í fyllidreifingu í hverri setningu, þ.e. sérhver setningarliður tilheyrir öðru hvoru (sbr. Lyons 1977:509). En aðrir telja að temað sé liðurinn sem beri minnstar upplýsingar, en remað sá sem beri mestar, en liðir þar á milli að upplýsingagildi tilheyrir hvorugu (sbr. Firbas 1964).<sup>129</sup>

Hvað varðar brennidepilinn er e.t.v. réttara að tala um „mikilvægustu“ eða „ófyrissegjanlegustu“ upplýsingarnar en endilega þær nýjustu, eins og Kuno (1980:126) gerir. Þetta kemur best í ljós þegar skoðuð eru dæmi Kunos (1980:131) um hvenær hægt er að sleppa liðum:

(3) A Dvaldistu á hóteli í París?

---

<sup>128</sup> Sbr. Lyons (1977:500 nm.): „What is referred to as thematization in this section is often called topicalization.“ Og Brown & Miller, sem segja að vinstri færslur „involve the thematization of a particular constituent without any consequent change of grammatical function“ (1980:364) telja m.a.s. aukatengingar temu: „Almost invariably subordinating conjunctions are thematized within their sentence: from a functional point of view, this marks both the fact and the type of subordination“ (1980:375). Í þessu sambandi má benda á að atvikssetningar eru yfirleitt „eyjar“ (sjá Cattell 1976:38), þannig að ekki er hægt að færa liði út úr þeim. En í 5.2.2 kemur einmitt fram að yfirleitt er ekki hægt að færa yfir temu. Fallsetningar eru hins vegar yfirleitt ekki „eyjar“; svo að e.t.v. væri hægt að segja að munur þeirra og atvikssetninga að þessu leyti stafaði af því að tenging skýringarsetninga, að, er „nánast merkingarsnað“ (Halldór Ármann Sigurðsson 1981a:23), og spurnarorð eru „secondary themes“ (Zaenen 1980:225, 2. nmgr., sjá 5.2.2.2). Atvikstengingar eru hins vegar „yfirleitt næsta greinilegrar atvikslegrar merkingar“ segir Halldór Ármann Sigurðsson (1981b:63, sbr. 1981a:43). Halldór telur reyndar (1981a:39) að „„eyjahögðun“ fleirytra „aukatenginga“, ásamt eftirfarandi aukasetningum, sé einfaldast að skýra með því að þar sé um að ræða samsetta liði og að allir samsettir liðir séu sambærilegar eyjur“. Hann bendir þó á (1981a:39, 43-44) að atvikssetningar tengdar með einyrtum tengingum séu undirorpnar sömu „eyjahömlum“. Mér virðist eðlilegra að skýra „eyjahögðun“ atvikssetninga með merkingu og hlutverki fremur en formgerð; sjá annars 5.2.2.

<sup>129</sup> Önnur hugtakatvennd sem oft er notuð í svipuðu samhengi er topic – comment. Stundum er hún notuð í sömu merkingu og tema – rema (sbr. t.d. Vennemann 1974:340), en stundum ekki (svo sem hjá Höskuldi Þráinssyni 1979:64, sem lætur topic merkja umræðuefni í víðum skilningi; sbr. einnig Brown & Miller 1980:377). Sumir tengja þessar tvenndir líka mismunandi „sviðum“ málsins (sjá 5.2.1.2): „Whereas topic and comment are restricted to clause and sentence structure, theme and rheme are more concerned with information structure“ (Hartmann & Stork 1972:237, sjá einnig 239).



B Já, ég dvaldist á hóteli \_\_

(4) A Keyptirðu þetta ilmvatn í París?

B \*Já, ég keypti það \_\_

Athugið að *kaupa* krefst annars ekki staðaratviksliðar, eins og (5) sýnir:

(5) Jón keypti ilmvatnið (en ekki Pétur)

Ástæðan fyrir því að hægt er að sleppa í *París* í (3)B, en ekki í (4)B er mismunandi brennidepill, segir Kuno (1980:131-132). Í (3) er *á hóteli* í brennidepli, þ.e. það sem við erum raunverulega að spyrja um; en í (4) er *í París* í brennidepli. Þar erum við ekki að spyrja um **hvort** ilmvatnið hafi verið keypt, heldur **hvar**. Á bak við spurningarnar liggja því mismunandi væntingar (presuppositions); í (3)A er því slegið föstu að viðmælandinn hafi verið í París, en í (4)A að hann hafi keypt ilmvatn.

Í *París* í (4) og *á hóteli* í (3) eru nýir liðir í merkingu Kunos (1980: 126), af því að þeir eru ófyrirsegjanlegir. Hins vegar bendir Chafe á (1976:35) að liðir sem settir eru í brennidepil (og látnir fá áherslu) vegna andstæðu við aðra hugsanlega möguleika þurfi ekki að vera nýjar upplýsingar í þeirri merkingu sem hann leggur í hugtakið (sjá 5.1.1.2).

### 5.1.2 Samspil ummyndana og upplýsingagildis

#### 5.1.2.1 Þrjú svið málsins

Margir sem annars leggja litla áherslu á fúnksjónalisma í setningafræði grípa stundum til einhverra af þeim hugtökum sem hér hafa verið nefnd. Það virðist þó oft nokkuð tilviljanakennt; og Pragarmenn hafa oft lagt áherslu á að skoða verði mismunandi svið málsins hvert út af fyrir sig. Þannig segir Danen (1964:225):

It appears that much confusion in the discussions of syntactic problems could be avoided if elements and rules of three different levels were distinguished. The respective levels are:

(1) level of the **grammatical** structure of sentence

(2) level of the **semantic** structure of sentence

(3) level of the **organization of utterance**

Með (1) er átt við formleg vensl eins og frumlags- og andlagsvensl; (2) vísar til merkingarlegra hugtaka eins og gerandi og þolandi; en (3) til hugtaka eins og tema, rema o.s.frv. Danen (1964:225) gagnrýnir t.a.m. Chomsky fyrir að rugla þessum mismunandi sviðum saman.

Sem dæmi um hvernig samspil sviðanna getur verið mismunandi milli mála má nefna skrif Mathesius (1964, sjá einnig Vachek 1966:88-95, Sgall 1967:203-204) um mun tékknesku og ensku. Hann telur ljóst að í báðum málum gildi sú regla að tema skuli koma á undan rema; en málin beita mismunandi aðferðum til að ná þessari dreifingu. Tékkneska hefur mjög frjálsa röð á málfræðilega sviðinu (1), og er ekki í neinum vandræðum með að breyta röð liðanna í samræmi við upplýsingagildi þeirra. Enska hefur aftur á móti allfasta

SVO-röð á málfræðilega sviðinu, og þolir litlar breytingar á henni. Hún verður því að beita öðrum ráðum og nota venslabreytandi reglur eins og þolmynd, sem gerir andlag germyndarsetningar að frumlagi, ef sá NI sem er frumlag í djúpgerð er ekki tema heldur rema. Við getum e.t.v. sýnt þetta mismunandi samspil sviðanna í málunum tveim á mjög einfaldaðri skýringarmynd, þar sem J,B,M tákna ákveðnar eindir á merkingarsviðinu (t.d. J = Jón, B = barði, M = Maríu), en 1,2,3 tákna upplýsingagildi liðanna við ákveðnar aðstæður (1 minnst, 3 mest):

(6)	<i>Djúp- gerð</i>	<i>Yfirborðsgerð</i>	
		<i>Tékkneska</i>	<i>Enska</i>
<i>Málfræðilegt svið</i>	SVO	OVS	SVO
<i>Merkingarsvið</i>	JBM	MBJ	MBJ
<i>Upplýsingasvið</i>	321	123	123

Í djúpgerðinni er röð liðanna þannig háttáð að dreifing upplýsingagildis er „öfug“; sá liður sem hefur mest upplýsingagildi er fremst, en sá sem minnstar upplýsingar flytur aftast. Til að lagfæra þetta er röð liðanna breytt, og vegna þess hve tékkneska hefur frjálsa röð á málfræðilega sviðinu breytast vensl þeirra við sögnina ekki við það; útkoman verður því OVS-röð á yfirborði. En enska með sína föstu SVO-röð verður um leið að breyta venslum liðanna við sögnina á málfræðilega sviðinu. Frumlagið heldur því áfram að vera fremst þar; en nýr liður tekur við frumlagshlutverkinu í þolmynd.

Íslenska stendur trúlega þarna einhvers staðar á milli. Þolmynd er t.d. algeng,<sup>130</sup> en einnig er mikið um afbrigði frá SVO-röð sem ekki breyta venslum; færslur bæði til hægri og vinstri, eins og fjallað hefur verið um í undanfarandi köflum. En þetta er nefnt hér til að sýna að þeir kraftar sem eru til umræðu í þessum kafla koma víðar við sögu en í þeim færslum.

### 5.1.2.2 Samræmast ummyndanir fúnksjónalisma?

Nú er mál til komið að svara spurningunni sem borin var fram í inngangi um hvernig fúnksjónalismi og ummyndanir samræmdust. Hvernig koma ummyndanir inn í þá mynd sem dregin var upp í kaflanum hér á undan?

Einn möguleiki er auðvitað sá að ummyndanir séu háðar atriðum eins og upplýsingagildi liðanna sem þær færa. Þannig eru flestar ummyndanirnar í 3. og 4. kafla raunar í hefðbundnum uppsetningum; þótt reynt sé að tengja skilyrðingar þeirra ýmsum formlegum atriðum var sýnt fram á í 3.2 og 4.4 að það væri ekki hægt, a.m.k. ekki svo ótvírætt sé. Einnig má benda á að margar ummyndanir hjá t.d. Jóni Gunnarssyni (1973) eru háðar einhverjum skilyrðum um merkingu, áherslu o.þ.u.l.

Annar möguleiki er svo að ummyndanirnar sjálfar séu óháðar öðru en setningafræðilegum atriðum, en síðan séu ákveðnar túlkunarreglur sem menn beiti á setningar sem ákvarði hvar liðir megi standa í yfirborðsgerð svo og hvernig staðan hafi áhrif á þær hugmyndir sem viðtakandi gerir sér um upplýsingagildið. Þessi seinni möguleiki er í meginatriðum hliðstæður því sem Chomsky gerir ráð fyrir í síðari ritum sínum (t.d. 1980, 1981).

En til að svara spurningunni frekar má líka vitna í Kuno (1980:117-118):

<sup>130</sup> Levin (1981:57) segir reyndar: „Passives are not used very often in Icelandic [...]“, og veit ég ekki hvaðan hún hefur það. En auðvitað er matsatriði hvað er algengt.

Functional syntax is, in principle, independent of various current models of grammar such as (standard, extended standard, and revised extended standard) theories of generative grammar, relational grammar, case grammar, tagmemics, and so on. Each theory of grammar must have a place or places where various functional constraints on the well-formedness of sentences or sequences of sentences can be stated, and each theory of grammar can benefit from utilizing a functional perspective in analysis of concrete syntactic phenomena. Therefore, in theory, there is no conflict between functional syntax and, say, the revised extended standard theory of generative grammar. Given a linguistic process that is governed purely by syntactic factors, this process will be described in the syntactic component of grammar both by pure syntacticians and by functional syntacticians. On the other hand, given a linguistic process that is governed by both syntactic and, say, discourse factors, the syntactic aspect will be formulated in the syntactic component, while discourse factors that interact with this syntactic characterization will be described in, say, the discourse component of grammar. Pure syntacticians would concentrate on the former characterization, and functional syntacticians, on the latter. There need not be any disagreement between the two.

### 5.1.3 Niðurstöður

Helstu niðurstöður þessa kafla eru að algengt sé í málum að upplýsingagildi liða hafi áhrif á röð þeirra. Um þetta hafa spunnist mikil fræði, sem erfitt er að fjalla um vegna mismunandi hugtakanotkunar; kynning þeirra hér á undan var því mjög yfirborðsleg, og aðeins tekið með það sem nauðsynlegast þótti fyrir kaflann í heild. Um nánari fróðleik vísast til rita sem nefnd hafa verið hér á undan, svo og til Danen (ritstj.) (1974). Tengdar þessu eru svo greiningar á stærri heildum en setningum, s.s. samtalsgreining (discourse analysis), sjá t.d. Grimes (1975), Givón (ritstj.) (1979), og textamálfræði (text linguistics), sem liggur eiginlega á mörkum málfræði og stílfræði; sjá t.d. de Beaugrande & Dressler (1981). En við skulum láta þessa mjög svo lauslegu umfjöllun um upplýsingagildi og ýmis hugtök sem tengjast því nægja, en snúa okkur að því að taka nokkur dæmi úr íslensku þar sem þessi atriði virðast skipta máli.

## 5.2 Hlutverk vinstri færslna og hömlur á þeim

Í þessum kafla verður litið á vinstri færslurnar í ljósi yfirlitsins í 5.1. Í fyrri hluta kaflans (5.2.1) er hlutverk eða tilgangur færslanna athugað lauslega; fyrst hvað varðar KJF NI (5.2.1.1), þá KJF AI (5.2.1.2), og síðan STH (5.2.1.3). Sýnt er að hlutverk þeirrar fyrstnefndu er einkum að skapa andstæðu eða gera ákveðinn NI að tema setningarinnar; þeirrar næstu einkum að skapa svið setningarinnar og tengja hana við undanfarandi texta; en hlutverk STH er e.t.v. einkum setningafræðilegs eðlis, þótt mörkin séu hvergi skýr.

Í seinni hluta kaflans (5.2.2) er litið á ýmsar hömlur á vinstri færslum. Drepið er á hömlur Ross (1967) og fúnksjónalískar skýringar á þeim (5.2.2.1); síðan athuguð færsla úr aukasetningum þar sem KJF hefur verið beitt (5.2.2.2), og að lokum færsla FI út úr NI og NI út úr FI (5.2.2.3). Niðurstöður eru svo dregnar saman (5.2.3).

### 5.2.1 Hlutverk

### 5.2.1.1 KJF NI

Þegar aðrir setningarliðir en frumlag eða sögn eru hafðir fremst í setningu, þá „Er það oftast gert til áherzlu eða tilbreytingar“, segir Jakob Jóh. Smári (1920:249). Höskuldur Þráinsson er á svipuðum nótum, er hann segir (1979:65):

It seems that Top[icalization] in Icelandic can play two slightly different roles. The most common function is probably the contrastive one, which is normally accompanied by a special stress and intonation pattern [...] It appears, however, that the topicalized element need not always be contrastive but can simply function as the theme of the sentence, in which case we get a neutral intonation [...].

Ég er ekki viss um að hér sé í raun og veru um tvö mismunandi hlutverk að ræða; ég held að mismunandi tónfall komi setningafræðinni ekki við. KJF NI virðist alltaf krefjast þess að sá NI sem er færður fremst sé (eða verði) tema setningarinnar (sbr. Höskuldur Þráinsson 1979:64-65). Þó að notuð sé sérstök áhersla, eins og í (7), þarf ekki endilega að vera um andstæðu að ræða; a.m.k. er ekki nauðsynlegt að neinn annar kostur sé nefndur:

(7) ÞESSUM hring lofaði Ólafur Maríu

Og þótt engin sérstök áhersla sé á *þessum* í (7) er andstæða vel hugsanleg. Hitt er annað að sennilega búast menn frekar við einhverju framhaldi ef notuð er sérstök áhersla en ef svo er ekki.<sup>131</sup>

Auk þess að vera tema setningarinnar í merkingunni „það sem hún er um“ hefur NI sem er færður fremst mjög oft það hlutverk að tengja setninguna fastari böndum við undanfarandi texta (sbr. Chafe 1976:49); þar er því oft um að ræða persónu- eða ábendingarfornöfn (sbr. Kirkwood 1969:90). Oft er talið að aðeins sé hægt að beita KJF á liði sem þegar hefur verið minnst á; „already established discourse topics“, sjá Höskuldur Þráinsson (1979:64, sbr. Steele 1975:239, Stockwell 1977:76). Þess vegna er KJF yfirleitt ekki beitt á óákveðna NI (sbr. Höskuldur Þráinsson 1979: 65, Maling 1980:191); þeir NI sem þegar hefur verið talað um eru yfirleitt af sjálfu sér ákveðnir. Ég get hins vegar ekki fallist á það sem Höskuldur Þráinsson (1979:65) segir að ef óákveðinn NI sé færður fremst verði að vera um andstæðu að ræða; ég held að þörfin fyrir andstæðu þar sé ekkert meiri en með ákveðna NI. Dæmi Höskuldar:

(8) Glæpamann sá María í gær

(sem hann telur verða að fela í sér andstæðu) er nefnilega ógilt, því að *glæpamann* er þarna merkingarlega ákveðið, þótt það sé án greinis. Greini er ekki hægt að nota af því að ekki er vísað til **þekkt**s glæpamanns. En hugsum okkur eftirfarandi samtal:

---

<sup>131</sup> Hér má benda á að Greenberg segir (1966:103-104): „In general the initial position is the emphatic one, and while there are other methods of emphasis (e.g., stress), the initial position always seems to be left free so that an element to which attention is directed may come first.“ Og Kossuth segir (1978b:40 nm.): „Here topicalization is used to refer to marked topicalization, the alteration of a sentence part for the sake of emphasis [...].“

(9) A Sá María virkilega glæpamann í bænum í gær?

B Jaá! Glæpamann sá hún svo sannarlega. Hann var að laumast með kúbein bak við skartgripaverslunina ...

Ég fæ ekki séð að hér sé um neina andstæðumerkingu að ræða. En ástæðan fyrir því að mönnum finnst setningar þar sem óákveðnir NI hafa verið færðir fremst oft hæpnar er væntanlega sú, að erfiðara er að hugsa sér aðstæður þar sem slík færsla á við (sbr. t.d. Kuno 1980:124-125 og Lakoff 1971 um svipuð atriði). Það eru mun afmarkaðri kringumstæður þar sem óákveðnir NI geta verið „gamlir“.

En það er reyndar ekki algilt að NI færður fremst verði að vera „already established discourse topic“. Hitt mun sönnu nær að þeir verði að vera „gamlir“ í merkingu Chafe (1976:30), sem vitnað var í hér á undan (í 5.1.1.2); þ.e. mælandinn gerir ráð fyrir að það sem liðurinn vísar til sé í huga viðmælandans. Lítum t.d. á (7). Það er ekki nauðsynlegt að hringurinn hafi verið til umræðu; nóg er að einhver haldi honum á loft og segi (7). Þetta er hliðstætt við það sem Hankamer & Sag (1976:391) nefna „pragmatically controlled anaphora“, þar sem vísun til ytri aðstæðna kemur í stað vísunar í undanfarandi texta (sbr. líka Chafe 1974:123, 1976:31-32; Höskuldur Þráinsson 1979:126, 13. nmgr.).

#### 5.2.1.2 KJF A1

Í 3.1.1 var talið að KJF væri sama reglan frá setningafræðilegu sjónarmiði hvaða liði sem hún færði; en er hlutverk færslu mismunandi liða hið sama?

[...] the function of Topicalization in Icelandic is not to create new topics but rather to give an already established discourse topic a prominent position in the sentence [...]

segir Höskuldur Þráinsson (1979:64), og telur að það sé

[...] fairly clear that Top[icalization] is quite strange as an out-of-the-blue discourse starter [...].

Þetta er rétt hvað varðar færslu NI; en þegar kemur að færslu A1 fremst lítur dæmið öðruvísi út. Færsla þeirra fremst gegnir oft því hlutverki að skapa setningunni svið í tíma eða rúmi (sbr. t.d. Sgall, Haji<sup>2</sup>ová & Benenová 1973:19-20; Kirkwood 1969:92, 94 nm., o.v.; Kuno 1980:130-131; sbr. líka Chafe 1976:50). Dæmi:

(10) Um daginn var fjöldi handrita sendur til Ameríku

(11) Í Árnagarði situr fjöldi málfræðinga og skrifar lærðar ritgerðir

Slíkar setningar þurfa ekki undanfarandi texta eða samtal, og liðurinn sem færður er krefst engrar sérstakrar áherslu — og raunar verður setningin oft óeðlileg ef hann fær áherslu.

Tíðar- og staðaratviksliðir virðast geta staðið fremst í setningu í öllum málum (sbr. Greenberg 1966:104), og þurfa ekki að vera „gamlir“; e.t.v. á áðurnefnd skilgreining Hallidays (1970:161) best við þá, að þeir séu „the peg on which the message is hung“. Þessu

skyld er KJF ýmissa ao. sem vísa til undanfarandi samtals eða texta; „deiktískra“<sup>132</sup> orða (sbr. Kossuth 1974:26-27) s.s. *nú, þá, svo; þar, þangað, hérna, hédan*; einnig færsla A1 sem sýna að það sem setningin segir frá sé á einhvern hátt framhald eða afleiðing þess sem á undan er sagt; *því, þess vegna, af þeim sökum* o.s.frv. Þessar færslur gegna fyrst og fremst tengihlutverki, telur Barry (1975:7); sbr. líka Kirkwood (1969:89), sem segir:

The sentence opening need not be the bearer of the lowest communicative value. It may be communicatively important in that it links the utterance with the context and forms the basis of the new communicative act.

Sumar slíkar færslur tengja setninguna við ákveðinn ytri stað eða tíma, en aðrar tengja hana við stað eða tíma setningarinnar á undan. Nokkuð annars eðlis eru svo færslur ao. sem standa sem ákvæðisorð með lo. eða A1:

(12) Seint kom ég hingað [A1 \_\_ í gær]

(13) Óskaplega er hann [Sf \_\_ stór]

Hér má segja að hlutverk færslunnar sé að auka vægi ákvæðisorðsins með því að setja það niður á óvanalegum stað, fremst í setningunni. Oft er talið að liðir sem eru slitnir úr sínu eðlilega samhengi fái frekar áherslu (Barry 1975:7), og menn taki þ.a.l. betur eftir þeim.

### 5.2.1.3 Hlutverk STH

En hvað á að segja um færslu þeirra liða sem Maling (1980) gerir ráð fyrir að STH færi? Þar sem um er að ræða færslu lh. og agna fremst, eins og í (14) og (15), er oft erfitt að sjá að tilgangurinn geti verið sviðsetning eða sköpun andstæðu; og slíkir liðir geta tæplega verið temu:

(14) Verðbólgan er meiri en verið hefur \_\_ undanfarin ár

(15) Fundurinn sem fram fór \_\_ í gær var leiðinlegur

Maling (1980:175-176) heldur því fram að hér liggja setningafræðilegar ástæður að baki, en ekki fúnksjónalískar:

[...] this kind of inversion can [...] be viewed as a generalization of V/2 to clauses that would otherwise begin with the finite verb.

En það þarf ekki að vera munur á KJF og STH að þessu leyti. KJF getur oft gegnt því

---

<sup>132</sup> Til útskýringar á því hvað átt sé við með þessu má vitna í Lyons (1977: 637): „By deixis is meant the location and identification of persons, objects, events, processes and activities being talked about, or referred to, in relation to the spatiotemporal context created and sustained by the act of utterance and the participation in it, typically, of a single speaker and at least one addressee.“ „Deiktísk“ orð eru þá þau sem tengja setninguna við stað, tíma, atburði, eða vísa til einhvers sem áður hefur verið nefnt.

hlutverki líka að fylla frumlagseyður (sjá 4.4.2.4); og eins og sýnt var fram á í 3.2.3.3 er KJF oft vond í aukasetningum án frumlagseyðu, rétt eins og STH. Mér sýnist að þar skipti máli hvort hinn færði liður geti verið tema setningarinnar. Berum saman (16) og (17) (sbr. Kuno 1980:130-131):

(16) ?Ég veit [S' að í Reykjavík býr Jón \_\_\_]

(17) Ég veit [S' að í Reykjavík liður Jóni vel \_\_\_]

Í *Reykjavík* er miklu frekar tema eða svið setningarinnar í (17) en (16). (16) er eiginlega um Jón, en (17) frekar um Reykjavík; og þess vegna er færsla Al fremst eðlilegri í (17). Það má því álykta sem svo að sá munur sem Maling (1980) telur vera á KJF og STH hvað varðar frumlagseyðu stafí af því, að af **merkingarlegum** ástæðum eru lo., lh.þt. og agnir miklu síður temu setninga en N1 og Al.<sup>133</sup>

Auk þess er ekki alltaf hægt að skýra færslu lo., lh.þt. og agna fram fyrir sögn sem aðferð til að koma í veg fyrir brot á V/2 reglunni, eins og Maling (1980:175-176) gerir; því að þessir liðir eru oft færðir fram fyrir þar sem sögnin mætti koma fremst, eins og í (15). Ég veit ekki hvaða „hlutverk“ færsla hefur í slíkum tilvikum (og hver segir raunar að allar færslur þurfi að hafa eitthvert ákveðið hlutverk?); en það er ljóst að ýmiss konar afbrigði frá djúppgerðarorðaröð eru auðveldari þegar einhver eyða er í setningunni (sbr. líka Kossuth 1978b:41-42; Halldór Ármann Sigurðsson 1982:13-14).

## 5.2.2. Hömlur

### 5.2.2.1 Hömlur Ross

Í 3.1.1.2 kom fram að KJF gæti flutt liði upp úr undirskipaðri setningu í yfirskipaða. Þetta er þó ýmsum takmörkunum háð; ekki er sama hvaða stöðu liðurinn sem fluttur er hefur í hríslunni. Þekktustu athugun á hömlum á færslum úr ákveðnum formgerðum gerði Ross (1967). Hann setti m.a. fram „The Complex Noun Phrase Constraint“ (1967:70), sem bannar færslu úr S' í (18), sbr. (20); og „The Coordinate Structure Constraint“ (1967:89), sem bannar færslu N12 og N13 (og líka færslu út úr þeim) í (19), sbr. (21):

(18) N1

(19) N11

N1 S'

N12 og N13

(20) a Ég þekki [N1 [N1 manninn] [S' sem barði Guðmund] ]

---

<sup>133</sup> Hér má reyndar benda á, að ekki er nærri alltaf hægt að færa agnir fram fyrir aðalsögnina, eins og (i)-(iv) sýna:

- (i) \*Maðurinn sem upp kastar á fylliríum ...
- (ii) \*Strákurinn sem við rak í kirkjunni ...
- (iii) \*Konan sem inn leit hjá mér í gær ...
- (iv) \*Stelpan sem um litaðist ...

b \*Guðmund þekki ég manninn sem barði \_\_

- (21) a Ég sá [NI [NI Svein og [NI Guðmund] ]  
b \*Guðmund sá ég Svein og \_\_

Eins og (20)-(21) sýna virðast þessar hömlur gilda í íslensku; sjá nánar Maling & Zaenen (1982). Þó er þar ekki allt á hreinu.

Ross (1967) lét nægja að setja hömlur sínar fram án þess að leita skýringa á þeim. Margir hafa hins vegar orðið til þess (sjá yfirlit hjá Newmeyer 1980:179-180). Flestar hafa þær skýringar verið setningafræðilegar (sjá t.d. Chomsky 1973, Cattell 1976); en einnig hafa menn talið að á þessum hömlum væru merkingarlegar skýringar. Kuno (1976:420) telur að skýringanna sé oft að leita í broti á „*The Thematic Constraint on Relative Clauses: A relative clause must be a statement about its head noun*“ (sbr. líka Kuno 1980:122; Cole, Harbert, Sridhar, Hashimoto, Nelson & Smietana 1977:29). Þetta á að skýra hvers vegna (20)b er vond; hún er ekki **um** *Guðmund*, heldur um *manninn*, þ.e. hann er tema; skilyrði Kunos er því brotið. Svipuð ástæða er fyrir því að (21)b er vond; *Sveinn* getur ekki verið tema setningarinnar, því að hún er ekki **um** *Svein*, heldur *Svein og Guðmund* (sjá nánar Kuno 1976:419-427). Kuno heldur því fram (1976:425) að hömlur Ross séu ekki setningafræðilegs eðlis; það sem skipti máli sé hvort hugsanlegt sé að telja NI sem er færður úr formgerðum á við (18) og (19) vera tema setningarinnar.

Það virðist vera hægt að finna atriði sem bendi í þessa átt í íslensku. Zaenen (1980:225, 3. nmgr.) og Maling & Zaenen (1982:277, 6. nmgr.) segja að einstaka maður viðurkenni setningar á við (22)b:

- (22) a Ég þekki [NI [NI engan] [S' sem drekkur kaffi] ]  
b ??Kaffi þekki ég engan sem drekkur \_\_

Þótt (22)b sé hæpin finnst mér hún verulega skárri en (20)b. Formgerðin virðist þó vera hin sama; en hins vegar er hægt að líta á *kaffi* sem tema setningarinnar í (22), a.m.k. miklu frekar en *Guðmund* í (20). En við þetta er erfitt að fást, enda dómar manna um setningar á við (22)b mjög áreiki.

#### 5.2.2.2 Færsla úr setningum með KJF

Zaenen (1980:224-225, 2. nmgr.) bendir á að hugsanlegt sé að finna hliðstæðar skýringar og þær sem drepíð var á í 5.2.2.1 á því að yfirleitt er hægt að færa liði upp úr aukasetningu þar sem spurnarfærslu hefur verið beitt, en ekki upp úr setningu með KJF (sbr. Zaenen 1980:40, 131, 138; sjá líka Maling 1978). Zaenen sýnir þennan mun með setningum eins og (23) (1980:133) og (24) (1980:138):

- (23) a Þú getur aldrei ímyndað þér [S' ég gaf þessum krakka hvaða gjöf]  
b Þú getur aldrei ímyndað þér [S' hvaða gjöf ég gaf þessum krakka \_\_]  
c Þessum krakka getur þú aldrei ímyndað þér hvaða gjöf ég gaf \_\_ \_\_
- (24) a Ég held [S' að Ólafur eigi vodka í ísskápnum]  
b Ég held [S' að vodka eigi Ólafur \_\_ í ísskápnum]  
c \*Í ísskápnum held ég að vodka eigi Ólafur \_\_ \_\_



Um þetta segir Zaenen (1980:225, 2. nmgr.):

[...] *wh*-elements are often often [svo] secondary themes whereas topics and heads of relatives are primary themes (most likely this has to be related to the fact that *wh*-elements are indefinite and non-referential whereas topics and relative heads are typically definite and referential) and that one can only extract a primary theme over a secondary one, but not *vice versa*. Extraction of a theme over another one of equal importance is also difficult.

Ef það sem þarna skiptir máli er hvort fært er yfir tema eða ekki mætti búast við að setningar á við (24)c gætu verið í lagi ef liðurinn sem færður er fremst í aukasetningunni væri ekki tema (eða a.m.k. ekki „primary theme“), heldur væri sá sem er færður upp í aðalsetninguna tema allrar setningarinnar. Og það reynist rétt; þetta kemur einkum fram þar sem ýmis ao. eru flutt fremst í aukasetninguna:

(25) *Guðmundur* sagði hann [S' að *oft* \_\_ hefði komið hingað \_\_]

(26) *Í gær* held ég [S' að *þar* hafi verið slegist \_\_ \_\_]

En einnig er hægt að færa yfir NI sem ekki er hægt að túlka sem temu:

(27) *Þessar bækur* hélt ég [S' að *þér* myndi ekki lána \_\_ \_\_ nokkur maður með viti]

(28) *Þessa sögu* vona ég [S' að *Jóni* segi Hreinn ekki \_\_ \_\_]

Ef sú fullyrðing Zaenen (1980:40, 138) stæðist að ekki sé hægt að færa upp úr setningum þar sem KJF hefur verið beitt, mætti segja að komin væri ástæða til að gera **setningafræðilegan** mun á KJF og STH; það er nefnilega allt í lagi að færa upp úr setningum með STH, sbr. (29):

- (29) a Ég veit [S' að er ekið vinstra megin í Ástralíu]  
b Ég veit [S' að *ekið* er \_\_ vinstra megin í Ástralíu]  
c *Í Ástralíu* veit ég [S' að *ekið* er \_\_ vinstra megin \_\_]

En nú sýna (25)-(28) að áður nefnd fullyrðing Zaenen stenst ekki. Setningar með STH eiga líka yfirleitt það sameiginlegt með setningum á við (25)-(28), að sá liður sem STH færir fremst getur tæpast verið tema í merkingunni „það sem setningin er um“; (29)c er greinilega um Ástralíu. Þetta styrkir því þá niðurstöðu 3.2.3 að munur KJF og STH sé ekki setningafræðilegur; og bendir jafnframt til að munarins sé að leita í mismunandi hlutverkum sem færðir liðir gegna.

### 5.2.2.3 Færsla Fl út úr NI og NI út úr Fl

Færsla Fl út úr samsettum NI er ýmist góð eða vond, og oft erfitt að átta sig á hvað muninum veldur. Maling & Zaenen (1982:234) taka dæmi svipuð (30)-(31) um þetta:

(30) a Palli skrifaði bók um Svein

b Um Svein skrifaði Palli bók

- (31) a Palli eyðilagði bók um Svein  
b \*Um Svein eyðilagði Palli bók

Maling & Zaenen (1982:234-235) telja raunar freistandi að gera ekki ráð fyrir færslu út úr NI, heldur að bæði NI og FI séu sjálfstæðir stofnhlutar (væntanlega í sagnlið); „especially since we have been unable to find any clear examples of extractions out of subject NP's, the only case where such a reanalysis would be impossible“. En slík dæmi eru þó auðfundin:

- (32) a Ég vona [S' að [NI góður ritdómur um þessa bók] verði birtur fljótlega  
b Um þessa bók vona ég að góður ritdómur verði birtur fljótlega

Í (32)a hlýtur *góður ritdómur um þessa bók* að vera einn liður, annars væri um að ræða brot á V/2 reglunni margnefndu. Því hlýtur FI að vera færður út úr NI í (32)b, og þá ekkert því til fyrirstöðu að gera ráð fyrir að svo sé einnig í (30)b. En hvað veldur muninum á (30)b og (31)b?

Hugsanlegt væri að gera ráð fyrir að mismunandi formgerð lægi að baki (sjá Zaenen 1980:209-211, sem gerir grein fyrir hugmyndum um slíkt); en röksemdir fyrir slíkum mun virðast ekki sannfærandi, auk þess sem *um bókina* hlýtur alltaf að vera FI, sem ætti þá að vera hægt að færa af formgerðarlegum ástæðum.

En lítum á hlutverk forsetningarliðanna í (30) og (31). Það er miklu auðveldara að hugsa sér að *um Svein* sé tema í (30)b en í (31)b; það er hægt að segja að (30)b fjalli á einhvern hátt **um Svein**, en slíkt er mjög hæpið að segja um (31)b. Guéron (1980:639) nefnir einmitt dæmi um vinstri færslu FI sem sé útilokuð af því að viðkomandi FI „is not a suitable Topic for the S[entence] [...]“.

Í 4.1.4.2 var bent á að ekki er hægt að færa FI til hægri frá NI sem hefur ákveðinn greini. En ekki er heldur hægt að færa FI til vinstri í slíkum tilvikum; athugið muninn á (32) og (33):

- (33) a Ritdómurinn um bókina birtist nýlega  
b \*Um bókina birtist ritdómurinn nýlega

Í (33) er *ritdómurinn* tema, eins og ákveðni greinirinn bendir til; setningin er **um ritdóminn**. Í (32)b er það hins vegar *bókin* sem er tema setningarinnar, og má því standa fremst.

Á svipaðan hátt virðist mega gera grein fyrir hvenær hægt er að færa NI út úr FI og skilja fs. eftir, og hvenær verður að flytja FI í heild. Oft er hvort tveggja hægt:

- (34) a Enginn talar um þennan atburð  
b Um þennan atburð talar enginn \_\_\_  
c Þennan atburð talar enginn um \_\_\_

En oft er aðeins hægt að færa FI í heild, en ekki NI út úr honum:

- (35) a Jón kom um kvöldið  
b Um kvöldið kom Jón \_\_\_  
c \*Kvöldið kom Jón um \_\_\_

(35)c er vond; þó er þar um að ræða sömu fs. og í (34)c, sem er góð. Hvað veldur þessum mun setninganna? Zaenen (1980:27) drepur á þetta vandamál, en fer ekkert út í það.

En einnig hér virðist temað skipta máli. *Kvöldið* er ekki tema (35)c; setningin er ekki **um kvöldið**, heldur um „um kvöldið“. M.ö.o. er það Fl í **heild** sem er tema.

Það má líka benda á að *tala um* myndar á einhvern hátt merkingarlega heild, sem *koma um* gerir ekki (sbr. Zaenen 1980:254); og er ekki ólíklegt að það hafi líka sitt að segja í þessu sambandi.

### 5.2.3 Niðurstöður

Helstu niðurstöður þessa kafla eru að hlutverk vinstri færslna séu einkum ferns konar: Að gera ákveðinn lið að tema setningar; að skapa setningu svið í tíma eða rúmi; að tengja setninguna við undanfarandi texta (milli þessara þriggja er raunar mjög erfitt að draga skýr mörk); og að lokum einhvers konar setningafræðilegt hlutverk (til að fullnægja V/2-reglunni).

Einnig kom í ljós að ýmsar hömlur á færslum er hugsanlegt að skýra með tilvísun til fúnksjónalískra hugtaka; meginatriðið virðist vera það að liður sem er færður fremst (a.m.k. úr ákveðnum formgerðum) verður að geta verið tema setningarinnar.

## 5.3 Hlutverk hægri færslna og hömlur á þeim

Í þessum kafla verða tekin fyrir nokkur atriði varðandi hægri færslurnar, og athugað hvernig hugtökin úr 5.1 komi þar að gagni. Í fyrri hluta kaflans (5.3.1) er hlutverk færslanna athugað. Sýnd eru dæmi um frestun ákveðinna liða (5.3.1.1), krafan um óákveðni sem skilyrði fyrir frestun tekin fyrir (5.3.1.2), og sýnt að upplýsingagildi er það sem skiptir máli, en ekki formleg einkenni (5.3.1.3); einnig er sýnt fram á að sennilega liggi sömu ástæður að baki FPNL og FF (5.3.1.4).

Seinni hluti kaflans (5.3.2) fjallar um hömlur á færslum. Litið er á almennar setningafræðilegar hömlur (5.3.2.1) og hömlur sem varða upplýsingagildi færðra liða og hvenær það getur komið í staðinn (5.3.2.2). Niðurstöður eru svo dregnar saman (5.3.3).

### 5.3.1 Hlutverk

#### 5.3.1.1 Frestun ákveðinna liða

Í 4.4.2.2 var sýnt fram á að stundum væri hægt að flytja frumlagnafnið lengra aftur í setninguna en næst aftur fyrir sögnina, enda þótt hann væri formlega ákveðinn og ekki þungur.<sup>134</sup> Vanalega er talið að UFS flytji liði næst aftur fyrir sögnina, FPNL flytji aðeins „þunga“ NI og FÓF aðeins „óákveðna“ NI. Frestun frumlagsins í (36)-(38) fellur því ekki undir neina þessara reglna:

(36) Það var troðfullur salurinn þegar Pungó og Daisy hófu leik sinn

---

<sup>134</sup> Sumir drepa raunar á þetta; þannig segist Levin (1981:48 nm.) „have been informed by Annie Zaenen that definite subjects can undergo indefinite subject postposing under some pragmatically determined circumstances“.

(37) Það eru komnir allir strákarnir í götunni

(38) Það ætlaði aldrei að verða búin rigningin

Verðum við að búa til sérstaka reglu fyrir þessa færslu? Það er auðvitað hugsanlegt, en sá möguleiki var talinn ófýsilegur í 4.4.4, enda var því hafnað þar að setningafræðilegar ástæður greindu hægri færslurnar sundur. Því er rétt að leita annarra leiða til að skýra hvenær færslur á við (36)-(38) eiga við. Það liggur heldur ekki í augum uppi hver hin setningafræðilega skilyrðing færslunnar í þessum setningum gæti verið.

Til að átta sig á skilyrðingu færslunnar í (36)-(38) er nauðsynlegt að taka eitthvert eitt atriði sem talið hefur verið skilyrða færslur út úr og beina athyglinni að því. Við skulum því til bráðabirgða (þrátt fyrir umfjöllunina í 4.4) slá því föstu að UFS geti ekki verið hér á ferðum, því að hún færi liði bara næst aftur fyrir sögnina. Frumlögin í (36)-(38) geta heldur ekki kallast sérlega þung, <sup>135</sup> þannig að hæpið er að gera ráð fyrir FPNL þar. Beinum því athyglinni að kröfunni um óákveðni.

### 5.3.1.2 Krafan um óákveðni

Sjaldnast er skilgreint hvað átt sé við með ákveðnum lið (sbr. 13. neðanmálsgrein í 4. kafla). Þó má ráða af grein Maling (1980) að hún eigi við nafnorð með greini, persónuformöfn og sérnöfn (sbr. einnig Levin 1981:46-48). Vafamál er hvort þau mynda einn samstæðan flokk sem setningafræðilegar reglur geti vísað til; en við skulum þó gera ráð fyrir því hér að einhver formleg einkenni greini þau frá óákveðnum liðum, sem eru nafnorð án greinis.

Hvort hægt er að einangra FÓF setningafræðilega byggist á því, að algjör samsvörun sé milli hinna **merkingarlegu** þátta ákveðið — óákveðið og hinna **formlegu** þátta greinir — greinisleysi. Ef við skilgreinum ákveðið — óákveðið út frá formlegum einkennum, eins og hér að framan, leiðir það af sjálfu sér að sú samsvörun er fyrir hendi.

En lítum aðeins á af hverju liðir fá ákveðinn greini. Yfirleitt er það vegna þess að undanfarandi texti eða samtal, eða ytri aðstæður, gera ótvírætt við hvað er átt (sbr. Chafe 1976:39). Ákveðni greinirinn er m.ö.o. formlegt einkenni til að sýna, að mælandinn gerir ráð fyrir að viðtakandinn skilji við hvað er átt.

En samsvörunin milli notkunar ákveðins greinis annars vegar og merkingarlegrar afturvísunar hins vegar er langt frá því að vera algjör (sbr. Chafe 1976:42-43). Í íslensku er stundum ekki notaður greinir þótt um sé að ræða NI sem er afturvísandi (sbr. Kossuth 1981; Jakob Jóh. Smári 1920:45); og stundum er greinir notaður þótt ekki sé um afturvísun að ræða jafnvel þar sem notkun hans virðist vera hreint formsatriði (sbr. Kristján Árnason 1981:171). Berum nú saman (37) og (39):

(39) ?\*Það eru komnir strákarnir

(39) er ótæk, eða a.m.k. mun verri en (37). Af hverju?

Munur setninganna felst í því, að hér fylgir engin útskýring á því um hvaða stráka sé að

---

<sup>135</sup> Í þessu sambandi má minna á það sem getið var í 4.4.3.1, að Postal (1974: 83) tekur setningar á við (37) sem dæmi um FPNL (nema hvað dæmi hans eru um frestun andlags, þar eð hann gerir ekki ráð fyrir að reglan færi frumlög, sbr. 4.3.2).

ræða. Þess vegna verður að líta svo á, að það sé ljóst af undanfarandi samtali eða texta. En þar af leiðir að orðið *strákarnir* felur ekki í sér neinar nýjar upplýsingar þarna. Í (37) fylgir aftur á móti nánari skýring á því við hvaða stráka er átt. Fyrst slík skýring er látin fylgja, má ætla að það sé ekki augljóst út frá undanfarandi texta eða samtali hvaða stráka sé um að ræða. Því geta *strákarnir* í (37) falið í sér nýjar upplýsingar, og er þess vegna eðlilegt að koma seint í setningunni, sbr. 5.1.1. Eigi að síður er um að ræða ákveðna stráka þannig að notkun ákveðins greinis er fullkomlega eðlileg.

En hvað um (36), þar sem *salurinn* hefur ákveðinn greini? Því er til að svara að þar bjargar tíðarsetningin málinu. (40) er greinilega vond:

(40) \*Það var troðfullur salurinn

Hér fylgir engin skýring, svo að álykta verður að greinirinn sé notaður vegna þess að *salurinn* hafi verið til umræðu, og sé því ekki nýjar upplýsingar. Í (36) kemur útskýringin hins vegar með; þetta er auðvitað salurinn þar sem Pungó og Daisy spiluðu. Það er einn ákveðinn salur og því eðlilegt að nota greini; en hann þarf ekki hafa verið til umræðu áður, og því má fresta honum.

Í (38) getur *rigningin* líka verið nýjar upplýsingar. Þar er hins vegar eðlilegt að nota greini vegna þess að enginn vafi getur leikið á til hvers er vísað; ekki er um að ræða margar rigningar (sbr. líka Chafe 1976:39).

### 5.3.1.3 Upplýsingagildi í stað formsatriða

Það sem fram kom hér á undan benti til að það sem skipti máli væri ekki hin formlega ákveðni heldur hvort um nýjar upplýsingar væri að ræða. Sé það rétt, ætti það að koma í ljós þegar pfn. eru notuð. Fyrstu og annarrar persónu fornöfn geta auðvitað ekki verið „ný“ í merkingu Chafe (1976:30, sjá 5.1.1.2; sbr. Chafe 1974:113, 124; 1976:31-32). Þriðju persónu fornöfn fela líka nær alltaf í sér vísun í undanfarandi samtal eða texta eða þá til ytri aðstæðna (sbr. Hankamer & Sag 1976); en geta tæplega verið nýjar upplýsingar. Því ætti að vera ómögulegt að fresta þeim lengst aftur í setningu, og svo er:

- (41) a \*Það kom hann til mín í gær  
b \*Það kom til mín hann í gær  
c \*Það kom til mín í gær hann

Þetta er allt útilokað, en allar setningarnar yrðu góðar ef *einhver maður* væri sett í staðinn fyrir *hann*.

En undir vissum kringumstæðum er þó hægt að fresta persónufornöfnum; það er þegar nánari skýring fylgir, þannig að pfn. þarf ekki að vera afturvísandi:

(42) Það kom til mín í gær hann þarna hálfvitinn á neðri hæðinni ...

Eiginnöfn eru auðvitað merkingarlega ákveðin, þar eð þau vísa til ákveðinnar persónu; eigi að síður geta þau falið í sér nýjar upplýsingar, þannig að mögulegt ætti að vera að fresta þeim við ákveðnar aðstæður, og svo er:

(43) Það er kominn til okkar í stúdíó 4 hér á Skúlagötunni Jón Jónsson, og ætlar að segja okkur ...

Hér er verið að nefna Jón til sögunnar, og því telst hann til nýrra upplýsinga sem má fresta.

Þá má benda á, að formleg óákveðni dugar ekki alltaf til að hægt sé að fresta frumlaginu. Það gildir t.d. þegar um er að ræða svonefnda „generic“ NI, þ.e. sem eiga við ákveðna tegund í heild:

(44) \*Það eru menn dauðlegir

Hér á *menn* við mannkynið í heild; og þótt það hafi ekki verið til umræðu tilheyrir það sameiginlegum reynsluheimi viðmælenda („registry of discourse“, segja Li & Thompson 1975:175), og er því í raun og veru ekki „nýtt“. Athyglisverður er munur (44) og (45):

(45) Það eru allir menn dauðlegir

Þótt (45) merki í raun og veru það sama og (44) er munur á sjónarhorni; í (45) er eiginlega verið að tala um einstaklinga tegundarinnar, fremur en tegundina sjálfa.

Athugið líka mun (46) og (47), þar sem frumlögin eru í báðum tilvikum formlega óákveðin:

(46) Það er ráðherra á gangi fyrir framan Árnagarð

(47) ??Það er forsætisráðherra á gangi fyrir framan Árnagarð

(46) er í lagi, því að þar er tilvísunin í *ráðherra* óákveðin. Aftur á móti erum við vön að tengja *forsætisráðherra* við eina ákveðna persónu, svo að þar er í raun um merkingarlega ákveðni að ræða. (47) er því hæpin (en gæti þó gengið t.d. ef við vissum af forsætisráðherrafundi Norðurlanda í bænum).

Með því að segja að skilyrðið fyrir því að hægt sé að fresta NI sé að hann feli í sér nýjar upplýsingar, fremur en að hann sé formlega óákveðinn, erum við búin að slíta böndin milli möguleika til frestunar og ákveðinna formlegra einkenna, því að NI sem fela í sér nýjar upplýsingar eru ekki merktir formlega á ákveðinn hátt í íslensku. Þar með skýrist hvers vegna mörkin milli leyfilegrar og óleyfilegrar frestunar eru svo óljós og dómar manna um setningar með frestuðum liðum svo mismunandi. Það sem við erum að spyrja um er nefnilega í raun og veru ekki: „Getur þessi NI staðið á þessum stað í þessari setningu?“, heldur miklu fremur: „Hefur þú svo auðugt ímyndunarafl að þú getir upphugsað aðstæður þar sem upplýsingagildi þessa NI er þannig varið að hann megi standa þarna?“ (sbr. 5.2.1.1; sjá einnig Chafe 1976:41-43).

#### 5.3.1.4 Hvers vegna þyngsli?

Athugum nú FÞNL. Í 4.4 var talið að þá færslu væri ekki hægt að greina frá öðrum hægri færslum á setningafræðilegum grunni; en auðvitað getur hlutverkið verið mismunandi þrátt fyrir það. Og hvert er þá hlutverk FÞNL?

Áður er komið fram (í 4.3.1) að „þungur“ liður þýði ekki sama og „langur“; þungir liðir eru oftast samsettir úr NI+FI eða NI+S'. Og hvað felst í þessum FI eða S'? Yfirleitt einhver nánari lýsing, útskýring eða afmörkun á nafnliðnum sem er á vinstri grein hins samsetta NI:

(48) Ég mætti [NI [NI konunni] [FI í gráa húsinu] ] áðan

(49) Guðmundur bjargaði [NI [NI gamla karlinum] [S' sem býr í hrörlega kofanum við sjóinn] ] frá drukknun

En þetta þýðir að þótt NI á vinstri grein sé að forminu til ákveðinn, eins og í (48)-(49), þarf hann ekki að hafa verið nefndur í undanfarandi texta eða samtali. Skýringin á ákveðni hans kemur fram í FI/S' á hægri grein. Þungir NI geta sem sé yfirleitt falið í sér nýjar upplýsingar, og því er hægt að fresta þeim. Þar með verður líka skiljanlegra hvers vegna „flóknum“ eða samsettum liðum eins og í (48) og (49) er frekar hægt að fresta en jafn löngum liðum með „flata“ formgerð (sbr. 4.3.1); í síðarnefnda tilvikinu er einkum um að ræða hliðtengda NI, þar sem síðari liðirnir eru fremur viðbót við þann fyrsta en skýring á honum eins og þegar um NI+FI/S' er að ræða.

Niðurstaðan er því sú að ekki einasta sé útilokað að finna setningafræðilegan mun á FÓF og FÞNL, heldur sé hlutverk reglnanna einnig hið sama í stórum dráttum; sem sé að fresta nýjum upplýsingum.

En hvað er að segja um FF? Ekkert virðist því til fyrirstöðu að skýra hana á sama hátt, a.m.k. FF af hægri grein samsetts liðar. Eins og fram kom hér á undan eru liðir á hægri grein oft einhvers konar útskýring á vinstri greininni, og fela þar af leiðandi gjarna í sér nýjar upplýsingar.

Varðandi færslu setninga sem eru eini stofnhluti NI gildir hið sama, að slíkar setningar fela mjög oft í sér nýjar upplýsingar og er því eðlilegra að standa aftast í setningu en fremst. Þó er hugsanlegt að annað komi til, einkum þegar slíkar setningar eru andlög (sjá 4.3.1) eða frumlög aukasetninga (sjá Höskuldur Þráinsson 1979:99-108; Kuno 1974:129-131).

### 5.3.2 Hömlur

#### 5.3.2.1 Lendingarstaður

Það er æði erfitt að gera grein fyrir því hvar NI sem eru færðir til hægri lenda; þar spila ýmis atriði saman. Það er þó nokkuð ljóst að færður liður getur ekki lent inni í öðrum lið, heldur verður beinn stofnhluti í setningu (sbr. 2.3.1.1, 2.4). Á sama hátt er ekki heldur hægt að flytja lið til hægri úr yfirskipaðri setningu niður í undirskipaða, því að það jafngildir því að færa inn í lið. En það er reyndar ekki heldur hægt að færa úr undirskipaðri setningu til **hægri** upp í yfirskipaða (sbr. Ross 1967:162, 166).<sup>136</sup>

Í þessu sambandi má benda á að hugsanlegt er að færa frumlag aftur fyrir andlag sem hefur verið lyft með andlægru frumlagslyftingu (Subject-to-Object Raising) upp úr frumlagssæti aukasetningar:

- (50) a Einhver telur [S' að ég hafi verið ríkur]  
b \*Það telur að ég hafi einhver verið ríkur

---

<sup>136</sup> Þessi hamla hefur verið nefnd „The Right Roof Constraint“; en Gazdar (1981:176-177) telur reyndar að finna megi ýmis dæmi sem sýni að þessi hamla sé ekki algild. En dæmi hans eru ógild, því að þar er alls staðar um að ræða færslu heillar setningar en ekki liðar úr henni.

- (51) a Einhver telur mig [S' hafa verið ríkan]  
 b ?Það telur mig einhver hafa verið ríkan  
 c \*Það telur mig hafa einhver verið ríkan

Í (50)b og (51)c er frumlaginu greinilega frestað niður í undirskipaða setningu, enda eru báðar vondar. Aftur á móti eru skiptar skoðanir um hvort setningaskilin séu á undan eða eftir *mig* í (51) (sbr. Höskuldur Þráinsson 1979, 6. kafli); en (51)b virðist styðja þá greiningu Höskuldur (1979, 6. kafli) að *mig* sé komið upp í aðalsetninguna.

Það eru þannig almennar setningafræðilegar hömlur á lendingarstað frestaðs liðar. En fleira kemur til, s.s. upplýsingagildi liðanna, eins og áður hefur komið fram; lítum aðeins meira á það.

### 5.3.2.2 Upplýsingagildi færðra liða

Eins og fram kom í 5.3.1.3 lenda pfn. nær alltaf næst á eftir sögninni ef þau fara aftur fyrir hana á annað borð; en no.m.gr. og sérnöfn geta farið lengra til hægri, og má þá oft vera hvort heldur er *það* eða einhver annar liður fyrir framan sögnina í staðinn:

- (52) Það/Nú er kominn til okkar í þáttinn skipstjórinn sem vann hið frækilega björgunarafrek
- (53) Það/Í gær kom til að makka við Eggert hann Gunnar Thoroddsen

Þetta gildir ef frumlagið fer lengra til hægri en næst aftur fyrir sögnina. Ef það lendir hins vegar næst á eftir henni, er ekki hægt að nota *það* fremst (sbr. (102) í 4.4.2.3):

- (54) \*Það er skipstjórinn sem vann hið frækilega björgunarafrek kominn til okkar í þáttinn
- (55) \*Það kom hann Gunnar Thoroddsen til að makka við Eggert

Hins vegar er allt í lagi ef Nl eða Al kemur fremst. Hvað veldur þessum mun?

Þótt því hafi verið hafnað í 4.4 að UFS væri hægt að greina með **setningafræðilegum** rökum frá öðrum hægri færslum, verður að viðurkenna að samspil hennar og *það*-innskots bendir til sérstaks **hlutverks** hennar. Mér er ekki alveg ljóst hvernig því er háttað, en held að það sé eitthvað á þessa leið: Í liðum án greinis gefur formið (þ.e. greinisleysið) til kynna að þeir feli í sér nýjar upplýsingar, og þess vegna er staða þeirra í setningunni mjög frjáls; þeir geta lent næst á eftir sögn, en líka á eftir ýmsum öðrum liðum (sbr. (49) í 4.2.2.2). En á liðum með greini bendir formið til þess að þeir beri ekki nýjar upplýsingar; ef þeir gera það samt, verður að sýna það á einhvern annan hátt en með formlegum einkennum. Það er aðeins hægt að gera með því að láta þá fara lengra til hægri en næst aftur fyrir sögn; því að ef þeir eru „gamlir“, en hafa neyðst til að fara aftur fyrir sögnina vegna V/2 reglunnar, fara þeir eins stutt og mögulegt er. Nú standa ákveðnu liðirnir í (54) og (55) næst fyrir aftan sögnina; því álykta menn að þeir flytji ekki nýjar upplýsingar, heldur hafi aðeins færst aftur fyrir sögnina vegna þess að annar liður hefur verið færður fremst. En menn vita að *það* hefur ekki afl til að ýta neinum lið úr frumlagssæti, heldur er sett inn í frumlagšliðinn þegar hann hefur verið tæmdur (sbr. Maling & Zaenen 1978:490-491; Andrews 1976:6; Höskuldur



Þráinsson 1979:186, 479); og þess vegna viðurkenna menn ekki (54) og (55) sem góðar og gildar setningar.<sup>137</sup>

Þetta er allt nokkuð laust í reipunum, en mér sýnist það þó benda sterklega til að hlutverk UFS sé nokkuð sérstakt. Ég er þó enn á því að setningafræðilega séð verði hægri færslur ekki aðgreindar.

### 5.3.3 Niðurstöður

Helstu niðurstöður þessa kafla eru að það sem skipti máli varðandi frestun liða sé ekki formleg einkenni heldur upplýsingagildi; og í raun og veru sé hlutverk FF, FÓF og FÞNL hið sama, þ.e. að fresta nýjum upplýsingum. Hins vegar virðist eðlilegt að greina UFS frá hinum hvað varðar hlutverk, vegna þess að ef liðir sem eru formlega ákveðnir lenda næst aftan við sögn má það ekki koma í staðinn; það bendir til að þeir liðir færast ekki til hægri „af sjálfsdáðum“. En allt þetta þarf að kanna betur.

## 5.4 Yfirlit

Í þessum kafla hefur komið í ljós, að hugtök og aðferðir fúnksjónalískrar setningafræði eiga fullt erindi inn í umfjöllun um íslensku. Þau vísa iðulega á skýringar á atriðum sem eru illskiljanleg ef aðeins er litið á formgerð eða ýmis formleg einkenni.

Glöppurnar í þessari umfjöllun ættu þó að vera öllum ljósar. En eins og áður var tekið fram, var aldrei ætlunin að gefa neina heildstæða lýsingu, heldur aðeins dæmi. En það er jafn ljóst, að jafnvel umfjöllun um þessi dæmi er mjög ábótavant, og kann í sumum tilvikum að vera villandi. Ég þykist þó víða vera á réttri leið, og sé svo, má alltaf taka upp þráðinn.

---

<sup>137</sup> Um það-innskot og skilyrðingu þess hefur annars talsvert verið skrifað á undanförunum árum; sjá t.d. Haiman (1974:93-100), Höskuldur Þráinsson (1979), Maling (1980:184 nm., 188-190), Maling & Zaenen (1978, 1981) og Zaenen (1980:94-108, 1981). Hér skal ekki farið út í þau mál að ráði, en óhætt mun að segja að þarna sé margt á huldu um hvenær það-innskot er hugsanlegt og hvenær ekki. Ég held t.d. að það sé greinilegur munur á (i) og (ii), þótt í báðum hafi það verið skotið inn eftir FÓF í tilvísunarsetningu:

- (i) ?Þetta er stelpa sem það eru margir skotnir í \_\_
- (ii) \*Þetta er barn sem það beit hundur \_\_ í gær

Þó er í báðum tilvikum um að ræða „syntactic binding“ (sbr. Zaenen 1980:309-313, 1981), en „in binding domains það must be omitted“ (Zaenen 1981:9). Mér sýnist margt benda til að frekar sé hægt að stinga inn það í slíkum tilvikum ef það sem er eytt úr tilvísunarsetningunni er NI í FI en ef eytt er t.d. andlagi. Þetta þarfnast þó nánari athugana sem falla utan ramma þessarar ritgerðar.

## 6. Niðurstöður og lokaorð

Í þessari ritgerð hefur verið komið víða við og tæpt á mörgu, en fáum atriðum gerð ítarleg skil. Þó ætti að mega fá hér þokkalegt yfirlit yfir grundvallarorðaröð nútímaíslensku og helstu afbrigði frá henni. Hér verður að lokum litið lauslega yfir ritgerðina í heild og hvaða ályktanir megi draga af niðurstöðum hennar.

### 6.1 Niðurstöður

Í upphafi voru nefnd fimm meginatriði, sem sagt var að reynt yrði að rökstyðja. Þau skulu nú rifjuð hér upp:

- (1) Allar íslenskar setningar hafa eina og sömu röð liða í djúpperð; frumlag — sögn (— óbeint andlag) (— andlag/sagnfylling) (— atviksliðir)

Þetta atriði er tekið sérstaklega fyrir í fyrri hluta 2. kafla, en rök fyrir því er raunar að finna á við og dreif um 2., 3. og 4. kafla.

- (2) Grundvallarskipting íslenskra setninga er ekki í nafnlið og sagnlið, heldur eru sögn og andlög beinir stofnhlutar í setningu eins og frumlag

Að þessu atriði eru færð rök í seinni hluta 2. kafla.

- (3) Þegar setningarliðir standa í yfirborðsgerð í annarri röð en lýst er í (1), stafar það af verkan færsluummyndana

Rökstuðningur fyrir þessu atriði er meginefni bæði 3. og 4. kafla.

- (4) Ýmis greinarmunur sem gerður hefur verið á færslureglum í íslensku er ekki setningafræðilegur í þröngum skilningi

Síðasti hluti bæði 3. kafla (3.2) og 4. kafla (4.4) fer í rökstuðning fyrir þessu atriði.

- (5) Upplýsingagildi ákveðinna liða skiptir miklu máli varðandi það hvaða afbrigði frá orðaröðinni í (1) eru hugsanleg

Í 5. kafla er reynt að rökstyðja þetta atriði, þótt sú umfjöllun sé mjög brotakennd.

### 6.2 Yfirlit og lokaorð

Fyrstu tveir kaflar ritgerðarinnar eru lítt frumlegir inngangs- og yfirlitskaflar, að öðru leyti en því er varðar rökstuðning fyrir (2). Sama er að segja um 3. kafla, að hann er lítið frumlegur, nema helst rökin fyrir (4) í lok hans.

Hægri færslurnar, sem 4. kafli snýst um, hafa aftur á móti legið að mestu óbættar hjá garði fram að þessu (nema FF); svo að sitthvað nýtt kemur fram þegar fjallað er um þær. Hið

helsta er að bæði FÓF og FPNL verki jafnt á frumlög og andlög; að FF verki á alla liði á hægri grein samsetts liðar; að engin ástæða sé til að gera ráð fyrir sérstakri AF; svo og rök fyrir (4) í lok kaflans.

Í 5. kafla er einnig sitthvað nýtt að finna, þar eð fúnksjónalískum hugtökum hefur svo lítið verið beitt á íslenska setningafræði áður. Hið helsta er að upplýsingagildi sé oft það sem skiptir máli fyrir mögulegar frestanir, en ekki formleg ákveðni; svo og að sýnt er að hlutverk vinstri færslna er að nokkru leyti hið sama, og þó enn frekar hlutverk hægri færslna. Enn fremur var sýnt fram á að oft mætti finna fúnksjónalískar skýringar á ýmsum hömlum á færslum.

Meginályktunin sem ég vildi draga af þessum síðum varðar (4) og (5) hér á undan. Ég held að nauðsynlegt sé að losna við þann tvískinnung sem felst í hefðbundnum lýsingum ummyndananna sem fjallað er um í 3. og 4. kafla og gera annað tveggja: Að segja að færslur liða séu háðar merkingu og hlutverki, og taka þá þætti til alvarlegrar athugunar, eða þá greina mun skýrar á milli setningafræðinnar og þess sem er háð merkingu og hlutverki, og fjalla um hvort í sínu lagi. Hvorn þessara kosta við veljum skiptir e.t.v. ekki meginmáli. Ef við föllumst á annað borð á að upplýsingagildi o.þ.u.l. geti haft áhrif á orðaröð, þá er það hluti af kunnáttu málnotenda og fyrir því þarf að gera grein. Á hvora sveifina sem við höllumst verður heildarverkefni málfræðinnar jafn risavaxið.

## Ritaskrá

- Abbott, Barbara. 1976. Right Node Raising as a Test for Constituenthood. *Linguistic Inquiry* 7:639-642.
- Aissen, Judith, & Jorge Hankamer. 1972. Shifty Subjects: A Conspiracy in Syntax? *Linguistic Inquiry* 3:501-504.
- Akmajian, Adrian, Susan M. Steele & Thomas Wasow. 1979. The Category AUX in Universal Grammar. *Linguistic Inquiry* 10:1-64.
- Andersson, Anders-Börje, & Östen Dahl. 1974. Against the Penthouse Principle. *Linguistic Inquiry* 5:451-453.
- Andrews, Avery. 1973. Agreement and Deletion. Papers from the Ninth Regional Meeting [of the] Chicago Linguistic Society, bls. 23-33.
- 1976. The VP Complement Analysis in Modern Icelandic. Papers from the Sixth Meeting of the North Eastern Linguistic Society, bls. 1-21.
- 1982a. The Representation of Case in Modern Icelandic. Joan Bresnan (ritstj.): *The Mental Representation of Grammatical Relations*, bls. 427-503. MIT Press, Cambridge, Massachusetts.
- 1982b. Long Distance Agreement in Modern Icelandic. Pauline Jacobson & Geoffrey K. Pullum (ritstj.): *The Nature of Syntactic Representation*, bls. 1-33. D. Reidel Publishing Company, Dordrecht.
- Bach, Emmon. 1962. The Order of Elements in a Transformational Grammar of German. *Language* 38:263-269.
- Baker, Carl L. 1978. *Introduction to Generative-Transformational Syntax*. Prentice-Hall, Englewood Cliffs.
- Baltin, Mark R. 1982. A Landing Site Theory of Movement Rules. *Linguistic Inquiry* 13:1-38.
- Barry, Roberta. 1975. Topic in Chinese: An Overlap of Meaning, Grammar, and Discourse Function. Robin E. Grossman, L. James San & Timothy J. Vance (ritstj.): *Papers from the Parasession on Functionalism*, bls. 1-9. Chicago Linguistic Society, Chicago.
- Bartsch, Renate, & Theo Vennemann. 1972. *Semantic Structures: A Study in the Relation between Semantics and Syntax*. Athenäum, Frankfurt am Main.
- Beaugrande, Robert-Alain de, & Wolfgang Ulrich Dressler. 1981. *Introduction to Text Linguistics*. Longman, London.
- Behaghel, Otto. 1932. *Deutsche Syntax. Eine geschichtliche Darstellung. Band IV. Wortstellung. Periodenbau*. Carl Winters Universitätsbuchhandlung, Heidelberg.
- Berman, Arlene. 1974. On the VSO Hypothesis. *Linguistic Inquiry* 5:1-37.
- Bernstein, Ludwig. 1897. *The Order of Words in Old Norse Prose. With Occasional References to the Other Germanic Dialects*. The Knickerbocker Press, New York.
- Bever, Thomas G. 1975. Functional Explanations Require Independently Motivated Functional Theories. Robin E. Grossman, L. James San & Timothy J. Vance (ritstj.): *Papers from the Parasession on Functionalism*, bls. 580-609. Chicago Linguistic Society, Chicago.
- Björn Guðfinnsson. 1943. *Íslensk setningafræði handa skólum og útvarpi. Ísafoldarprentsmiðja h.f., Reykjavík*.
- Breckenridge, Janet. 1975. The Post-Cyclicity of es-insertion in German. Papers from the Eleventh Regional Meeting [of the] Chicago Linguistic Society, bls. 81-91. Chicago Linguistic Society, Chicago.

- Bresnan, Joan. 1973. Syntax of the Comparative Clause Construction in English. *Linguistic Inquiry* 4:275-343.
- 1976. Nonarguments for Raising. *Linguistic Inquiry* 7:485-501.
- 1982. The Passive in Lexical Theory. Joan Bresnan (ritstj.): *The Mental Representation of Grammatical Relations*, bls. 3-86. MIT Press, Cambridge, Massachusetts.
- Brown, E.K., & J.E. Miller. 1980. *Syntax: A Linguistic Introduction to Sentence Structure*. Hutchinson, London.
- Cattell, Ray. 1976. Constraints on Movement Rules. *Language* 52:18-50.
- Chafe, Wallace L. 1974. Language and Consciousness. *Language* 50:111-133.
- 1976. Givenness, Contrastiveness, Definiteness, Subjects, Topics, and Point of View. Charles N. Li (ritstj.): *Subject and Topic*, bls. 25-55. Academic Press, New York.
- Chomsky, Noam. 1957. *Syntactic Structures*. Mouton, The Hague.
- 1964. On the Notion "Rule of Grammar". Jerry A. Fodor & Jerrold J. Katz (ritstj.): *The Structure of Language. Readings in the Philosophy of Language*, bls. 119-136. Prentice-Hall, Englewood Cliffs.
- 1965. *Aspects of the Theory of Syntax*. MIT Press, Cambridge, Massachusetts.
- 1970. Remarks on Nominalization. Roderick A. Jacobs & Peter S. Rosenbaum (ritstj.): *Readings in English Transformational Grammar*, bls. 184-221. Ginn and Company, Waltham, Massachusetts.
- 1973. Conditions on Transformations. Stephen R. Anderson & Paul Kiparsky (ritstj.): *A Festschrift for Morris Halle*, bls. 232-286. Holt, Rinehart and Winston, New York.
- 1977. On wh-Movement. Peter W. Culicover, Thomas Wasow & Adrian Akmajian (ritstj.): *Formal Syntax*, bls. 71-132. Academic Press, New York.
- 1980. On Binding. *Linguistic Inquiry* 11:1-46.
- 1981. *Lectures on Government and Binding*. Foris Publications, Dordrecht.
- , & Howard Lasnik. 1977. Filters and Control. *Linguistic Inquiry* 8:425-504.
- Cole, Peter, Wayne Harbert, Shikaripur Sridhar, Sachiko Hashimoto, Cecil Nelson & Diane Smietana. 1977. Noun Phrase Accessibility and Island Constraints. Peter Cole & Jerrold M. Sadock (ritstj.): *Syntax and Semantics. Volume 8. Grammatical Relations*, bls. 27-46. Academic Press, New York.
- Comrie, Bernard. 1977. In Defense of Spontaneous Demotion: The Impersonal Passive. Peter Cole & Jerrold M. Sadock (ritstj.): *Syntax and Semantics. Volume 8. Grammatical Relations*, bls. 47-58. Academic Press, New York.
- 1981. *Language Universals and Linguistic Typology. Syntax and Morphology*. Basil Blackwell, Oxford.
- Danen, Frantinek. 1964. A Three-Level Approach to Syntax. *Travaux linguistiques de Prague* 1:225-240.
- (ritstj.) 1974. *Papers on Functional Sentence Perspective*. Academia, Prague; Mouton, The Hague.
- Dyvik, Helge Julius Jakhelln. 1980. *Grammatikk og empiri. En syntaktisk modell og dens forutsetninger*. Universitetet, Bergen.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1980. Um merkingu og notkun íslenskra aðaltenginga. Óprentuð ritgerð, í eigu Málvísindastofnunar Háskóla Íslands.
- 1981. Um merkingu og hlutverk íslenskra aðaltenginga. *Mímir* 29:6-18.
- 1982. We Need (Some Kind of a) Rule of Conjunction Reduction. *Linguistic Inquiry* 13:557-561.
- Emonds, Joseph. 1970. *Root and Structure-Preserving Transformations*. Óprentuð doktorsritgerð, M.I.T.

- 1976. *A Transformational Approach to English Syntax. Root, Structure-Preserving, and Local Transformations*. Academic Press, New York.
- Fiengo, Robert. 1977. On Trace Theory. *Linguistic Inquiry* 8:35-61.
- Fillmore, Charles J. 1968. The Case for Case. Emmon Bach & Robert T. Harms (ritstj.): *Universals in Linguistic Theory*, bls. 1-88. Holt, Rinehart and Winston, New York.
- Firbas, Jan. 1964. On Defining the Theme in Functional Sentence Analysis. *Travaux linguistiques de Prague* 1:267-280.
- Foss, Donald J., & David T. Hakes. 1978. *Psycholinguistics. An Introduction to the Psychology of Language*. Prentice-Hall, Englewood Cliffs.
- Fraser, Bruce. 1976. *The Verb-Particle Combination in English*. Academic Press, New York.
- Gazdar, Gerald. 1981. Unbounded Dependencies and Coordinate Structure. *Linguistic Inquiry* 12:155-184.
- 1982. *Phrase Structure Grammar*. Pauline Jacobson & Geoffrey K. Pullum (ritstj.): *The Nature of Syntactic Representation*, bls. 131-186. D. Reidel Publishing Company, Dordrecht.
- Givón, Talmy (ritstj.) 1979. *Syntax and Semantics. Volume 12. Discourse and Syntax*. Academic Press, New York.
- Greenberg, Joseph H. 1966. Some Universals of Grammar with Particular Reference to the Order of Meaningful Elements. Joseph H. Greenberg (ritstj.): *Universals of Language*. 2. útg., bls. 73-113. MIT Press, Cambridge, Massachusetts.
- Grimes, Joseph E. 1975. *The Thread of Discourse*. Mouton, The Hague.
- Gross, Maurice. 1979. On the Failure of Generative Grammar. *Language* 55:859-885.
- Gundel, Jeanette K. 1977. *Role of Topic and Comment in Linguistic Theory*. Indiana University Linguistics Club, Bloomington.
- Guéron, Jacqueline. 1980. On the Syntax and Semantics of PP Extraposition. *Linguistic Inquiry* 11:637-678.
- Haider, Hubert. 1982. *Dependenzen und Konfigurationen. Zur deutschen V-Projektion*. Groninger Arbeiten zur Germanistischen Linguistic 21. Rijksuniversiteit, Groningen.
- Haiman, John. 1974. *Targets and Syntactic Change*. Mouton, The Hague.
- Hallberg, Peter. 1965. Om språkliga författarkriterier i isländska sagatexter. *Arkiv för nordisk filologi* 80:157-186.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 1981a. *Dukunarögn um íslenskar aukatengingar. Óprentuð ritgerð, í eigu Málvísindastofnunar Háskóla Íslands*.
- 1981b. *Fleiryrtar aukatengingar? Íslenskt mál* 3:59-76.
- 1982. *Skýrsla um athugun á nokkrum setningalegum atriðum í Njálu. Óprentuð ritgerð, í eigu Málvísindastofnunar Háskóla Íslands*.
- Halliday, M.A.K. 1967-8. Notes on Transitivity and Theme in English. *Journal of Linguistics* 3:37-81, 199-244; 4:179-215.
- 1970. *Language Structure and Language Function*. John Lyons (ritstj.): *New Horizons in Linguistics*, bls. 140-165. Penguin Books, Harmondsworth.
- , & Ruqaiya Hasan. 1976. *Cohesion in English*. Longman, London.
- Hankamer, Jorge. 1974. On the Non-Cyclic Nature of WH-Clefting. *Papers from the Tenth Regional Meeting [of the] Chicago Linguistic Society*, bls. 221-233.
- , & Ivan Sag. 1976. Deep and Surface Anaphora. *Linguistic Inquiry* 7:391-428.
- Hartmann, R.R.K., & F.C. Stork. 1972. *Dictionary of Language and Linguistics*. Applied Science Publishers, London.
- Helgi Bernóðusson. 1976. *Um þolmynd í íslensku nútímamáli. Óprentuð B.A.-ritgerð*,

- Háskóla Íslands, Reykjavík.
- 1982. Ópersónulegar setningar. Óprentuð kandidateitritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
  - Heusler, Andreas. 1967. Altisländisches Elementarbuch. 7. útg. óbreytt. Carl Winter, Heidelberg.
  - Höskuldur Þráinsson. 1976a. Reflexives and Subjunctives in Icelandic. Papers from the Sixth Meeting of the North Eastern Linguistic Society, bls. 225-239.
  - 1976b. Some Arguments against the Interpretive Theory of Pronouns and Reflexives. Jorge Hankamer & Judith Aissen (ritstj.): 290r\*. Harvard Studies in Syntax and Semantics 2:573-624. Department of Linguistics, Harvard University, Cambridge, Massachusetts.
  - 1979. On Complementation in Icelandic. Garland Publishing, New York.
  - 1982. On Icelandic Auxiliaries. Erindi flutt á ráðstefnu í Þrándheimi í júní.
  - Jackendoff, Ray S. 1973. The Base Rules for Prepositional Phrases. Stephen R. Anderson & Paul Kiparsky (ritstj.): A Festschrift for Morris Halle, bls. 345-356. Holt, Rinehart and Winston, New York.
  - 1977. X Syntax: A Study of Phrase Structure. Linguistic Inquiry Monographs 2. MIT Press, Cambridge, Massachusetts.
  - Jakob Jóh. Smári. 1920. Íslensk setningafræði. Bókaverzlung Ársæls Árnasonar, Reykjavík.
  - Jón Friðjónsson. 1977. Um sagnfyllingu með nafnhætti. Gripla 2:132-150.
  - 1978. A Course in Modern Icelandic. Texts. Vocabulary. Grammar. Exercises. Translations. Tímaritið Skák, Reykjavík.
  - 1980. Sambeyging með afturbeygðum sögnum. Íslenskt mál 2:97-117.
  - Jón Gunnarsson. 1973. Málmyndunarfræði. Iðunn, Reykjavík.
  - Katz, Jerrold, & Paul Postal. 1964. An Integrated Theory of Linguistic Descriptions. MIT Press, Cambridge, Massachusetts.
  - Keenan, Edward L. 1975. Some Universals of Passive in Relational Grammar. Papers from the Eleventh Regional Meeting [of the] Chicago Linguistic Society, bls. 340-352.
  - Kiparsky, Paul, & Carol Kiparsky. 1970. Fact. Manfred Bierwisch & Karl Erich Heidolph (ritstj.): Progress in Linguistics, bls. 143-173. Mouton, The Hague.
  - Kirkwood, Henry W. 1969. Aspects of Word Order and Its Communicative Function in English and German. Journal of Linguistics 5:85-107.
  - Kossuth, Karen C. 1974. A Case Grammar of Verbal Predicators in Old Icelandic. Óprentuð doktorsritgerð, University of California, Berkeley [útg. 1980 undir nafninu A Case Grammar of Old Icelandic. Göppinger Arbeiten in Germanistik. Kümmerle Verlag, Göppingen].
  - 1978a. Icelandic Word Order: In Support of Drift as a Diachronic Principle Specific to Language Families. Proceedings of the Fourth Annual Meeting of the Berkeley Linguistics Society, bls. 446-457.
  - 1978b. Typological Contributions to Old Icelandic Word Order. Acta philologica Scandinavica 32:37-52.
  - 1980. The Linguistic Basis of Saga Structure: Toward a Syntax of Narrative. Arkiv för nordisk filologi 95:126-141.
  - 1981. Unmarked Definite NPs and Referential Cohesion in Old Icelandic Narrative. Íslenskt mál 3:85-100.
  - Koster, Jan. 1975. Dutch as an SOV Language. Linguistic Analysis 1:111-136.
  - 1978. Why Subject Sentences Don't Exist. Samuel Jay Keyser (ritstj.): Recent Transformational Studies in European Languages. Linguistic Inquiry Monographs 3, bls. 53-64. MIT Press, Cambridge, Massachusetts.

- Kristján Árnason. 1980. Íslensk málfræði. Kennslubók handa framhaldsskólum. Fyrri hluti. Iðunn, Reykjavík.
- . 1981. Um merkingu viðtengingarháttar í íslensku. Afmæliskveðja til Halldórs Halldórssonar 13. júlí 1981, bls. 154-172. Íslenska málfræðifélagið, Reykjavík.
- Kroch, Anthony S. 1979. Ritdómur um Fraser (1976). *Language* 55:219-224.
- Kuno, Susumu. 1972. Functional Sentence Perspective: A Case Study from Japanese and English. *Linguistic Inquiry* 3:269-320.
- . 1974. The Position of Relative Clauses and Conjunctions. *Linguistic Inquiry* 5:117-136.
- . 1976. Subject, Theme, and the Speaker's Empathy — A Reexamination of Relativization Phenomena. Charles N. Li (ritstj.): *Subject and Topic*, bls. 417-444. Academic Press, New York.
- . 1980. Functional Syntax. Edith A. Moravcsik & Jessica R. Wirth (ritstj.): *Syntax and Semantics. Volume 13. Current Approaches to Syntax*, bls. 117-135. Academic Press, New York.
- Lakoff, Robin. 1971. If's, And's, and But's about Conjunction. Charles J. Fillmore & D. Terence Langendoen (ritstj.): *Studies in Linguistic Semantics*, bls. 114-149. Holt, Rinehart and Winston, New York.
- Legum, Stanley E. 1968. The Verb-Particle Construction in English, Basic or Derived? *Papers from the Fourth Regional Meeting [of the] Chicago Linguistic Society*, bls. 50-62.
- Lehmann, Winfred P. 1973. A Structural Principle of Language and Its Implications. *Language* 49:47-66.
- . 1978. The Great Underlying Ground-Plans. Winfred P. Lehmann (ritstj.): *Syntactic Typology. Studies in the Phenomenology of Language*, bls. 3-55. University of Texas Press, Austin.
- Levin, Lori S. 1981. Lexical Representations of Quirky Case in Icelandic. Óprentuð ritgerð, M.I.T.
- , & Jane Simpson. 1981. Quirky Case and Lexical Representations of Icelandic Verbs. Erindi flutt á ársfundi The Chicago Linguistic Society.
- Li, Charles N., & Sandra A. Thompson. 1975. The Semantic Function of Word Order: A Case Study in Mandarin. Charles N. Li (ritstj.): *Word Order and Word Order Change*, bls. 163-195. University of Texas Press, Austin.
- . 1976. On the Issue of Word Order in a Synchronic Grammar: A Case Against 'Movement Transformations'. *Lingua* 39:169-181.
- Lightfoot, David W. 1979. *Principles of Diachronic Syntax*. Cambridge University Press, Cambridge.
- Lyons, John. 1968. *Introduction to Theoretical Linguistics*. Cambridge University Press, Cambridge.
- . 1977. *Semantics. Volume 2*. Cambridge University Press, Cambridge.
- Magnús Pétursson. 1978. Isländisch. Eine Übersicht über die moderne isländische Sprache mit einem kurzem Abriss der Geschichte und Literatur Islands. Helmut Buske Verlag, Hamburg.
- . 1981. Lehrbuch der isländischen Sprache. Mit Übungen und Lösungen. Helmut Buske Verlag, Hamburg.
- Maling, Joan. 1977. Old Icelandic Relative Clauses: An Unbounded Deletion Rule. *Proceedings of the Seventh Annual Meeting of the North Eastern Linguistic Society*, bls. 175-188.
- . 1978. An Asymmetry with Respect to Wh-Islands. *Linguistic Inquiry* 9:75-89.



- 1980. Inversion in Embedded Clauses in Modern Icelandic. *Íslenskt mál* 2:175-193.
- 1982a. Non-Clause-Bounded Reflexives in Icelandic. Thorstein Fretheim & Lars Hellan (ritstj.): *Papers from the Sixth Scandinavian Conference of Linguistics*, bls. 90-106. Tapir, Trondheim.
- 1982b. Reflexives in Modern Icelandic. *Erindi flutt á ráðstefnu í Þrándheimi í júní*.
- , & Annie Zaenen. 1978. The Nonuniversality of a Surface Filter. *Linguistic Inquiry* 9:475-497.
- 1981. Germanic Word Order and the Format of Surface Filters. Frank Heny (ritstj.): *Binding and Filtering*, bls. 255-278. Croom Helm, London.
- 1982. A Phrase Structure Account of Scandinavian Extraction Phenomena. Pauline Jacobson & Geoffrey K. Pullum (ritstj.): *The Nature of Syntactic Representation*, bls. 229-282. D. Reidel Publishing Company, Dordrecht.
- McCawley, James D. 1970. English as a VSO Language. *Language* 46:286-299.
- Mathesius, Vilém. 1964. On Linguistic Characterology with Illustrations from Modern English. Josef Vachek (ritstj.): *A Prague School Reader in Linguistics*, bls. 59-67. Indiana University Press, Bloomington.
- 1975. On Information-Bearing Structure of the Sentence. Susumu Kuno (ritstj.): *Harvard Studies in Syntax and Semantics* 1:467-480. Department of Linguistics, Harvard University, Cambridge, Massachusetts.
- Newmeyer, Frederick J. 1980. *Linguistic Theory in America. The First Quarter-Century of Transformational Generative Grammar*. Academic Press, New York.
- Nida, Eugene A. 1949. *Morphology. The Descriptive Analysis of Words*. 2. útg. The University of Michigan Press, Ann Arbor.
- Nygaard, Marius. 1900. Verbets stilling i sætningen i det norrøne sprog. *Arkiv för nordisk filologi* 16:209-241.
- 1905. *Norrøn syntax*. H. Aschehoug & Co. (W. Nygaard), Oslo.
- Partee, Barbara Hall. 1971. On the Requirement that Transformations Preserve Meaning. Charles J. Fillmore & D. Terence Langendoen (ritstj.): *Studies in Linguistic Semantics*, bls. 1-21. Holt, Rinehart and Winston, New York.
- Perlmutter, David M., & Scott Soames. 1979. *Syntactic Argumentation and the Structure of English*. University of California Press, Berkeley.
- Platzack, Christer. 1983. Germanic Word Order and the COMP/INFL Parameter. *Working Papers in Scandinavian Syntax* 2. Department of Linguistics, University of Trondheim, Trondheim.
- Postal, Paul M. 1974. On Raising: One Rule of English Grammar and Its Theoretical Implications. MIT Press, Cambridge, Massachusetts.
- 1977. About a "Nonargument" for Raising. *Linguistic Inquiry* 8:141-154.
- Pullum, Geoffrey K. 1977. Word Order Universals and Grammatical Relations. Peter Cole & Jerrold M. Sadock (ritstj.): *Syntax and Semantics. Volume 8. Grammatical Relations*, bls. 249-277. Academic Press, New York.
- Rieger, Gerd Enno. 1968. Die Spitzenstellung des finiten Verbs als Stilmittel des isländischen Sagaerzählers. *Arkiv för nordisk filologi* 83:81-139.
- Ringdal, Karl. 1918. Om det attribute adjektivs position i oldnorsk prosa med et henblik paa sætningsrytmen. I kommission hos H. Aschehoug & Co, Kristiania.
- Ross, John Robert. 1967. Constraints on Variables in Syntax. *Óprentuð doktorsritgerð*, M.I.T.
- 1970. Gapping and the Order of Constituents. Manfred Bierwisch & Karl Erich Heidolph (ritstj.): *Progress in Linguistics*, bls. 249-259. Mouton, The Hague.

- 1973. The Penthouse Principle and the Order of Constituents. Claudia Corum, T. Cedric Smith-Stark & Ann Weiser (ritstj.): You Take the High Node and I'll Take the Low Node. Papers from the Comparative Syntax Festival. The Difference between Main and Subordinate Clauses, bls. 397-422. Chicago Linguistic Society, Chicago.
- Schwartz, Arthur. 1972a. Constraints on Movement Transformations. *Journal of Linguistics* 8:35-85.
- 1972b. The VP-Constituent of SVO Languages. John P. Kimball (ritstj.): *Syntax and Semantics*. Volume 1, bls. 213-235. Seminar Press, New York.
- Sgall, Petr. 1967. Functional Sentence Perspective in a Generative Description. *Prague Studies in Mathematical Linguistics* 2:203-225.
- , Eva Hajiřová & Eva Benenová. 1973. *Topic, Focus and Generative Semantics*. Scriptor Verlag GmbH, Kronberg Taunus.
- Steele, Susan. 1975. On Some Factors that Affect and Effect Word Order. Charles N. Li (ritstj.): *Word Order and Word Order Change*, bls. 197-268. University of Texas Press, Austin.
- Stefán Einarsson. 1949. *Icelandic. Grammar. Texts. Glossary*. The Johns Hopkins Press, Baltimore.
- Stockwell, Robert P. 1977. *Foundations of Syntactic Theory*. Prentice-Hall, Englewood Cliffs.
- Vachek, Josef. 1966. *The Linguistic School of Prague*. Indiana University Press, Bloomington.
- Vennemann, Theo. 1974. Topics, Subjects, and Word Order: From SXV to SVX via TVX. J.M. Anderson & C. Jones (ritstj.): *Historical Linguistics I. Syntax, Morphology, Internal and Comparative Reconstruction*, bls. 339-376. North-Holland Publishing Company, Amsterdam.
- Wasow, Thomas. 1977. Transformations and the Lexicon. Peter W. Culicover, Thomas Wasow & Adrian Akmajian (ritstj.): *Formal Syntax*, bls. 327-360. Academic Press, New York.
- Watkins, Calvert. 1976. Towards Proto-Indo-European Syntax: Problems and Pseudo-Problems. Sanford B. Steever, Carol A. Walker & Salikoko S. Mufwene (ritstj.): *Papers from the Parasession on Diachronic Syntax*, bls. 305-326. Chicago Linguistic Society, Chicago.
- Zaenen, Annie. 1980. *Extraction Rules in Icelandic*. Óprentuð doktorsritgerð, Harvard University.
- 1981. *Characterizing Syntactic Binding Domains*. MIT Center for Cognitive Science, Occasional Paper #17.